**KRISTÍN HANSDÓTTIR**

*Ekur um á Muffmóbíl*

Bílar Tíska Jólin koma

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HERMANN GUNNARSSON**

*Rétt að byrja eftir að hafa fengið annað tækifæri*

Sextugur í dag

**TÍMAMÓT 32**






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. desember 2006 — 330. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR



**SNEISAFULLT HELGARBLAÐ**

Meðlimir Baggalúts taka sálfræðipróf, viðtal við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Þorri Jóhannsson meðal heróínista í Köben, Ísold Uggadóttir fer með stuttmynd sína á Sundance, Byltingarafmæli á Kúbu, svalar kisur og margt margt fleira

» 36-76

### Söluhæstur í Danmörku

Snæbjörn Arngrímsson gerir það gott með Hr. Ferdinand í Danmörku. **FÓLK 102**

### Birgir Leifur úr leik



Birgir Leifur Hafþórsson komst ekki í gegnum niðurskurð á Alfred Dunhill mótinu í Suður-Afríku.

**ÍÞRÓTTIR 94**

### VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR -** Í dag verður vaxandi suðaustan og austan átt, stormur sunnan og vestan til í kvöld. Víða bjart í fyrstu en mikil rigning eða slydda á Suður- og Vesturlandi í kvöld og snjókoma á Norður- og Austurlandi í nótt. Ört hlýnandi í kvöld.

**VEÐUR 4**




# Ung kona lést vegna ofneyslu fíkniefna

**Rúmlega þrítug kona lést á gististað í Rangárvallasýslu í vikunni. Banamein hennar er talið vera ofneysla örvandi efna. Konan dvaldi á gistiheimilinu ásamt þremur öðrum. Borið var að fíkniefni hefðu verið höfð um hönd á staðnum.**

**LÖGREGLUMÁL** Ung kona lést í vikunni á gististað í Rangárvallasýslu. Þetta staðfestir lögreglan á Hvolsvelli.

Talið er að banamein konunnar hafi verið ofneysla fíkniefna.

Síðastliðinn sunnudag skráðu sig inn á gististaðinn tveir karlmenn og tvær konur. Þar dvöldu þau fram á þriðjudag. Laust eftir hádegi þann dag var lögreglan kvödd á staðinn. Reyndist konan þá vera látin. Var ljóst að sjö til átta klukkustundir höfðu þá liðið frá því að hún lést því á hana voru komnir líkblettir. Annar karlmannanna svaf í sama herbergi og konan og var það hann sem kallaði lögreglu til um leið og hann vaknaði og áttaði sig á hvernig komið var.

Konan sem lést var 34 ára. Hún var krufin og niðurstaða krufningarinnar var sú hún hefði fengið hjartastopp. Jafnframt reyndist hún hafa neytt örvandi efna. Við krufninguna benti ekkert til þess að um voveiflegan atburð hefði verið að ræða. Engin merki voru um átök né annað sem vakið gæti grun um að orsök banameins hennar væri önnur en fíkniefnaneysla. Fólkið sem með henni var var allt á svipuðum aldri og hún. Það bar að fíkniefni hefðu verið höfð um hönd.

Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem mannslát verður af völdum neyslu fíkniefna. Liðlega tvítug stúlka lést á hótelherbergi í Reykjavík nýlega eftir að hafa tekið e-töflu. Hún hafði tekið sér hótelherbergi á leigu á föstudagskvöldi, ásamt unnusta sínum. E-taflna var neytt og á laugardagsmorgun þegar pilturinn vaknaði var stúlkan látin við hlið hans.

Lögreglan varar fólk enn og aftur við neyslu fíkniefna, ekki síst í ljósi dauðsfalla sem hún hefur leitt til. Bent er á að eiturlyfjaneysla sé að sjálfsögðu ávallt hættuleg og best sé að fólk láti hana alfarið eiga sig.

jss@frettabladid.is




**Í LJÓSASKIPTUM** Jólaljós við Fríkirkjuveg og víðar lýsa upp skammdegið sem hvílir núna yfir þennan dimmasta mánuð ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samgönguráðherra um Suðurlandsveg:

# Vill þrjár akreinar sem fyrst

**SAMGÖNGUR** Samgönguráðherra mun leggja til að hafinn verði undirbúningur sem allra fyrst að framkvæmdum við hættulegustu kaflana á leiðinni frá Reykjavík að Selfossi, og þeim breytt í svokallaðan 2+1 veg. Þrjár akreinar verða áfangi í átt að tvöldun, að því er Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir.

Hann telur að uppbygging á Suðurlandi og Vesturlandi verði til þess að umferð muni aukast mikið á næstu árum og því sé markmiðið að hafa tvöfalda vegi næst höfuðborgarsvæðinu, jafnvel upp í Borgarnes og austur að Þjórsá. „Ég tel að þegar í stað eigi að hefja undirbúning að tvöföldun Suðurlands- og Vesturlandsvegar og hef ég lýst þessu sjónarmiði mínu fyrir vegamálastjóra.“ Sturla bendir þó á að nokkur misseri muni líða þar til hægt verði að taka í notkun fyrsta áfanga tvöfalds vegar, hann krefjist til að mynda umhverfismats.

„Þangað til af tvöföldun getur orðið þarf að gera allt sem hægt er til þess að auka öryggi á þessum vegum. Ég mun því leggja til að Vegagerðin ráðist í breikkun vegarins á erfiðustu köflunum á leiðinni og sett verði upp víravegrið á milli akstursstefna. Þetta verði gert án þess að það tefji á nokkurn hátt eða komi í veg fyrir áform um tvöföldun þessara vega,“ segir Sturla.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er 2+1 vegur með víravegriði á milli akstursstefna nánast alveg jafnöruggur og fjögurra akreina vegur. Kostnaðurinn við 2+1 er hins vegar að minnsta kosti helmingi lægri en við tvöföldun og jafnvel þrefalt ódýrari, eftir því hvaða útfærsla verður valin.

Sturla bendir á að útfærslan sem farin verður á nýjum 2+1 köflum á Suðurlandsvegi verði önnur en sú sem tilraun var gerð með í Svínahrauni. Nýju vegkaflarnir verði töluvert breiðari. - sda / sjá síðu 42

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Tímamót með Keflavíkurræðu

**STJÓRNMÁL** „Mér fannst ég þurfa að segja þetta núna einmitt til þess að stuðla að ákveðnum viðsnúningi og ég heyri það víða að þessi fundur hafi markað tímamót, verið tímapunktur viðsnúnings í rétta átt.“



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Formaður Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, um ræðu sína í Keflavík fyrir viku en í kjölfar kafla úr henni um traust þingflokksins hefur Ingibjörgu verið borið á brýn að treysta ekki eigin þingflokki.

Í viðtali við Fréttablaðið í dag segir Ingibjörg Sólrún formannskjörið í Samfylkingunni á síðasta ári hafa sett sitt mark á flokkinn. Uppgjörið hafi ekki verið pólitískt heldur verið gert upp á milli einstaklinga. Slíkt geti gengið nærri fólki. - bþs/sjá síðu 36-39

Samkynhneigðir á Ítalíu:

# Aukin réttindi para í sambúð

**ÍTALÍA, AP** **Samkynhneigð pör í borginni Padúa á Ítalíu hafa nú rétt til þess að láta skrá sambúð sína með löglegum hætti. Opinbert dagblað Páfagarðs er ekki par hrifið af þessari ákvörðun borgaryfirvalda og segir að með þessu sé smám saman verið að innleiða óhefðbundin fjölskylduform.**

**Talsmaður borgaryfirvalda í Padúa þvertók þó fyrir það, sagði borgina eingöngu vera að einfalda skriffinnsku í kringum fólk sem kysi að haga búsetu sinni með óhefðbundnum hætti.**

**„Þetta er ekki bara fyrir samkynhneigða, en ef tveir samkynhneigðir koma inn, þá verða þeir skráðir,“ sagði talsmaðurinn.** - gb




## SPURNING DAGSINS



*Fóru áhorfendur sjálfir upp á háa c-ið, Samúel?*

„Rúmlega tuttugu manns hafa haft samband eftir að við buðum fólki að gera athugasemdir. Það er ekki hátt hlutfall af sex þúsund áhorfendum enda var standandi lófaklapp í lok beggja tónleika.“

Borið hefur á gagnrýni á framkvæmd tónleikanna með Frostrósunum í Laugardalshöll á dögunum. Samúel Kristjánsson er einn aðstandenda Frostrósa.

Veiðivöruverslunin Veiðihornið brást við fréttum Fréttablaðsins af þjófnaði:

# Gáfu barni flugur og veiðibox

**VEIÐI** „Ég veit að þessar veiðivörur eru í góðum höndum,“ sagði Ólafur Vigfússon, eigandi veiðivöruverslunarinnar Veiðihornsins, eftir að tíu ára gamall sonur hans, Vigfús Ólafsson, afhenti Theodóri Hrannari Guðmundssyni fluguveiðibox, veiðiflugur og hnýtingartæki að gjöf.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær var fyrir þrjú hundruð veiðiflugum stolið af Theodóri Hrannari er hann var við Hafravatn, ásamt félaga sínum, í september. Flugurnar hafa ekki komið í leitirnar en grunur leikur á því að fólk á fimmtugsaldri, sem var uppi við Hafravatn er veiðiflugurnar voru teknar, hafi tekið veiðiboxin úr bakpoka Theodórs Hrannars.

Ólafur var ánægður með að veiðivörunar sem hann færði Theodóri Hrannari væru hjá svo miklum áhugamanni um veiði. „Það er alltaf gaman að því þegar ungt fólk hefur mikinn áhuga á veiðiskap. Mér finnst það vera að færast í vöxt að ungir krakkar fái áhuga á veiði og ég fagna því enda veiðiskapurinn mannbætandi,“ sagði Ólafur.

Theodór Hrannar hefur frá fjögurra ára aldri hnýtt flugur sjálfur og notað við veiðar og sótt veiðinámskeið hjá Einari Björnssyni við Reynisvatn á sumrin. - mh



**UNGIR VEIÐIMENN** Theodór Hrannar Guðmundsson, til vinstri, sést hér taka á móti veiðivörunum úr hendi Vigfúsar Ólafssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

Banaslys við Stykkishólm:

# Ungur karlmaður lést

**BANASLYS Rúmlega tvítugur karlmaður lést í umferðarslysi á Stykkishólmsvegi, við afleggjarann að Stykkishólmsflugvelli, klukkan tæplega þrjú aðfaranótt föstudags.**

**Karlmaðurinn ók á ljósastaur við veginn og hafnaði bíll hans utan vegar. Hann var einn í bílnum þegar slysið átti sér stað.**

**Að sögn lögreglunnar í Stykkishólmi var mikil hálka á veginum um nóttina en hún vinnur að rannsókn á tildrögum slyssins.**

**Maðurinn er búsettur í Stykkishólmi. Ekki er hægt að greina frá nafni hans að svo stöddu.** - ifv

Maður og kona ákærð:

# Með kókaínkíló í skónum

**DÓMSMÁL** Liðlega tvítugt par hefur verið ákært af ríkissaksóknara fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að reyna að smygla tæplega kílói af kókaíni til landsins í skóm sínum. Fólkið er jafnframt ákært fyrir að hafa rúmlega 1,3 kíló af hassi í vörslu sinni, en efnið fannst á heimili konunnar við húsleit lögreglu.

Tollverðir fundu kókaínið í skóm parsins þegar það var að koma frá Frankfurt í Þýskalandi í júlí. Höfðu skötuhjúin skipt efninu nokkuð jafnt í skó sína. Konan hafði í sömu ferð falið 0,26 grömm af kókaíni í líkama sínum. Lögreglan lagði hald á efnið sama dag. - jss

Gæsluvarðhald staðfest:

# Nauðgari áfram í haldi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir karlmanni á sextugsaldri, Jóni Péturssyni, sem er grunaður um að hafa ráðist harkalega að sambýliskonu sinni aðfaranótt síðastliðins sunnudags, svipt hana frelsinu og nauðgað henni. Hann mun því sitja í gæsluvarðhaldi til 20. desember. Maðurinn var í október dæmdur í fimm ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hrottafengnar árásir á tvær konur og fyrir að nauðga annarri þeirra í þrígang. Hann áfrýjaði þeim úrskurði. Í dómnum segir að rannsókn málsins sé á frumstigi og að maðurinn geti torveldað hana gangi hann laus.** - þsj



# Óheppilegt ef Björn skipar Þorstein dómara

**Aðstoðarmaður dómsmálaráðherra er meðal umsækjenda um stöðu dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Formaður Lögmannafélags Íslands segir það afar óheppilegt ef ráðherra skipi aðstoðarmann sinn héraðsdómara.**

**DÓMSMÁL** Helgi Jóhannesson, formaður Lögmannafélags Íslands, telur það óheppilegt ef Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ráði aðstoðarmann sinn, Þorstein Davíðsson, í embætti dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur en Þorsteinn er einn af sjö sem sækjast eftir fastri stöðu dómara. „Hvort sem það fellur undir lögbundið vanhæfi eða ekki finnst mér það afar óheppilegt ef ráðherra ræður mann sem er jafn nátengdur honum og raun ber vitni í þetta embætti. En ég legg áherslu á að það liggur ekkert fyrir um að ráðherra ætli sér að skipa aðstoðarmann sinn í þetta embætti.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær er aðstoðarmaður dómsmálaráðherra á meðal sjö umsækjenda um fasta dómarastöðu við Héraðsdóm Reykjavíkur en Friðgerð Björnsson lætur af embætti sem dómari um áramót. Dómsmálaráðherra skipar í stöðuna og tekur skipunin gildi frá og með 1. janúar á næsta ári.

Aðrir umsækjendur eru Halldór Björnsson, settur héraðsdómari, Halldór Frímannsson héraðsdómslögmaður, Ingimundur Einarsson, varalögreglustjóri í Reykjavík, Jón G. Briem hæstaréttarlögmaður, Sandra Baldvinsdóttir, settur héraðsdómari, og Sigríður J. Hjaltested, löglærður aðstoðarmaður dómara.

Dómnefnd, sem skipuð er Pétri Kr. Hafstein, Eggerti Óskarssyni og Láru V. Júlíusdóttur, fjallar um umsóknirnar og skilar áliti sínu til dómsmálaráðherra. Hann þarf ekki að fara að áliti nefndarinnar og hefur síðasta orðið um það hver verður skipaður dómari.

Páll Hreinsson, prófessor við Háskóla Íslands og höfundur bókarinnar Hæfisreglur stjórnsýslulaga, vildi ekki tjá sig um það hvort dómsmálaráðherra væri vanhæfur til þess að skipa í embættið er Fréttablaðið leitaði til hans en vísaði til umfjöllunar um vanhæfisástæður í lögum og umfjöllunar í bók sinni.

Þorsteinn Davíðsson, sem er sonur Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, sagði engan hafa hvatt hann til þess að sækja um embættið, þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær, en sagði umsókn sína byggða á lagalegum áhuga á starfi dómara. Þorsteinn hefur starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara í þrjú ár og aðstoðarmaður dómsmálaráðherra síðan árið 2003. Hann er 35 ára gamall.

magnush@frettabladid.is

> „Hvort sem það fellur undir lögbundið vanhæfi eða ekki þá finnst mér það afar óheppilegt ef ráðherra myndi ráða mann sem væri jafn nátengdur honum og raun ber vitni í þetta embætti.
>
> **HELGI JÓHANNESSON**
> FORMAÐUR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Dómsmálaráðherra skipar fastan héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. janúar á næsta ári en Friðgeir Björnsson lætur af starfi héraðsdómara um áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**HELGI JÓHANNESSON** Ekkert liggur fyrir um að ráðherra ætli að ráða aðstoðarmann sinn sem héraðsdómara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÞORSTEINN DAVÍÐSSON** Hefur starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara í þrjú ár og aðstoðarmaður dómsmálaráðherra síðan 2003.

### VANHÆFISÁSTÆÐUR

*** Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:**

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölulið.
4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
5. [Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans samkvæmt 2. tölulið eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á mólti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæður einni.]
6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

*Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti að eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörugur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.


Lítil og stór skrímsli




„Athyglisverð bók ... fjallar um mannlegar tilfinningar af alvöru sem talar til barna.“
*Smålands-Tidningen*

„Vel hönnuð bók með sterkum myndum.“
*Östhammars Nyheter*

Kemur út samtímis á þremur tungumálum

Edda
edda.is


Sextán milljarða króna jarðgöng frá Laugarnesi í Gufunesi sett í umhverfismat:

# Sundabraut í neðansjávargöng

**SAMGÖNGUR** Jarðgöng fyrir Sundabraut verða sett í umhverfismat. Þetta ákváðu samgönguráðherra og Vegagerðin í samráði við borgarstjóra, að sögn Gísla Marteins Baldurssonar, formanns umhverfisráðs Reykjavíkur.

Á fundi samráðsnefndar um Sundabraut var í gær lögð fram skýrsla sem Gísli Marteinn segir vera miklu jákvæðari í garð Sundaganga en menn hafi gert ráð fyrir.

Göngin eiga að ná fjóra kílómetra frá Laugarnesi yfir í Gufunes og vera með tveimur akreinum í hvora átt. Með vegi áfram yfir í Geldinganes er áætlaður kostnaður 15,9 milljarðar króna. Reiknað er með tveimur árum í hönnunarvinnu og tveimur og hálfu ári í framkvæmdir.

„Arðsemin er mikil og umhverfisleg áhrif við fyrstu sýn miklu jákvæðari en annarra kosta,“ segir Gísli Marteinn.

Svokölluð innri leið sem einnig hefur verið til umræðu kostar 12 milljarða króna. Gísli Marteinn segir vissulega muna miklu á kostnaðinum við þessar tvær leiðir. Hins vegar fylgi margir kostir gagnaleiðinni, meðal annars vegna svifryksmengunar, hljóðmengunar og sjónmengunar, auk þess sem mikið land fáist undir annað en umferðarmannvirki og lífsgæði þeirra sem næst séu verði meiri. - gar



**SUNDAGÖNG** Gert er ráð fyrir jarðgöngum frá Laugarnesi í Gufunes. MYND/LÍNUHÖNNUN





Briet Sunna



Baggalútur



Selma og Hansa



Regina



Friðrik Ómar



Í svörtum fötum



Guðrún og Friðrik



Toggi




Bogomil Font

# LITLU JÓLIN UM HELGINA

## OPIÐ Í KVÖLD TIL KL. 22

Við bjóðum upp á dúndrandi jólastemningu í Smáralind um helgina með frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Vetrargarðinum. Auk þess eru allar búðir troðfullar af jólavörum og opnar lengur á laugardag. Komdu og upplifðu jólin í Smáralind!




Jólalest Coca-Cola kl. 18 í Smáralind

### Laugardagur 9. desember opið frá 11-22

kl. 14 Jólaævintýri í Vetrargarðinum
kl. 16 Jólaball í Vetrargarðinum
kl. 18 Tónleikar Senu og Coca Cola í Smáralind

### Sunnudagur 10. desember opið frá 13-18

kl. 14 Jólaævintýri í Vetrargarðinum
kl. 16 Bogomil Font og Stórsveit Reykjavíkur í Vetrargarðinum

## OPIÐ TIL KL. 22 Í KVÖLD



## GENGIÐ 08.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,81 | 69,13 |
| Sterlingspund | 134,83 | 135,49 |
| Evra | 91,34 | 91,86 |
| Dönsk króna | 12,248 | 12,32 |
| Norsk króna | 11,235 | 11,301 |
| Sænsk króna | 10,088 | 10,148 |
| Japanskt jen | 0,595 | 0,5984 |
| SDR | 104,02 | 104,64 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

124,909

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Yfirréttur á Englandi ógilti dóm undirréttar í máli Hannesar Hólmsteins og Jóns:

# Birting stefnu var ólögmæt

**DÓMSMÁL** Yfirréttur á Englandi ógilti í gær dóm undirréttar frá því árið 2005. Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor var þá dæmdur til þess að greiða Jóni Ólafssyni kaupsýslumanni tólf milljónir króna vegna ummæla sem birtust á heimasíðu Hannesar. Sagði Hannes frá því á ensku að Jón hefði lagt grunninn að árangri sínum með fíkniefnaviðskiptum, og vísaði til umfjöllunar um það í fjölmiðlum.

Heimir Örn Herbertsson segir engan grundvöll vera fyrir kröfunum um skaðabætur í ljósi þessarar niðurstöðu. „Fjárnámið sem gert var hjá Hannesi byggði á dómi undirréttar og þar sem hann er fallinn úr gildi þá fellur það niður sömuleiðis. Skuldabréfið vegna fjárnámsins hefur verið hjá sýslumanni á meðan fjallað hefur verið um ágreining vegna þessa máls og nú liggur fyrir að málinu lýkur með þessari ógildingu.“ Jón Ólafsson segir niðurstöðuna fyrst og



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON



JÓN ÓLAFSSON

fremst vera áfellisdóm yfir vinnubrögðum breska ríksins.

Í dómi yfirréttar er tekið undir þau rök Hannesar að stefna hafi ekki verið birt í samræmi við íslensk lög en undirréttur komst að því í maí að heimilt hefði verið að veita undanþágu frá íslenskum reglum um löglega birtingu stefna. - mh

Bandarískur ferðalangur:

# Ábyrgur fyrir árekstri á hest

**DÓMSMÁL** Bandarískur ferðalangur ber sjálfur fjárhagslegt tjón sem hann varð fyrir er hann ók á hross sem maður sat á leið yfir Suðurlandsveg. Samkvæmt dómi Héraðsdóms bar ferðalangurinn ábyrgð á slysinu og féll málskostnaður, að upphæð 250 þúsund krónur, á hann.

Hestamaðurinn var að ríða yfir Suðurlandsveg þegar ferðamaðurinn kom akandi og ók á afturfót hestsins sem maðurinn sat. Þurfti hann. Bíllinn skemmdist og gerði ferðamaðurinn kröfu um skaðabætur upp á tæplega 700 þúsund krónur. - jss



**GIULIANO ZACCARDELLI** Kanadíski lögregluforinginn sagði af sér því hann varð tvísaga um mál Kanadamanns sem var pyntaður í Sýrlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglustjóri segir af sér:

# Blekkti þingið varðandi fanga

**KANADA, AP Yfirlögreglustjóri kanadísku lögreglunnar sagði af sér á miðvikudag, eftir að hann varð tvísaga um framgöngu lögreglunnar í máli kanadísks ríkisborgara sem bandarísk yfirvöld framseldu til Sýrlands þar sem hann sætti pyntingum.**

**Á þriðjudag viðurkenndi Giuliano Zaccardelli lögreglustjóri að hafa farið rangt með staðreyndir þegar nefnd þingsins yfirheyrði hann í september um rangar upplýsingar sem kanadíska lögreglan gaf bandarískum yfirvöldum. Var Maher Arar sagður tengjast hryðjuverkahópum, sem ekki reyndist rétt. Þessar upplýsingar urðu til þess að Arar var sendur til Sýrlands, þar sem hann var í haldi í tæpt ár.** - smk

## KÓPAVOGUR

### Vill vera áheyrnarfulltrúi

Bæjarfulltrúinn Ólafur Þór Gunnarsson í Vinstri grænum í Kópavogi hefur óskað eftir svörum meirihlutans í bæjarstjórn við því hvar tillaga hans um áheyrnarsetu VG í nefndum bæjarins er stödd.

## LEIÐRÉTTING

Ragnheiður Eiríksdóttir var ranglega sögð umsjónarmaður sjónvarpsþáttarins Toppskífunnar í Fréttablaðinu í gær. Hið rétta er að þátturinn er í umsjá Aðalheiðar Ólafsdóttur. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Bush býr sig undir að breyta stefnunni

**Bush ræddi við leiðtoga beggja þingflokka í gær, en bíður frekari hugmynda frá ráðuneytum og ráðgjöfum áður en hann greinir þjóðinni frá breyttri stefnu í Írak. Von er á sjónvarpsávarpi frá honum fyrir jól.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti Í gær hitti hann leiðtoga beggja flokka þingsins, repúblikana og demókrata, til þess að ræða skýrslu Íraksnefndarinnar, þar sem fram kom að stefna hans í Írak hefur engan veginn gengið upp.

„Forsetinn viðurkenndi að það þyrfti kannski að breyta eitthvað um aðferðir,“ sagði Nancy Pelosi, leiðtogi Demókrataflokksins og verðandi þingforseti.

Þegar Bandaríkjaþing kemur saman eftir áramótin verður tekinn þar við völdum nýr meirihluti demókrata í báðum deildum. Bush kemst ekki hjá því að vinna með nýja þingmeirihlutanum um helstu verkefni hersins í Írak.

Bush er annars þessa dagana að hugsa ráð sitt eftir að hafa fengið í hendur skýrslu Íraksnefndarinnar, sem hefur að geyma 79 tölusettar tillögur. Höfundar hennar hafa sagt afar mikilvægt að þær verði allar framkvæmdar, en ekki valið úr það sem henta þykir.

Bush bíður hins vegar frekari hugmynda um málið, sem er væntanlegar í skýrslum frá varnarmálaráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu og þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna. Reiknað er með því að Bush skýri frá niðurstöðum sínum í ávarpi til þjóðarinnar fyrir jól, þar sem hann geri grein fyrir nýrri stefnu gagnvart Írak.

Á fimmtudaginn hittust þeir Bush og Tony Blair, forsætisráðherra Breta, til að fara yfir málin og Bush virtist þá ekkert alltof hrifinn af sumum hugmyndum



**PELOSI, HASTERT OG BUSH** Bush forseti á fundi með leiðtogum þingflokkanna. Við hlið hans situr Denis Hastert, núverandi forseti fulltrúadeildar þingsins, og þar við hliðina situr Nancy Pelosi, sem tekur við af Hastert eftir áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íraksnefndarinnar. Hann tók ekki vel í að ræða við ráðamenn í Sýrlandi og Íran um lausn á átökum í Írak, eins og nefndin segir nauðsynlegt að gera án þess að setja þeim nýrra fyrirfram skilyrði fyrir slíkum viðræðum.

Eftir áramótin verður hins vegar einnig tekinn við nýr varnarmálaráðherra, þegar Robert Gates, sem áður sat í Íraksnefndinni, verður kominn í staðinn fyrir Donald Rumsfeld.

Rumsfeld, sem er eini maðurinn sem tvisvar sinnum hefur gegnt embættinu, hættir á föstudaginn í næstu viku og sagðist í gær trúa því ennþá „eins og ég gerði fyrir þrjátíu árum að Bandaríkin séu virkilega mikil þjóð og að Bandaríkjamenn séu gáfaðir og góðir.“ gudsteinn@frettabladid.is

Sýknaðir af utanvegaakstri:

# Slóðarnir ekki utan vega

**DÓMSMÁL** Tveir rúmlega tvítugir menn voru á þriðjudag sýknaðir í Héraðsdómi Suðurlands af ákæru um utanvegaakstur.

Mennirnir tveir höfðu verið að keyra á tveimur bifreiðum eftir vegaslóðum sunnan við Hagavatnsskála í júní síðastliðnum þegar þyrla Landhelgisgæslunnar TF-Líf lenti fyrir framan þá. Lögreglumaður tilkynnti þeim í kjölfarið að þeir hefðu verið að aka utan vega þar sem slóðarnir væru ekki merktir inn á kortagrunn Landmælinga Íslands.

Í dómnum segir hins vegar að slóðarnir sem mennirnir óku eftir væru skilgreindir sem götuslóðar eða vegir og því ekki hægt að kalla hátterni mannanna utanvegaakstur. - þsj





**JÓLALESTIN** Ekur um höfuðborgarsvæðið í dag.

Höfuðborgarsvæðið:

# Jólalestin verður á ferð í dag

**JÓL Jólalest Coca cola fer í árlega ökuferð sína um höfuðborgarsvæðið í dag.**

**Er þetta ellefta árið í röð sem Vífilfell stendur fyrir þessari uppákomu þar sem að fimm rauðir vörubílar fyrirtækisins eru skreyttir með meira en 2.000 metrum af jólaseríum og bílstjórar í jólasveinabúningum aka um.**

**Jólalestin mun á rúmum fjórum klukkustundum aka um flest hverfi höfuðborgarsvæðisins og mun jólatónlist hljóma úr hljóðkerfi í lestinni.** - sdg







## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FRÁ KLUKKAN 18 OG FRAM EFTIR NÓTTU**
Þó framan af öllum degi megi ekki sjá annað en að veður verði hið besta er annað í kortunum. Suðaustan stormur nálgast og verða fyrstu merki hans ljós suðvestan til um klukkan 18. Stormur verður svo á Suður- og Vesturlandi í kvöld og til miðnættis eða svo. Þá fer að lægja á þeim slóðum en þá er veðurhæðin einna mest á Vestfjörðum. Um kl. 9 í fyrramálið verður þetta allt yfirstaðið.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Vaxandi suðaustan átt, stormur í kvöld með mikilli rigningu. Hlánar.





| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C alskýjað | London | 9°C hálfskýjað | Alicante | 18°C léttskýjað |
| Þórshöfn | 6°C rigning | París | 9°C hálfskýjað | Mallorca | 18°C skýjað |
| Osló | 4°C skúrir | Frankfurt | 10°C skúrir | Algarve | 16°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 11°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 9°C skúrir | Krít | 18°C skýjað |
| Gautaborg | 9°C skúrir | Berlín | 11°C skýjað | Las Palmas | 22°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Hagkaup

## bjóða einfaldlega meira úrval


Fasana bringur


Kengúra


Dúfa


Hreindýrasteik


Kálfasteik


Dádýr


Andabringur


Kalkúnaskip smjörsprautað


Fasani


Lynghænur


Rjúpa skosk


Akurhæna


Önd


Einiberja hátíðarlambalæri


Reyktur hátíðarkjúklingur


Krónhjörtur


Villigæs


Hangikjöt í suðupoka


Soðin kalkúnabringa



Reykt andabringa í sn.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



## KJÖRKASSINN

*Á að setja jarðgöng milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur í forgang í samgöngumálum?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,7% |
| Nei | 58,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Greiðir þú afnotagjöld?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason greiði hálfa milljón í miskabætur:

# Brutu friðhelgi einkalífsins

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi ritstjórar DV, Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason, voru dæmdir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir brot gegn Jónínu Benediktsdóttir. Dómnum þótti sýnt að umfjöllun DV um meint ástarsamband Jónínu við Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins, sem birt var í blaðinu í september í fyrra, hefði falið í sér ólögmæta meingerð gegn einkalífi hennar. Í umfjöllun DV kom meðal annars fram að Jónína og Styrmir hefðu verið elskendur. Í dómi Héraðsdóms kemur fram að ekki hafi verið nægar ástæður fyrir hendi sem réttlætt hafi umfjöllunina og að gengið hafi verið nær einkalífi Jónínu en þörf hafi verið á.



**JÓNAS KRISTJÁNSSON OG MIKAEL TORFASON** Voru dæmdir til að greiða Jónínu Benediktsdóttur 500.000 krónur vegna umfjöllunar um einkalíf hennar í DV í fyrra.

Mikael og Jónasi var gert að greiða Jónínu 500.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum, en Jónína krafðist 5 milljóna í bætur. Auk þess var Jónasi og Mikael hvorum um sig gert að greiða 150.000 krónur í sekt til ríkissjóðs og Jónínu 400.000 krónur í málskostnað. Dómari í málinu var Allan V. Magnússon.

Lögmaður Jónasar og Mikaels, Jón Magnússon, telur einsýnt að dómi Héraðsdóms Reykjavíkur verði áfrýjað til Hæstaréttar því ekki verði hægt að halda úti nútímafjölmiðlun í landinu ef slíkir dómar falli.

Áfrýjunarfrestur í málinu er þrír mánuðir. **- ifv**

Ofsakstur í Reykjavík:

# Þrír sautján ára menn teknir

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan tók þrjá sautján ára drengi fyrir of hraðan akstur aðfaranótt föstudagsins.**

**Tveir þeirra voru stöðvaðir á Reykjanesbraut. Sá þriðji mældist á rúmlega 150 km hraða á Sæbrautinni, þar sem hámarkshraði er 60 kílómetrar.**

**Einn drengurinn hafði verið með bílpróf í sex daga og annar í tíu. Piltarnir missa ökuréttindi sín og fá háar sektir.**

**Sá sem var á rúmlega 150 fær að minnsta kosti 110 þúsund króna sekt og verður sviptur ökuréttindum í þrjá mánuði.** **- ifv**

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Amfetamín á ökumanni

Eitt gramm af amfetamíni fannst á þrítugum ökumanni sem lögreglan í Kópavogi stöðvaði við reglubundið eftirlit. Manninum var sleppt að loknum yfirheyrslum.

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

### Saltið tekið úr umferð

Bæjarstjórn Fljótdalshéraðs er hætt að nota salt til hálkuvarna nema í undantekningartilfellum. Í staðinn á að nota blöndu sands og saltspækils.

JÓLASVEINNINN

### Sveinki í útrás

Sveinki.is er í útrás. Vefurinn er nú kominn á ensku og dönsku, christmas.is og julemanden.is. Nú líður að jólum og þá fá góð börn gjarnan bréf frá jólasveininum í skóinn. Kertasníkir er með heimasíðuna www.sveinki.is.

BAKKAFJÖRÐUR

### Rekstrarstöðvun

Útgerðarfyrirtækið Gunnólfur á Bakkafirði hefur tilkynnt starfsfólki sínu um rekstrarstöðvun. Alls vinna um tíu manns hjá fyrirtækinu og eru flestir þeirra erlendir.




# Svartur blettur á sögu þjóðarinnar

**Stór orð féllu í utandagskrárumræðum um hleranir á Alþingi í gær. Ingibjörg Sólrún segir að svo virðist sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi misbeitt ríkisvaldinu í kalda stríðinu. Árni M. Mathiesen minnti á hleranir Framsóknarflokksins.**

**SÍMHLERANIR** Sjálfstæðisflokkurinn virðist ekki hafa litið svo á að hann hefði tímabundið umboð frá kjósendum á dögum kalda stríðsins þegar hvað mest var um símhleranir heldur talið að í flokknum sjálfum lægi stofnanabundið vald. Flokkurinn virðist hafa misbeitt ríkisvaldinu og vegið að orðspori og æru þeirra sem urðu fyrir hlerunum, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í gær í utandagskrárumræðu um símhleranir, sem hún hóf máls á.

„Þetta er svartur blettur á sögu þjóðarinnar [...] sem verður að upplýsa," sagði Ingibjörg og benti á að líklega hefðu símar átta til tíu þingmanna verið hleraðir, samkvæmt bókinni Óvinir ríkisins eftir Guðna Th. Jóhannesson.

> Sjálfvirki síminn var vart kominn í notkun [...] áður en farið var að hlera hann
>
> **ÁRNI M. MATHIESEN**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Ingibjörg leggur til að nefnd verði skipuð af þingi til að rannsaka umfang þessara hlerana, en Sjálfstæðisflokkurinn leggst gegn því og segja þingmenn hans að málinð sé betur komið hjá sagnfræðingum. Ekki skuli skrifuð opinber Ríkissaga. „Sjálfvirki síminn var vart kominn í notkun [...] áður en farið var að hlera hann," sagði Árni M. Mathiesen, í forföllum Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Árni vakti athygli á því hversu fá tilvik hlerana hefðu komið fram og að þær hefðu einungis verið í tengslum við samskipti Íslands við umheiminn.

Einnig væri athyglisvert að ekki væri vitað um hleranir án leyfis dómara. Árni taldi brýnt að aðrir en sjálfstæðismenn fengju notið sannmælis í þessum efnum og nefndi því framsóknarmanninn Hermann Jónasson og ríkisstjórn hans með Alþýðuflokki. Hlutur Steingríms Hermannssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, væri heldur ekki lítill í þessum efnum.

Steingrímur J. Sigfússon tók næst til máls og vakti athygli á því að til greina mætti koma að greiða því fólki bætur, sem hefði orðið fyrir hlerunum. Þessi tillaga fékk lítinn hljómgrunn í gær, flestir þingmenn lögðu áherslu á flokka eða flokkadrætti í málinu og var Árni gagnrýndur fyrir að „klína" málinu á Framsókn og Alþýðuflokk. Þó lagði Lúðvík Bergvinsson til að umræðan yrði ekki skilyrt af því að í kalda stríðinu hefðu verið erfiðar og öðruvísi aðstæður. Það væri einmitt á erfiðum tímum sem krafan væri mest á vönduð viðbrögð ríkisvaldsins.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN** Vill að skipuð verði opinber rannsóknarnefnd á hlerunum kalda stríðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Árni átti lokaorðið og svaraði gagnrýni á orð hans um þátt Framsóknar í málinu. Árni sagðist síst vera að „klína" neinu á þá menn, heldur þvert á móti að hrósa þeim fyrir að hafa komið að máli.

**klemens@frettabladid.is**




Hneykslismál þrengja á ný að Póllandsstjórn:

# Tusk leggur til kosningar í vor

**VARSJÁ, AP** Aðalstjórnarandstöðuflokkurinn á pólska þinginu lagði í gær til að á komandi vori yrði efnt til kosninga sem leiðar út úr stjórnarkreppu sem hneykslismál tengd smáflokkum í stjórninni hafa valdið. Talsmaður aðalstjórnarflokksins, Laga og réttlætis, hafnaði tillögunni á blaðamannafundi í Varsjá.

Donald Tusk, leiðtogi hins frjálslynda Borgaravettvangs sem í kosningunum haustið 2005 fékk lítið eitt minna fylgi en Lög og réttlæti, íhaldsflokkur Kaczynski-tvíburanna sem nú verma stóla forseta og forsætisráðherra, sagðist í gær myndu verja minnihlutastjórn Laga og réttlætis falli fram á vorið, gegn því að Andzej Lepper, leiðtogi popúlistaflokksins Sjálfsvarnar, og Roman Giertych, leiðtogi hægrijaðarflokksins Bandalag pólskra fjölskyldna, yrðu reknir úr stjórninni.

Nýtt hneykslismál varð opinskátt á mánudag, er Aneta Krawczyk, starfsmaður Sjálfsvarnar, greindi frá því í dagblaðsviðtali að hún hefði árið 2001 sofið hjá flokksleiðtoganum Lepper, sem nú er varaforsætisráðherra, gegn því að fá vinnu á vegum flokksins. Til að halda starfinu hefði hún síðan þurft að sofa hjá öðrum þingmanni flokksins, Stanislaw Lyzwinski, sem hún segir hafa barnað sig.



**HAFNA TILBOÐI** Ludwik Dorn, aðstoðarforsætisráðherra úr íhaldsflokknum Lögum og réttlæti, hafnaði tillögu um nýjar kosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áður hafði annað dagblað birt heimamyndband sem sagt var sýna stuðningsmenn Bandalags pólskra fjölskyldna á því sem virtist vera nýnasistasamkoma. **- aa**



# Normannsþinur

## Stærri tré lægra verð!

Fimmtud-sunnud

| | 2006 | 2005 meðalverð |
|---|---|---|
| 101-150sm | 2199 | ~~2579~~ |
| 151-200sm | 3999 | ~~4479~~ |
| 200-300sm | 4999 | ~~8439~~ |



Öll jólaljós
30%
afsláttur

# Stærri jólatré lægra verð




Kaupauki!
Aðeins í dag!
Machintosh fylgir öllum jólatrjám í dag!

**Blómaval Skútuvogi**
opið til kl. 22.00 til jóla

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt
Akureyri - Selfoss

# Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Vodafone stendur fyrir átaki þessi jól þar sem tekið er á móti gömlum GSM símum og þeim komið til bágstaddra í þróunarlöndum. Við treystum á að Íslendingar láti greipar sópa í skúffum, skápum og öðrum hirslum þar sem gamlir, þreyttir eða jafnvel ónýtir símar gætu leynst og skili þeim í einhverja af verslunum Vodafone.

Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma.

Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma.

Síminn verður sendur til þróunarlanda eða endurunninn.

**Látum gott af okkur leiða um jólin**

vodafone

gríptu augnablikið og lifðu núna




Áfram unnið að rannsókn á láti Litvinenkos í London og Moskvu:

# Varð fyrir eitrun á hótelinu

**LONDON, AP** Breska lögreglan sagðist í gær telja allt benda til þess að geislavirka efnið pólón-210 hafi borist í líkama Alexanders Litvinenko þegar hann sat á barnum á Millenium hótelinu í London þann 1. nóvember síðastliðinn.

Svo virðist sem ekki færri en tíu manns, sem voru staddir á barnum þann dag, hafi orðið fyrir geislun frá þessu efni. Auk Litvinenkos hafa tveir Rússar, Andrei Lugovoi og Dmitry Kovtun, orðið fyrir geislun, en þeir hittu báðir Litvinenko á barnum. Geislunin sem þeir urðu fyrir var þó mun vægari en í tilviki Litvinenkos, sem innbyrti efnið, líklega í drykk eða annarri fæðu.



**BRESKA LÖGREGLAN Í MOSKVU** Nokkrir starfsmenn bresku lögreglunnar Scotland Yard koma þarna frá skrifstofu saksóknaraembættisins í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Einnig hafa sjö starfsmenn hótelsins, sem unnu á barnum þennan dag, einnig greinst með afar væg ummerki geislunar, sem þó er sögð vera meinlaus heilsu fólksins.

Breskir lögreglumenn hittu Kovtun í Moskvu á fimmtudaginn þar sem hann er sagður liggja illa haldinn á sjúkrahúsi. Bresku lögreglumennirnir í Moskvu hafa einni reynt undanfarna daga að ná tali af Lugovoi, sem sömuleiðis hefur verið til rannsókna á sjúkrahúsi vegna geislunarinnar.

Breska lögreglan rannsakar lát Litvinenkos sem morð og saksóknaraembættið í Moskvu hefur einnig hafið rannsókn á málinu. **- gb**

# Segja hin tilboðin ógild vegna tengsla

**Fyrirtækin sem hafa stefnt ríkinu vegna einkavæðingar Íslenskra aðalverktaka segja öll tilboð sem lögð voru inn nema sitt vera ógild vegna tengsla við umsjónarmenn útboðsins. Ríkið segir engar forsendur fyrir útilokun innherja.**

**DÓMSMÁL** Stefnendurnir, JB Byggingafélag ehf. og Trésmiðja Snorra Hjaltasonar, halda því fram að þeir hafi einir skilað inn gildu tilboði í hlut ríkisins í ÍAV.

Þegar tilboðsfrestur rann út hinn 21. mars 2003 höfðu fjórir aðilar skilað inn tilboðum: stefnendurnir, EAV ehf., Joco ehf., og Jarðboranir hf. Stefnendur segja öll hin tilboðin ógild vegna óeðlilegra tengsla við umsjónarmenn söluferilsins.

Joco ehf. var í eigu Jóns Ólafssonar, sem sat á þessum tíma í stjórn ÍAV. Því vilja stefnendur meina að hann hafi haft stöðu innherja og því eigi tilboð hans ekki að vera gilt. Aðrir bjóðendur voru Jarðboranir hf. og EAV ehf., félag stjórnenda ÍAV sem að endingu keypti hlut ríkisins.

Umsjónaraðili útboðsins var Landsbanki Íslands og fulltrúi hans í ferlinu Sigurður Atli Jónsson. Sigurður Atli var á sama tíma skráður fruminnherji og sat í stjórn Atorku hf., sem átti þá ráðandi hlut í Jarðborunum hf.

Stefnendur vilja meina að þetta hafi gert Sigurð vanhæfan til að starfa að útboðinu. Landsbankinn er einnig talinn vanhæfur þar sem hann hafði tekið að sér að fjármagna kaup EAV ehf. á hlut ríkisins og hafði því átt verulegra framtíðarhagsmuna að gæta. Auk þess hafi bankinn átt 51 prósents hlut í fjárfestingarfélaginu Landsafli. Eigendur hinna 49 prósentanna voru ÍAV. Nýir eigendur félagsins seldu síðan Landsbankanum hlut sinn í Landsafli eftir að þeir höfðu keypt hlut ríkisins í ÍAV. Eignaðist þá bankinn Landsafl að fullu.

Sigurður og Landsbankinn sögðu sig hins vegar ekki frá málinu fyrr en eftir að tilboðsfrestur rann út og einungis átti eftir að meta tilboðin. Verðbréfastofan hf. var þá fengin til verksins en bæði bankinn og Sigurður Atli höfðu komið að málinu á öllum öðrum stigum þess.





**HÖFUÐSTÖÐVAR ÍAV** Stefnendur segja að öll önnur tilboð en sitt hafi verið ógild vegna tengsla bjóðendanna við þá sem sáu um útboðið.

Í greinargerð lögmanns íslenska ríkisins segir að einkavæðingarnefnd meti málsatvik svo að engar lagalegar forsendur séu fyrir því að útiloka innherja í ÍAV frá því að gera tilboð né fyrir því að heimilia öðrum tilboðsgjöfum að fá aðgang að trúnaðarupplýsingum um félagið.

**thordur@frettabladid.is**

## Óeðlileg aðkoma formannsins

Stefnendur vilja einnig meina að aðkoma Jóns Sveinssonar að söluferlinu á ÍAV hafi verið afar óeðlileg. Líkt og áður hefur komið fram var Jón bæði formaður einkavæðingarnefndar og stjórnarformaður ÍAV þegar félagið var selt. Hann hafði tvívegis lýst sig vanhæfan til að koma að málinu vegna þessara tengsla á fundum einkavæðingarnefndar áður en útboðið hófst.

Jón hafði samt sem áður forgöngu að kynningu á starfsemi ÍAV sem stefnendur sóttu í aðdraganda tilboðs síns. Í stefnunni segir að þeim hafi verið það sérlega eftirminnilegt að á kynningarfundinum hafi verið dregin upp fremur dökk mynd af rekstri ÍAV, enda hafi haldbært fé úr rekstri félagsins síðustu þrjú ár á undan verið neikvætt um nokkur hundruð milljónir. Tilboð þeirra hafi því ákvarðast af þessum upplýsingum.

Árið 2003, eftir kaup stjórnendanna á félaginu, varð haldbært félagsins hins vegar jákvætt um tæpa tvo milljarða. Stefnendur segja að kynningargögnin sem þeim voru afhent hafi ekki gefið þessa gríðarlegu breytingu til kynna, heldur mun frekar þveröfuga stöðu. Þá er bent á að lögmannsstofa Jóns Sveinssonar hafi um árabil unnið í þágu ÍAV og því hafi talsverðir framtíðar viðskiptahagsmunir hans verið háðir því hverjir eignuðust ráðandi hlut í félaginu. **- þsj**



**JÓN SVEINSSON** Formaður einkavæðingarnefndar.


Opið til 22
í kvöld
Langur og skemmtilegur laugardagur
Í Kringlunni finnur þú endalaust úrval af fallegum jólagjöfum og spariföt á alla fjölskylduna. Notaleg jólastemning, lifandi tónlist og kátir jólasveinar á vappi.
Taktu þátt í jólaleik Kringlunnar og Icelandair og þú gætir unnið ferð fyrir fjóra til Flórída.
Mán. til mið. 10.00 - 18.30
Fimmtudagur 10.00 - 22.00
Föstudagur 10.00 - 22.00
Laugardagur 10.00 - 22.00
Sunnudagur 13.00 - 17.00
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200
Nýtt kortatímabil
Kringlan



**EKKI LENGUR YFIRGEFINN** Kenze, sem er tveggja ára fílsungi, fannst yfirgefinn í þjóðgarði í Kenía nýverið. Nú mun mannfólkið annast hann þar til hann er orðinn nógu stór til að sjá um sig sjálfur í frumskóginum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Neytendasamtökin lýsa óánægju sinni með dóm héraðsdóms vegna samráðs:

# Skerðir möguleika neytenda

**DÓMSMÁL** Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Sigurður Hreinssonar, trésmiðs frá Húsavík, vera vonbrigði. „Héraðsdómur gerir kröfu um að það séu fengnir fyrir dóminn matsmenn en það er mjög kostnaðarsamt. Með slíkri kröfu er í raun verið að útiloka möguleika einstaklinga og samtaka, sem ekki eiga milli peninga, til að sækja tjón sem fyrirtæki baka neytendum með samráði. Á þeim forsendum veldur þessi niðurstaða héraðsdóms vonbrigðum.“

Héraðsdómur sýknaði Ker, áður Olíufélagið, af kröfu Sigurðar Hreinssonar en hann gerði 180 þúsund kröfu um skaðabætur vegna verðsamráðs olíufélaganna á árunum 1995 til 2001. Forsvarsmenn olíufélaganna hafa viðurkennt samráð og hafa þegar verið sektuð um 1,5 milljarða.



**JÓHANNES GUNNARSSON** Segir niðurstöðuna áfall fyrir neytendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í dómnum var gagnrýnt sérstaklega að ekki hafi verið kallaðir fyrir dóminn matsmenn til þess að meta hvert hugsanlegt verð hefði verið ef samráð hefði ekki verið fyrir hendi. Steinar Þór Guðgeirsson hæstaréttarlögmaður, sem sótti málið fyrir hönd Sigurðar, sagðist í Fréttablaðinu í gær vera ósáttur við dóminn. Hann vill meina að dómendur geri of miklar kröfur til þeirra sem telji sig hafa orðið fyrir skaða vegna samráðsins.

Dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar. **- mh**

Könnun félagsmanna VR:

# Aukið álag í desember

**ATVINNUMÁL** Annar hver félagsmaður VR finnur fyrir auknu álagi í jólamánuðinum en vinnutími ríflega fjórða hvers félagsmanns VR lengist í desember, einkum hjá þeim sem starfa í verslunum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýlegri könnun VR um álag og líðan félagsmanna í desember.

Samræming vinnu, jólaundirbúnings og einkalífs í desember virðist yfirleitt ganga vel hjá félagsmönnum VR og segja 40 prósent að vandamál hafi varla komið upp á þessum árstíma. Árekstrar koma frekar fyrir hjá einstæðum foreldrum en þeim sem eru í sambúð eða hjónabandi. **- hs**

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Ný útvarpsstöð Kaninn FM 89,0
Íslensk músík alltaf!

Heimilisofbeldi leiðir til vanheilsu, langvinnra sjúkdóma og oft á tíðum til dauða:

# Ofbeldi á heimilum er dauðans alvara

**SAMFÉLAGSMÁL** Tuttugu prósent þeirra kvenna sem tóku þátt í nýrri rannsókn á tíðni heimilisofbeldis meðal íslenskra kvenna hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi af sambýlismanni, maka eða öðrum nánum einstaklingi. Margar þeirra hafa þurft að þola slíkt ofbeldi ítrekað og mun fleiri hafa verið beittar annars konar ofbeldi; andlegu og líkamlegu. Þessar konur þjást margar hverjar af þunglyndi og öðrum geðsjúkdómum. Þetta er aðeins lítill hluti grunnniðurstaðna úr viðamikilli rannsókn á tíðni heimilisofbeldis meðal íslenskra kvenna sem Erla Kolbrún Svavarsdóttir, dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, kynnti í gær. Rannsóknin er unnin af hópi hjúkrunarfræðinga og annars fagfólks innan heilbrigðiskerfisins. Mannréttindaskrifstofa Íslands efndi til kynningar á rannsókninni í tilefni af sextán daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem nú er haldið í þriðja sinn á Íslandi.



**ERLA KOLBRÚN SVAVARSDÓTTIR**

Rannsóknin leiðir einnig í ljós að líkamleg heilsa þeirra kvenna sem beittar eru ofbeldi er verri en þeirra sem ekki hafa orðið fyrir ofbeldi einhvern tíman á ævinni. Ofbeldið leiðir til vanheilsu þeirra, langvinnra sjúkdóma og oft á tíðum dauða.

Í kynningu sinni á rannsóknarniðurstöðunum benti Erla Kolbrún á að ofbeldi er alþjóðlegt heilbrigðis- og lýðheilsuvandamál sem hefur áhrif á konur í öllum stéttum þjóðfélagsins. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja það. Eins að ekki hefur verið skilgreint hvað virkar í forvarnarskyni gegn heimilisofbeldi gegn konum og að ofbeldið heldur í sumum tilfellum áfram eftir aðskilnað við ofbeldismanninn. „Ef kona á að geta lifað eðlilegu lífi eftir ofbeldið þarf hún aðstoð og stuðning frá dómstólum, heilbrigðiskerfinu og oft á tíðum félagsmálakerfinu“, segir Erla Kolbrún en skýrt kom í ljós að margar þeirra kvenna sem beittar eru ofbeldi upplifa sig sem hjálparvana og eru án stuðningsaðila. Í því samhengi kom skýrt í ljós hversu mjög andlega- og líkamlega ofbeldið tekur á einstaklinginn þegar skilning er ekki að finna og konan getur ekki leitað aðstoðar, hvorki hjá einstaklingum eða stofnunum.

Rannsóknarniðurstöðurnar sem kynntar voru í gær eru aðeins grunnniðurstöður fyrsta hluta rannsóknarinnar eins og áður sagði, en frekari kynning er fyrirhuguð í janúar sem verður fylgt eftir með málþingi í febrúar.

Ofbeldi er skilgreint sem kerfisbundin áætlun til að staðfesta og viðhalda valdi og stjórn yfir hugsunum, viðhorfum og hegðun konunnar með því að ala á ótta og því að gera konuna háða gerandanum. Aðferðirnar fela í sér andlegt, fjárhagslegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi sem og hótanir, þrýsting, ótta, einangrun, það að nota börnin til að ógna, forréttindi karla og félagslega stöðu konunnar. Ofbeldi gegn konum felur í sér allar fyrrtaldar ofbeldisaðgerðir og fullvissuna um að ofbeldi verði framið í framtíðinni sem veitir gerandanum endurheimta stjórn og völd yfir maka sínum.

**svavar@frettabladid.is**

Bílabúð Benna

Jólin byrja snemma hjá Benna!
Þeir sem kaupa notaðan bíl hjá okkur fá 32“ United veggsjónvarp í kaupbæti*
SJÓNVARP Í KAUPBÆTI
* af völdum bílum


KIA GRAND SPORTAGE
árg. 5/1999, ekinn 122 þús. km, sjálfskiptur, abs, álfelgur, sumar- og vetrardekk, fjarst. samlæsingar, kastaragrind, rafm. í rúðum, NÝLEG TÍMAREIM.
TILBOÐ 490.000


MASDA 6 WAGON 3,0 L V-6 árg. 2005, ekinn 11 þús. km, sjálfskiptur, 17” álfelgur, abs, ESP stöðugleikakerfi, fjarst. samlæsingar, cd spilari, glertopplúga, cruise control, rafmagn í öllu, reyklaust ökutæki, spoiler, þakbogar, 4 líknarbelgir, glæsilegur bíll. Verð 2.450.000.
TILBOÐ 2.060.000


CHEVROLET KALOS S 1200
6/2005, ek. 48 þús. 5 dyra, 5 gíra, líknarbelgir, veltistýri, vökvastýri, þjónustubók. Frábær sparibaukur. Verð 920 þús.
TILBOÐ 790.000 stgr.

100% VAXTALAUS LÁN Í BOÐI og 1. greiðsla í feb. 2007*


CHEVROLET LACETTI CDX SPORT 1800, 10/2004, ek. 35 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, spólvörn, fjarstýrðar samlæsingar, cd magasín, 4 líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, þjónustubók o.fl.
Verð 1.290 þús.
TILBOÐ 1.100.000


MUSSO 2300 TURBO DIESEL 9/2000, ek. 142 þús., 5 dyra, 5 gíra, álf., 31”, dráttarkrókur, fjarstýrðar samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum, spoiler, intercooler o.fl. Sparneytinn díseljeppi. Verð 1.150 þús.
TILBOÐ 890.000 stgr.


JEEP GRAND CHEROKEE LTD 4,7L árg. 7/2002. Innfluttur nýr, ekinn 75 þús. km, grásans, sjálfskiptur, leðurinnrétting, álfelgur, asr spólvörn, dráttarkúla, cd spilari, hraðastillir, líknarbelgir, litað gler, rafmagn í öllu, reyklaus. Verð 2.590.000.
TILBOÐ 2.190.000


SUBARU LEGACY 2,0L SEDAN
árg. 8/2004, ekinn 48 þús. km, svartur, 5 gíra, beinskiptur, abs, álfelgur, filmur, fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir, rafm í öllu.
Verð 1.750.000
TILBOÐ 1.590.000


TOYOTA RAV 4 árg. 2/2001, ekinn 113 þús. km, 5 dyra, sídrif, 5 gíra beinskiptur, sumar- og vetrardekk, abs, álfelgur, dráttarbeisli, cd spilari, hiti í sætum, rafm. í öllu, þjónustubók, mikið yfirfarinn bíll í góðu ástandi. Verð 1.290.000. TILBOÐ 1.090.000


TOYOTA AVENSIS 1,8L TERRA árg. 1999, ekinn 174 þús. km, sjálfskiptur, abs, dráttarbeisli, cd spilari, rafmagn í rúðum, samlæsingar.
Verð 690.000.
TILBOÐ 440.000


MUSSO GRANDE LUXE 2900 HIGH OUTPUT
8/1999, ek. 111 þús., abs, álf., 31”, dráttarkrókur, filmur, cd, topplúga, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar, tölvukubbur o.fl. Verð 1.350 þús.
TILBOÐ 1.150.000


TOYOTA AVENSIS SOL VV-TI árg. 5/2005, ekinn aðeins 10 þús. km, sjálfskiptur, 1,8L, álfelgur, cruise control, cd, ný vetrardekk og sumardekk, vel búinn bíll. Verð 2.650.000.
TILBOÐ 2.290.000

BÍLABÚÐ BENNA NOTAÐIR BILAR – BÍLDSHÖFÐA 10 – S: 587 1000

# Vinsælasta ævisagan

Saga Rögnu á Laugabóli lætur engan mann ósnortinn. Þetta er einstök saga sterkrar og sjálfstæðrar konu sem upplifir meiri harma en lagðir eru á flest fólk. Ragna lætur ekki bugast en berst áfram og lætur engan eiga neitt inni hjá sér.
Inn í þessa ótrúlegu persónusögu fléttast náttúruhamfarir á Vestfjörðum og í bakgrunni eru hinar miklu þjóðfélags- og þjóðlífsbreytingar síðustu aldar.




**1.**
ÆVISÖGUR
Metsölulisti Mbl.
7. des.

**1. prentun uppseld**

**2. prentun á þrotum**

**3. prentun væntanleg**












„Á Laugabóli Rögnu Aðalsteinsdóttur var Aðventa hinna veglausu árið um kring. Betur að svo væri víðar. “

*s.h. - bb.is*




DV
Þvinguð til sátta

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**TIPLAÐ Á TÁM** Þessi bandaríski dansari tekur þátt í sýningunni Dansar Mozarts í Vínarborg þessa dagana. Sem kunnugt er halda Austurríkismenn upp á að í ár eru 250 ár liðin frá fæðingu snillingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sólveig Þorvaldsdóttir leiðir neyðarteymi Rauða krossins á Filippseyjum:

# 600 þúsund manns hjálparþurfi

**HJÁLPARSTARF** Sólveig Þorvaldsdóttir er stödd í Albey á Filippseyjum þar sem hún mun skipuleggja neyðaraðstoð til þeirra sem misstu heimili sín í kjölfar fellibylsins Durian fyrir skömmu.

„Ástandið hér er mjög erfitt og um 70 þúsund manns hafa misst heimili sín eða sjá fram á að þurfa að laga skemmdir á þeim. Þeir sem bjuggu við lakan húsakost urðu verst úti í aurskriðunum en aðrir sluppu betur.“

Sólveig segir fólk á svæðinu ekki óvant fellibyljum en segir það hinsvegar óvant jafn mörgum dauðsföllum og nú hafa orðið en talið er að eittþúsund manns hafi farist í hamförunum.

„Það er ljóst að íbúar á svæðinu hafa mikla þörf fyrir aðstoð og talið er að um 600.000 manns þurfi á einhverri aðstoð að halda.

Um 33 fjöldahjálparstöðvar eru á svæðinu fyrir þá sem misst hafa heimili sín. Sem dæmi um þá röskun sem fellibylurinn Durian hafði í för með sér á daglegt líf fólks má nefna að allt skólastarf liggur niðri og hefst ekki aftur fyrr en í janúar.“

Durian er fjórði fellibylurinn á tveimur mánuðum sem fer með eyðileggingarmætti yfir Filippseyjar og mun Rauði krossinn aðstoða um 200.000 manns sem misst hafa heimili sín. Alþjóða Rauði krossinn hefur sent frá sér neyðarbeiðni sem hljóðar upp á 7,3 milljónir bandaríkjadollara eða 500 milljónir íslenskra króna.

Þeir sem vilja styrkja hjálparstarfið á Filippseyjum geta hringt í söfnunarsíma Rauða krossins 907-2020 og þá munu 1.200 krónur skuldfærast af næsta símareikningi. - hs



**FILIPPSEYJAR** Um 70 þúsund manns misstu heimili eftir að fellibylurinn Durian reið yfir og hefur hjálparstöðvum verið komið upp.






BBC WORLD SERVICE



**TÍMARIT SEM MENNINGARBRÚ** Wasana María Thaisomboon hefur brennandi áhuga á samskiptum Íslendinga og Taílendinga.

Ísland-Taíland:

## Þrjú tungumál í einu tímariti

**MENNING Wasana María Thaisomboon, Taílendingur búsettur á Íslandi, hyggst gefa út nokkurs konar vasaorðabók í formi tímarits. Í tímaritinu leitast hún við að gefa út og kenna þrjú tungumál í einu tímariti; ensku, taílensku og íslensku.**

**María vonast til að tímaritið komi út um áramótin. Hún ætlar að fjármagna útgáfuna með sölu auglýsinga.**

**Maria hefur unnið að taílensk-íslenskri orðabók í fjölda ára. Hún er áhugamanneskja um bætt samskipti Íslendinga og útlendinga á Íslandi og hefur einnig á prjónunum að stofna vinafélag auk þess sem hún stefnir að því að gefa út tímarit um taílenskt nudd.** - ghs

# Hræringar á blaðamarkaði

**Sigurjón M. Egilsson hefur sagt upp störfum sem ritstjóri Blaðsins. Fjölga á útgáfudögum Viðskiptablaðsins. Nýtt vikulegt fréttatímarit að hefja göngu sína.**

**FJÖLMIÐLAR** Sigurjón M. Egilsson hefur sagt upp störfum sem ritstjóri dagblaðsins Blaðsins. Fleiri starfsmenn eru hugsanlega að hætta á Blaðinu því fréttastjórarnir Brynjólfur Þ. Guðmundsson og Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir hafa sagt upp störfum sínum með ákveðnum fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur að því hver tekur við sem ritstjóri þegar Sigurjón hættir.

Sú saga hefur gengið að Sigurjón ætli að taka við sem ritsjóri DV þegar hann hættir hjá Blaðinu. Aðspurður segir Sigurjón ekki hafa átt í neinum viðræðum við útgefanda DV, 365, um að hann taki við starfi ritstjóra DV. „Ég á í viðræðum við fólk en hef heitið því að segja ekki frá því hvað stendur til að svo stöddu,“ segir Sigurjón og bætir því að það sé algert trúnaðarmál hvað hann gerir eftir að hann hættir sem ritstjóri Blaðsins. Hann segist hafa óskað eftir því að hætta hjá Blaðinu ekki síðar en um áramótin.

Ari Edwald, forstjóri 365, staðfesti í gær að Sigurjón M. Egilsson væri ekki væntanlegur til starfa hjá 365. Aðspurður sagði hann að engar endanlegar ákvarðanir hefðu verið teknar um hvort fjölga ætti útgáfudögum DV. Ari segir að 365 sé hins vegar að skoða hvernig hægt sé að auka og efla útgáfu DV.

Frekari hræringar eru á blaðamarkaðnum því breytingar eru fyrirhugaðar á Viðskiptablaðinu á næstunni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á að byrja að gefa það út fjórum til fimm sinnum í viku og breyta efnistökum samhliða því. Óli Björn Kárason, ritstjóri Viðskiptablaðsins, segir að aðstandendur blaðsins séu að efla útgáfuna en vill ekki segja frá því hverjar breytingarnar eru. Ritstjórinn segir að þess verði ekki langt að bíða að greint verði frá þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á blaðinu.



**SIGURJÓN M. EGILSSON** Hefur sagt upp starfi sínu sem ritstjóri Blaðsins. Hann segist ekki hafa átt í neinum viðræðum við útgefanda DV,365, um að hann taki við blaðinu.

Hræringarnar eru ekki bara bundnar við dagblaðamarkaðinn því nýtt vikulegt fréttatímarit mun byrja að koma út í febrúar á næsta ári. Valdimar Birgisson, einn af aðstandendum tímaritsins, segir að viðræður standi yfir við fjárfesta um fjármögnun þess. Að svo stöddu vill Valdimar ekki segja frá því hverjir fjárfestarnir eru. Að sögn Valdimars hefur slíkt tímarit ekki áður verið á íslenskum blaðamarkaði. Tímaritið verður að minnsta kosti 72 blaðsíður og verður fámenn en góðmenn ritstjórn starfandi á því að sögn Valdimars. Sigríður Dögg Auðunsdóttir blaðamaður verður ritstjóri tímaritsins og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, aðstoðarritstjóri. Ekki er búið að finna nafn á tímaritið að sögn Valdimars. ingifreyr@frettabladid.is




**BREYTINGAR Á FJÖLMIÐLAMARKAÐI** Viðskiptablaðið bætist brátt í hóp dagblaða landsins og útgáfudögum DV fjölgar ef að líkum lætum.




# ALLT TIL JÓLANNA...

VERÐ PR. MTR.
**195,-**

## LJÓSASLÖNGUR
Eigum ljósaslöngur í metravís ásamt góðum tilbúnum pakkningum. Pakkarnir fást í nokkrum mismunandi lengdum, 8 mtr., 16 mtr. og 20 mtr. Fást í glæru, rauðu og marglituðu.

50 LJÓSA
**1.690,-**

## SKRAUTSERÍUR 50 LJÓSA
Fallegar og líflegar skrautseríur. 50 ljós í seríu. Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur.

KANNA OG 6 GLÖS
**1.290,-**

## JÓLAKANNA OG 6 GLÖS
Falleg og jólaleg kanna undir jólaölið ásamt 6 glösum. Allt saman í einum pakka á góðu verði.

40 LJÓSA SERÍA
**1.490,-**

## „LED" LJÓSASERÍUR
Ljósaseríur með einstaklega góðri birtu. Má nota innan- eða utandyra. Fást í glæru, bláu og rauðu. Fást 40 ljósa, 84 ljósa og 120 ljósa.

60 SM HÁTT
**1.690,-**

## JÓLATRÉ MEÐ LJÓSI
Falleg jólatré með glærri seríu. Fáanleg í tveimur stærðum, 60 sm há og 90 sm há, verð **3.490,-**

## JÓLAVAX-DÚKAR
Fallegir jólavaxdúkar í miklu úrvali.

VERÐ PR. MTR.
**590,-**

3 STK.
**590,-**

## VISKASTYKKI
Jólaleg og falleg viskastykki, 3 stk. saman í pakka. Handofin 100% bómull.

2 STK.
**149,-**

## ÚTIKERTI
Vönduð og góð útikerti í áldósum. Brennslutími 5-6 klst.

200 LJÓSA SERÍA
**1.990,-**

## „MICRO" JÓLASERÍA
200 ljósa micro ljósasería til að nota innan- eða utanhúss. Fæst með grænni eða glærri snúru. Spennubreytir fylgir með. Fæst í glæru eða marglituðu.

**199,-**

## KERTASTJAKI
Skemmtilegur sprittkertastjaki með snjókornalagi úr krómuðu járni.

20 STK.
**169,-**

## SOGSKÁLAR
Frábær lausn fyrir jólaseríurnar! Nú er leikur einn að festa upp seríuna, ekkert límband!

18 STK.
**1.290,-**

## JÓLAKAFFISTELL
Fallegt og jólalegt kaffistell með snjókarlamyndum. Sett fyrir 6 manns, 18 hlutir saman í pakka á góðu verði.

## JÓLAKÖKUBOX
Nokkrar mismunandi gerðir. 3 stk. saman í setti á frábæru verði. Tilvalið undir jólasmákökurnar!

3 STK.
**499,-**

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## JÓLAPAPPÍR
Fallegur jólapappír í miklu úrvali. Komdu og gerðu góð kaup.
70 sm x 2 mtr, **57,-**
70 sm x 5 mtr, **189,-**
70 sm x 10 mtr, **239,-**

VERÐ FRÁ:
**57,-**



# 30% afsláttur









**Ótrúlegt úrval**
inni- og útisería

# af öllum jólaljósum





**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

Varnir Íslands



AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# Auðlindir Norðurhafa auka vægi Íslands á ný

**Í Norðurhöfum er að finna um fjórðung allra þeirra jarðgas- og olíulinda sem talið er að til séu í heiminum. Þetta veldur því að herfræðilegt gildi hafsvæðisins í kringum Ísland eykst á ný, eftir að það tapaðist við hrun Sovétríkjanna og lok kalda stríðsins.**

*Fimmta grein*

Stærsti hluti jarðefnaeldsneytisauðlinda í Norðurhöfum fellur innan rússneskrar lögsögu í Barentshafi, en allstór hluti er innan norskrar lögsögu. Það er einmitt vegna þessara auðlinda, auk fiskveiðiréttinda, sem deila Norðmanna og Rússa um lögsögumörk í Barentshafi er eins harðvítug og raun ber vitni, en þessi deila hefur staðið yfir í mörg ár og er enn óútkljáð. Deilt er um efnahagslögsöguleg yfirráð yfir alls um 176.000 ferkílómetra hafsvæði (sjá kort). Megindeilan snýst um hvort fara skuli eftir miðlínu (krafa Norðmanna) eða lengdarbaugslínu frá Norðurheimskautinu (krafa Rússa) við mörkun lögsögu landanna tveggja, annars vegar norður af norska meginlandinu og hins vegar austur af Svalbarða.

## Mikil ábyrgð á herðum Norðmanna

Sverre Lodgaard, forstöðumaður norsku utanríkimála-rannsóknastofnunarinnar NUPI, bendir á að Noregur fari með fullveldisyfirráð yfir um 30 prósentum af heildar land- og hafsvæðum Evrópu, þegar efnahags- og fiskveiðilögsagan í kring um Jan Mayen og Svalbarða er talin með, auk 200 mílna lögsögu Noregs sjálfs. Þetta svæði nær yfir alls hátt í tvær milljónir ferkílómetra og er að langstærstum hlutan norðan heimskautsbaugs. Þetta valdi því að mikil ábyrgð hvíli á herðum Norðmanna, bæði á að líta eftir viðkvæmri náttúru þessara svæða og ekki síður auðlindunum sem þau hafa að geyma, bæði í sjónum og undir hafsbotninum.

Lodgaard segir Barentshafssvæðið á góðri leið með að verða „landfræðipólitískar krossgötur“, aðallega vegna ásóknar heimsbyggðarinnar í allar nýtanlegar orkuauðlindir jarðarinnar. En athygli umheimsins beinist einnig í auknum mæli að norðurhjaranum vegna gróðurhúsaáhrifanna, sem koma óvíða fram með eins áþreifanlegum hætti og í Norðurhöfum. Og ef svo færi að norðaustur- og jafnvel norðvestur-siglingaleiðin opnuðust vegna áframhaldandi bráðnunar Norðurheimskauts-ísbreiðunnar myndi þessi athygli vitaskuld aukast um allan helming. Með opnun þessara siglingaleiða lenti Ísland í þjóðbraut skipaflutninga milli heimsálfanna, frá Vestur-Evrópu og austurströnd Norður-Ameríku til Austurlanda fjær.

Sá möguleiki er þó aðeins á vangaveltustigi eins og sakir standa. Hins vegar liggur fyrir að umferð risavaxinna flutningaskipa, lestaðra fljótandi gasi og olíu frá borpöllum í Barentshafi, um norska og íslenzka lögsögu muni fara ört vaxandi á næstu árum. Nú þegar flytja slík skip olíu og gas frá Mjallhvítarsvæðinu undan strönd Norður-Noregs til Bandaríkjanna.

Norðmenn hafa gripið til þess ráðs að marka þessum skipum ákveðna siglingaleið í 30 sjómílna fjarlægð frá strönd Noregs, til að lágmarka slysa- og mengunarhættu, því ef slíkt risaskip verður vélarvana þarf að vera ráðrúm til að forða því að það reki upp í fjöru með skelfilegum afleiðingum. Þess er vænzt að Alþjóða siglingamálastofnunin, IMO, leggi á fundi sínum nú um helgina blessun sína yfir þessa ráðstöfun, sem einnig nýtur stuðnings Rússa og fleiri hagsmunaaðila. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vakti athygli á þessu í pistli á vef sínum 5. nóvember síðastliðinn, og lét fylgja að Íslendingar þyrftu að ræða hvort setja ætti slíkar reglur um siglingaleiðir hér við land, en til þess þyrfti alþjóðlegt samkomulag hliðstætt því sem Norðmenn hafa nú fært inn á borð IMO.

## Togstreitan við Rússa

Til skamms tíma leit út fyrir að strax á næsta áratug myndu slíkir flutningar hefjast á gasi frá hinu risavaxna Shtokman-svæði í rússneskri lögsögu í Barentshafi, en það er í um 550 km fjarlægð frá landi og hafdýpi er þar um 300 metrar. Talið er að hægt sé að sækja allt að 3.500 milljarða rúmmetra jarðgass á Shtokman-svæðið, en það jafngildir sjöfaldri ársnotkun jarðgass í Evrópu. Í millitíðinni hafa Rússar hins vegar ákveðið að megnið af gasinu verði leitt um leiðslu suður til Pétursborgar og tengjast þar gasleiðslunni sem liggja mun um Eystrasaltið frá Rússlandi til Þýzkalands.

Rússar hafa jafnframt gefið erlendum fyrirtækjum, sem keppzt hafa um réttindi til að taka þátt í að leita að og vinna gas og olíu í Barentshafi, sterklega til kynna að þau eigi ekki að gera sér miklar vonir. Þar sem vitað er að Rússar ráða eins og sakir standa ekki yfir þeirri tækni sem til þarf til að bora á svo miklu dýpi svo langt frá landi, og koma gasinu með öruggum hætti í leiðslu alla þessa leið í land, telja fyrirtæki á borð við hin norsku Hydro og Statoil víst að þau muni þrátt fyrir allt fá að taka þátt í þessu „gasævintýri“ á norðurhjara að einhverju leyti, í beinu eða óbeinu félagi við rússneska jarðgas-einokunarrisann Gazprom.

Af öllu framansögðu er ljóst, að frá bæjardyrum Norðmanna séð eru samskiptin við Rússland lykilatriði. Að mati Sverre Lodgaard hjá NUPI stæði Noregur mun betur að vígi í hagsmunatogstreitunni við Rússa, ef landið væri í Evrópusambandinu og nyti þar með sameinaðs samningsmáttar þess.

## Áherzla á hernaðarumsvif í nýrri norðurslóðastefnu

Nú um mánaðamótin kynnti norska ríkisstjórnin nýja stefnu sína í málefnum norðurslóða. Þar segir að þessi stefna sé „ný vídd“ í utanríkisstefnu Norðmanna. Hún hafi að markmiði að efla vitund um norska hagsmuni á þessu svæði og virkni í þágu þeirra, að þróa samstarfið við Rússland og „vinna þeim sjónarmiðum viðurkenningar, að umgangast beri auðlindir náttúrunnar af ábyrgð, vernda beri umhverfið og mæta loftslagsbreytingunum“. „Með því að vera til staðar, árétta fullveldi og framfylgja stjórnsýsluyfirráðum, sýnir Noregur og sannar að hann tekur skuldbindingar sínar, bæði út á við og inn á við, alvarlega. Nærvera hersins, lögreglunnar og dómsvaldsins í norðri er því mjög mikilvæg,“ sagði Jonas Gahr-Störe utanríkisráðherra er hann kynnti stefnuna 1. desember síðastliðinn.

Með þessum orðum sínum staðfesti utanríkisráðherrann að Norðmenn ætluðu að auka hernaðarumsvif sín í Norðurhöfum. Kaup norska flotans á sex nýjum freigátum, sem verið er að smíða á Spáni, er liður í framkvæmd þessarar stefnu.

Í svari sem Gahr-Støre gaf við spurningu Fréttablaðsins um nánara varnarsamstarf landanna á Norðurlandaráðsþingi í byrjun nóvember vakti hann sérstaklega athygli á því hvernig hinir fyrirsjáanlegu stórauknu orkuflutningar frá gas- og olíuborpöllum í Norðurhöfum yllu því að Norðmenn hefðu eðlilega mikinn áhuga á því að koma að því með Íslendingum að tryggja öryggi í íslenzku lögsögunni og á hafsvæðinu öllu sem þessir flutningar munu fara um. Að sögn ráðherrans eru öryggismál á þessu svæði þannig nátengd orkuöryggi í öllum okkar heimshluta og því þarf að ræða þessi mál í því ljósi, bæði innan NATO og beint við Íslendinga.

Norski varnarmálaráðherrann Anne Grete Strøm-Erichsen ítrekaði þetta í samtali við Fréttablaðið í lok nóvember. Í ræðu sem hún hélt um norðurslóðastefnuna í Bodø í vor sagði hún herinn vera „nauðsynlegan hluta stefnunnar í norðri“. „Við verðum að fylgja eftir ábyrgð okkar á að „halda uppi lögum og reglu“ á okkar eigin yfirráðasvæði. Þess vegna er hernaðarleg nærvera okkar í norðri gríðarlega mikilvæg,“ sagði ráðherrann. En auk þess að leggja áherzlu á hafsvæðin í norðri vill norska stjórnin að þýðingarmikill hluti „uppfærðs og framtíðarmiðaðs“ hers hafi bækistöðvar sínar í Norður-Noregi.

Þessi orð ráðherrans endurspegla ekki aðeins norska byggðastefnu, heldur ekki síður viðbrögð við hernaðaruppbyggingu Rússa á Kólaskaga. Eins og að framan er haft eftir Sverre Lodgaard, forstöðumanni NUPI, eru samskiptin við Rússa lykilatriði í norðurslóðastefnu Norðmanna og að hans mati stæðu þeir mun betur að vígi í þeim slag með því að vera aðilar að Evrópusambandinu og njóta þar með þungavigtar sambandsins í samningum við stóra grannann í austri. Þetta álit áréttaði Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, er hann heimsótti Noreg í síðasta mánuði. „Noregur þarf á stuðningi ESB að halda gagnvart Rússlandi, en Bandaríkin eru ekki lengur nærtækasti bandamaðurinn,“ hafði Aftenposten eftir Bildt.

## Samvinna við Bandaríkin að veikjast

Þessi orð Bildts endurspegla þróun sem greinilega hefur átt sér stað á síðustu árum. Pólitísk og hernaðarleg samvinna Norðmanna við Bandaríkin hefur verið að veikjast.

Sendiherra Bandaríkjanna í Noregi, Benson K. Whitney, lét svo ummælt í ræðu í norsku Nóbelsstofnuninni í maí í vor, að norska ríkisstjórnin ætti að hugsa sig alvarlega um, hvort hún „vilji enn vera í vinfengi við okkur [Bandaríkjamenn] eða ekki“. Þessi hvössu orð endurspegluðu hve mjög samskipti ráðamanna í Noregi og Bandaríkjunum hafa breytzt til hins verra eftir að vinstristjórn tók við í Noregi haustið 2005.

Hernaðarsamvinna Noregs og Bandaríkjanna hefur verið mjög náin allt frá stofnun NATO árið 1949. En margt bendir til að sú samvinna sé að veikjast. Í Noregi er nú að störfum þverpólitísk stjórnskipuð nefnd sem vinnur að endurskoðun norskrar varnarmálastefnu, en sú nefnd á að skila af sér árið 2008. Þá stendur til að þingið taki meðal annars afstöðu til þess, hvort norski herinn kaupi 48 bandarískar F-35-orrustuþotur fyrir sem nemur minnst 500 milljörðum íslenskra króna, til að taka við af F-16-orrustuþotuflota norska flughersins er tími kemst á úreldingu þeirra á tímabilinu 2015-2020. Vinstristjórnin undir forystu Jens Stoltenberg lýsti því yfir strax eftir að hún tók við stjórnartaumunum að hún áskildi sér rétt til fleiri valkosta en bandarísku þotnanna.

Vinstrisósíalistar í stjórninni hafa þegar mælzt til þess að líftími F-16-þotnanna verði framlengdur og ákvörðun um kaup á nýjum þotum frestað. En auk F-35-þotunnar er verið að skoða evrópsku Eurofighter Typhoon-þotuna og jafnvel hina sænsku Gripen og hina frönsku Rafale. Bandarísk stjórnvöld hafa aftur á móti beinlínis hótað Norðmönnum að hernaðarlegt samstarf landanna muni bíða hnekki, standi Norðmenn ekki við að kaupa bandarísku þoturnar.

Segja má að Norðmenn standi því á vissum krossgötum hvað varðar varnarmál sín, líkt og Íslendingar. Hið hefðbundna, nána hernaðarsamstarf við Bandaríkin er að veikjast en virkari þátttaka í evrópsku varnarsamstarfi innan NATO að eflast. Þetta tengist líka umbreytingu bandaríska heraflans, sem miðar að því að hægt sé að senda hátæknivæddan herafla nánast hvert sem er í heiminum með skömmum fyrirvara, en föstum herstöðvum, ekki sízt í Evrópu, fækkað til muna. Þessi breytta skipan bandaríska heraflans, sem lokun Keflavíkurstöðvarinnar er liður í, endurspeglar enn fremur minna vægi hefðbundinna bandamanna í utanríkisstefnu Bandaríkjanna.



**RÚSSNESKT TANKSKIP Í NORÐRI** Umferð risatankskipa með olíu og fljótandi gas frá borpöllum í Barentshafi mun stóraukast við Ísland á komandi árum. Það gerir öryggi í íslenzku lögsögunni að sameiginlegu hagsmunamáli alls okkar heimshluta, vegna orkuöryggis. NORDICPHOTOS/AFP




**NORÐURHÖF** Siglingaleið risatankskipanna frá Barentshafi til N-Ameríku liggur framhjá Íslandi. HEIMILD/CIA WORLD FACTBOOK/NUPI



**EFTIRLIT ÚR LOFTI** Norsk P-3 Orion-eftirlitsflugvél á flugi yfir Norður-Noregi. Þær gegna mikilvægu hlutverki í eftirliti í hinni gríðarstóru lögsögu Norðmanna. LJÓSMYND/NORSKI HERINN



**NORSK NÆRVERA Í NORÐRI** Norska strandgæzlan er mjög virk í að framfylgja stefnu Norðmanna um „nærveru í norðri“. LJÓSMYND/NORSKI HERINN

e-kortið og e² Vildarkortið eru einu greiðslukortin sem veita endurgreiðslu í beinhörðum peningum!

# Korthafar fengu yfir 100 milljónir króna í ávinning í ár!



- Nú hafa e-korthafar og e² Vildarkorthafar fengið sendar ávísanir með endurgreiðslu. Eflaust munu margir nota peningana til að gleðja vini og ættingja með fallegum jólagjöfum á meðan aðrir skella sér út í heim eða kaupa sér eitthvað sem þá hefur alltaf langað í.

  e-kortið og e² Vildarkortið veita ekki aðeins árlega endurgreiðslu, heldur njóta korthafar ávinnings af fjölda sértilboða og ýmissa fríðinda allt árið um kring.



Þú getur sótt um e-kortið á www.ekort.is
og e² Vildarkortið á www.e2.is

e kort
www.ekort.is

e² Vildarkort
www.e2.is

Fíton/SÍA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.404 **+0,92%** **Fjöldi viðskipta:** 475 **Velta:** 9.702 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **365** | +4,46% | **Alfesca** | -0,78% |
| **Glitnir** | +2,63% | **Marel** | -0,65% |
| **Teymi** | +1,54% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,45 +4,46% ... Actavis 66,10 +0,00% ... Alfesca 5,09 -0,78% ... Atlantic Petroleum 548,00 +0,00% ... Atorka 6,56 +0,61% ... Bakkavör 62,90 +0,32% ... Eimskipafélagið 31,20 +0,65% ... FL Group 24,20 +1,26% ... Glitnir 23,40 +2,63% ... Kaupþing 836,00 +0,60% ... Landsbankinn 26,50 +0,76% ... Marel 76,50 -0,65% ... Mosaic Fashions 16,30 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,60 +1,15% ... Össur 112,00 +0,90%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

**Ólögmætur opnunartími**
Verslun er komin á blússandi siglingu fyrir jólin og þyngist með hverjum deginum sem líður. Nú bregður svo við að stóru verslunarmiðstöðvarnar, Kringlan og Smáralind, hafa ákveðið að stytta opnunartímann fyrir jólin með því að hefja kvöldopnun síðar en oftast áður. „Lengri“ afgreiðslutími er hins vegar ekki samræmdur milli verslunarmiðstöðva og annarra verslana, ekki frekar en hinn hefðbundni opnunartími allt árið í kring. Enda er lagt blátt bann við að verslanahús á borð við Kringlu og Smáralind hafi samráð um afgreiðslutíma.

**Sparisjóðirnir skáka bönkunum**
Ánægja viðskiptavina íslenskra banka fer sífellt minnkandi samkvæmt mælingum íslensku ánægjuvogarinnar. Frá árinu 1999 og allt fram til ársins 2002 voru viðskiptavinir íslenskra banka ánægðastir allra á Norðurlöndunum. Síðan þá hefur brúnin sigið á viðskiptavinunum og er nú svo komið að íslenski bankamarkaðurinn hefur næstlægstu ánægjuvogina, á eftir þeim norska. Spurningin er hvort kröfur viðskiptavinanna hafi aukist í takt við stóraukinn hagnað viðskiptabankanna þriggja. Sú staðreynd að viðskiptavinir SPRON eru þeir ánægðustu í bankakerfinu og viðskiptavinir hinna Sparisjóðanna fylgja þeim fast eftir styður við þá kenningu.



## MARKAÐSPUNKTAR…

Kauphöll Íslands tilkynnti eftir lokun markaða í gær val sitt á félögum í úrvalsvísitölunni eftir nýrri aðferðafræði. Engin breyting varð á samsetningu úrvalsvísitölunnar og er vægi fjármálafyrirtækja sem fyrr langmest.

Norðanflug ehf., félag um fraktflug frá Akureyri til meginlands Evrópu, var stofnað á Akureyri í gær. Stofnendur eru Samherji hf., Hf. Eimskipafélag Íslands og SAGA Fjárfestingar ehf. Hlutafé er 50 milljónir króna.

Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt samruna Sparisjóðs vélstjóra, SPV og Sparisjóðs Hafnarfjarðar, SPH. Stofnfjáreigendur beggja sjóðanna samþykktu samrunann fyrir réttri viku.

# FL komið með þrjátíu prósent í Glitni

### Átti tæp tíu prósent í bankanum í upphafi árs.

FL Group hefur eignast þrjátíu prósenta hlut í Glitni eftir að fjárfestingafélagið keypti bréf í bankanum fyrir 2,3 milljarða króna. Fyrir kaupin átti FL 29,3 prósent.

Heildarhlutur bankans er metinn á rúma 99 milljarða króna. FL hefur bætt hlut sinn í bankanum jafnt og þétt á þessu ári.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá nam eignarhlutur FL tæpum tíu prósentum í ársbyrjun.

Þótt FL fari yfir þrjátíu prósentin þarf félagið ekki að leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupunum. Það þarf félagið hins vegar að gera ef hluturinn fer yfir þriðjung af heildarhlutafé Glitnis.

Þá hefur Norvest, félag Jóns Helga Guðmundssonar í BYKO, verið að kaupa bréf í Kaupþingi síðustu dagana og gert framvirka samninga um kaup á hlutum í bankanum. Að teknu tilliti til framvirkra samninga nemur eignarhlutur Norvest í Kaupþingi 2,3 prósentum. - eþa

# Landsbankinn ráðlagði í milljarðakaupum í Kanada

**Landsbanki Íslands var aðalráðgjafi við kaup norska fjárfestingarfélagsins Estatia á kanadísku magnesíummálmsteypunni Meridian Technologies á yfir 12 milljarða íslenskra króna.**

Estatia, fjárfestingarfélag Josteins Eikeland í Noregi, hefur fest kaup á kanadíska fyrirtækinu Meridian Technologies á ríflega tvö hundruð milljónir Kanadadollara. Aðalráðgjafi Estatia við kaupin var Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands, en bankinn sá einnig um sölu á hlutafé og veitti lánsfjármagn til kaupanna ásamt GE Capital Commercial Finance í Bandaríkjunum. Þá komu einnig að ráðgjöf vegna kaupanna BZ Bank í Sviss og Straumur-Burðarás.

Baldur Stefánsson, verkefnisstjóri hjá Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, segir verkefnið sýna hversu staða Landsbankans hafi styrkst sem ákjósanlegur samstarfsaðili fyrir meðalstór fyrirtæki og fjárfesta á alþjóðavettvangi. Hann segir bankann helst horfa til verkefna á stærðargráðunni 5 til 50 milljarðar í heildarvirði. Hann segir trúnað gilda um hver þóknun bankans sé vegna verkefnisins, en bætir við að verkefni af þessum toga séu „mjög áhugaverð“ fyrir bankann.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir að í aðkomu bankans endurspeglist hversu alþjóðavædd starfsemi hans sé orðin. „Þarna er um að ræða norska fjárfesta sem kaupa fyrirtæki, sem er staðsett í Kanada, af Norðmönnum og Ítölum og ætla að selja það Norðmönnum. Þetta er mjög skemmtilegt og verkefnið stórt þar sem við fáum til liðs við okkur banka í Bandaríkjunum og Kanada og fjárfestana frá Noregi, Finnlandi og fleiri löndum.“



**MAGNESÍUMTÖLVA** Magnesíum er um þriðjungi léttari en ál og meðal annars notaður í bíla og í tölvur svo sem þessa hér að ofan sem á að vera harðgerari en aðrar tölvur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Meridian Technologies hefur um þriðjungsmarkaðshlutdeild á heimsmarkaði í framleiðslu á hlutum úr magnesíumi fyrir bílaiðnað. Vöxtur á notkun málmsins í iðnaðinum er áætlaður 10 til 15 prósent næstu ár. Nýjar aðferðir við framleiðslu hafa gert framleiðsluna ódýrari en á áli, auk þess sem magnesíum er sterkara. Höfuðstöðvar Meridian eru í Ontario í Kanada en fyrirtækið hefur starfsstöðvar víða um heim. Meðal viðskiptavina eru General Motors, Ford, DaimlerChrysler, Fiat, Opel, Volkswagen, LandRover og BMW.

Jostein Eikeland leggur áherslu á umhverfisvænar fjárfestingar, en eftir kaupin á félag hans meirihluta í Meridian. Seljendur eru Norsk Hydro ASA og dótturfélag Fiat, Teksid S.p.A. olikr@frettabladid.is




DÓTABÚÐ BÍLAÁHUGAMANNSINS



Höfuðljós
**Verð frá kr. 1.995.-**



Loftdælur mikið úrval
**Verð frá kr. 4.990.-**



Crosshjálmar
**Verð frá kr. 9.900.-**



Mikið úrval af dráttarspilum
**Verð frá kr. 29.490.-**

Bílabúð Benna



Maglite vasaljós
**Verð frá kr. 990.-**

**Bílabúð Benna** - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - Sími 590 2000 - Fax 590 2099 - www.benni.is


# Samdráttur í útlánum Íbúðalánasjóðs

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu 4,7 milljörðum króna í nóvember. Þetta er 1,5 milljörðum krónum minna en í mánuðinum á undan. Hafa ber í huga að útlán í október jukust um 82 prósent á milli mánaða. Almenn útlán jukust hins vegar um 3 prósent á milli mánaða. Heildarútlán sjóðsins á árinu nema ríflega 44,6 milljörðum króna, að því er fram kemur í mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs.

Aukningin í október skýrðist vegna umtalsverðrar aukningar í leigubúðalánum, sem námu 2,2 milljörðum króna í mánuðinum. Þeim fækkaði talsvert í síðasta mánuði og námu um 600 milljónum króna á móti 4,1 milljarði almennra útlána Íbúðalánasjóðs. Í mánaðarskýrslunni kemur fram að að sparisjóðirnir hafi ákveðið að hækka lánshlutfall sitt til íbúðakaupa í 80 prósent af kaupverði fasteigna.

Hér er um að ræða svonefnd hattalán í lánasamstarfi Íbúðalánasjóðs og sparisjóðanna en samkvæmt því geta íbúðakaupendur nýtt sér hámarkslánshlutfall Íbúðalánsjóðs sem er 17 milljónir króna fyrst, en eiga síðan möguleika á láni frá sparisjóðunum til viðbótar.

Í samstarfinu er alls boðið upp á lánshlutfall sem nemur 120 prósentum af brunabótamati að viðbættu lóðarmati eignar. Lánsfjárhæðin getur þó aldrei orðið hærri en 80 prósent af kaupverði eignar og er hámarksupphæð samtals 27,1 milljón. - jab

# FME blessar samruna

Fjármálaeftirlitið hefur lagt blessun sína á samruna SPH og SPV en stofnfjáreigendur samþykktu samrunatillögur stjórna sparisjóðanna á fullveldisdaginn. Eignir hins sameinaða sparisjóðs eru yfir eitt hundrað milljarðar króna og yfir fimmtíu þúsund einstaklingar eiga í viðskiptum við nýja sparisjóðinn.

Sparisjóðsstjórar nýja sjóðsins eru þeir Magnús Ægir Magnússon og Ragnar Z. Guðjónsson eins og greint var frá í Markaðnum í vikunni. Magnús Ægir fór fyrir SPH en Ragnar fyrir SPV. - eþa

www.frjalsilif.is



Það borgar sig að vera í Frjálsa lífeyrissjóðnum!

# 1,7 milljarðar í bónus til sjóðfélaga

1.744.615.842

*Vegna sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn greitt sjóðfélögum rúmlega 1,7 milljarða bónus í séreign þeirra*. Meðalgreiðsla til sjóðfélaga var um 87.000 kr. og fengu bónus að þessu sinni rúmlega 20 þúsund sjóðfélagar sem höfðu áunnið sér réttindi í tryggingadeild sjóðsins 31. desember 2005. Þetta er hæsta bónusgreiðsla sem Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur greitt til sjóðfélaga.*

*Frjálsi lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og tekur á móti skylduiðgjaldi og viðbótarlífeyrissparnaði. Stærð sjóðsins er um 57 milljarðar.*

*Sjóðfélagar geta skoðað bónusgreiðsluna á hreyfingaryfirliti undir Lífeyrissparnaður í KB Netbanka.*

*Nánari upplýsingar veita ráðgjafar KB banka í síma 444 7000.*

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

*Bónusgreiðslur eru greiddar úr tryggingadeild í frjálsa séreign sjóðfélaga. Útgreiðslur geta hafist eftir 60 ára aldur og greiðast með jöfnum greiðslum til 67 ára aldurs eða lengur eftir ósk sjóðfélaga.

KB BANKI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Neysla unglinga á áfengi og tóbaki hefur minnkað um nærri helming á átta árum.

# Samvera við unglinga í fyrirrúmi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Unglingar bæði reykja og drekka mun minna en þeir gerðu fyrir nokkrum árum. Og ástandið var áreiðanlega ekki betra næstu áratugi á undan, þeim áttunda og níunda. Þessi árangur má ekki gleymast í umræðunni um unglinga og stöðu þeirra.

Í vikunni birtust niðurstöður rannsóknar sem sýna ótvírætt þessa þróun. Niðurstöðurnar gefa þó einnig vísbendingu um að þróunin í átt til minnkandi drykkju og reykinga hafi stöðvast, að minnsta kosti í bili, og sé jafnvel að snúast við. Þessu þarf að sporna við með afgerandi hætti. Það er einnig grafalvarlegt mál að reykvísk ungmenni bæði reykja og drekka meira áfengi en unglingar á landsbyggðinni.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, deildarforseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík, kynnti niðurstöður rannsóknarinnar, sem unnin er fyrir Reykjavíkurborg. Hún lagði vitaskuld áherslu á að væru rannsóknir á neyslu unglinganna skoðaðar í stóru samhengi væri þróunin í rétta átt. Þó er að mati Ingu Dóru full ástæða til að staldra við vegna þess að bæði reykingar og drykkja hafa aukist lítillega frá því í fyrra. Inga Dóra benti á að þrír þættir virtust einkum vera áhrifavaldar í lífi unglinganna; stuðningur foreldra, tíminn sem foreldrar verja með börnum sínum og unglingum og að foreldrar þekki vini unglinganna og myndi tengsl við foreldra þeirra.

Börnin eru framtíðin og hlutverk foreldra er að hlúa að þeim þannig að þau verði sem færust um að takast á við það sem bíður. Ljóst er að tími er það dýrmætasta sem foreldrar geta veitt börnum sínum, mun dýrmætari en veraldleg gæði sem iðulega er lögð rík áhersla á. Sömuleiðis er ljóst að foreldrar eiga að leggja sig fram um að kynnast vinum barna sinna og einnig að tengjast foreldrum þessara vina. Þannig myndast tengslanet sem um leið verður aðhald fyrir börnin og unglingana.

Það er ljóst að vinna við aðhald að unglingi hefst ekki á unglingsárum. Sú vinna þarf að eiga sér stað allt frá því að uppeldi barnsins hefst. Til þess að unglingar virði mörk sem þeim eru sett þurfa þeir frá upphafi að hafa alist upp við mörk sem þeim er gert að virða.

Foreldrar líta yfirleitt á það sem sitt stærsta verkefni að koma börnunum til manns. Því verkefni lýkur svo sannarlega ekki við fermingu. Uppeldið heldur áfram og verkefni foreldra á táningsskeiði er að veita unglingum sínum svigrúm til að þroskast og standa á eigin fótum, meðal annars með því að gefa þeim færi á að taka sjálfstæðar ákvarðanir um ákveðna hluti. Á sama tíma ber foreldrum að veita unglingum sínum fullt aðhald og leitast við að vita alltaf hvar þeir eru og með hverjum. Þetta einstigi getur sannarlega verið vandfarið en þó áhugavert og skemmtilegt verkefni hverjum sem það reynir.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Valdimar með allt á hreinu

Ekki var tekið mikið mark á skrifum Valdimars L. Friðrikssonar, þingmanns utan flokka, í nóvemberlok um að RÚV-frumvarpið yrði ekki að lögum fyrir jól enda almannarómur að málið yrði lögfest og hið opinbera hlutafélag tæki til starfa um áramót. „En hitt vita ósáttir stjórnarþingmenn líka að stjórnarandstöðuþingmenn hafa hugrekki til að fylgja eftir eigin sannfæringu og ræða RÚV ohf. út af borðinu,“ skrifaði Valdimar á heimasíðu sinni. Komið hefur á daginn að Valdimar hafði rétt fyrir sér. Líklega munu menn í framtíðinni hlusta betur eftir því sem Valdimar segir um gang þingmála.



### Tæknileg mistök

Í kjölfar ummæla Árna Johnsen um tæknilegu mistökin er frasinn orðinn margnota og viðhafður um flest það sem miður fer. Vinnu embættismanna fjármálaráðuneytisins við áfengisgjaldskafla matarskattsfrumvarpsins þótti ábótavant og er hann nú til frekari meðferðar í ráðuneytinu. Vitaskuld er sagt að í málinu hafi verið gerð tæknileg mistök.

### Hvað verður um boðið?

Jón Kristjánsson Framsóknarflokki hefur í áraraðir efnt til sérstaks þingkvennaboðs á aðventunni. Hafa þingkonur allra flokka gert sér glaðan dag með Jóni, sem fyrir vikið nýtur ómældra vinsælda í þeirra hópi. Nú, þegar Jón er að hætta á þingi, hafa áhyggjur læðst að þingkonum sem sjá fram á að verða af þessari notalegu stund. Vonast þær til að einhver annar taki við keflinu og er helst horft til Birkis Jóns Jónssonar í þeim efnum.



bjorn@frettabladid.is

# Jólagjöfin í ár

Til er saga af því að haldin var veisla á Bessastöðum, þar sem fína fólkinu var boðið. Þar á meðal fínni frú úr Reykjavík. Mér hefur alltaf líkað vel við fínar frúr. Þær kusu mig í gamla daga (og gera kannski enn). Sú frú sem hér kemur við sögu var af dönskum ættum og hafði enn og aldrei fullkomið tak á íslenskunni. Fólk stóð út við gluggann og ræddi um fjöruna á Álftanesi eins og gengur. Þar á meðal okkar frú. Lúðvík eiginmaður kemur aðvífandi og spyr: hvað eruð þið að spjalla um? Og frúin svarar á sinni bjöguðu íslensku: „við vorum bara að tala um hvað það er alltaf mikið fjör hér á Bessastöðum“.

Frúin sú arna hafði metnað til að prýða heimili sitt. Ekkert var nógu gott nema það væri nógu fínt. Allt í einu gellur í henni í miðju kokkteilboðinu og í miðri mannmergðinni: „sjáðu Lúðvík“ og bendir til lofts, „svona ljósakrónu þurfum við að fá okkur heima“.

Já það var ljósakrónan sem var ástæðan fyrir því að þessar gamansögur rifjast upp. Það stendur nefnilega þannig á, að heima hjá mér hefur hangið ljósakróna í stofuloftinu, alveg frá því að foreldrar mínir bjuggu í þessu sama húsi frá miðri síðustu öld. Eðalborið tákn um samhengi sögunnar, enda er ég íhaldssamur í eðli mínu og er á móti öllum breytingum nema í ítrustu neyð. Systkini mín sömuleiðis. Þegar þau koma í heimsókn segja þau: „hvað! eruð þið búin að breyta? Þetta var ekki svona hjá mömmu“.

Já þarna trónaði hún ljósakrónan í betri stofunni. Komin til ára sinna en alltaf jafn virðuleg og gerði sitt gagn. Lýsti upp



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Íhaldssemi

*Allt út af einni déskotans ljósakrónu og konan mín fór meira að segja út á gangstétt til að skoða hvernig nýja krónan tæki sig út, utan frá séð!*

stofuna. Það var nóg fyrir mig. Það var að minnsta kosti mín skoðun og einhverju verður maður að fá að ráða.

Nema hvað Ágústa, mín elskulega eiginkona, hefur þrástagast á því að það þurfi að skipta um ljósakrónu og ég hef færst undan með semingi. „Og svo kostar þetta“ segi ég. Ekki beinlínis af því ég tími ekki að kaupa nýja ljósakrónu en ég er aðhaldssamur eins og góðir húsbændur eiga að vera.

Ég hengslaðist engu að síður með í búðarráp og mældi út allar þær ljósakrónur sem bjóðast í landinu og fann jafnan út að þær voru of dýrar eða of stórar eða pössuðu ekki. Eða væru ekki í stíl og svona gekk þetta í nokkrar vikur. Þetta hefur verið smá nudd og sosum engar erjur og þar að auki hef ég haft öðrum hnöppum að hneppa að undanförnu. Verið upptekinn við þingstörf og setið nefndarfundi og þingfundi þar sem tekist er á um alvörumál og fjárlög og stóriðju og kjör eldri borgara og miklir peningar í húfi.

Svo miklir, að eitt stykki ljósakróna kemst ekki í hálfkvisti. Kemst ekki einu sinni á dagskrá.

Haldið þið ekki að þegar ég kem heim eitt kvöldið með alla þessa alvöru og ábyrgð á herðunum, að rafvirki er mættur í stofunni heima og gamla ljósakrónan liggur brotin á gólfinu. Ný komin í staðinn.

Það hvarflaði svosum að mér að sú gamla hefði ekki brotnað af sjálfsdáðum. En þarna lá hún, þessi elska (þ.e.a.s. ljósakrónan), sína banalegu. Og engum vörnum lengur við komið. Höfst þá önnur umræða. Verð á ljósakrónum, efnahagur fjölskyldunnar, jólainnkaup, innistæður og skuldir og gjöld og þetta var miklu hvassara og beittara heldur en umræðurnar í þinginu og mátti stundum ekki á milli sjá, hvort okkar yrði eftir á heimilinu. Allt út af einni déskotans ljósakrónu og konan mín fór meira að segja út á gangstétt til að skoða hvernig nýja krónan tæki sig út, utan frá séð!

Auðvitað þurfti ég að lúffa áður en yfir lauk, enda sú gamla ónýt og rafvirkinn mættur á staðinn. Ég segi ekki frá því hvað hún kostaði en svona gerast kaupin á eyrinni. Maður verður stundum að láta í minni pokann til að halda friðinn. Enda gerðir þeir friðarsamningar að þetta yrði jólagjöfin í ár.

Það er svo frá því að segja, fyrir sérstaka tilviljun og glettni örlaganna, að við hjónin vorum boðin á Bessastaði um síðustu helgi og mér varð litið upp í ljósakrónurnar í allri sinni dýrð, þarna í foretasetrinu og gat hvíslað í eyrað á Ágústu: „Svona ljósakrónur þurfum við að fá okkur“. Hún þekkti brandarann og við gátum bæði brosað á ný.

# Að slá í gegn

**UMRÆÐAN**

Kárahnjúkavirkjun

Það var stór áfangi þegar bor tvö sló í gegn í göngunum undir Fljótsdalsheiði. Þetta var táknrænn atburður til vitnis um tæknilegt afrek. Ég hef síðustu mánuði komið á virkjunarsvæðið í fylgd með fjölda fólks af hinum ýmsu stigum þjóðfélagsins. Sammerkt með þeim öllum burtséð frá skoðun þeirra á framkvæmdinni að öðru leyti er eftirfarandi sjónarmið: til þess að vinna jafn flókið verk og hér um ræðir nánast á tímamörkum og kostnaðaráætlun hlýtur að þurfa að fara saman vandaður undirbúningur, hátt tæknistig og mikil verkkunnátta.



JÓHANNES GEIR SIGURGEIRSSON

Ég er ekki í nokkrum vafa um að undirbúningur og framkvæmd þessa verks er einn af mörgum samverkandi þáttum sem hafa stuðlað að því að koma íslensku samfélagi á hærra tæknistig á síðustu árum. Enda er það svo, hvað sem líður öllum skrifum um annað, að við höfum á þeim tíma verið á hraðri ferð til þess sem kallað hefur verið tækni- eða þjónustusamfélag en flestar þær þjóðir sem okkur er tamt að bera okkur saman við. Þetta er hægt að sýna fram á með tölulegum gögnum um breytingar á vinnumarkaði, fjölgun háskólanema, hækkandi kaupmátt o.fl.

Kárahnjúkavirkjun er staðreynd. Framkvæmdum og frágangi við hana mun ljúka á næstu misserum. Eftir að þeirri vinnu lýkur mun virkjunin tala sínu máli og verða áhrifavaldur í austfirsku mannlífi um langa framtíð. Landsvirkjun og Alcoa, kaupandi orkunnar, hafa komið á vönduðu verkefni til þess að mæla og meta áhrif framkvæmdanna á Austurlandi á hinar þrjár stoðir sjálfbærar þróunar; það er umhverfi, efnahag og mannlíf. Hér er um að ræða frumkvöðlastarf á heimsvísu sem hefur vakið mikla athygli erlendis. Þessi vinna mun ekki einugis meta hin jákvæðu áhrif framkvæmdanna heldur einnig hjálpa til við að greina það sem miður kann að fara og gefa þannig kost á að bregðast við því.

Það eru fjölmörg verkefni framundan tengd framkvæmdunum sem hægt er að leggja á þann mælikvarða sem hér er nefndur og geta notið samlegðaráhrifa með þeim s.s. Vatnajökulsþjóðgarður. Það sem skiptir mestu máli í dag er að allir sem vilja veg Austurlands sem mestan sameinist um að vinna á sem jákvæðastan hátt úr möguleikunum; þá getum við haldið áfram að slá í gegn.

*Höfundur er stjórnarformaður Landsvirkjunar.*

# JÓLAPAKKARNIR 2006

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA







## Jólapakkinn á Kanarí!

Bahia Meloneras eða Barbacan Sol m.v. 2 í viku.
Brottfarir 9. jan-20. feb.

**Verð kr. 49.900.-**

## Kvennaferð til Kenýa!

16 daga lúxusferð með eiginlega öllu. Matur, safari, dekur og margt fleira innifalið. 8.-23. feb.

**Verð kr. 398.430.-**

## Frábært verð til Kanarí!

Las Camelias, 29.900 m.v. 2 í viku. Amazonas, 34.900 m.v. 2 í viku. Brottfarir 9. jan-20. feb.

**Verð frá kr. 29.900.-**







## Skíðasól!

Skíðapakkar til Madonna á Ítalíu og Wagrain og Flachau í Austurríki í janúar.

**Verð frá kr. 69.680.-**

## Tenerife - Jólapakki 1!

Íbúðagisting á Parque del Sol og Parque Santiago. 39.900 m.v. 2 í viku. Brottfarir 11. jan-8. feb.

**Verð kr. 39.900.-**

## Tenerife - Jólapakki 2!

Hótelgisting á Guayarmina Princess eða Gran Tacande. 59.900 m.v. 2 í viku. Brottfarir 11. jan-8. feb.

**Verð kr. 59.900.-**

GEFÐU SÓL Í JÓLAGJÖF!

MasterCard VISA

Verð er á mann m.v. tvo í herbergi eða íbúð. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

**Nánari upplýsingar í síma 585 4000 eða á www.urvalutsyn.is**

ÚRVAL·ÚTSÝN

bístró
tímarit um mat & vín

Uppskriftin að góðum jólum




Hátíðablað Bístró er komið út!

ÓMÓTSTÆÐILEGT ÁSKRIFTARTILBOÐ
650 KR. Á MÁNUÐI*
Fyrsta blaðið frítt og tappatogari fylgir með!

*Miðað við 12 mánaða áskrift.




Við framlengjum áskriftartilboðið til 19. desember 2006!
Áskrift á www.bistro.is
eða í síma: 550 5060

FABRIKAN


MAÐUR VIKUNNAR

# Réttsýn, skemmtileg og skytta góð

**SIGRÍÐUR BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR**
VERÐANDI AÐSTOÐARRÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Þær eru ekki ónýtar einkunnirnar sem maður vikunnar, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísafirði og verðandi aðstoðarríkislögreglustjóri, fær. Allir viðmælendur eru sammála um að þar fari hörkuklár, dugleg og skemmtileg kona sem hefur mikinn metnað í starfi. Og ekki er verra fyrir það embætti sem hún tekst brátt á hendur að henni er aukinheldur lýst sem sérlega réttsýnni og heiðarlegri manneskju.

En hvort það að hún hefur mikinn áhuga á skotveiðum og er fínasta skytta, hefur eitthvað að segja í þessum efnum er frekar ósennilegt.



Embætti aðstoðarríkislögreglustjóra er ný staða sem Sigríður Björk tekur við næstkomandi áramót. Reyndar er hún ekki með öllu ókunn innandyra hjá ríkislögreglustjóraembættinu því hún hefur starfað þar síðan 1. september síðastliðinn við tímabundin verkefni eins og það heitir.

Eiginmaður Sigríðar Bjarkar er séra Skúli Sigurður Ólafsson, sóknarprestur í Keflavík, og eiga þau tvö börn, Ebbu Margréti 15 ára og Ólaf Þorstein sjö ára. Því má segja að ráðningin í nýja starfið gefi Sigríði Björk endanlega tækifæri til að flytja heim til sín að nýju en þau hjón eiga lögheimili í Keflavík.

Sigríður Björk er fædd í Reykjavík 10. júlí 1969 og er einkabarn hjónanna Guðjóns Valdimarssonar flugvirkja og Ingunnar Þorsteinsdóttur, starfsmanns Eflingar. Hún sleit barnsskónum í Vogahverfinu, var snemma bráðger og því flutt upp um bekk í barnaskóla.

Foreldrar hennar fluttu til Hafnarfjarðar þegar Sigríður var tíu ára og ólst hún þar upp til fullorðinsára. Hún gekk í Víðisstaðaskóla en síðan lá leiðin í MR þaðan sem hún lauk stúdentsprófi 1988.

Sigríður var og er góður námsmaður, skipulögð og samviskusöm og sést það ekki hvað síst á því að hún eignaðist fyrra barn sitt í miðju laganámi en lét það ekki trufla framvindu námsins. Manni sínum Skúla kynntist hún í háskóla en þau giftu sig 1992 og ári síðar útskrifaðist Sigríður sem lögfræðingur.

Hún hóf störf hjá ríkisskattstjóra sama ár og var þar til 1995 en hélt þá til framhaldsnáms í skattarétti, Evrópurétti o.fl. við Kaupmannahafnarháskóla. Síðan lá leiðin aftur heim og nú vestur á firði þar sem Sigríður var skipuð skattstjóri Vestfjarðaumdæmis árið 1996.

Embætti skattstjóra er yfirleitt ekki vel til þess fallið að afla mönnum vinsælda, býður oftar en ekki upp á deilur og leiðindi, en það er mál manna fyrir vestan að Sigríði hafi farist þetta vel úr hendi.

Og þarna fyrir vestan gafst Sigríði kærkomið tækifæri til að sinna áhuga sínum á útivist og ekki síst veiðiskap, en sá áhugi er henni í blóð borinn. Faðir hennar ku eiga eitt stærsta byssusafn í einkaeigu á Íslandi og dóttirin er mikill áhugamaður um byssur og skotveiði og er sögð afbragðsgóð skytta, gengur iðulega til rjúpna og gæsa með manni sínum og vinum.

Sigríður fékk námsleyfi árið 2000 og fór með manni sínum til Svíþjóðar þar sem hann hafði fengið stöðu prests Íslendinga með aðsetur í Gautaborg. Hana lét sig hins vegar ekki muna um að sækja skóla í Lundi, sem er þriggja tíma lestarferð frá Gautaborg og lauk meistaranámi í Evrópurétti frá háskólanum í Lundi árið 2002.

Sama ár losnaði staða sýslumanns á Ísafirði og er sagt að Sigríður hafi verið hvött til að leggja inn umsókn. Hvað sem því líður sótti hún um, fékk starfið og sneri aftur vestur á firði, nú sem yfirvald Ísfirðinga.

Og Sigríður ku hafa verið gott yfirvald, fólki þótti gott að leita til hennar og hún lagði sig alla fram um að sinna starfinu af bestu getu. Til marks um metnað hennar í starfi og dugnað þá fannst henni ekki við hæfi að yfirmaður lögreglunnar væri ekki með próf frá Lögregluskóla ríkisins. Hún skellti sér því í námið, bætti svo stjórnunarnámi ofan á það og lauk prófi með hæstu einkunn allra.

En Sigríður er ekki bara fyrirmyndar embættismaður eins og henni er lýst því hún er líka mikil fjölskyldumanneskja, og sinnir þá ekki bara nánustu fjölskyldu heldur stórfjölskyldunni og það bæði sinni og eiginmannsins. Þá er hún í klúbb með nokkrum vinkonum sínum og þær eru mjög ákveðnar í því að þetta sé bókmenntaklúbbur en ekki saumaklúbbur. Í vinahópnum er Sigríði lýst sem einkar skemmtilegri konu, sem hafi gaman af að rökræða hin ýmsu mál og eftir því tekið að hún heldur engri skoðun fram nema að vel yfirveguðu og athuguðu máli.

Pólitískur áhugi er sagður blunda í Sigríði og fylgir hún Sjálfstæðisflokknum að málum. Tilraun var gerð til að fá hana í framboð fyrir vestan 1999 en hún lítur þannig á að það samræmist ekki opinberum embættisstörfum eins og skattstjóra og sýslumanns að vera á fullu í pólitík. Og í ljósi þess að hún hefur verið skipuð aðstoðarríkislögreglustjóri til næstu fimm ára er ekki líklegt að hugur hennar standi til frama á pólitískum vettvangi.




# BT

NÝTT KORTA TÍMABIL

# Jólatölvurnar komnar í BT

VAR AÐ LENDA

15.4"



## TOSHIBA

PSAA8E-18Q04CN5
TOSHIBA SATELLITE A100-254
Intel® Centrino® Duo T2050
15.4" WXGA VA
Intel 945GM Calistoga skjástýring
1024MB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Vökvaþolið lyklaborð
Rafhlöðuending 3:27 (Mobile Mark™)
Aðeins 2.72 kg
Windows XP MCE edition
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote ™ 2003
InterVideo® WinDVD™
2 ára alþjóðleg ábyrgð

**4.534****

Prentar-skannar-ljósritar



FYLGIR 14.999

Canon Pixma M160
hágæða prentari fylgir.

Centrino Duo – Fyrir kraftinn
100GB harður diskur
Intel 945 – Skjákort
1 GB minni – Fyrir vinnsluna
DVD Ready – Fyrir tökuvélina
Kortalesari – Til þæginda

| | | |
|---|---|---|
| 4.534 | 9.999 | 119.988 |
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

# GÍTAR TILBOÐ



Kennsludiskur fyrir byrjendur



Gitarstillir



Strengir



Gitaról



FYLGIR 1.999

ALLUR pakkinn

Til í 2 litum, svörtum og sunburst.

Fender



**14.999**

16.999

25350950507941
FENDER gítarpakki sem inniheldur gítar, strengi, gítarstilli, gítaról og tvö kennslumyndbönd.

# Toshiba Satellite

## TOSHIBA

PSL33E-00G016N5
TOSHIBA SATELLITE L30-140
Intel® CeleronM 410A
14" WideXGA skjár
ATI Radeon X200 skjástýring
512MB DDR Minni (533)
40GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort

Windows XP home edition SP2
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote ™ 2003
PowerDVD
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.mars



aðeins 20 STK

**2.767****

Ótrúlegt verð

Intel Celeron M – Fyrir kraftinn
40GB harður diskur – Fyrir gögnin
ATI Radeon X200 – Fyrir leikina
512 Mb minni – Fyrir vinnsluna
14"WideScreen – Skjár
Þráðlaust net – Til þæginda

| | | |
|---|---|---|
| 2.767 | 5.799 | 69.588 |
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

# Sjávarlóð á Álftanesi

**UMRÆÐAN**
Yfirlýsing

Vegna ásakana D-lista á Álftanesi um að ég hafi misbeitt valdi mínu gróflega sem forseti bæjarstjórnar í tilteknu persónulegu máli vil ég taka eftirfarandi fram: Þetta eru stór orð. Þau eru að öllu leyti tilhæfulaus og staðlaus og klárlega grundvöllur að meiðyrðamáli. Hef ávallt vikið fundi við afgreiðslur á málinu. Ætlaði ekki að taka þátt í umræðu um þetta mál en vegna grófra ásakana verð ég að verja mig. Sem bæjarfulltrúi hef ég lagt áherslu á að vera málefnalegur og ekki í persónulegu skítkasti en D-listinn hefur valið að halda sig jafnan við persónulega lágkúru og draga þannig umræðuna ofan í svaðið í annar friðsælli sveit.

*Ef sveitarfélagið verður skaðabótaskylt vegna málsins er það fyrst og síðast vegna ákvörðunar og aðgerða meirihluta D-listans frá október á síðasta ári.*

Varðandi málefnið þá vil ég taka eftirfarandi fram: Eignarhald á umræddri lóð er umdeilt enda ekki til undirritað frumafsal af lóðinni og mjög flókið og dýrt í okkar lagaumhverfi að hnekkja þinglýstri sjálftöku á lóð. Gildi deiliskipulags á lóðinni er umdeilt því ekkert formlegt eða fullunnið deiliskipulag hefur verið gert, aðeins ófullkomin og ósamþykkt drög sem ekki sýna fjöruna eða aðra staðhætti. Þá hefur Skipulagsstofnun gefið út tvö misvísandi álit og var annað þeirra um að lóðin væri ekki á gildu deiliskipulagi. Byggingarhæfi lóðarinnar hefur verið umdeilt og eru til skýrslur og yfirlýsingar t.d. frá fyrrum bæjarstjóra og skipulagsfulltrúa (1998) um að lóðin sé tæpast byggingarhæf og rangt að leyfa byggingu á henni.



KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

Lóðin er að 1/3 hluta neðan fjörunnar sem er friðlýst og sjávaröldur leika þar um. Þá er ráðgerðar göngustígur og holræsalagnir ofan fjöru gegnum lóðina. Þetta er því líklega eina alvöru „sjávarlóðin" á landinu. Bygging á friðlýstum sjávarbakka er umhverfis- og skipulagsslys sem breytti ásýnd fjörunnar, fældi frá fuglalíf og væri í hrópandi þversögn við óumdeilda umhverfisstefnu Álftaness. Þá hefur komið fram að flestir íbúar í grennd eru mótfallnir byggingu á lóðinni og fjölmargir telja rangt að byggja hús á þessum stað.

Ef sveitarfélagið verður skaðabótaskylt vegna málsins er það fyrst og síðast vegna ákvörðunar og aðgerða meirihluta D-listans frá október á síðasta ári. Fyrir þá ákvörðun var sveitarfélagið ekki skaðabótaskylt þó ekki hefði fengist að byggja á lóðinni þar sem þá var til álit frá Skipulagsstofnun um að það þyrfti að deiliskipuleggja sérstaklega þessa lóð til að fá að byggja á henni.

Fyrrum bæjarstjóri og núverandi oddviti D-listans barðist af einhverri sérkennilegri ástæðu allann sinn starfstíma sem bæjarstjóri (júní 2005-júní 2006) fyrir því að byggja þarna en náði ekki á valdatíma sínum að klára málið enda var víða andstaða.

Annars er erindið nú í eðlilegri skoðun og umfjöllun innan sveitarfélagsins og niðursta ðan ekki ljós.

*Höfundur er forseti bæjarstjórnar Álftaness og er íbúi á Álftanesi.*

# Skólakomminn

**UMRÆÐAN**
Trúboð

Ég vona að flestum lesendum mislíki titill þessarar greinar en ekki vegna þess að kommúnismi eigi ekki tilverurétt, heldur vegna þess að kommúnistar eiga enga heimtingu á að boðberi þeirra starfi í skólum. Þetta er ástæða þess að ég setti gæsalappir utan um starfsheitið „skólaprestur" þegar ég vitnaði til starfa Ragnars Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Kristniboðssambandsins, í fyrri grein. Í mínum huga á boðberi þjóðkirkjunnar jafnlítinn tilverurétt innan skóla og „skólakommi".

Ef við byggjum í N-Kóreu þætti flestum eflaust ekki bara eðlilegt heldur afar æskilegt að í skólum væri „skólakommi" sem benti börnunum á þá fegurð, mildi og sannindi sem finna má í boðskap hins óumdeilanlega og mikilfenglega leiðtoga þjóðarinnar. Vei þeim sem vogaði sér að gefa í skyn að slíkt eigi ekki við. Á Íslandi þykir sumum eðlilegt og æskilegt að prestar starfi í skólum við að benda á mildi hins almáttuga og algóða drottnara og herra, á himnum. Því miður hefur þeim orðið að ósk sinni í Garðabæ og á Álftanesi.

Um þetta snýst gagnrýni mín á Vinaleiðina en í stað þess að svara henni fer Ragnar út um víðan völl í svargrein sinni. Hann segir mig reyna að halda því fram að þeir Halldór Reynisson á Biskupsstofu tali tungum tveim, en í raun fullyrði ég það. Ragnar segir boðun umvefja og merkja allt starf kirkjunnar en Halldór að Vinaleið kirkjunnar sé ekki boðun. Til úrskurðar í þessu máli benti ég á skilgreiningu æðsta valds kirkjunnar, Kirkjuþings, en samkvæmt henni skarast Vinaleiðin við öll önnur hlutverk kirkjunnar (þ.á m. boðun), en svo fullyrðir Halldór að kirkjan geri skýran greinarmun á boðun og þjónustu.

Djákninn í Mosó hefur stundað sín störf óáreittur í sjö ár innan skóla þar, og það á kostnað skólanna. Störf hans eru blygðunarlaust trúboð og þau eru fyrirmynd Vinaleiðar. Ég amast ekki við að djákni eða prestur sinni köllun sinni en bendi á að vettvangur þeirra er utan skóla. En í stað þess að viðurkenna að lög og réttur hafi verið brotinn ætlar þjóðkirkjan nú að afneita trúarlega þættinum í „kristilegri sálgæslu" til þess að geta haldið starfinu áfram. Þetta kalla ég óheiðarleika en hef ekki séð neinn nefna það kænsku, sem Ragnar segir svo heppilega við boðun. Ég sé ekki heldur að neitt samhengi skorti í tilvitnunum mínum. Biskupinn hefur gefið greinargóða lýsingu á sálgæslu presta og hún er klár boðun. Ragnar fullyrðir þó að þessi „kristilega sálgæsla" sé unnin á forsendum skólans, og því væntanlega ekki trúarleg. En ef prestar og djáknar í skólum eiga allt í einu ekki að vera trúir köllun sinni og vinna samkvæmt „kristniboðsskipuninni", eins og æðsta vald þjóðkirkjunnar fyrirskipar, skil ég ekki af hverju hlutlausir fagmenn eru ekki fengnir til starfans.



REYNIR HARÐARSON

*Á Íslandi þykir sumum eðlilegt og æskilegt að prestar starfi í skólum við að benda á mildi hins almáttuga og algóða drottnara og herra, á himnum.*

Ragnar ákveður líka að leiðrétta misskilning, sem ég hef hvergi orðið var við, þess efnis að kirkjan stundi þvingaða boðun trúarinnar. Auðvitað þótti sú aðferð góð hér áður og við getum þakkað gíslatöku Noregskonungs heiðurinn af því að Íslendingar tóku upp kristni fyrir þúsund árum. Kannski er sú fortíð enn í huga Ragnars.

Ragnar ítrekar svo þau orð mín að vissir þættir í heiðnu siðgæði taki því kristna fram og segir þau minna meira á trúboð en fræðslu.

Af því má ljóst vera hversu varlega prestar og djáknar mega tala í skólum ef þeir ætla ekki að gera sig seka um boðun, a.m.k. að mati Ragnars. Mér finnst hins vegar óboðanlegt að æðsti trúboði landsins saki mig opinberlega um trúboð, trúlausan manninn. En Ragnari bendi ég á að mér er fullheimilt að boða trú í blaðagrein en ekki í skólum.

Enn fremur gerir Ragnar skráningu mína í trúfélag að umtalsefni. Ragnar varðar lítið um hana, rétt eins og ríkið. Í þjóðskrá eru þó ítarlegar en kolrangar upplýsingar um trúarsannfæringu fólks því ríkið skráir börn við fæðingu í trúfélag móður, að öllum forspurðum. Feður eiga engan rétt þar og þótt fólk skíri hvorki börn sín né fermi eru þau samt skráð í þjóðkirkjuna og börnin þeirra. Og þess eru dæmi að flytji fólk milli sókna sé því kippt inn í þjóðkirkjuna í laumi, þótt það hafi áður haft fyrir því að skrá sig úr henni. Þess vegna hirðir þjóðkirkjan 3.838 milljónir árlega af skattpeningum landsmanna og þó þykir henni sæmandi að láta bæjarfélögin kosta starfsemi sína í skólum.

Ragnari finnst sæmandi að gera mig að umfjöllunarefni í blaðagrein og lokaorð hans til mín eru að kannski væri ráð fyrir mig að taka til í eigin ranni áður en ég tek til hjá öðrum. En Ragnar varðar ekkert um hvað ég geri í mínum ranni. Mig varðar hins vegar hvað kirkjan gerir í skóla dóttur minnar. Ég bið kirkjunnar menn framvegis að gera mig ekki að umfjöllunarefni í blöðum en svara frekar gagnrýni minni á Vinaleið.

En í ljósi þess að kirkjan afneitar nú trúarlegum þætti í starfi presta og djákna og Vinaleiðin má ekki kallast boðun bendi ég djáknanum í Mosó á að strika nú yfir „Boðorðin", sem hanga uppi á vegg á skrifstofu hans í skólanum, og skrifa þess í stað „Vinsamleg tilmæli".

*Höfundur er sálfræðingur.*




Jólaball
28. desember
**Jólaball Eflingar-stéttarfélags** verður haldið fimmtudaginn 28. desember, kl.16:30. í Lídó, Iðnaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg 1. Húsið opnar kl.16:00.
Miðar eru seldir hjá Eflingu, Sætúni 1.
**Upplýsingar í síma 510 7500.**
**Jólasveinar** koma í heimsókn
**Hljómsveit** sér um dans og söng
Boðið verður upp á **veitingar**
**Nammipokar** fyrir börnin
**Miðaverð: Börn 400 kr., Fullorðnir 600 kr.**
EFLING STÉTTARFÉLAG


# Hreyfing er mikilvæg fyrir börn

**UMRÆÐAN**
Offita barna

Hversu mikilvæg er hreyfing fyrir börn og unglinga? Ég tel að hreyfing sé mjög mikilvæg fyrir börn og unglinga. Börn þurfa á hreyfingu að halda, til að líða vel bæði líkamlega og andlega, auka þol og getu, halda sér í kjörþyngd o.fl. Ég tel að það sé best fyrir börn að finna sér íþrótt, svo sem félagsíþrótt við sitt hæfi og stunda íþróttina vel. Sjálf var ég í handbolta í um níu ár, og mér leið mjög vel í handboltanum. Mér fannst gott að geta hreyft mig 3-5 sinnum í viku og hitta allar stelpurnar sem voru með mér í handboltanum. Handboltinn gaf mér þol, líkamlega vellíðan og félagslega vellíðan. Svo þegar ég hætti í handboltanum þegar ég var 17 ára, þá fann ég að mér leið verr líkamlega og andlega og ég hafði miklu minna þol í að takast á við daglegt líf. Mér fannst til dæmis erfiðara að taka til í herberginu mínu, vera í skólanum og hreyfa mig. Núna er ég sem betur fer farin að stunda líkamsrækt og mér líður miklu betur. Ég fann að þegar ég byrjaði að stunda líkamsræktina hafði ég miklu meira þol í allt, var ekki alltaf síþreytt, og mér leið einfaldlega miklu betur.

Núna hugsa ég um öll þau börn og unglinga sem hreyfa sig nánast ekkert allan daginn, fyrir utan að taka þátt í leikfimistímum í skólanum. Þegar ég var barn á aldrinum 6-11 ára var ég oft úti í leikjum með vinum mínum á sumrin, aðallega þá á kvöldin. Ég naut þess til fulls að leika við vini mína á góðum sumarkvöldum. Við lékum okkur í brennó, einni krónu, skotbolta o. fl. Núna þegar ég lít út um gluggann eða er úti á sumrin, sé ég sáralítinn fjölda af börnum að leika sér. Ég tel að tölvunotkun og sjónvarpsáhorf eigi stóran þátt í að börn séu ekki úti að leika sér. Það er staðreynd að tölvunotkun hefur aukist gríðarlega á meðal barna og unglinga, og nú kemur svo sannarlega í veg fyrir hreyfingu. Mikil tölvunotkun er ekki góður kostur. Börn á Íslandi eru að verða feitari og feitari og ég tel að tölvunotkunin spili þar stóran þátt. Hvernig á að laga þetta ástand?



GUÐRÚN KJARTANSDÓTTIR

*Ég hvet alla foreldra til að fá börn sín til að stunda íþróttir ekki seinna en núna! Kynnið fyrir þeim íþróttir af allskonar tagi. Farið með þeim út að ganga og hjóla í náttúrunni, það er líka góð hreyfing og eflir samskipti milli ykkar og barnanna.*

Jú, ég tel að auka megi fræðslu í grunnskólum til dæmis með því að kynna íþróttirnar betur. Kynna má fyrir börnunum hversu mikilvæg hreyfing er.

Foreldrar eiga stóran þátt í íþróttaiðkun barna sinna, en margir gera sér því miður ekki grein fyrir því. Foreldrar þurfa að sýna meiri áhuga á íþróttum barna sinna. Foreldrar eiga að hvetja börnin sín til íþróttaiðkunar. Foreldrar eiga að mæta á íþróttaviðburði, svo sem íþróttaleiki og mót og styðja börnin sín áfram. Börnum finnst mikils virði ef mamma og pabbi mæta og hvetja þau áfram. Sjálfri fannst mér það ómissandi og rosalega mikil hvatning.

Eftir fyrstu vikurnar mínar í handboltanum þá vildi ég hætta, því mér fannst ekkert sérstaklega gaman. En mamma mín og pabbi hvöttu mig til að halda áfram í allavega smá tíma í viðbót. Það gerði ég og entist í níu ár! Þarna sjáið þið hvað þau gerðu mér gott með því að hvetja mig til að halda áfram.

Ég hvet alla foreldra til að fá börn sín til að stunda íþróttir ekki seinna en núna! Kynnið fyrir þeim íþróttir af alls konar tagi. Farið með þeim út að ganga og hjóla í náttúrunni, það er líka góð hreyfing og eflir samskipti milli ykkar og barnanna.

Börnum ykkar mun líða miklu betur og tölvunotkunin verður örugglega minni ef þau stunda íþróttir.

*Höfundur er framhaldsskólanemi.*






heima

síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242




Gríptu eintak
í næstu Nóatúnsverslun!

# Villibráð Nóatúns
## er komin í verslanir!






KRÓNHJARTARFILLET
**4.498** kr./kg



LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÚR KJÖTBORÐI
**1.498** kr./kg




SS LONDONLAMB
**1.104** kr./kg

## jólasmákökur frá Gille eru gómsætar með kaffinu




GILLE
SMÁKÖKUR
**199** kr./pk.




NÓATÚNS
JÓLABRAUÐ
**249** kr./stk.

VISA ICELANDAIR Tvöfaldir Vildarpunktar
í desember


Bestir í kjöti
NÓATÚN
Gleðileg jólatilboð!
Hátíðarblandan!
Nóatúns hamborgarhryggur
Eigðu örugg jól með kjöti frá Nóatúni!
Jólaepli og klementínur
Alltaf nýtt & ferskt á grænmetistorginu!
Ostakaka með skógarberjum
Jóla OSTA KAKA
20% afsláttur
Jóla Brie
20% afsláttur
Emmess ís 4 tegundir
25% afsláttur
Skafís
Verði ykkur að góðu!

# Helga-magra-kexið



Kæra Dagbók



Þráinn Bertelsson skrifar

*Í Dagbók* ***Þráins Bertelssonar*** *er fjallað um uppskrift frá prinsessunni Raförtu McCerbhall. Einnig er talað um seinaganginn á Kölska, sjúkdómseinkenni á spilltu þjóðfélagi – og loks er spurt hvort okkur sé batnað?*



### Veisla í Hildibrandshúsi

Desember 2 LAUGARDAGUR

Stórveisla hjá nágrönnum okkar, Maríu og Gerard Lemarquis, í Hildibrandshúsi hérna ofar í götunni. Þar hef ég margan góðan bitann þegið. Helstu hlunnindin sem fylgja því að búa í Grjótaþorpinu eru stórskemmtilegir, elskulegir og sérvitrir nágrannar. Ekki svo að skilja að María og Gerard séu sérvitur, öðru nær; þau eru vitur.

### Helga-magra-kexið

Desember 3 SUNNUDAGUR

Einu sinni voru þrjár systur. Þær hétu Kristín, Sólveig og Þórhalla og fæddust á Möðruvöllum í Hörgárdal. Það er í Eyjafirði. Eyjafjörður er fyrir norðan þar sem Helgi



Eyvindarson og kona hans Þórunn hyrna námu land og tóku að baka laufabrauð. Helgi hafði viðurnefnið magri sem bendir til þess að hann hafi fyrstur Íslendinga átt við átröskun að stríða.

Líklegt má telja að laufabrauðsuppskrift Norðlendinga sé komin frá írsku hirðinni, nánar tiltekið frá móður Helga magra sem var prinsessa og hét Rafarta McCerbhall (Kjarvalsdóttir). Hún lét fallerast með Eyvindi austmanni og þótti sumum hún taka niður fyrir sig, líkt og systurnar þrjár frá Möðruvöllum sem allar giftust Sunnlendingum.

Í nafni femínismans er ekki rétt að útiloka að Þórunn eiginkona Helga hafi lagt laufabrauðsuppskrift með sér í búið. Þó er það fremur hæpið en hún var eins og allir vita dóttir Ketils flatnefs og systir Auðar djúpúðgu sem Dalamenn eru komir af. Þar sem meira laufabrauð er etið í landnámi Helga magra en í Dölum vestur er sennilegt Helgi magri sé upphafsmaður laufabrauðsgerðar á Íslandi fremur en þær systur Þórunn og Auður.

Það styrkir líka þessa tilgátu að Norðlendingar telja laufabrauð vera „kónga“-fæðu þótt sunnlenskir sælkerar líki því gjarna við mislukkað tekex. Hugsanlega hefur Helgi talið þessar kökur vera megrunarfæði og viljað halda sér grönnum með því að narta í laufabrauð. En það er önnur saga.

Systurnar þrjár, Kristín, Sólveig og Þórhalla eru enn í dag trúar sínum norðlenska uppruna svo að makar þeirra og afkomendur koma saman um mánaðamótin nóvember-desember ár hvert og skera út og steikja laufabrauð. En laufabrauð hefur þá náttúru eins og eðalvín og kvenfólk að það batnar með aldrinum og því er nauðsynlegt að steikja það eigi síðar en í upphafi jólaföstu.

Fyrstu áratugina eftir að þær systur fluttu suður var það mikil vinna fyrir eiginmennina að skera út allar þær laufabrauðskökur sem systurnar vildu baka. Núorðið gengur þetta hraðar fyrir sig, bæði vegna þess að eiginmennirnir hafa með tímanum lært að gera fljótskorin munstur en einkum vegna þess að fjölgað hefur í stórfjölskyldunni.

Í dag vorum við 30 við laufabrauðsbakstur og skurð og gekk þetta fljótt og vel. Síðan tók við hangiketsveisla, að sjálfsögðu með norðlensku kofareyktu hangiketi og uppstúf og jólaöli og nýbök-



uðu Helga-magra-kexi sem hinar eyfirsku systur nefna laufabrauð.

### Lifandi nár?

Í gær las ég gáfulega frétt á visir.is. Fyrirsögnin var: „Pinochet veittar nábjargirnar.“ Svo kom fréttin: „Augusto Pinochet, fyrrverandi einræðisherra í Chile, er við dauðans dyr eftir alvarlegt hjartaáfall sem hann fékk í gær. Að sögn AP-fréttastofunnar hefur prestur veitt honum hinsta sakramentið.“

Þarna hafa lifandi manni verið veittar nábjargirnar því að Pinochet tórir enn. Fjandinn er greinilega ekki að flýta sér að sækja þá sem hann á vísa.

### Er okkur batnað?

Desember 4 MÁNUDAGUR

Mér verða símahleranir hugleiknar. Reyndar finnst mér óviðkunnanlegt þegar verið er að spyrja núverandi dómsmálaráðherra út í hleranir. Vita menn ekki að pabbi hans var líka dómsmálaráðherra á sinni tíð? Auðvitað á að hlífa manninum við þessum spurningum. Hann er löglega afsakaður



vegna skyldleika; heitir það ekki að vera vanhæfur?

Þessar hleranir voru aðeins eitt sjúkdómseinkenni á spilltu þjóðfélagi. Spillingin var úti um allt. Misbeiting valds. Pólitísk fyrirgreiðsla. Pólitískir greiðar.

Desember 5 ÞRIÐJUDAGUR

Ég starfaði í 25 ár við kvikmyndagerð. Fyrstu 10 árin hélt ég að úthlutunarnefndir væru einfaldlega svo vitlausar að þær kynnu ekki að meta mínar hugmyndir meðan hugmyndir annarra fengu jafna og góða styrki.

Aðeins einu sinni fékk ég almennilegan styrk. Þann styrk fékk ég þegar



Svavar Gestsson var menntamálaráðherra. Til að gera mynd sem heitir „Magnús“.

Það hvarflar ekki að mér að Svavar hafi lyft síma til að tilkynna úthlutunarnefnd að nú væri röðin komin að mér. Ónei. Hins vegar finnst mér líklegt að nefndin hafi ályktað sem svo í því pólitíska andrúmslofti, spillingardauninum, sem þá ríkti:

Best að láta einhvern sem er menntamálaráðherra þóknanlegur fá styrk að þessu sinni. Annars hefnir ráðherrann sín kannski og leggur niður kvikmyndasjóð. Það væri slæmt fyrir kvikmyndagerðina í landinu – og þá er búið með sæti í launaðri úthlutunarnefnd.

Þá þótti sjálfsagt að níðast á vinstrisinnuðum listamönnum. Það er auðvelt að fletta því upp að ég fékk alltaf slæma gagnrýni en besti vinur aðalmannsins góða og jákvæða.

Ekki dettur mér í hug að ritstjórar hafi sagt sínu fólki að skrifa illa um þá sem ekki voru Flokknum hliðhollir. Öðru nær. Hins vegar held ég því blákalt fram að menn hafi hagað skrifum sínum eftir því sem þeir héldu húsbændunum þóknanlegt.

Þess eru dæmi enn í dag á flestum fjölmiðlum. Munurinn er sá að víglínurnar eru ekki jafnskýrar og áður og fleiri hlutir og fleiri persónur á hlutlausu svæði.

Lóðir, atvinna, fyrirgreiðsla, helmingaskiptaregla. Hver kannast ekki við þetta? Hver ætlar að neita því að þjóðfélagið hafi verið frumstætt, miskunnarlaust og gegnumsýrt af spilltri pólitík og ofstæki? Þetta þurfum við að skoða og læra af reynslunni.

Það sem skiptir máli er hvort þjóðfélagið okkar er ennþá svona.

Í hvernig þjóðfélagi búum við?

Geta allir sagt sína skoðun og verið óttalausir? Eða er víglínan enn á sínum stað og skotgrafirnar fullar af leðju, lús og rottugangi?

Ég veit það ekki. En hitt veit ég að svo lengi sem við hikum við að átta okkur á því hvaðan við komum verður erfitt fyrir okkur að ákveða hvert við ætlum að stefna.

### Pappírshús

Desember 6 MIÐVIKUDAGUR

Eyddi mestöllum deginum á Netinu að lesa um nýuppfundnar byggingaaðferðir.

Nýjasta áhugamál mitt er að byggja mér hús austur í Bolholti – í fyllingu tímans.

Það að byggja hús er í sjálfu sér einfalt mál. En húsið verður að uppfylla tvö skilyrði.

Það þarf að vera einfalt svo að ég geti sparað aðkeypta vinnu og byggt húsið að mestu leyti sjálfur.

Og í öðru lagi á húsið að vera úr ódýru efni.

Ég er búinn að úthugsa nokkurn veginn hvernig á að fara að þessu og hallast helst að því að byggja húsið úr pappír. Það skal vera hægt að nota pappír í fleira en ástarbréf og auglýsingar.

Meira um það síðar.



Góð byrjun



www.visir.is

Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni

Þú gætir unnið flugmiða fyrir tvo með Iceland Express, Nokia síma, áskrift hjá Digital Ísland, glaðning frá 66°Norður og gjafakörfur frá Nóa Síríus.

Iceland Express NÓI SÍRÍUS digital ísland PlayStation NOKIA 66 NORÐUR

vísir Fyrstur með fréttirnar!


Leikbær
BANGSI
Með hringjum með mismunandi lögun.
1.180 kr.
ANN GEDDES DÚKKA
Í kanínu- eða bangsbúningi.
4.980 kr.
Baby Bears
SIRKUSLEST
Með dýrum.
1.498 kr.
PANDA
Með hljóðum, drekkur úr pela og faðmar.
5.380 kr.
MJÚKAR SPILADÓSIR
Sól og máni.
1.820 kr.
FJARSTÝRÐUR VÖRUBÍLL
5.180 kr.
MJÚKAR SPILADÓSIR
Trúðar í mörgum litum.
1.820 kr.
HVOLPUR
Með hvolpahljóðum og opnar augun þegar honum er klappað.
2.980 kr.
Laugavegi - Faxafeni - Mjódd - Firði, Hafnarfirði - Kjarnanum, Selfossi - Háholti, Mosfellsbæ

## UMMÆLI VIKUNNAR

*Þetta sem hæstvirtur forseti hefur staðið að er bara alls ekki eðlilegt. Þetta er mjög ólýðræðislegt og mér finnst stórundarlegt að verða vitni að því á þjóðþingi Íslendinga að einn flokkur, minnsti flokkurinn, skuli vera lagður í einelti af forseta þingsins. Ég bara furða mig á þessu.*

***Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# Rætt um fjárlög í rúma 32 tíma

Umræður á Alþingi um fjárlög ársins 2007 stóðu í 32 klukkustundir og 25 mínútur. Eins og venja er til fór frumvarp til fjárlaga í gegnum þrjár umræður. Fyrsta umræðan tók um átta og hálfa klukkustund, önnur umræða stóð í rúmar tólf klukkustundir og þriðja og síðasta umræðan tók tæpar tólf stundir.

Alls voru fluttar 52 ræður og jafnmörg andsvör veitt. Þó tölurnar stemmi voru andsvör þó ekki veitt við öllum ræðunum, heldur voru andsvörin tvö og jafnvel fleiri við sumum ræðum.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra talaði fyrir frumvarpinu í rúman hálftíma og veitti þrjú andsvör og formaður fjárlaganefndar, Birkir Jón Jónsson Framsóknarflokki talaði þrisvar í samtals rúmlega eina og hálfa klukkustund. Birkir var svo manna duglegastur að veita andsvör – hann gerði það tólf sinnum.

Jón Bjarnason VG talaði bæði oftast og lengst. Hann flutti sex ræður sem samtals tóku rúmlega þrjár og hálfa klukkustund í flutningi. Jón var jafnframt sá stjórnarandstæðingur sem veitti flest andsvör – alls sex.



Guðjón Ólafur Jónsson Framsóknarflokki flutti tvær ræður sem báðar vörðu í rúma klukkustund en Kristján L. Möller Samfylkingunni flutti lengstu ræðuna, hún tók 80 mínútur í flutningi.

## TIL SÖLU

MEÐ FJÁRLÖGUM ER FJÁRMÁLARÁÐHERRA HEIMILT AÐ SELJA FJÖLMARGAR RÍKISEIGUR, AÐALLEGA FASTEIGNIR OG JARÐIR.

**Meðal þess sem selja má úr ríkiseigu á næsta ári eru:**

Prestssetrushúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.

Flugafgreiðslur á Norðfjarðarflugvelli, Kirkjubæjarklaustri, Hólmavík, Kópaskersflugvelli, Breiðdalsvíkurflugvelli og Húsavíkurflugvelli.

Einangrunarstöðina í Hrísey.

Ólafsveg 40, Ólafsfirði.

Sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn og kaupa eða leigja annan hentugri.

Stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við hana.

## VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

# *Heiður að veði*



Atburðarásin í þinghúsinu aðfaranótt fimmtudagsins var víst nokkuð dramatísk. Í húsinu voru nokkrir helstu forkólfar flokkanna að semja um hvernig haga ætti þingstörfunum fram að jólahléi og þurftu menn að skiptast á að beita hörku og lipurð til að ná sátt. Fréttnæmast er samkomulagið um að fresta þriðju umræðu um RÚV frumvarpið fram á nýtt ár en stjórnarandstaðan lét í það skína að hún væri reiðubúin að tala um málið fram á aðfangadag ef svo bæri undir. Forystumenn Sjálfstæðisflokksins féllust á að fresta umræðunni og töldu flestir að þá væri málið leyst. Það kom því á óvart þegar andstöðu við hugmyndina varð vart í herbúðum framsóknarmanna. Héldu þeir nokkuð fast í fyrri áætlanir um að ljúka málinu fyrir jól.

Stjórnmálaskýrendur úr röðum þingmanna segja afstöðu Framsóknar skiljanlega. Málið sé óþægilegt fyrir flokkinn enda gangi það gegn samþykktum hans. Refir í þingliðinu hafi því viljað keyra málið í gegn og freista þess að það „týndist í jólabakstrinum“. Það er nefnilega þekkt pólitískt bragð að koma óvinsælum málum í gegn sem næst jólum enda pólitísk athygli og meðvitund almennings í lágmarki um það leyti árs.

Að endingu varð að samkomulagi að fresta málinu og um leið einstökum liðum í Landsvirkjunarfrumvarpinu.

Ekkert er skjalfest um samkomulag á borð við það sem gert var í þinghúsinu þessa nótt. Þetta er svokallað heiðursmanna- eða drengskaparsamkomulag en við þau er staðið. Þeir eiga víst ekki sjö dagana sæla í þinginu sem brjóta slíkt samkomulag.

En þessu lýkur sumsé í dag, aðeins degi síðar en upphafleg starfsáætlun ráðgerði.

Þing kemur aftur saman 15. janúar á nýju ári, eftir 37 daga. Fram að þeim tíma verða ekki þingfundir og engin lög sett. Ekki er þar með sagt að engin verði pólitíkin, hún leggst ekki svo glatt í dvala. Tíminn fram til 15. janúar verður eflaust nýttur til undirbúnings pólitískra ráðabrugga og afraksturinn kemur í ljós á snörpu vorþinginu.



**HLUSTAÐ, HUGSAÐ, HVÍSLAÐ, LESIÐ** Allur gangur er á hvað þingmenn aðhafast undir ræðum í þingsalnum.

# Þetta eru engin vinnubrögð

**Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd eru ekki par hrifnir af vinnubrögðunum sem viðhöfð eru við gerð fjárlaga. Þeir vilja stokka upp spilin og losa fjárlagagerðina úr viðjum ráðherravaldsins.**



**EINAR MÁR SIGURÐARSON**



**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON**



**JÓN BJARNASON**

Mat Guðjóns A. Kristjánssonar, formanns Frjálslynda flokksins, er reyndar að ekki sé hægt að kalla vinnubrögðin vinnubrögð. „Þetta eru engin vinnubrögð,“ segir Guðjón sem vill að fjárlaganefnd fái upplýsingar í hendur miklu fyrr en nú er. „Það skortir á að við fáum upplýsingar í tæka tíð til að geta unnið fjárlögin. Það eru ráðherrarnir sem ákveða nánast allt og frá þeim kemur hvað á að gera og hvað ekki. Við í stjórnarandstöðunni komum nánast ekkert að málinu fyrr en frumvarpið er svotil fullskapað. Hver einasta tillaga sem við flytjum er felld án þess að litið sé málefnalega á þær. Þær eru svo teknar upp í fjáraukalögum örfáum mánuðum síðar.“

Jón Bjarnason, Vinstrihreyfingunni-grænu framboði, er sama sinnis og Guðjón. „Aðkoma þingsins að fjárlagagerðinni hefur orðið stöðugt minni og fjárlögin verða meiri og meiri ríkisstjórnarfjárlög,“ segir Jón sem í mörg ár hefur lagt til breytt fyrirkomulag. „Ég tel að á vori eigi ríkisstjórn að kynna áætlaðan ramma fyrir fjárlög næsta árs. Fjárlaganefnd komi svo til starfa í ágúst og vinni að fjárlögum með sínum ráðgjöfum.“ Þingmenn séu þá betur í stakk búnir til að taka þátt í umræðum og afgreiðslu í þinginu. Einar Már Sigurðarson Samfylkingunni vill fara sömu leið. „Ég vil í fyrsta lagi að rammafjárlög verði virk,“ segir Einar sem jafnframt telur nauðsynlegt að fjárlaganefnd þingsins hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum. Það verði best tryggt með stofnun sérstakrar hagdeildar þingsins. Einar sér líka fyrir sér að fagnefndir þingsins komi að fjárlagagerðinni. „Ég vil að rammarnir séu ákveðnir af þinginu á vordögum og fari svo í fagnefndir á hverju sviði.“

# Heiðurslaunin tímaskekkja

Jón Gunnarsson Samfylkingunni greiddi atkvæði gegn þeim lið fjárlagafrumvarpsins sem fjallar um heiðurslaun listamanna. Hið sama gerði Pétur H. Blöndal Sjálfstæðisflokki.

Jón segir heiðurslaunin tímaskekkju og vill slá striki yfir þau. „Þetta var tekið upp á þeim tíma þegar merkir listamenn gátu ekki lifað af list sinni og því síður lögðu þeir í lífeyrissjóði. Ég held því að hugmyndin hafi verið að heiðurslaunin kæmu í staðinn fyrir lífeyri,“ segir Jón og bendir á að nú séu breyttir tímar. „Þeir listamenn sem skara fram úr lifa af list sinni.“

Jón gagnrýnir einnig verklagið við val á þeim sem njóta heiðurslaunanna en það er í höndum menntamálanefndar að ákveða hverjum skuli bætt á launaskránna. Þeim sem hlotnast launin einu sinni njóta þeirra til æviloka.

„Við getum eins spurt um aðra sem lagt hafa mikið til samfélagsins, til dæmis mæður. Eigum við að taka upp heiðurslaun mæðra? Eða smiða sem reist hafa byggingar sem teljast til menningarsögulegra verðmæta? Nei. Hugmyndin er tímaskekkja.“

Jón vill ekki að heiðurslaunin verði aflögð í einu vetvangi heldur smátt og smátt. „Við eigum að slá striki yfir núna og hætta þessu þannig að þetta fjari út.“



**JÓN GUNNARSSON** segir þá listamenn sem skara fram úr lifa af list sinni.



# Leikbær



**ALVÖRU SKOTBARDAGI VIÐ VÉLMENNI!**
Geislabyssa og gáfaður vélbíll sem reynir að skjóta þig - nema þú skjótir hann fyrst! Vertu einn á móti vélmenninu, eða sameinaðu vélmenni með vinum þínum í stóran bardaga!

**6.980 kr.**



**LAZER TAG**
Skemmtilegur byssuleikur. 2 laserbyssur og gleraugu.

**9.980 kr.**





**WALLOP BÍLABRAUT**
5m löng. Hleðslu-rafhlöður fylgja.

**4.990 kr.**



**WALLOP BÍLABRAUT**
3m löng. Hleðslu-rafhlöður fylgja.

**7.960 kr.**





**FÓTBOLTASPIL**
Með gormakörlum.

**4.480 kr.**



## Skemmtilegir sjónvarpsleikir



### LORD OF THE RINGS

- Sveiflaðu sverðinu í Miðgarði! Þú tengir turninn við sjónvarp eða myndbandstæki og þú ert tilbúinn í bardagann! Sverðið þitt stýrir sverðinu í sjónvarpinu!
- Gakktu til liðs við félagana! Aragorn, Gandalfur, Boromir, Elrond, Fróði, Legolas og margir fleiri! Það er eitthvað óvænt bak við hvert horn!
- Berstu við óvininn! Orka-bogasveit, Hellisröllið, Nornakóngurinn í Angmar, Balrog frá Morgoth, Gollum, Saruman og margir margir fleiri!

**4.980 kr.**

### MINI GOLF ÆVINTÝRIÐ

Gríptu púttarann og sveiflaðu þér í gegnum 6 ævintýralega skemmtilega mini-golfvelli.

Tengdu tækið við sjónvarpið og þú ert tilbúinn í leikinn!

Spilaðu einn eða með vinum þínum!

**4.980 kr.**

Hringbrot

Laugavegi - Faxafeni - Mjódd - Firði, Hafnarfirði - Kjarnanum, Selfossi - Háholti, Mosfellsbæ



**DAME JUDI DENCH LEIKKONA ER 72 ÁRA Í DAG.**

*Taktu starfið þitt alvarlega en ekki sjálfan þig.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 9. DESEMBER 1992**

## *Konunglegur skilnaður*



Á þessum degi árið 1992 tilkynnti breski forsætisráðherrann, John Major, um skilnað hinna konunglegu hjóna, Díönu prinsessu og Karls krónprins. Sagði ráðherrann að skilnaðurinn væri vinsamlegur. Tilkynningin kom fáum á óvart enda hafði slúðurpressan í Bretlandi velt því fyrir sér í mörg ár hvort hjónabandið stæði á brauðfótum. Díana og Karl höfðu þá eytt fríum hvort á sínum staðnum og ekki deilt herbergi í opinberum ferðum. Brúðkaup Díönu og Karls árið 1981 var í meira lagi ævintýralegt og um milljarður fylgdist með athöfninni í 74 löndum. Brátt fór þó að halla undan fæti og eftir ellefu ár í hjónabandi skildu þau að borði og sæng en lögskilnaðurinn fór ekki í gegn fyrr en fjórum árum síðar. Þrátt fyrir að Díana missti konunglegan titil við skilnaðinn má segja að hún hafi verið prinsessa í huga og hjarta almennings allt þar til hún dó í bílslysi árið 1997.

### MERKISATBURÐIR

**1749** Skúli Magnússon er skipaður landfógeti, fyrstur Íslendinga.

**1941** Kínverjar lýsa yfir stríði á hendur Þjóðverjum, Ítölum og Japönum.

**1956** Harmrafell, stærsta skip sem Íslendingar höfðu eignast, kemur til landsins.

**1982** Ásmundur Sveinsson myndhöggvari andast.

**1987** Intifada, uppreisn Palestínumanna gegn hernámi Ísraela, hefst á Gasasvæðinu.

**1990** Lech Walesa er kosinn forseti Póllands.

**2000** Gríðarlegt tjón verður þegar fiskvinnsluhús Ísfélags Vestmannaeyja brennur.



**FIÐRINGUR Á AFMÆLISÁRI** Stuðboltinn Hemmi, sem stendur á margföldum tímamótum í ár, segist aldrei hafa liðið betur. Hann er þakklátur fyrir annað líf sitt og er kominn með bíladellu á efri árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HERMANN GUNNARSSON: ER SEXTUGUR Í DAG

# Aldurinn er afstæður

Hermann Gunnarsson, þjóðþekktur sem Hemmi Gunn, er sextugur í dag. Hann býður til heljarinnar veislu á Broadway á morgun í tilefni afmælisins. „Það var annað hvort að flýja bara eða taka áskorunum félaga og vina," sagði Hemmi. Veislan verður þó ekkert venjulegt sunnudagskaffi að sögn Hemma. „Það verða einhverjar laufléttar veitingar en svo tekur við dúndrandi skemmtidagskrá með meistaradeild skemmtikrafta, það vilja bara allir koma og spila fyrir mig," sagði hann þakklátur.

Hemmi er þeirrar skoðunar að aldur sé alfarið afstæður. „Mér hefur aldrei liðið betur. Á meðan ég hef góða heilsu og hugsun og hugarfar er í lagi skiptir mig engu máli hvaða tölur standa fyrir aftan nafnið mitt," sagði hann. „Ég hef líka verið svo mikill lukkunnar pamfíll að fá tækifæri til að halda í barnið í mér endalaust, og ætla að ríghalda í það áfram," bætti hann við. Hemmi kveðst ekki eiga von á að hann fari að hægja á sér. „Ég á eftir að gera svo margt!" sagði hann hlæjandi. „Ég er heldur ekki nema rétt rúmlega þriggja ára, eftir að ég fékk annað líf. Ég er bara að byrja," sagði Hemmi.

Sextugsafmælið er þó ekki einu tímamótin sem Hemmi stendur á um þetta leyti því árið er margfalt afmælisár. Til dæmis eru nú 40 ár síðan að hann hóf störf í útvarpi, 25 ár frá því að hann geystist inn í sjónvarpið og 40 ár frá því að hann spilaði fyrstu landsleikina í handbolta og fótbolta. Hann segir þó kolómögulegt að gera upp á milli afmælanna. „Ég datt af algjörri tilviljun inn í útvarp, ég fór nú í Verzlunarskólann til að verða milljarðamæringur. Svo var mér hent inn í sjónvarpið og ég fenginn til að sjá um áramótaskaup, maður með engan áhuga á sjónvarpi," sagði Hemmi hlæjandi. Hann segir fjölbreytni og skemmtilegheit hafa einkennt líf sitt. „Ég hef auðvitað lent í andstreymi en oftar fengið meðbyr. Ég er líka þakklátur fyrir allt það frábæra fólk sem ég hef kynnst í gegnum tíðina," sagði hann.

Hemmi festi á dögunum kaup á forláta Lexusbíl, en hann vill ekki kannast við að hafa fengið snert af gráa fiðringnum. „Þetta er samt einhver fiðringur," sagði hann hlæjandi. „Ég hef aldrei haft bíladellu. En þegar ég fékk mitt annað líf fyrir rúmum þremur árum, þá kom til baka einhver allt annar Hemmi. Og sá Hemmi fékk snert af bíladellu," sagði hann kátur. „Ég vona nú að þetta eldist af honum. Vinir mínir fengu þetta allir þegar þeir voru sautján, ég er greinilega bara svona seinþroska," bætti hann við.

sunna@frettabladid.is



†

*Elskuleg móðir okkar,tengdamamma og amma,*

**Kolbrún M. Norðdahl**

lést 25. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Dagmar Kristjánsdóttir**
**Kolbrún Ýr Sturludóttir**
**Kristján G. Kristjánsson** — **Pálina R. Sigurðardóttir.**
**Einar Orri Kristjánsson**
**Viktor Ingi Kristjánsson**
**Alda Marín Kristjánsdóttir**
**Elmar Kristjánssson** — **Margrét Sigfúsdóttir**
**Gunnar Mikael Elmarsson**
**Róbert Ómar Elmarsson**
**Telma Kolbrún Elmarsdóttir**
**Ómar Ægir Kristjánsson.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Lillýjar Steingrímsdóttur**

Þverholti 10, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir frábæra umönnun.

**Jón Ísleifsson**
**Ísleifur Jónsson** — **Steinunn Stefanía Magnúsdóttir**
**Svanlaug Jónsdóttir** — **Ólafur Eggert Júlíusson**
**Hildur Nanna Jónsdóttir** — **Sigtryggur Leví Kristófersson**
**ömmu- og langömmubörn**
**og fjölskyldur þeirra.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Baldur Guðnason**

Hraunbæ 116, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 11. desember kl. 15.00.

**Sigrún Gunnarsdóttir** — **Reinhold Richter**
**Hrafn Norðdahl** — **Herdís Hübner**
**Hjörtur Elvar Hjartarson**
**og barnabörn.**



**70 ára**

**Örnólfur Hall**

**varð sjötugur 2. desember sl, Hann vill þakka öllum þeim sem heiðruðu hann á afmælisdaginn.**

**LEGSTEINAR**
Kynningarafsláttur á völdum tegundum
REIN
Viðarhöfða 1 : 110 Reykjavík : Sími 566 7878 : Fax 566 8787
rein@rein.is : **www.rein.is**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Axelma Jónsdóttir,**

Hrafnistu, Reykjavík,

lést á Hrafnistu þriðjudaginn 5. desember sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 18. desember kl. 15.00.

**Fanney Júlíusdóttir** — **Erlendur Magnússon**
**Júlíus Örn Júlíusson** — **Anna María Hjartardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

*Elsku dísin, litla dóttir okkar, systir og barnabarn,*

**Svandís Þula Ásgeirsdóttir**

sem lést af slysförum laugardaginn 2. desember síðastliðinn, verður jarðsungin frá Langholtskirkju miðvikudaginn 13. desember kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlega bent á Barnaspítala Hringsins, s.: 543 3724, í von um bata Nónu Sæs.

**Hrefna Björk Sigurðardóttir** — **Ásgeir Ingvi Jónsson**
**Pálmi Freyr Steingrímsson**
**Nóni Sær Ásgeirsson**
**Sigurður J. Pálmason** — **Auður Eysteinsdóttir**
**Sigríður Jónsdóttir** — **Hjalti Svanberg Hafsteinsson**
**Þóra Kristjánsdóttir** — **Jón Guðmundsson**
**og aðrir aðstandendur.**

# Leikbær



**DÚKKUVAGN**
Hægt að breyta í kerru. Laust burðarrúm, skiptitaska, stillanlegt handfang og karfa undir. Hægt að leggja saman.

**8.980 kr.**




**GRACO DÚKKULEIKSETT**
Dúkkuróla, matstóll og ömmustóll. Göngugrind með leikbakka með hljóðum og ljósum. Matarsett 5 hlutir.

**9.980 kr.**



30 sm hæð

**DÚKKA SEM SKRÍÐUR**
Hlær og grætur. Notar batterí.

**2.880 kr.**




38 sm hæð

**PRINSESS ALEXA**
Í fallegum glimmer kjól með kórónu. Kórónu fylgir fyrir barnið. Dúkkan opnar og lokar augunum, hjalar og peli fylgir.

**5.980 kr.**



42 sm hæð

**5.980 kr./stk.**

**TEEN TRENDS**
Greiðsludúkka í fötum. Hárspenna, bursti, gloss og fleira fylgja.




**JASMÍN PRINSESSA**
Snyrti- og hárgreiðsluhöfuð með snyrtidóti, spegli og fleira.

**4.080 kr.**




**ÖSKUBUSKA**
Í fallegum hestvagni.

**7.990 kr.**




Laugavegi - Faxafeni - Mjódd - Firði, Hafnarfirði - Kjarnanum, Selfossi - Háholti, Mosfellsbæ


Fékkst þú óvæntan glaðning með gjafavörubæklingnum sem kom með póstinum heim til þín.
Í dag er síðasta tækifærið að nýta sér gjafabréfið sem fylgdi með bæklingnum
Jólin koma
Full búð af jóla- & gjafavöru
Kæri viðskiptavinur
Gleðileg Jól
HÚSGAGNAHÖLLIN
GJAFABRÉF
Gegn framvísun þessa gjafabréfs færð þú 20% afslátt af kaupum á gjafavöru í Húsgagnahöllinni til 10. desember 2006
20%
-20% afsláttur af allri gjafavöru
Gildir ekki af tilboðsvörum.
Gjafabréfið afhendist við kaup og hvert gjafabréf gildir aðeins einu sinni.
Gildir í gjafavörudeild á 1. hæð.
Komdu og fáðu fría mynd með jólasveininum


Jólagjafirnar
fást í Húsgagnahöllinni
50%
afsláttur af jólakúlum
um helgina
bodum
OPNUNARTÍMI
Í DESEMBER
• Mánudaga - Föstudaga 10-19
• Laugardaga 10 -18
• Sunnudaga 12 -18
• Frá 14. desember er opið alla daga frá 10-22
HÚSGAGNAHÖLLIN

# Laugardagur



**KISUR Í JÓLAPAKKANN?**
*Bengal, sphynx eða síams? Fréttablaðið fór á stúfana og fann svölustu kisutegundir landsins*
» 76

**GÓÐIR GESTIR Á SUNDANCE**
*Stuttmynd Ísoldar Uggadóttur er á leiðinni á Sundance í janúar, stærstu kvikmyndahátíð Bandaríkjanna.*
» 52



**KOSTIR OG GALLAR 2+1 VEGA**
*Ekkert alvarlegt slys hefur orðið á eina kafla þjóðvegar 1 sem er í 2+1 útfærslu.*
» 42





# Nú skynja ég erindið

Er Samfylkingunni treystandi fyrir landsstjórninni? Treystir formaður Samfylkingarinnar eigin þingflokki? Áhugamenn um stjórnmál hafa spurt þessara spurninga eftir að **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** gerði traust að umtalsefni í ræðu í Keflavík um síðustu helgi. Í ræðunni sagði hún, „vandi Samfylkingarinnar liggur í því að kjósendur þora ekki að treysta þingflokknum – ekki ennþá, ekki hingað til“. ***Björn Þór Sigbjörnsson*** spurði Ingibjörgu Sólrúnu út í þessi ummæli, áhrif þeirra og erindi Samfylkingarinnar við þjóðina.

Menn geta verið með orðhengilsháttt og lagt út af orðum mínum með öllum mögulegum hætti en þeir finna því ekki stað í ræðunni að ég hafi lýst vantrausti á þingflokki Samfylkingarinnar,“ segir Ingibjörg Sólrún sem meðal annars mátti þola glósur stjórnarliða í þingsal á þriðjudag. „Í ræðunni var ég að draga upp mynd af stöðu sem flokkar, sem hafa verið lengi í stjórnarandstöðu, glíma við. Þingmenn slíkra flokka hafa ekki fengið tækifæri til að sýna hvernig þeir myndu takast á við úrlausnarefnin ef þeir væru við völd. Þess vegna þarf að gefa fólki fullvissu fyrir að þessi hópur muni sýna festu, ábyrgð og traust í sínum stjórnarathöfnum. Minn boðskapur til þjóðarinnar var þessi – ykkur er fyllilega óhætt að treysta okkur. Og sem formaður legg ég sjálfa mig að veði í þeim efnum,“ segir Ingibjörg. Hún bendir á að hún hafi verið að tala við flokksmenn og reynt að orða hlutina af einlægni og heiðarleika. „Mér fannst ég þurfa að segja þetta núna einmitt til þess að stuðla að ákveðnum viðsnúningi og ég heyri það víða að þessi fundur hafi markað tímamót, verið tímapunktur viðsnúnings í rétta átt.“

**Samstæður hópur**

Orð Ingibjargar um að þingmenn Samfylkingarinnar hafi ekki fengið tækifæri til að sýna hvernig þeir fara með völd kunna að hljóma ankannalega í því ljósi að í þingliðinu eru þrír fyrrverandi ráðherrar, fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík, sveitarstjórnarmenn og annað reynt forystufólk í stjórnmálum. Ingibjörg segir það vitaskuld rétt en engu að síður sé Samfylkingin ungur flokkur og það skipti miklu máli. „Þetta er nýr flokkur og fólk kemur úr mismunandi áttum. Það er hluti af ímyndarvinnu okkar og fólk þarf að hafa sterka tilfinningu fyrir að hópurinn sé samstæður og vinni þétt saman.“

En er það svo? Er þinglið Samfylkingarinnar ein heild? „Já. Við erum tvímælalaust á



40% afsláttur
AÐEINS LAUGARDAG OG SUNNUDAG
40% afsláttur af öllum barna úlpum
40% afsláttur af öllum dömu yfirhöfnum
40% afsláttur af öllum herra úlpum
40% afsláttur af öllum dömu og herra peysum
40% afsláttur af öllum sportskóm
Nýtt kortatímabil
40% afsláttur af öllum sportskóm dömu, herra og barna
40% afsláttur af öllum jóladúkum
40% afsláttur af öllum jólastyttum
Gildir 9. og 10. desember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Eitt og hálft er liðið síðan hún bar sigurorð af Össuri Skarphéðinssyni í formannskjöri í Samfylkingunni. Hún segir þau vinna þétt og náið saman en sögusagnir um hið gagnstæða hafa verið á kreiki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

réttri leið, höfum unnið afburða vel í okkar málefnavinnu og tekið frumkvæði í hverju málinu á fætur öðru. Enda er nú svo komið að ríkisstjórnarflokkarnir gera lítið annað en elta okkar áherslur. En ferlið hefur tekið tíma og það er ekkert óeðlilegt við það.“

**Eining milli þeirra Össurar**

Eitt og hálft ár er síðan flokksmenn kusu á milli Ingibjargar Sólrúnar og Össurar Skarphéðinssonar í formannskjöri. Þau tókust á og Ingibjörg segir þau átök hafa sett sitt mark á Samfylkinguna. „Við getum ekki litið framhjá því. Þetta var ekki pólitískt uppgjör heldur var verið að gera upp á milli einstaklinga og auðvitað gengur það nærri fólki.“ Hún segir mikilvægt að fólk hafi vissu fyrir að eining sé milli þeirra Össurar. „Við erum ólík en við vinnum þétt og vel saman. Það eru engin áhöld um það.“

Hún bendir á að flokkar hafi áður gengið í gegnum átök vegna formannskjörs, nærtækt sé þegar Davíð Oddsson bauð sig fram gegn Þorsteini Pálssyni sitjandi formanni Sjálfstæðisflokksins árið 1991. „Það var erfitt fyrir þann flokk og það varði lengi,“ segir hún.

**Vingulshátturinn er ríkisstjórnarinnar**

Í pólitískri orrahríð er Samfylkingunni oft legið á hálsi fyrir að hafa ekki skýra stefnu í ýmsum stórum málum. Formaður Framsóknarflokksins sagði vingulshátt einkenna Samfylkinguna í ræðu á miðstjórnarfundi í nóvember. Ingibjörg Sólrún kannast við umræðuna en vísar því á bug að stefnan sé óskýr.

„Ef eitthvað er vingulsháttur þá er það hvernig ríkisstjórnin hefur starfað á umliðnum misserum,“ segir hún og vísar til þess að milljörðum sé heitið til framkvæmda í vegamálum án þess að vegaáætlun liggi fyrir. Einnig að viðbótargreiðslum til aldraðra sé heitið nokkrum klukkutímum eftir samþykkt fjárlaga. Og hún nefnir fleira. „Varnarmálin hafa einkennst af vingulshætti. Þar er engin stefnufesta.“

Stefna Samfylkingarinnar hafi hins vegar alla tíð verið skýr; leita eigi fjölþjóðlegs samstarfs um varnar- og öryggismál í Norður Atlantshafinu. „Við lögðum það til strax og ljóst varð að Bandaríkjamenn ætluðu héðan með herafla sinn. Og ríkisstjórnin er svo að gera þetta núna! Í Íraksmálinu er líka vingulsháttur. Menn voru óskaplega staðfastir í ákvörðun sem var siðferðilega röng fyrir fjórum árum en eru núna í aðdraganda kosninga ekki vissir um hvort þeir eigi að biðjast afsökunar eða hvernig þeir eigi að hlaupa frá málinu. Þessi spjótalög lenda því ekki á Samfylkingunni heldur þeim sem hafa þessi orð uppi.“

**Kárahnjúkaumræðan erfið**

Stóriðju- og umhverfismál eru sérstakur kapítuli í stjórnmálum síðustu ára og er því haldið fram að stefna Samfylkinginar í þeim sé allt annað en skýr. Ingibjörg bendir á að Samfylkingin hafi tekið skýrt frumkvæði með tillögum sínum um Fagra Ísland sem styrkja stöðu náttúruverndar og vísa veginn til ábyrgrar ákvarðanatöku í framtíðinni um verndun og nýtingu náttúruauðlinda. „Samfylkingin leggur áherslu á lausnir á helstu viðfangsefnum samtímans, það er ekki nóg að vera bara á móti. Við höfum líka sett fram leikreglur um hvernig standa eigi að úthlutun og aðgangi að auðlindum.“

Ingibjörg segir flokkinn hafa grafið sig niður í rótina og komist að niðurstöðu. Það hafi verið nauðsynlegt þar sem umræðan um Kárahnjúkavirkjun var honum erfið. „Við gátum ekki skautað létt yfir það mál heldur urðum við að fara í erfiða og stundum sársaukafulla umræðu. Og þetta er niðurstaðan. Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur lagt fram skýrar tillögur til framtíðar um hvernig á að takast á við umhverfismálin.“

”

Minn boðskapur til þjóðarinnar var þessi – ykkur er fyllilega óhætt að treysta okkur. Og sem formaður legg ég sjálfa mig að veði í þeim efnum.

**Sameiginlegir hagsmunir**

Síðustu skoðanakannanir benda til að um fjórðungur þjóðarinnar hyggist kjósa Samfylkinguna. Það er nokkru minna fylgi en flokkurinn fékk í kosningunum 2003 og munar um nokkra þingmenn. Ingibjörg kveðst hafa áhyggjur af þeirri stöðu og í því ljósi haft uppi brýningarorðin í Keflavík. „Ég vildi koma þeim skilaboðum til fólks að það er algjör forsenda þess að hér verði umskipti í landsstjórninni að Samfylkingin fái aukið fylgi. Samfylkingin er lykillinn að nýrri ríkisstjórn, að minnsta kosti ríkisstjórn sem einhver endurnýjunarkraftur er í.“

Það er að sama skapi vert að velta vöngum yfir hvort það sé ekki Samfylkingunni sjálfri lífsnauðsynlegt að komast í ríkisstjórn. Ingibjörg segir flokkinn verða til áfram þó svo hann kæmist ekki í stjórn en það myndi lengja þrautargöngu hans. „Það er flokknum mikilvægt að komast í stjórn og þjóðinni einnig þannig að þar fara hagsmunir saman,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Ríkisstjórn sem kennir sig við frjálslyndi og jöfnuð er sú stjórn sem Ingibjörgu Sólrúnu hugnast best. „Frjálslynd í bestu merkingu þess orðs, þannig að hún sé víðsýn og umburðarlynd og ekki föst í pólitískum kreddum. Og jafnaðarstjórn þannig að hún takist á við það meginverkefni að auka jöfnuð í samfélaginu sem farið hefur á verri veg síðastliðinn áratug. Jöfnuðurinn þarf að ná til atvinnulífsins líka, þar gengur ekki lengur að leggja allt traust á stóriðjuna, við viljum stuðla að jafnræði milli atvinnugreina með meiri áherslu á þekkingargreinar.“ Þar sem ekki eru miklir öfgar í íslenskum stjórnmálaflokkum telur Ingibjörg að slíka stjórn megi mynda með öllum flokkum.

**Kaffibandalagið heldur**

Til er óformlegt bandalag formanna stjórnarandstöðuflokkanna; kaffibandalagið svokallaða sem hyggst koma saman að loknum kosningum og ræða hugsanlega stjórnarmyndun, fái flokkarnir til þess fylgi.

Síðan þetta var ákveðið í haust hafa vindar blásið öðru vísi í Frjálslynda flokknum og bendir margt til að á þeim bæ hyggist menn leggja ríka áherslu á málefni útlendinga í næstu kosningabaráttu.

„Við eigum eftir að sjá hvernig málin þróast hjá Frjálslynda flokknum, hvernig þeir leysa úr þeim ágreiningi sem greinilega er kominn upp milli þeirra sem eru hófsamir í þessum málum og hinna sem eru popúlistar og gera út á óánægju fólks. Ef sá hópur verður ofan á sem vill gera út á fordóma, vanþekkingu eða reiði gagnvart útlendingum þá geta aðstæður breyst en ef menn eru skynsamir og hófsamir þá horfir málið öðruvísi við.“ Á meðan formlegri stefnu Frjálslynda flokksins hefur ekki verið breytt sé staða kaffibandalagsins óbreytt.

**Þarf að ræða innflytjendamál**

Málefni innflytjenda hafa annars lítið verið rædd á vettvangi stjórnmálanna og segir Ingibjörg Sólrún mikilvægt að á þeim verði tekið. „Við megum ekki vanvirða þær áhyggjur sem venjulegt fólk hefur af þessum miklu breytingum sem hafa orðið í íslensku samfélagi á undanförnum árum. Við verðum að takast á við þetta en muna jafnframt að það er hættulegt þegar farið er að tala eins og útlendingar séu sökudólgar. Þeir hafa verið fengnir hingað til að vinna og skila verulegum skatttekjum til samfélagsins og eiga auðvitað rétt á þjónustu eins og við hin. Svo þurfum við að búa þannig um hnútana að innflutt vinnuafl verði ekki notað til að þrýsta niður lífsgæðum í samfélaginu. Það er verkefni sem allir stjórnmálaflokkar þurfa að takast á við og við lítum á það sem forgangsmál í Samfylkingunni að leita leiða til að skapa sátt um hlutverk innflytjenda í okkar samfélagi.“

**Skynjar erindið**

Í ljósi þess að fylgi Samfylkingarinnar hefur að undanförnu mælst nokkru lægra en kjörfylgið hefur því verið velt upp hvort

## KAFLINN UM TRAUST ÞINGFLOKKSINS

Samfylkingin er sex ára og vandi hennar er að þrátt fyrir tilvistarkreppu og slælega frammistöðu ríkisstjórnarflokkanna hefur okkur ekki tekist að nýta þau sóknarfæri sem gefist hafa. Það segja skoðanakannanir okkur. Ekki vegna þess að Samfylkingin hafi ekki stefnu – bendi ekki á lausnir – enda fullyrði ég að enginn íslenskur stjórnmálaflokkur hefur tekist eins alvarlega á við stefnumótun og Samfylkingin. Vandi Samfylkingarinnar liggur í því að kjósendur þora ekki að treysta þingflokknum – ekki ennþá, ekki hingað til. Of margt fólk sem vill og ætti að kjósa okkur – allur meginþorri Íslendinga sem hafa sömu lífssýn, áhyggjur og verkefni og við – hefur ekki treyst þingflokknum fyrir landsstjórninni. Þetta fólk hefur ekki treyst okkur til þess að gæta hagsmuna þeirra, tryggja stöðugleika, fara með skattpeninga af ábyrgð, gæta þess að atvinnulíf okkar sé samkeppnishæft og vernda hagsmuni Íslands utan landsteinanna.

Fólkið langar en hefur ekki þorað – hingað til. Nú verður á þessu breyting.

En af hverju núna? Jú, vegna þess að Samfylkingin er tilbúin, frambjóðendur eru tilbúnir og ég er tilbúin. Ég ætla að sjá til þess að Samfylkingin vinni ötullega í nýrri ríkisstjórn, víki sér ekki undan erfiðum verkum, sýni samstöðu, stefnufestu og ábyrgð. Ég treysti því og trúi að þingmenn allir og flokksmenn komi með mér í þennan leiðangur því annars höfum við ekki erindi sem erfiði. Annars náum við ekki árangri í þágu íslensks almennings.

Ingibjörg Sólrún valdi formannsstarfinu. Hún viðurkennir að hafa átt erfitt uppdráttar en kveðst hafa styrkst. „Þetta hefur verið erfitt allt frá síðustu kosningum. Þær uppákomur sem urðu í tengslum við þær tóku á og svo seinna að takast á um formannsembættið. En nú erum við farin að nálgast kosningar og ég er sannfærð um að Samfylkingin á alla möguleika á því að vera atkvæðamikil í næstu ríkisstjórn. Ég finn því þessa óþreyju, þessa löngun til að takast á við það verkefni að færa hluti til betri vegar í samfélaginu. Þetta er sama óþreyjan og ég fann 1994 í borginni svo ég er full eftirvæntingar að takast á við það þarfa verkefni að mynda hér nýja ríkisstjórn sem dugur er í.“

Ingibjörg segir nándina við kosningarnar styrkja sig enda þurfi hún að hafa skýrar hugmyndir um það erindi sem hún ætlar að reka. „Fyrir ári síðan var þetta ekki runnið mér eins í merg og bein og ég skynjaði þetta ekki jafn sterkt af því að erindið var ekki eins nálægt. Nú skynja ég erindið.“





Húsgagna LAGERSALA 50-90% AFSLÁTTUR!

Furniture – WAREHOUSE SALE – 50-90% reductions
Meble – WYPRZEDAŻ – obniżki 50-90%
เฟอร์นิเจอร์ - ราคาโรงงาน - ราคาลด 50 ถึง 90%

ÁRMÚLA 23

Opið: Laugardag kl. 11-16 og sunnudag kl. 12-16.

Öndvegi HÚSGAGNAVERSLUN




SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580


The North Face
flíspeysur
dömu og herra
Verð frá
5.990


THE NORTH FACE
Greenland
dúnúlpa frá
The North Face
Jólatilboð
22.990
Verð áður
26.990 kr.


McMurdo
dúnúlpa frá
The North Face
Jólatilboð
34.990
til í svörtu, grænu og brúnu


Leki göngustafir
fyrir þá sem gera kröfur
Verð frá
5.990
parið


Meindl
Colorado GTX
Jólatilboð
17.990
Verð áður 19.990

**ÚTILÍF**

# Víravegrið milli akstursstefna nánast jafnörugg og tvöföldun

Sérfræðingar í vegamálum og umferðaröryggi fullyrða að svokallaður 2+1 vegur með víravegriði milli akstursstefna tryggi nánast jafnmikið öryggi og tvær akreinar í báðar áttir. Kostnaðurinn er hins vegar þrefalt minni. Ekkert alvarlegt slys hefur orðið á eina kafla þjóðvegar 1 sem er í 2+1 útfærslu. *Sigríður Dögg Auðunsdóttir* kannaði kosti og galla 2+1 vegar.



**SUÐURLANDSVEGUR** Haustið 2005 var tekinn í notkun vegarkafli með svokallaðri 2+1 útfærslu. Sá vegur er mjórri en sá sem Vegagerðin hefur lagt til að lagður verði á leiðinni Reykjavík-Selfoss. Engin alvarleg slys hafa orðið á fólki á kaflanum frá því hann var tekinn í notkun en áður var þessi vegkafli álitinn mjög hættulegur enda hafa orðið þar mörg alvarleg umferðarslys á undanförnum árum.

Engin alvarleg umferðarslys hafa orðið á þeim kafla Suðurlandsvegar sem breytt var í svokallaðan 2+1 veg sem tekinn var í notkun haustið 2005, samkvæmt upplýsingum frá Ágústi Mogesen, forstöðumanni rannsóknanefndar umferðarslysa.

„Ég veit ekki hvort fólk man almennt eftir því að á þessum kafla urðu mjög alvarleg umferðarslys og banaslys áður en veginum var breytt. Hann leysti af hólmi mjög hættulegan kafla við gömlu Þrengslavegamótin,“ segir Ágúst.

Hann segir að rannsóknanefnd umferðarslysa hafi upplýsingar um það að hinn nýi 2+1 vegur hafi komið í veg fyrir hugsanlega mjög alvarleg slys. „Við höfum fengið sendar lögregluskýrslur um umferðarslys og umferðaróhöpp sem hafa orðið með þeim hætti að ökumenn hafa misst stjórn á bíl og farið utan í víraleiðarann sem aðskilur akstursstefnur en þar af leiðandi ekki inn á hinn vegarhelminginn og því ekki framan á bíl sem kemur úr gagnstæðri átt,“ segir Ágúst.

Spurður hvort hann telji að þessi vegútfærsla, 2+1 á þessum kafla hafi hugsanlega bjargað mannslífum segir Ágúst: „Það er erfitt að fullyrða það en það má vera að svo sé að víraleiðarinn hafi bjargað mannslífum. Hins vegar er vel hægt að fullyrða að hann eigi eftir að gera það.“

## Hvað er 2+1 vegur?

Svokallaður 2+1 vegur er vegur þar sem tvær akreinar liggja í aðra akstursstefnu en ein akrein í gagnstæða stefnu. Miðjuakrein er síðan víxlað sem næst á eins til tveggja og hálfs kílómetra millibili á milli akstusstefna og ökumönnum þannig gert kleift að aka framúr með reglulegu millibili. Víravegrið er sett á milli akstursstefna, sem dregur verulega úr líkum þess að bílar úr gagnstæðri átt rekist saman. Þar sem akreinum fækkar úr tveimur í eina er öryggissvæði milli akstursstefna sem kallað er skiptisvæði. Á skiptisvæði er vegurinn 1+1 vegur og nær skiptisvæði yfir um 0,5 km vegarkafla. Gatnamót við 2+1 veg eru staðsett á skiptisvæðum.

*ÚR SKÝRSLU VEGAGERÐARINNAR*

### Reynsla Svía jákvæð

Banaslysum fækkar jafnmikið á svokölluðum 2+1 vegi og 2+2 vegum, samkvæmt reynslu Svía, sem lagt hafa 2+1 vegi með góðri raun í meira en áratug.

Þetta kemur fram í skýrslu um tillögu Vegagerðarinnar um 2+1 veg á þeim kafla Suðurlandsvegar sem liggur frá Hafravatni að Þorlákshafnarvegi, sem birt var um miðjan nóvember.

Kostnaður við lagningu 2+1 vegar er hins vegar að minnsta kosti helmingi lægri en lagningu tvöfalds vegar með víravegriði á milli akstursstefna og þrefalt lægri en kostnaður við lagningu tvöfalds vegar með auðu svæði á milli akstursstefna, líkt og gert hefur verið á Reykjanesbrautinni, samkvæmt skýrslunni.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir að kostnaður við 2+1 veg frá Reykjavík til Selfoss sé um þrír milljarðar. Hins vegar hafi alltaf verið gert ráð fyrir því að næst Reykjavík verði tvöfaldar akreinar í báðar áttir, og kosti það um tvo milljarða til viðbótar. Kostnaðurinn nemi því um fimm milljörðum.

Margar tölur hafi verið á lofti varðandi kostnað á tvöföldun í báðar áttir á leiðinni en segir hann líklegt að hann geti orðið á bilinu 7 til 12 milljarðar. Það fari eftir útfærslu á veginum sjálfum og gerð gatnamóta. Hann áréttar að rétt sé að komi fram að kostnaður við gerð tvöfaldra akreina í báðar áttir á Suðurlandsvegi sé minna kannaður en 2+1 útfærslan og því kostnaðartölur miklu óáreiðanlegri.

### Raunhæfasti kosturinn

Vegagerðin telur að 2+1 vegur um Suðurlandsveg sé raunhæfasti og hagkvæmasti kosturinn þegar horft er til öryggis vegfarenda og hættunnar á alvarlegum slysum.

Samkvæmt spám um aukningu umferðar á næstu árum er gert ráð fyrir því að 2+1 vegur muni anna umferð um Suðurlandsveginn næstu tvo til þrjá áratugi. Meðalumferð um veginn er nú um 6.000 til 7.300 bílar á dag en mun rúmlega tvöfaldast fram til ársins 2025 eða 2030 og mun 2+1 vegur anna þeirri umferð.

Til samanburðar annar vegurinn eins og hann er núna, með einni akrein í hvora átt að mestu leyti, um tíu þúsund bílum á dag og tvær akreinar í hvora átt anna allt að 50 þúsund bíla umferð á dag.

### Ekkert slys ásættanlegt

Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Rögnvaldssyni vegamálastjóra hafa Svíar mesta reynslu allra þjóða af öryggi 2+1 vega. Svíar hafa innleitt svokallað „nullvisjon“ sem markmið í vegagerð, sem þýðir einfaldlega það að þeir ætla sér að fækka alvarlegum umferðarslysum niður í ekki neitt.

Íslenska vegagerðin hefur unnið eftir því markmiði frá árinu 2002 að fækka alvarlegum slysum um að minnsta kosti 40 prósent. „Ekkert slys er samt sem áður ásættanlegt,“ segir Jón.

Jón segir að Vegagerðin, ásamt samgöngumálaráðuneytinu, Umferðarstofu og Lögreglunni vinna samkvæmt sérstakri umferðaröryggisáætlun. „Reynsla af henni hefur verið góð því reynt hefur verið að gera aðgerðir til að bæta umferðaröryggi markvissari með því að samræma krafta þessara aðila,“ segir Jón.

Vegagerðin telur að einn mikilvægasti þátturinn í því að bæta umferðaröryggi sé að aðgreina akstursstefnur á þeim vegaköflum þar sem flest slys verða, sem er á umferðarmestu vegunum. „Eitt af markmiðum Vegagerðarinnar er að umferðaröryggi verði sem best hér á landi,“ segir Jón. Hann segir að með því að leggja það til að svokallaður 2+1 vegur verði lagður um Suðurlandsveg sé Vegagerðin að benda á það sem hún telji hagkvæman og raunhæfan kost. „Við myndum aldrei mæla með því að farin yrði leið sem ekki myndi tryggja nægilegt öryggi fyrir vegfarendur,“ segir Jón.

„Ef unnt er að tryggja fjármagn til þess að gera 2+2 veg á þessari leið þá er það að sjálfsögðu enn betra en 2+1 en ekki má gleyma því að jafnframt þarf að vinna að því að auka umferðaröryggi annars staðar,“ segir hann.

### Rannsóknanefndin vill 2+1

Ágúst Mogesen, forstöðumaður rannsóknanefndar umferðarslysa, segir að nefndin muni ekki hafa afskipti af útfærslu vegarins, hvort farið verði í 2+2 útfærslu eða 2+1, svo lengi sem umferð úr gagnstæðri átt verði aðgreind.

„Ráðherra hefur lýst því yfir að langtímamarkmiðið sé 2+2. Hins vegar tel ég samt að ráðlegt væri að ráðast í það á næstu árum að breyta veginum í 2+1 til þess að draga megi sem allra fyrst úr alvarlegustu slysunum,“ segir Ágúst.

„Það er ódýrara og nánast jafnöruggt og við myndum leggja lengri kafla í einu, sem bætir jafnframt öryggið,“ segir Ágúst. „Sú útfærsla myndi henta mjög vel á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi,“ segir hann.

Ágúst bendir á að sjónarmið rannsóknarnefndarinnar miðist fyrst og fremst við að bæta umferðaröryggi. „Við viljum að komið verði í veg fyrir framanákeyrslur á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi sem fyrst. Því er skynsamlegast í stöðunni að leggja áherslu á að ráðast í lagningu 2+1 vegar en 2+2 í nánustu framtíð,“ segir hann. Það megi þó áfram horfa til framtíðar um að tvöfalda akreinar í báðar áttir, en 2+1 útfærslan geti vel nýst sem áfangi í átt til þess og dugi næstu tvo áratugina ef ekki lengur.

### Yfirlögregluþjónn vill 2+1

Þröstur Brynjólfsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Selfossi, tekur undir þetta með Ágústi.

„Það er mín persónulega skoðun, og ítreka ég að það er ekki skoðun lögreglunnar, að við eigum að leggja 2+1 veg í stað þess að tvöfalda,“ segir Þröstur. „Við eigum að vera skynsöm og það eru engar líkur á því að umferðin aukist jafnhratt um þennan veg á næstu áratugum og orðið hefur síðustu ár,“ segir hann.

Þröstur bendir á að það sé mikilvæg staðreynd í þessari umræðu að hægt sé að leggja að minnsta kosti helmingi lengri vegarkafla í 2+1 útgáfu fyrir þá upphæð sem tvöföldun myndi kosta. „Það hefur sýnt sig að 2+1 er nánast jafnöruggur og tvöfaldur vegur og það er lykilatriði í þessari umræðu,“ segir Þröstur.

### Mótorhjólafólk áhyggjufullt

Mótorhjólafólk hefur lýst yfir áhyggjum sínum af víravegriðum og telur að það skapi aukna hættu fyrir mótorhjólaökumenn. Svíar telja að víravegriðin hafi gefið það góða raun í fækkun alvarlegra slysa að það vegi þyngra en áhyggjur mótorhjólamanna. Raunin sé sú að engin marktæk sönnun sé á því að víravegriðin valdi fleiri slysum hjá mótorhjólamönnum og talið er að þau hafi frekar komið í veg fyrir alvarleg slys.

Í Svíþjóð er starfandi nefnd sem vinnur að auknu öryggi víravegriða og situr fulltrúi mótorhjólamanna í henni. Reynt hefur verið að gera staurana ávalari og taka af hvöss horn sem geta valdið slysum. Bent hefur verið á að það sé þó alltaf hættulegt að keyra á kyrrstæðan hlut. Víravegriðin sem notuð eru á Íslandi hafa reynst vel og þykja tiltölulega örugg mótorhjólamönnum miðað við margar aðrar gerðir.

### Reynslan góð

Þröstur Brynjólfsson, yfirlögregluþjónn á Selfossi, segir að reynsla lögreglunnar af 2+1 kaflanum á Suðurlandsveginum sé alla jafna góð. „Það eru ekki allir ánægðir með þennan vegakafla þó svo að flestum finnist þetta vera vegabætur og segjast öruggari í þeirri vissu að þeir eigi ekki von á bíl á móti,“ segir Þröstur. Hann segir að fólk verði að hafa það hugfast í umræðunni að þessi útgáfa af 2+1 er ekki eins og sú sem Vegagerðin mælir með að lögð verði. Sú verði heldur breiðari í alla staði.

Hann segir það athyglisvert að lögreglan merki mismun milli kynja í viðhorfi þeirra til 2+1 vegarins. „Konur eru að jafnaði ánægðari með veginn en karlar. Kannski hangir það saman við það, sem okkur hefur fundist, að það eru frekar karlar sem stunda framúrakstur við vafasöm skilyrði en konur,“ segir Þröstur. Hann segir að konur hafi haft orð á því að þær séu ánægðar með endurskinið á víravegriðinu og segja það mynda afgerandi aksturslínu. „Á móti kemur að sumum finnst ein akrein þröng og hafa áhyggjur af því að neyðarbílar geti ekki tekið fram úr ef þess þarf. Reynslan er hins vegar sú að okkur hefur ekki borist neinar kvartanir um það að neyðarbílar hafi ekki getað tekið fram úr,“ segir Þröstur.

Hann bendir jafnframt á að bílar hafi lent utan í víravegriðinu oftar en einu sinni og orðið fyrir skemmdum. „Þeir hafa þó ekki farið yfir á öfugan vegarhelming og við erum sannfærðir um það að ef ekki hefði verið fyrir víravegriðið hefðu að minnsta kosti einhverjir af þessum bílum farið yfir á öfugan vegarhelming og ef til vill valdið alvarlegum slysum,“ segir Þröstur. ■



**ÁGÚST MOGESEN** Forstöðumaður rannsóknanefndar umferðarslysa.



**JÓN RÖGNVALDSSON** Vegamálastjóri.

**KOSTNAÐUR VEGNA SLYSA Á ÁRI**

**tölur í milljónum króna**





JOE BOXER®

SKÓLAVÖRÐUSTIG • KRINGLUNNI • SMÁRALIND




**SÓSÍALISMI EÐA DAUÐI** Margir bílanna á Kúbu eru frá því fyrir byltingu 1959 og ganga enn. Þessi gamli skrjóður keyrir fram hjá áróðurs- og áminningarspjaldi frá Kastró til allra Kúbverja um að þjóðfélagsbyltingin sé spurning um líf eða dauða. Jafnvel mestu hatursmenn Kastrós á Kúbu eru stoltir af því að tekist hafi að viðhalda byltingunni á alþjóðavelli, en minna hrifnir af áhrifum hennar heima fyrir. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Lengi lifir þessi gamla bylting

Á austurströnd Kúbu kom bátur nokkur að landi fyrir fimmtíu árum. Í þessum tólf manna dalli voru 82 sjórekin ungmenni, þeirra á meðal Argentínumaðurinn Che Guevara, Fídel Kastró og litli bróðir Fídels, Raúl. Flestir skipverja voru síðar meir vegnir í bardaga, en Kastróbræður tóra. Sjóferðin markaði upphaf kúbversku byltingarinnar og þeir bræður stýra enn þjóðarskútunni.

Þessa upphafs er minnst árlega og markast dagarnir í kringum annan desember af miklu gleðihaldi og fjöri á Kúbu. Í ár var slegið saman við byltingarhátíðina afmæli leiðtogans áttræða, Fídels Kastró. Sá gamli var því miður of veikburða til að mæta í veisluna í ár.

Nú til dags virðist það sem lifir af byltingunni síst snúast um kommúnisma eða kapítalisma í huga almennings. Eyjarskeggjar, ungir sem aldnir, segjast flestir stoltir af byltingunni, þótt fæstum geðjist áhrif hennar á athafnafrelsi hvers og eins. Ímynd Kastr-ós spilar stóra rullu. „Við erum ekki kommúnistar, við erum Fídelistar,“ er algengt viðkvæði. Mestu máli skiptir þó að hafa staðið af sér yfirgang Bandaríkjanna. Það þykir mikið afrek. Efnahagur eyjarskeggja er bágur. Menntun er góð og ókeypis, en launin eru að sama skapi lág. Kúbverjar henda gjarnan að því gaman að þeir sitji árum saman á skólabekk án þess að borga neitt, fái jafnframt læknisþjónustu ævilangt án þess að borga neitt.

„Síðan þrælum við alla ævi fyrir ríkið, án þess að það borgi okkur eitt eða neitt!“

Þrátt fyrir öll vandræðin sem að Kúbverjum steðja er þjóðarsálin dugmikil, eins og kenna má af þessum ljósmyndum sem teknar voru á afmæli byltingar og byltingarleiðtoga í ár.



**DÝRABÆR** Öll dýrin eru jöfn, en sum dýrin eru jafnari en önnur, var viðkvæði stjórnvalda í Dýrabæ. Þessi göltur hafði ekki miklar áhyggjur af því. Hann átti þess skammt að bíða að lenda í maga einhvers af þeim 300.000 mönnum og konum sem gengu í skrúðgöngu til heiðurs Kastró. NORDICPHOTOS/AFP



**ALLAR RADDIRNAR** Guayasamin-stofnunin frá Ekvador hélt Allar raddir-tónlistarhátíð á afmælinu, í þriðja sinn. Á þeirri hátíð hafa sungið í gegnum tíðina stjörnur eins og Silvio Rodríguez og Omara Portuondo. NORDICPHOTOS/AFP



**DANSÆFING Í DESEMBER** Þessi hýri danshópur æfði sig fyrir hátíðarhöldin í gömlu hverfi Havana-borgar. Á Kúbu dansar, syngur eða spilar hver kjaftur, segir goðsögnin. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**BYLTINGIN ÁT EKKI ÞESSI BÖRN SÍN** Það er hálf öld síðan þjóðfélagi þessara karla var bylt. Þeir bíða hér við Byltingartorgið í þeirri von að sjá glitta í leiðtogann áttræða, Fídel Kastró. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



BÆKUR&SPIL
ALLAR JÓLABÆKUR HJÁ OFFICE 1 ERU Á JÓLATILBOÐI
GILLIAN FLYNN
BEITT ÁHÖLD
TILBOÐ 1.614.- Verð áður: 2.690.- 40% AFSLÁTTUR
Ólafía
TILBOÐ 3.588.- Verð áður: 5.980.- 40% AFSLÁTTUR
DIANE SETTERFIELD
Þrettánda sagan
TILBOÐ 2.688.- Verð áður: 4.480.- 40% AFSLÁTTUR
JENTAS
HARLAN COBEN
SAKLAUS
METSÖLUHÖFUNDUR
TILBOÐ 1.614.- Verð áður: 2.690.- 40% AFSLÁTTUR
Marc Vachon
François Bugingo
UPPREISN án landamæra
TILBOÐ 1.614.- Verð áður: 2.690.- 40% AFSLÁTTUR
Viltu vinna milljarð?
TILBOÐ 2.568.- Verð áður: 4.280.- 40% AFSLÁTTUR
JENTAS
Robert Dugoni
Sá sem valdið hefur
TILBOÐ 1.194.- Verð áður: 1.990- 40% AFSLÁTTUR
STEFÁN MÁNI
SKIPIÐ
TILBOÐ 2.688.- Verð áður: 4.480.- 40% AFSLÁTTUR
Tilboðin gilda til og með 11. desember 2006, eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.
▼Trivial Pursuit
2.400 NÝJAR SPURNINGAR
Trivial Pursuit
GENUS-ÚTGÁFA
SPRENGI TILBOÐ
TILBOÐ 3.990.-
▼Monopoly
MONOPOLY
MEÐ SPILUM
Aðeins 1.395.-
▼Ticket To Ride
TICKET TO RIDE
VALIÐ SPIL ÁRSINS
Aðeins 4.490.-
▼Memory
ÍSLENSKA STAFRÓFIÐ
memory
MINNISLEIKUR ÍSLENSKA STAFRÓFIÐ
Aðeins 2.495.-
Afgreiðslutímar
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-17
Sunnudaga frá 11-17
Sími: 550-4100
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga frá 11-21
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4140
Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4150
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga frá 12-18
Sími: 550-4160
Office 1 Ísafirði
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-18
Sími: 550-4170
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-16
Sími: 550-4180
www.office1.is
Office 1 Superstore
Púsluhnettir
puzzleball
PÚSL OG JÓLAKÚLA
SKEMMTILEGT Í JÓLAPAKKANN

www.byko.is




Vnr. 65602057

**Hrærivél**

KITCHEN AID 150 hrærivél, hvít. Grænmetisrifjárnog KITCHEN AID matreiðslubók fylgir með.

**39.900**






**2.990**
~~3.390~~

BOSCH

Vnr. 65746002

**Kaffikanna**

Kaffikanna, 1100W, 10/15 bolla.



**3.490**
~~4.990~~

Vnr. 41100120

**Matarstell**

Matar- og kaffistell ferkantað, 4 manna, 20 stk., hvítt.

GALZONE DENMARK

Vnr. 43820008

**Kökudiskur**

HEROLD kökudiskur á 3 hæðum, 22, 19, 15,5 cm, 37 cm á hæð.



**1.590**

**850**
~~1.121~~



GALZONE DENMARK

Vnr. 43874942

**Kökudiskur**

HEROLD kökudiskur 30 cm, glær.
Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.



# Jóla-stemning

*í BYKO Breidd*

**Á laugardag og sunnudag verður sannkölluð jólastemning í BYKO Breidd.**

**SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓPAVOGS**
mun flytja skemmtileg jólalög laugardag kl:14.

**NÝBAKAÐAR VÖFFLUR** Katla
Boðið verður upp á nýbakaðar vöfflur laugardag og sunnudag kl 13-15.

**KYNNING**
verður á jólahvítölinu frá Ölgerðinni laugardag og sunnudag kl 13-17.

**Jólaleikur BYKO**

**150 þúsund króna inneign í Nóatúni**

NÓATÚN

STE



















**BYKO**

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Hefur öðlast bjartsýni á ný

**Særún Sveinsdóttir** heitir hún, konan sem lenti í alvarlegu slysi í nóvember í fyrra. Hún missti báða fæturna fyrir ofan hné. Henni var ekki hugað líf. En hún dreif sig upp. Og gott betur en það. Hún fer allra sinna ferða á sérútbúnum bíl. Hún ætlar að fá sér hentugra húsnæði. Og svo ætlar hún í skóla. *Jóhanna S. Sigþórsdóttir* sló á þráðinn til hennar í Nebraska.



SÆRÚN SVEINSDÓTTIR Í sérútbúnum bíl sem hún festi kaup á eftir að hafa misst báða fæturna. Bíllinn sá arna hefur vakið mikla athygli vegna búnaðarins sem í honum er, en hann gerir Særúnu kleift að komast allra sinna ferða án aðstoðar.

Ég er bjartsýnni á framtíðina nú heldur en ég var fyrst eftir slysið," segir Særún Sveinsdóttir, íslensk kona, búsett í Nebraska, sem er óðum að ná sér á strik eftir mjög alvarlegt slys. Hún segist vera að venjast fötlun sinni, hjólastjólnum og því að fara ferða sinna.

„Ég held bara mínu striki. Það þýðir ekkert að gefast upp," segir þessi dugmikla kona, en straumhvörf urðu í lífi hennar hinn 14. nóvember á síðasta ári. Þá klemmdist hún milli tveggja bíla í Omaha, þar sem hún býr, og missti báða fæturna fyrir ofan hné. Hún lá í tæpa fjóra mánuði á spítala en dreif sig svo fljótlega upp, með guðs hjálp og góðra manna.

„Ég tek bara einn dag í einu og er ákveðin í að ná þessu," heldur Særún áfram. „Læknarnir hafa sagt við mig að þeir hafi aldrei vitað til þess fyrr að manneskja sem lent hefur í jafn slæmu slysi, og ég lenti í, væri svo fljót að koma sér af stað aftur. Ég var meira að segja útnefnd „Hetja ársins" á spítalanum vegna þess að ég fór að hjálpa þar til eftir að ég útskrifaðist. Þar lá fólk inni sem var lamað eftir slys, skot eða eitthvað annað og vildi helst gefast upp. Ég gaf mig í að ræða við þetta fólk og einhverjir vildu nú líta svo á að ég hefði komið því til lífsvilja á ný. En ég trúi því að gefi Guð okkur annað tækifæri þá eigum við að nota það. Læknarnir sögðu að það væri kraftaverk að ég hefði lifað slysið af. Ef ég verð dauf í dálkinn þá hugsa ég bara til þess að ég eigi að vera þakklát fyrir að fá að vera á lífi."

## Hjálp að heiman

„Það hjálpaði mikið að vita af öllu þessu fólki heima á Íslandi sem var að líta til með mér, vildi fá fréttir af mér og trúði á mig. Það hvatti mig sannarlega áfram. Ég sakna þess að geta ekki flutt því þakkir mínar persónulega." Fréttir af slysinu bárust fljótlega hingað til lands og skömmu síðar hófu fyrrverandi bekkjarfélagar Særúnar í Hafnarfirði fjársöfnun hér heima. Fjölmargir vildu leggja hönd á plóg og hjálpa samlöndu sinni í erfiðleikum hennar, sem voru miklir og hafði borið brátt að. Sem dæmi um samhuginn nefnir Særún einnig að maður hafi gengið upp úr þurru að systur hennar í Vestmannaeyjum og sagt við hana að hann vildi gjarnan senda slasaðri systur hennar í Nebraska peningaupphæð. Það hefði hann svo gert fyrir milligöngu systurinnar.

„Þetta hefur komið sér svo vel að ég hef grátið yfir því hvað fólk er gott við mig," segir hún. „Þetta sýnir hvernig Íslendingar eru. Þeir hugsa um sína hvort heldur er nær eða fjær. Ég get aldrei þakkað þessu yndislega fólki nógsamlega fyrir allar þær velfarnaðaróskir, velvilja og stuðning, sem ég hef fengið. Með aðstoðinni hef ég getað greitt niður skuldir mínar, borgað húsaleiguna og staðið undir fleiri útgjöldum sem ella hefðu reynst mér óyfirstíganlegur hjalli. Svo eru gamlir vinir mínir, sem ég hafði misst samband við af því að ég vann svo mikið, farnir að koma til mín í heimsókn núna, sem mér finnst mjög gott. Ég hef þá einhvern til að tala við. Ég get ekki heimsótt neinn því ég kemst ekki inn í húsin í hjólastólnum, svo fólk kemur bara og heimsækir mig. Ég



er því farin að fá þó nokkuð mikið af heimsóknum. Fólk er farið að sætta sig betur við fötlun mína. Sumir áttu erfitt með það í fyrstu. Þeir vissu ekki hvernig þeir áttu að koma fram við mig.“

**Bíllinn breytti öllu**

Særún hefur keypt sér sérútbúinn bíl. Bílstjórasætið virkar eins og lyfta með vökvabúnaði, það snýst, kemur út úr bílnum í rétta hæð við hjólastólinn, „sækir“ Særúnu í hann og flytur hana inn í bílinn.

Veturnir í Nebraska eru kaldari heldur en hér á Fróni ef eitthvað er. Frostið fer oft niður í 10 til 15 stig og snjór getur orðið mikill. Hún kveðst kvíða vetrinum nokkuð að þessu sinni. Hún sé smeyk um að komast ekki allra sinna ferða á bílnum ef mikið snjóar. Bensínið og bremsan séu handstýrð og því sé ekki víst að hún geti haft stjórn á bílnum í slæmri færð með einungis aðra hönd á stýri. „En ég mun reyna það sem ég get,“ segir hún æðrulaus og bætir við: „Ég þarf bara að æfa mig meðan snjórinn er lítill.“

Særún hefur hug á að koma í heimsókn hingað til lands næsta sumar. Börnin hennar þrjú, sem eru 19, 15 og 14 ára, langar mikið að komast hingað, segir hún og bætir við að þau hvetji sig áfram í lífinu. Og nú er hafinn undirbúningur jólanna, sem hún heldur að rammíslenskum sið. Fjölskyldan borðar jólamatinn, ofnsteikt lambalæri með brúnuðum kartöflum og öðru tilheyrandi á aðfangadagskvöld og opnar svo gjafirnar, en í Nebraska hefst jólahald að morgni jóladags. Eftir matinn ber Særún svo fram heitt súkkulaði með rjóma eins og móðir hennar var vön að gera hér heima á Fróni.

**Íslenskt jólahald hátíðlegra**

„Íslenska jólahaldið er svo miklu hátíðlegra heldur en það sem tíðkast hér,“ útskýrir hún. „Krakkarnir mínir dýrka það, svo ekki sé nú talað um jólamatinn. Það er allt íslenskt hjá mér um jólin.“ Særún hefur fleiri járn í eldinum heldur en jólaundirbúninginn. Hún er jafnframt farin að leita sér að nýju húsi á einni hæð. Húsið hennar er tveggja hæða og hún kemst ekki upp á efri hæðina.

„Krakkarnir mínir verða að sjá um þrifin uppi á lofti og eru líklega ekkert að vanda sig sérstaklega þegar þau vita að ég get ekki fylgst með þeim,“ segir hún og hlær.“ Annars er helst fram undan hjá mér að halda áfram í líkamsrækt og reyna að efla mig eins og ég get. Svo er ég að hugsa um að fara í skóla. Hann heitir Metro Community College og þar myndi ég læra tölvutækni. Ég gæti þá gert ýmislegt heima í stað þess að sitja þar aðgerðarlaus og verða dauf meðan krakkarnir eru í skólanum,“ bætir hún hress við og það er greinilegt að hún hyggst ekki sitja auðum höndum og láta í minni pokann fyrir örlögunum.

Hún biður fyrir kærar kveðjur og hjartans þakkir heim með óskum um gleðileg jól.



**Á SJÚKRAHÚSINU** Særúnu var ekki hugað líf í fyrstu eftir slysið, enda hlaut hún mikla áverka. En hún dreif sig upp og tók til við að stappa stálinu í aðra sjúklinga sem höfðu lamast og misst lífsviljann.

> „Þetta hefur komið sér svo vel að ég hef grátið yfir því hvað fólk er gott við mig.



**STUÐNINGURINN** Það voru bekkjarsystkin Særúnar í Hafnarfirði sem höfu söfnun til stuðnings henni.

## Þannig varð slysið

Slysið sem Særún Sveinsdóttir lenti í 14. nóvember 2005 varð með þeim hætti að hún var á leið til vinnu sinnar og ók pallbíl, sem hlaðinn var pokum með haustlaufum. Hún varð þess skyndilega vör að pokar höfðu fallið af palli bílsins. Hún afréð að stöðva hann og kippa pokunum aftur upp á pallinn. Þegar hún var rétt um það bil að ljúka verkinu varð hún fyrir bíl sem kom aðvífandi. Þannig vildi til að bílstjóri þess bíls, Kenneth Cooks, er samstarfsmaður Særúnar hjá flutningafyrirtækinu Deffenbaugh.

Cooks steig út til þess að reyna að aðstoða Særúnu og bægja umferð frá henni, þar sem hún lá á götunni. Þá gerðist það að kona ók á kyrrstæðan bíl Cooks, með þeim afleiðingum að bíllinn rakst á manninn sem varð til þess að hann kastaðist um tuttugu metra og hlaut alvarlega höfuðáverka. Bíll Cooks endaði svo á Særúnu þar sem hún lá á götunni. Talið er að það hafi verið þá sem hún missti fæturna.






39% afsláttur við kassann




41% afsláttur við kassann




45% afsláttur við kassann




42% afsláttur við kassann

Leiðbeinandi verð: 4990KR.
Verð nú: 2739KR.

Leiðbeinandi verð: 4489KR.
Verð nú: 2648KR.

Leiðbeinandi verð: 4990KR.
Verð nú: 2744KR.

Leiðbeinandi verð: 4690KR.
Verð nú: 2720KR.

# Sjáðu verðið!

# Kynntu þér

Álfar og fjöll
1598KR.




FP teikniborð
3299KR.



Fisher Price teikniborð




WtP Disney dúkka
2599KR.




Winnie the Pooh frá Disney




BARNABÓK
299KR.

Pottþétt 42
1629KR.




Björgvin og Synfónían
2589KR.




DVD mynd
1879KR.










DVD mynd
1879KR.

# Bónus býður betur!




40% afsláttur við kassann




39% afsláttur við kassann




39% afsláttur við kassann




39% afsláttur við kassann

Leiðbeinandi verð: 2989KR.
Verð nú: 1793KR.

Leiðbeinandi verð: 2990KR.
Verð nú: 1824KR.

Leiðbeinandi verð: 2689KR.
Verð nú: 1640KR.

Leiðbeinandi verð: 2990KR.
Verð nú: 1824KR.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



STEPHEN KING
GEMSINN
41% afsláttur
Leiðbeinandi verð: 4690kr.
Verð nú: 2767kr.
PIRATES of the CARIBBEAN
DAUÐS MANNS KISTA
40% afsláttur
Leiðbeinandi verð: 2289kr.
Verð nú: 1373kr.
40% afsláttur
ÞRUMUFLEYGUR
ANTHONY HOROWITZ
Alex Rider —
Ungur, en ekki of ungur
til að deyja ...
Leiðbeinandi verð: 2990kr.
Verð nú: 1794kr.
FRUMSKÓGAR STELPAN
Sabine Kuegler
41% afsláttur
Leiðbeinandi verð: 3990kr.
Verð nú: 2354kr.
EKKERT BRUDL
verðið í Bónus!
TIMBUR DÚKKUHÚS:
7999kr.
PLASTDÝR
399kr.
ELDAVÉL
með aukahlutum
3999kr.
VIÐGERÐA VERKSTÆÐI
5999kr.
Takmarkað magn
Nýtt kortatímabil!
Fínir baðfélagar
Fisher Price kubbasett
Þroskaleikfang
FP kubbasett
1499kr.
Rolly Toys traktor
7999kr.
Rolly Toys traktor með kerru
Lengd 1.4 m
Takmarkað magn
Severin
sýður vatnið!
Severin kaffivél
6999kr.
Safnarabílar 1:24
Motor Max
799kr.
1:24
Barbie dúkkur
Barbie dúkka
899kr.
www.bonus.is
BÓNUS



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Góður gestur á Sundance

**Ísold Uggadóttir** er að stíga sín fyrstu skref sem kvikmyndagerðarkona. Stuttmynd hennar, Góðir gestir, er á leiðinni á Sundance í janúar, stærstu kvikmyndahátíð Bandaríkjanna, en hún er frumraun Ísoldar sem leikstjóra og var tilnefnd til Eddunnar á dögunum. *Hanna Björk Valsdóttir* spjallaði við þessa upprennandi stjörnu sem býr í New York.

Ísold hefur búið og starfað í New York síðustu fimm ár. Hún flutti þangað rétt fyrir 11. september 2001 og lærði í New York University, Tisch School of the Arts. Þar lærði hún „Interactive Communications“ og hefur síðan starfað í stórborginni sem klippari hjá Partisan Pictures. Sundance-hátíðin fer fram 18. til 28. janúar og er ein stærsta kvikmyndahátíð í heimi, svokölluð A-hátíð. Hátíðin er þekkt fyrir að velja unga og ferska leikstjóra sem eru jafnvel ögrandi á einhvern hátt. Robert Redford rekur hátíðina og Hollywood-stjörnurnar eru vanar að flykkjast á Sundance. Því var Ísold í skýjunum þegar Fréttablaðið hafði samband við hana í New York.

„Já, ég er mjög spennt fyrir þessu, gaman að kíkja á hátíð með Robert Redford og hans liði. Á Sundance mætir rosalega mikið af fólki úr bransanum og dagskrárstjórar frá öðrum hátíðum og velja þar myndir á sínar hátíðir. Þess vegna er þetta líka frábært tækifæri til að hitta fólk og koma sér á kvikmyndagerðarkortið,“ segir Ísold. Góðir gestir var frumsýnd á kvikmyndahátíð í San Fransisco í júní á þessu ári, þaðan fór hún á Palm Springs Int. Short Festival, á kauphátíð í New York, og Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík. „Ég hefði getað sent hana út um allt eftir sumarið en ég ákvað að bíða aðeins og spara hana fyrir réttu hátíðirnar. Þetta er líka spurning um að velja og hafna.“

### Brjáluð vinna

Það er heilmikil vinna á bakvið eina litla stuttmynd, bæði fyrir og eftir. „Ég er núna að vinna í að koma myndinni á 35 mm filmu fyrir Sundance og það er dýrt spaug sem tekur heilmikla orku, tíma og samningaviðræður. Myndin var framleidd án allra opinberra styrkja, við sóttum um styrki en það gekk mjög erfiðlega. Ég ákvað að láta það ekki slá mig útaf laginu og þá kom fjölskyldan til hjálpar og kreditkortin,“ segir Ísold og viðurkennir að það erfiðasta við myndina hafi verið að fjármagna hana. „Ég er núna að selja DVD-diskinn í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu og er að reyna að fjármagna þetta svona úr ýmsum áttum. Ég er með tímaritið Ríkustu menn Íslands árið 2006 og er að skoða hvaða fyrirtæki eiga mikinn pening sem gætu viljað fá lógóið sitt á mynd á stórri hátíð,“ segir hún hálfpartinn í gríni, en er samt alvara. „Maður sækir um mjög marga styrki og fær mjög mörg nei, en oft kemur eitt já. Þetta eru mörg símtöl og margir tölvupóstar.“

### Klippari í New York

Ísold hefur starfað sem klippari hjá Partisan Pictures síðustu ár og hefur klippt fjöldann allan af heimildarmyndum og heilu seríurnar fyrir History Channel. „Ég er núna að vinna „freelance“ hjá Partisan svo ég geti sinnt Góðum gestum og komið henni á framfæri. Ég hef verið að hafna klippiverkefnum undanfarið. Þegar ég er að klippa þáttaraðir þá er það 12 til 14 tíma vinna á dag, og enginn tími til að vera í símanum hálfan daginn. Það er bara heilmikið mál að fylgja svona mynd eftir. Ég er auðvitað á hausnum og ætti að vera að klippa á fullu til að fá laun en þá myndi þessi mynd ekki fara neitt. Það er enginn annar til að koma henni á framfæri,“ útskýrir Ísold og segir að enginn einn dagur sé eins í stórborginni. „Allir dagar hjá mér eiga það samt sameiginlegt að það er aldrei nægur tími og ég er alltaf að keppa við klukkuna. „To do“-listinn er endalaus og ég skulda alltaf einhverjum tölvupóst. Í rauninni ætti ég að vera með fólk í vinnu. Einhvers staðar í hausnum á mér er líka ný mynd sem ég ætti að vera byrjuð að vinna í.“

### Að föndra saman sögu

Það eru rúm tvö ár síðan Ísold byrjaði að vinna við gerð myndarinnar. „Ég var þá búin að vinna við að klippa hjá Partisan í dálítinn tíma. Það er rosalega góð þjálfun í kvikmyndagerð að vera alltaf í klippiherberginu og þá skoðar maður tökur annarra og hugsar oft hvernig maður hefði gert þetta öðruvísi sjálfur. Ég hef fengið rosalega mikla reynslu í klippiherberginu og finnst mjög skemmtilegt að klippa. Þetta er eins og púsl, maður situr og föndrar saman sögu. Mér finnst gaman að segja frá og það að klippa er það sama og að segja frá. Eins þegar maður gerir kvikmynd, þá er maður að segja sögu. Mig hafði lengi langað að gera mína eigin bíómynd en mig langaði að gera hana fagmannlega. Ekki bara vídeómynd sem ég myndi gera með vinum mínum heima. Ég vildi atvinnuleikara og að allt yrði fagmannlega gert.“

> Ég reyndi allavega að þykjast vita hvað ég var að gera.

Eftir að Ísold tók ákvörðun um að gera myndina lagðist hún í lestur bóka um allt sem tengist kvikmyndagerð, fór að stúdera hvernig handrit eru unnin og las bækur um handritagerð. „Ég lærði auðvitað heilmikið í náminu mínu í NYU en mitt áherslusvið var vídeó-list, margmiðlun og eftirvinnsla. Ég hafði samt alltaf mikinn áhuga á kvikmyndagerð en þorði kannski ekki að stíga skrefið til fulls. Þetta er svo mikil barátta og basl.“ En eftir að ákvörðunin var tekin varð ekki aftur snúið. „Ég fékk tvo framleiðendur með mér, þær Furu Ösp Jóhannesdóttur og Stephanie Perdomo og ákvað tímasetningu þannig að allur vinahópurinn minn var kominn með það á hreint að það yrði tekið eina viku í júlí 2005 á Íslandi.“

### Á tökustað

Þegar kom að tökum var Ísold búin að fá her manns með mér. „Allur vinahópurinn var kominn í hlutverk og ég var með stóran hóp aukaleikara. Við sendum póst á leiklistardeild Listaháskólans og héldum prufur fyrir aðalhlutverkið, þannig fundum við Aðalbjörgu Þóru. Við gerðum þetta af einskærum áhuga þannig að fólk sem tók þátt í þessu varð að gera það með sama hugarfari.“ Áhugamannaleikhópurinn Snúður og Snælda tók þótt í þessu og leikararnir Hanna María Karlsdóttir og Theódór Júlíusson léku foreldra Katrínar, aðalpersónunnar. „Hanna María fórnaði nokkrum dögum úr sínu sumarfríi til þess að taka þátt og hún benti mér á Theódór.“ Óskar Þór Axelsson, kvikmyndagerðarmaður í New York, tók myndina. „Ég gerði honum þann greiða að vera aðstoðarleikstjóri við myndina hans og í staðinn var hann tökumaður í minni mynd.“

„Tökurnar gengu mjög vel þótt það hafi verið stressandi að vera í tökum og hafa aldrei leikstýrt áður. Það var ekki alveg nýtt fyrir mér að vera á tökustað, ég hafði verið framleiðandi við mynd áður og aðstoðarleikstjóri og búin að klippa fjölda verkefna, en þarna var ég í nýju hlutverki. Hóptökurnar voru algjör geðveiki. Ég var með 60 til 70 aukaleikara og settið var fullt af fólki sem ég þurfti að stjórna. Ég reyndi allavega að þykjast vita hvað ég var að gera.“

Myndin byrjar í New York og lykil-crewið fór eina helgi til New York til að taka upp þar. „Það var auðvitað allt önnur stemning. Ég hafði gert mér vonir um að tökurnar í New York yrðu auðveldari en þessar hóptökur í Reykjavík en New York er bara meira „tough“ og erfiðara að díla við fólk úti á götu. New York-búum er alveg sama, þeir eru ekkert að færa trukkana sína þótt maður sé að taka upp bíómynd. Ég var þvílíkt guðs lifandi fegin þegar tökum lauk og hét því að gera þetta aldrei aftur, en ég mun örugglega gera þetta aftur,“ segir Ísold og hlær.

### Tilnefnd til Eddunnar

Það hefur ekki mikið farið fyrir Ísold á Íslandi en hún skellti sér á Edduna á dögunum, Góðir gestir fékk tilnefningu sem besta stuttmynd ársins. Eins og hún sagði í Kastljósi: „Ég er „the new kid on the block“ hérna.“ Vonandi nær Ísold að stimpla sig inn á Sundance og það er nokkuð ljóst að Íslendingar hafa eignast nýja kvikmyndagerðarkonu sem er rétt að hefja ferilinn. „Næsta mynd verður stuttmynd en hún verður örugglega ólík Góðum gestum. Ég vil vera alveg tilbúin þegar ég geri mynd í fullri lengd.“

## ALLT HITT

[ BÍLAR TÍSKA JÓLIN KOMA ]

**Renault** hlaut frönsku umhverfisverðlaunin 2006. Nellu Olin, umhverfisráðherra Frakklands, veitti verðlaunin, sem eru veitt í nokkrum aðskildum flokkum og hlaut Renault þau í fyrirtækjaflokki fyrir umhverfisstjórnun og sjálfbæra þróun.



**Diane Von Furstenberg** hefur hannað nýjan kjól á Barbie, og fetað þannig í fótspor Carolinu Herrera og Badgley Mischka. Hún bætti þó um betur og hannaði nákvæmlega eins kjól á fullorðna manneskju. Barbie-dúkkan í bleikum og hvítum Diane Von Furstenberg kjól með skartgripum, handtösku, eigin vegabréfi og DVF ferðatösku kostar 50 dollara. Fyrir 150 dollara er hægt að fá Barbie-kjólinn í fullorðinsstærð.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 9. desember, 343. dagur ársins 2006.**



| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.05 | 13.20 | 15.35 |
| Akureyri | 11.17 | 13.05 | 14.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Kristín Hansdóttir með Muffmóbíl júníor sem hefur reynst henni vel þrátt fyrir svolitla dynti.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á Muffmóbíl í prófin

***Þegar strætóleiðin hennar Kristínar Hansdóttur var lögð niður voru góð ráð dýr. Það stóð ekki til að fara að ganga á hverjum morgni niður í Menntaskólann í Hamrahlíð ofan úr Árbæ svo það varð úr að Muffmóbíl kom á heimilið.***

Kristín fékk rauðan Peugeout 205, árgerð 1995 á góðum kjörum í sumar en því fylgdu viss skilyrði. „Ég fékk hann ódýrt hjá vini mínum, með því skilyrði að hann héldi sínu upprunalega nafni: Muffmóbíl júníor,“ segir Kristín hlæjandi.

Kristín er á kafi í prófum í MH um þessar mundir samhliða því að vera í dansnámi og starfa með Listafélagi MH. Þá kemur sér vel að vera á bíl en Muffmóbíl júníor er þó ekki alltaf til í slaginn. „Pabbi hefur bjargað mér algjörlega og gert mikið við hann, enda komst hann ekki gegnum skoðun síðast,“ segir Kristín sem segir þó að hann eyði litlu og sé með eindæmum sætur bíll. Muffmóbíl er með mikinn karakter og smá mótþróa af og til. „Hann tekur stundum upp á því að læsa mann úti. Þá skríð ég bara í gegnum skottið,“ segir Kristín sem viðurkennir að það henti oft illa að þurfa troðast í gegnum skottið fyrir utan Kringluna á háannatíma. Muffmóbíl hefur reyndar ekki verið hafður mikið í utanbæjarakstri en hefur engu að síður reynst Kristínu og vinum hennar vel. „Við höfum komið heilu trommusetti í bílinn þegar við vorum að undirbúa tónleika í Norðurkjallara í MH svo Júníor leynir á sér,“ segir Kristín.

*- rh*





Góða ferð! Með Gilofa® stuðnings- og flugsokkum

Gilofa® eru fallegir, hágæða stuðningssokkar frá Þýskalandi sem örva blóðrásina og **geta komið í veg fyrir myndun blóðtappa í fótum**.

**Sölustaðir:** Iljaskinn, Lyfja Lágmúla og Smáratorgi, Lyf og heilsa Glæsibæ, Austurveri, og Domus Medica, Garðs apótek, Rima apótek, Lyfsalan Vopnafirði og Eðalfætur, Selfossi.



**Tjöruhreinsir** eru skyldueign í bílskúrnum. Gott er að hreinsa dekkin reglulega til að vera öruggur þegar hálkan leggst yfir.















REYNSLUAKSTUR



Mikið hefur verið lagt í útlit L200 pallbílsins. Hann er straumlínulagaður og mót palls og bíls eru skemmtilega hönnuð.
FRÉTABLAÐIÐ/VILHELM

# Áferðarfallegur harðjaxl

***Reynsluakstur Mitsubishi L200 Instyle, breyttur fyrir 35 tommu dekk.***

Viss valdatilfinning fylgir því að setjast upp í 35 tommu breyttan bíl. Setið er hátt og gott útsýni er yfir hina í umferðinni. Ekki sakar þegar bíllinn sem um ræðir er jafn fallega hannaður á ytra byrði og Mitsubishi L200 pallbíllinn.

Ekin var Instyle-gerðin, sem er toppurinn á L200 línunni, búin aukalega stöðugleikastýringu, skyggðum rúðum í afturhurðum, afturstuðara, leðuráklæði á sætum og rafdrifnu bílstjórasæti. Vélin var 2,5 lítra dísilvél sem í venjulegri útgáfu gæfi af sér 136 hestöfl en útbúinn aukaaflspakka var bíllinn að því er næst verður komist 160 hestöfl og því verulega ánægjulegt að keyra enda alltaf feikinóg afl fyrir hendi. Að þeysast upp brattar brekkur var lítið mál og reyndist vel rafstýrða fjögurra gíra sjálfskiptingin. Það eina sem hægt var að telja neikvætt við þessa reynslu var örlítið forþjöppuhik en fyrstu sekúndurnar eftir að ýtt var á bensíngjöfina virtist sem bíllinn væri beinlínis latur. Við rúma 2000 snúninga tók hann aldeilis við sér og þaut af stað.

Gripið í hálkunni þennan dag var gott og hjálpaði þar til jafnvægis- og veggripsstýrikerfið. Hann reyndist vel bæði á vegum og vegleysum, kom þar að góðum notum super select-millikassinn sem einn og sér gerir Mitsubishi L200 þess verðan að eiga. Að geta valið um að keyra í afturhjóladrifi, sídrifi eða fjórhjóladrifi er ansi hentugt í íslenskri veðráttu hvað þá að geta skipt milli afturdrifs og fjórhjóladrifs á allt að hundrað kílómetra hraða. Þá getur maður skipt milli afturdrifs og fjórhjóladrifs á allt að 100 km hraða.

Fjöðrunin var eins og hún á að vera í pallbíl, nokkuð stíf enda bíllinn gerður til að bera 2,7 tonn. Stífar sporöskjulaga fjaðrir eru fyrir ofan öxul en sjálfstæður A-fjöðrunarbúnaður og gormafjaðrir að öðru leyti.

Pallur L200 er kannski ekki jafn stór og á mörgum öðrum pallbílum á markaðnum. Þar er hins vegar vel hægt að koma fyrir Euro-pallettu. Pallurinn er úr tvöföldu galvaníseruðu stáli en hins vegar er það töluverður galli á slíkum bíl að pallurinn skuli ekki vera rykþéttur og sést út á milli hlera og hliða ef vel er að gáð.

Það kom þægilega á óvart hversu lipur L200 pallbíllinn er í borgarumferðinni. Miðað við svo stóran bíl, svo ekki sé talað um breyttan bíl, var hægt að leggja ótrúlega mikið á stýrið og fara U-beygjur eins og ekkert sé.

Allt innra byrði bílsins er einnig til fyrirmyndar. Sætin eru þægileg og val um hita í framsætum var meira en kærkomið í frostinu á dögunum. Mælaborðið var bæði smekklegt og hagkvæmt. Ekkert offramboð af óþarfa tökkum, bara nákvæmlega það sem þurfti. Fjölnota RV mælir leyfir ökumanni að fylgjast með öllum nauðsynlegum upplýsingum um aksturinn, til dæmis meðalhraða og eldsneytisnýtingu en einnig er í aksturstölvunni innbyggður áttaviti, klukka og hitamælir.

Maður fær þokkalega öryggistilfinningu um borð í L200. Hátt er setið frá jörðu og gott er að vita að hann hlaut fjórar stjörnur í NCAP árekstrarprófinu. Bíllinn er með tvöfalda loftpúða sem hægt er að slökkva á ef þarf. Í heildina var upplifunin öll hin ánægjulegasta.

*solveig@frettabladid.is*

### MITSUBISHI L200 INSTYLE

**Vél:** 2,5 lítra Dísil, DI-D Common Rail innspýting
**Hestöfl:** 136 en 160 með aukaaflspakka
**Uppgefin eyðsla í bl. akstri:** 11-12 lítrar
**0-100 km/klst:** 17,8 sek
**Þyngd:** 2.900 kg
**Burðargeta:** 2,7 tonn

**Plús:**
Kraftmikill,
super select-millikassi

**Mínus:**
Forþjöppuhik
Óþéttur pallur

**Verð frá:** 3.490.000
**Verð prufubíls:** 4.590.000



Sætin í L200 Instyle eru leðurklædd. Pláss í aftursæti er nægilegt en varla hægt að kalla það rúmt.



Hægt er að fylgjast með öllum nauðsynlegum upplýsingum á innbyggðri aksturstölvu.



Allt innviði bílsins er til sóma. Vel hefur verið hugsað fyrir öllu útliti og nauðsynleg þægindi eru til staðar.



Pallur L200 er úr tvöföldu galvaníseruðu stáli. Hann er ekki rykþéttur sem er töluverður galli.

# Óður til amerískra jálka og fornbíla

***Á vefsíðunni www.bilavefur. net má finna umfjallanir um ameríska sportbíla og fornbíla frá árunum 1950-1975.***

Á www.bilavefur.net eru nýjustu fréttirnar úr bílaheiminum, spjallborð, hlekkir, myndbönd og myndaalbúm, helguð sport- og fornbílum.



Þessi glæsilega bifreið er meðal bílanna sem má finna á www.bilavefur.net.

Í myndasafninu eru rúmlega 6.000 myndir af sportbílum hérlendis og eru því líkur á að þeir sem hafi átt amerískan sportbíl á árum áður rekist þar á mynd af honum.

Auðvelt er að finna myndir á síðunni og hægt er að skrifa umsögn við hverja þeirra. Með því móti er hægt að búa til spjallþráð um hvern bíl.

Myndir frá kvartmílukeppnum hérlendis, allt frá því að fyrsta brautin var opnuð og fram til ársins 1978, eru líka á síðunni. Að auki myndir frá ýmsum bílasýningum og eins samkomum á vegum bílaklúbbsins Krúser, félagsskapar áhugamanna um ameríska jálka.

Sjá nánar á www.bilavefur.net. *- rve*



Síðan er hvalreki fyrir áhugamenn um ameríska sportbíla og fornbíla.



Rúmlega 6.000 myndir eru á síðunni og eru líkur á að þeir sem hafi átt ameríska bíla hér á árum áður rekist á mynd af þeim.

# Ekki eins dýr og Ferrari

***Ferrari ætlar sér að framleiða „ódýran“ bíl. Bíllinn mun kosta rúmlega 10 milljónir króna.***

Bíllinn hefur hlotið vinnuheitið 420 Dino. Honum er ætlað að taka sess ódýrasta Ferrari-bílsins, Ferrari F430, sem mun aftur á móti fá stærri vél og verða dýrari.

420 Dino mun fá V8-vél sem komið verður fyrir framarlega í bílnum. Hún verður 4,2 lítrar og mun skila 480 hestöflum.

Bíllinn verður að öllum líkindum coup-bíll en deilur standa milli Ferrari Pininfarina sem hannar Ferrari-bíla, og Fiat sem á allt heila klabbið, um útfærslu. Hvað sem verður mun 420 Dino líta dagsins ljós árið 2010 og keppa við Porsche 911 Turbo og Aston Martin V8 Vantage um hylli hugsanlegra kaupenda. *- tg*



Dino hefur verið endurvakinn en hann var vinsæll á áttunda áratug síðustu aldar.

# Leyniherbergi á hjólum

***Heimilisbílinn má nota til svo margs annars en að komast á milli staða. Bíllinn er staðurinn þar sem hugsanir fara á stjá, hvort sem það er til að hreinsa út gamla fýlu, fella nokkur tár eða syngja hástöfum þegar enginn sér til.***

Það er á hreinu að Íslendingar eiga alltof marga bíla og við mengum of mikið en við getum líka notað bílinn á jákvæðan hátt. Að sjálfsögðu keyrum við flest í vinnu, skóla og förum í ferðalög. En bíllinn er líka griðastaður fyrir marga. Hver kannast ekki við að hlaupa út í fýlu og keyra á góðan stað til að fella tár, hlusta á uppáhaldstónlistina eða tala við besta vininn sem skilur allt. Þegar maður þarf að vera aleinn getur bíllinn komið sér vel. Keyra á afvikinn stað, leggja niður sætin og hlusta á hljóðbók með „take away“-kaffi. Hugleiða. Eða fara á stefnumót út í buskann. *- rh*



Ímyndunaraflið getur farið af stað þegar maður situr í baksætinu í eigin bíl og lætur hugann reika.


















# Hvernig bíl áttu að fá þér?

***Bílar eru ekki bara farartæki til að komast á frá A til B. Þeir segja heilmikið um þig og hver þú ert.***

Bílar eru stöðutákn og endurspegla í mörgum tilvikum persónuleika eiganda sinna. Sá sem á nóg af peningum velur sér ekki Yaris, þó svo hann sé traustur og sparneytinn. Hann velur sér dýran bíl, Benz eða Lexus, kannski skutbíl ef hann á fjölskyldu, og kannski tveggja sæta coupé ef hann er maður einsamall. En hvernig bíll hæfir hvaða manngerð?

Hér eru nokkrir sem hæfa ættu flestum, en sumum betur en öðrum. Allt er þetta í gamni gert enda smekkur manna jafn fjölbreyttur og bílarnir sem við keyrum.

Það er enginn jeppi á listanum af einfaldri ástæðu: Það er svo mikið af þeim að þeir eru einfaldlega ekki svalir. *-tg*

## BMW 5-línan



TÆKNIVÆTT TRYLLITÆKI MEÐ LÁTLAUST YFIRBRAGÐ

**KOSTIR:** Kostirnir koma fyrst þegar bíllinn er orðinn M-týpa. Hrikalegur kraftur og öll möguleg þægindi án þess að flagga þeim um of.
**GALLAR:** Hann er svolítið óspennandi í útliti og lítt eftirtektaverður. Sama hvað fólk segir, það finnst öllum gaman að láta aðra horfa á eftir sér með tunguna lafandi niður á höku.
**TÝPUR:** Forstjórar og þeir sem vilja verða forstjórar. Sjást oft fyrir utan KB banka.

## Mazda MZ-5

EINN BEST HEPPNAÐI SPORTBÍLL SÖGUNNAR.



**KOSTIR:** Hann er tilvalinn fyrir þá sem langar í virkilega góðan bíl en hafa ekki efni á Porsche. Hann er ódýr og þar sem hann er tveggjasæta er auðvelt að neita nöldrandi fólki um far.
**GALLAR:** Hann er japanskur og hann er Mazda.
**TÝPA:** Ungir ökumenn með höfuð fullt af bílavitneskju en galtómt veski. Oft fyrsti sportbíllinn.

## Hummer

STÓR OG STERKUR SKRIÐDREKI



**KOSTIR:** Bling, bling og aftur bling. Fáir bílar eru meira stöðutákn enda getur hann keyrt yfir flesta aðra bíla á götunni án þess að tapa hraða.
**GALLAR:** 50 Cent gæti tekið þig í misgripum fyrir rapp-óvin sinn og skotið bílinn í tætlur. Þú getur skotið á móti en það gerir lítið. 50 Cent er víst ódrepandi, þó margir læknar vilji meina að hann sé í raun heiladauður.
**TÝPUR:** Rapparar, gangsterar og annað fólk með vafasaman smekk.

## Paganini Zonda

BESTI OFUR-SPORTBÍLL VERALDAR



**KOSTIR:** Þessi bíll segir: Ég á fullt af peningum, ég hef afar fágaðan smekk, og mér finnst gaman að fara hratt, mjög hratt.
**GALLAR:** Fæst ekki á Íslandi enda drifi hann ekki yfir fyrstu hraðahindrunina á Arnarnesinu. Svo er eitthvað sem gefur til kynna að hann sé hræðilegur í snjó.
**TÝPUR:** Kannski Björgólfur yngri og ítalskir skipakóngar í þriðja ættlið.

## Porsche

BÍLLINN SEM ALLRI HINIR KEPPA VIÐ



**KOSTIR:** Þýskt eðalstál (eða öllu heldur ál og koltrefjar) sem stinga flest allt af á götunni.
**GALLAR:** Útlit Porsche er staðnað og svo eiga ansi margir slíka bíla hér á landi. Maður kaupir sér ofurbíl til að vera sérstakur, ekki til að falla í hópinn.
**TÝPUR:** „Get rich fast“ manngerðir og karlar með gráa fiðringinn. Logi Bergman átti einn.

## Aston Martin DBR9

ÉG HEITI MARTIN, ASTON MARTIN.

**KOSTIR:** Hann er frábær í akstri en hverjum er ekki sama um það þegar litið er á bílinn. Það er enginn fallegri en um leið grimmari en þessi á götunni.
**GALLAR:** Á þessum bíl er maður svolítið að reyna að líkjast James nokkrum Bond og það er allt annað en töff. Já, á meðan ég man. Hann kostar 25 milljónir.
**TÝPUR:** James Bond og enginn annar.



## Golf GTI

ÞETTA ER HINN EINI SANNI BOY-RACER.



**KOSTIR:** Tískubíll með frábæra aksturseiginleika og bestu skiptinguna á markaðnum. Hún er fljótari að skipta um gír en formúluskipting!
**GALLAR:** Löggan á eftir að stoppa þig um leið og þú ferð inn á Sundabrautina.
**TÝPA:** Ungir töffarar sem eru ekki alveg jafn töff og þeir halda. Einstaka fjölskyldufaðir sem vill fara á Golfinum sínum með börnin í leikskólann en nota svo 200 hestöfl til að keyra í vinnuna.

# Milljón mílu Saab fer á safn

***Saab bifreið Peters Gilbert hefur ekið meira en milljón mílur á sömu vélinni. Bíllinn svo sérstakur að ástæða þykir til að setja hann á bílasafn.***

Englendingurinn Peter Gilbert keypti Saab 900 bifreið sína árið 1989, þá spánýja, fyrir 29 þúsund dali. Peter hafði þá átt Saab bíla frá árinu 1966 og breytti ekki út af vananum eftir að hann flutti til Bandaríkjanna. Hann hefur því átt sama bílinn í 17 ár og ekið honum milljón mílur eða 1,6 milljón kílómetra. Peter er farandsölumaður og ferðaðist mikið um sveitir Wisconsin.

Sama vélin hefur verið í bílnum alla tíð. Peter hefur ekið um hundrað þúsund kílómetra á ári og bíllinn hefur reynst vel. Hann segir góða endingu liggja í því að endurnýja reglulega það sem hefur slitnað.

Nú fer Saab-inn gamli á eftirlaun og verður til sýnis á bílasafni Wisconsin. Peter hefur hins vegar keypt nýlegan Saab sem er aðeins minna keyrður-




Peter Gilbert stendur fyrir framan Wisconsin bílasafnið við Saab 900 SPG árgerð 1989, sem ekið hefur verið rúmlega milljón mílur á sömu vélinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Touareg-jeppanum tókst að draga þotuna 150 metra á 8 kílómetra hraða.

# Toureg dregur 155 tonna risaþotu

***Orð eru til alls fyrst. Það geta tveir starfsmenn Volkswagen staðfest en þeir ræddu sín á milli hvort Touareg V10 dísiljeppinn væri nægilega öflugur til þess að draga Boeing 747 breiðþotu sem vegur 155 tonn.***

Samtal þeirra spurðist út og fáeinum mánuðum síðar var ákveðið að ganga úr skugga um álitaefnið á Dunsfold-flugvellinum í Englandi.

Það þarf talsverðan undirbúning og aðgætni þegar toga á farþegaþotu með 511 fermetra vænghafi, fjórum hreyflum, 450 sætum, og skrokk sem er á stærð við íbúðarblokk. Nauðsynlegt reyndist að þyngja bílinn og til þess voru notaðar stálkúlur og stálplötur. Aukaþyngdin var 4.345 kg og heildarþyngd jeppans því komin upp í 7.030 kg.

Verkfræðingar Volkswagen höfðu reiknað út að miðað við gírhlutföll og snúningsvægi vélarinnar, sem er að hámarki 750 Nm, gæti bíllinn komið 200 tonnum á hjólum á hreyfingu. Hlutföllin voru engu að síður mjög undarleg; 1,7 metra hár og 4,75 metra langur bíll að draga 19,4 metra háa og yfir 70 metra langa farþegaþotu. Í þokkabót var ekta enskt haustveður, slagveðursrigning og suddi.

Þegar keyra átti af stað var bensínið stigið hálfa leið niður og tekið af stað í öðrum gír. Það eina sem hreyfðist í fyrstu var nálin á snúningsmælinum en skyndilega fóru Touareg-jeppinn og farþegaþotan að mjakast af stað. Þegar tekist hafði að láta jeppann draga þotuna 150 metra án teljandi vandræða var staðar numið. Hvorki bíllinn né þotan skemmdust við uppátækið.

*tryggvi@frettabladid.is*

# Farþegafjöldi ungra ökumanna takmarkaður

***Nú liggja fyrir Alþingi breytingar á umferðarlögum nr. 50/1987. Þar er meðal annars lagt til að samgönguráðherra geti sett reglur um farþegafjölda og keyrsluvenjur ungra ökumanna.***

Lagabreytingarnar snúa flestar að ungum ökumönnum, hvenær þeir eigi að fá fullnaðarskírteini, hvernig beri að taka á brotum þeirra, og hvernig eigi að koma í veg fyrir þau. Einnig er lögð til lögleiðing hlífðarfatnaðar fyrir bifhjólamenn og að viðurlög gegn ofsaakstri verði hert.

Meðal þess sem lagt er til er að ráðherra setji ýmsar reglur um ökuréttindi ökumanna sem ekki hafa fullnaðarskírteini. Í lagabreytingunum segir: „Ráðherra getur sett reglur um takmörkun á heimild byrjanda til að mega stjórna ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna, á tilteknum tíma sólarhringsins, takmörkun á fjölda farþega yngri en 20 ára og um takmörkun á afli hreyfils ökutækis. Ráðherra getur ákveðið að slíkar takmarkanir taki til byrjanda á gildistíma bráðabirgðaskírteinis allt þar til hann verður fullra 20 ára.“

Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu eru þessar reglur ekki settar í lög svo auðveldara sé að breyta þeim þegar reynsla sé komin á þær. Augljóslega er að mörgu að huga og getur það til dæmis verið erfitt fyrir tvítugt foreldri ef það má ekki keyra börnin sín tvö í leikskólann.



Í lögunum er meðal annars lagt til að hægt sé að gera ökutæki síbrotamanna í umferðinni upptæk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í lagabreytingunum er einnig lagt til að hægt verði að gera ökutæki upptæk. Þar segir meðal annars: „Þegar um er að ræða gróf eða endurtekin brot á umferðarlögum má gera upptækt vélknúið ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna og notað er við brotið, ef það er talið nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja frekari brot á umferðarlögum eða öðrum lögum. Með sama skilyrði má gera upptækt vélknúið ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna og er eign þess sem hefur framið brotið, enda þótt ökutækið hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.“

Sé sá sem af sér brýtur ekki á eigin bíl getur lögreglan, samkvæmt lagabreytingunum, gert bílinn upptækan. Þarna spila margir þættir inn í eins og eignarréttur og gerir það málið enn flóknara. Þessar tillögur hafa valdið nokkrum titringi og finnst mörgum sem stóri bróðir seilist fulllangt í þetta skiptið.

*tryggvi@frettabladid.is*


Getz

Hyundai Getz GL 1100 3 dyra.
Kr. 1.390.000
Kr. 14.990 á mán*.
Hyundai Getz GL 1100 5 dyra.
Kr. 1.490.000
Kr. 15.990 á mán*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS og 4 loftpúðar
- MP3 spilari / 4 hátalarar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður

Hefur gæðin



Bílasamningur til 84 mánaða, blönduð myntkarfa og 30% útborgun.
Bíll á mynd: Getz 5 dyra GLS með 16 tommu álfelgum.

Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



**Jólaskórnir** ættu að vera komnir í hús innan tíðar. Gott ráð er að láta sóla skóna, bæði til að þeir endist lengur og líka til að vera ekki eins og belja á svelli í sparifötunum.

# Hvernig er ástandið í undirfataskúffunni?

***Sumar konur geta ekki hugsað sér að ganga í ósamstæðum undirfötum.***

Tilhugsunin um að verða kannski fyrir slysi, þurfa að láta ókunnuga hjúkrunarfræðinga afklæða sig og verða vitni að ósamstæðum undirfötum (t.d. slitnum Sloggy buxum upp að mitti og Victorias Secret brjóstahaldara) er skelfileg í huga sumra kvenna. Þær myndu sem sagt ekki láta sjá sig, hvorki lífs né liðnar, í undirfatnaði sem ekki passar saman. Svo eru aðrar konur sem láta sig þetta litlu varða. Nota nærboli sem þær erfðu frá afa gamla og grípa þær nærbuxur sem efstar eru í skúffunni hverju sinni. Hvorum hópnum sem þú tilheyrir, þá er alltaf svolítið skemmtilegt að fara í fyrsta sinn í ný undirföt – hvort sem málið snýst um að vera saklaus og sæt eða urrandi sjóðheit og sexí. *mhg@frettabladid.is*





Fallega dimmblátt og furðulega mjúkt blúndusett frá Change í Smáralind.

Ef þú skyldir verða svo heppin að fá tækifæri til að kyssa jólasvein á næstunni, þá gæti þetta hugsanlega verið heppilegur klæðnaður við það tilefni. Rauður brjóstahaldari, toppur og sætar blúndubuxur frá Zöru í Smáralind.

Svakalega sætt nærfatasett frá Zöru í Smáralind.

Dúndrandi diskóstemning yfir þessu fallega brúna og gyllta nærfatasetti frá Change í Smáralind.

Sakleysið uppmálað í sætu baby-bláu undirfatasetti frá Debenhams.

Þetta sett minnir svolítið á gamla daga og kæmi eflaust vel út við hvíta ullarsokka. Vero Moda.




Trúlofunarhringar



BRILLIANT
LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND




bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



Fallegar umbúðir utan um eðalvöru frá Guerlain.

# Perlupúður frá Guerlain

*Lyftir húðinni og gefur fallegan ljóma.*

Météorities. Glansandi gull, kampavínslitaðar og og glitrandi perlur. Sex hlýir og fallegir tónar sem koma allir í einstaklega fallegum umbúðum sem minna svolítið á gamla tímann. Púðrið er gefið út í takmörkuðu upplagi og aðeins fáanlegt nú yfir jólatímann. Það er ætlað fyrir kinnar og kinnbein en hentar einnig vel á bringu og axlir.

# Frægðarsól Marc Jacobs

KVENLEGT OG SÍGILT.

Frægðarsól bandaríska hönnuðarins Marc Jacobs hefur risið hátt undanfarin misseri, en hann er meðal virtustu og eftirsóttustu tískuhönnuða heimsins í dag.
Eins og margir aðrir hönnuðir sem náð hafa langt á sínu sviði stundaði Marc nám við Pars-on-skólann í New York, en Marc er borinn og barnfæddur í New York.
Hann hefur löngum verið þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir og láta aðra tískustrauma fram hjá sér fara. Undanfarin ár hefur hann starfað fyrir Louis Vuitton, en hann gefur einnig út línu sem hann kallar einfaldlega Marc. Eins og sjá má á þessu fallega hárskrauti er hönnun Marc Jacobs yfirmáta kvenleg og rómantísk, en hann er almennt talinn sígildur og svolítið „vintage“. *- mhg*



Hönnun Marc Jacobs er rómantísk.







Söðlasmiðurinn
MOSÓ
Verslun, nýsmíði viðgerðir
Framleiðum dömutöskur margar gerðir



Antilópuskinn og leður.
Kr. 14.865,-



Hlýraskinn og leður.
Kr. 14.600,-



Hlýraskinn og Nubuck.
Kr. 6.990,-



Selskinn og leður.
Kr. 14.865,-

**Söðlasmiðurinn**
**MOSÓ**
Kjarna, Þverholti 2, Mosfellsbæ.
Sími 566-7450.







**Jólasveinarnir** koma ekki strax til byggða en á meðan má vel hengja upp einn jólasokk og vonast til að einhver missi ofan í hann góðgæti og gjafir.

Jólagjöfin þín frá Marimekko, dömudeild
**Þú kaupir eina flík og færð aðra með 40% afslætti**
Opið í dag til frá 11 til 18
marimekko®
**Laugaveg 56 • Sími 551 7600**



Hulda Björk Guðnadóttir mun syngja einsöng á tónleikum Fílharmóníunnar auk þess sem nýtt lag eftir Magnús Ragnarsson, stjórnanda kórsins, verður frumflutt. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Jólalag á úkraínsku

***Aðventutónleikar Söngsveitarinnar Fílharmónía bera að þessu sinni yfirskriftina Himnamóðirin bjarta. Eins og nafnið gefur til kynna verða lög helguð Maríu mey fyrirferðarmikil í efnisskránni.***

Aðventutónleikar Fílharmóníunnar eru árlegur viðburður en þetta er í fyrsta sinn sem Magnús Ragnarsson, nýr stjórnandi Fílharmóníunnar, leiðir sveitina á slíkum tónleikum. „Ég kem með nýjar útsetningar og einhver ný lög en auðvitað í bland við þetta hefðbundna. Maður vill ekki styggja of marga með breytingum þannig að haldið er í ýmsar gamlar hefðir,“ segir Magnús og hlær.

Efni tónleikanna er fjölbreytt en þeir eru tileinkaðir Maríu mey annars vegar, og eins konar heimshornaflakki hins vegar. „Við erum með mörg lög um Maríu mey og svo tökum við jólalög víðs vegar að,“ segir Magnús. „Við tökum til dæmis eitt lag frá hverju Norðurlandanna, og svo syngjum við lag á úkraínsku. Við erum með tungumálasérfræðing í hópnum og hann hjálpaði okkur með framburðinn svo hann ætti að vera í lagi,“ segir Magnús og brosir. „Svo erum við líka með eitt amerískt lag sem er svo amerískt að það ætti vel heima í Disney-mynd.“

Eitt verk á efnisskrá tónleikanna er Magnúsi sérstaklega hugleikið. Verkið er eftir Magnús sjálfan en um frumflutning er að ræða. „Lagið er samið við texta Jesaja spámanns sem uppi var nokkrum öldum fyrir Kristsburð. Hann fjallar um mikil átök og hvernig heiminum mun vera gefið barn sem færa mun heiminum frið og að á herðum barnsins mun höfðingdómurinn hvíla. Þarna er hann sem sagt að spá fyrir um komu Krists,“ segir Magnús. „Ég byrjaði að semja lagið í fyrra þegar ég átti von á barni en varð svo strand rétt fyrir fæðinguna. Ég eignaðist svo lítinn strák, Ísak, og þegar hann var orðinn tíu mánaða byrjaði ég að semja aftur. Ég kláraði verkið og breytti líka því sem ég var búinn að semja, enda breyttur maður eftir að vera orðinn pabbi.“

Magnús var mjög stressaður þegar hann kom með verkið á fyrstu æfingu. „Ég var hræddur um að kórfélagarnir mundu hlæja að mér en þau tóku þessu mjög vel. Ég fékk athugasemdina að einn meðlimur hefði fengið gæsahúð meðan hann söng lagið. Ég vona bara að það hafi verið á réttum forsendum,“ segir Magnús og hlær. „Kórinn hjálpaði mér líka að koma verkinu í lokabúning. Það var ómetanlegt að hafa kórinn til að prófa ýmsa hluti því maður sá strax hvað virkaði og hvað ekki.“

Í ár eru aðventutónleikarnir tveir en þeir fara fram í Langholtskirkju 10. og 12. desember kl. 20.00. Miðasala fer fram á midi.is og við innganginn og kostar miðinn 2.500 krónur. Nánari upplýsingar er að finna á www.filharmonia.mi.is.

*tryggvi@frettabladid.is*

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is






Piparkökurnar geta verið fallegt skraut í glugga. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Jólalegt kökuskraut

***Skemmtilegt getur verið að skreyta heimilið með heimabökuðu jólaskrauti.***

Piparkökur og kökur úr trölladegi geta verið mjög fallegt jólaskraut. Trölladeigskökur er einfalt að gera og ætti allir í fjölskyldunni að geta tekið þátt í að búa þær til.

**TRÖLLADEIG**
- 1 bolli salt
- 2 bollar hveiti
- 1 bolli vatn

Blandið saltinu og hveitinu saman og síðan vatninu smátt og smátt. Hnoðið deigið vel þangað til að það er þétt í sér. Fletjið deigið út og skerið út myndir, til dæmis með smákökumótum. Gerið gat með tannstöngli efst í hverja köku til þess að hægt sé að hengja hana upp. Bakið á vægum hita í svona þrjátíu mínútur eða þangað til kökurnar eru orðnar harðar. Þegar kökurnar eru bakaðar má mála þær með þekjulitum og skreyta með glimmeri. Þræðið síðan litríka borða í gegnum götin á kökunum og þá eru þær tilbúnar.

Piparkökur kunna flestir að baka en ef skreyta á með þeim má ekki gleyma að gera gat í kökurnar með tannstöngli áður en þær eru bakaðar, eins og trölladeigskökurnar, svo hægt sé að hengja þær upp.

*- eö*

# Grýla er á leiðinni

***Jóladagskrá Þjóðminjasafns Íslands hefst formlega á morgun, 10. desember, klukkan 14.00.***



Grýla og Leppalúði koma með Jólakóttinn á Þjóðminjasafnið á morgun.

Í desember er mikið um að vera í Þjóðminjasafninu því öll jólasveinafjölskyldan kemur þar við á leið sinni til byggða. Grýla og Leppalúði mæta á svæðið á morgun með jólaköttinn, Stekkjastaur kemur þriðjudaginn 12. desember klukkan 11.00 og bræður hans tínast svo í bæinn, einn á dag fram að jólum.

Mikið fjör verður á safninu á morgun og margt fleira um að vera en heimsókn þeirra hjóna. Dagskráin hefst með opnun jólasýningar á Torginu undir yfirskriftinni Sérkenni jólasveinanna, Magga Stína syngur jólalög með börnunum við orgelleik Harðar Bragasonar og á Veggnum stendur yfir ljósmyndasýningin Hátíð í bæ með myndum af íslensku jólahaldi á sjöunda áratugnum. Hægt verður að fara í ratleiki og Kaffitár verður með sérstök tilboð fyrir börn. Ekkert kostar inn á dagskrána á fyrstu hæðinni og öll fjölskyldan ætti að geta skemmt sér vel.

*- eö*

allt matur
Alla föstudaga

Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 89,0
KANINN LEIKUR EINGÖNGU ÍSLENSKA MÚSÍK
Íslensk músík alltaf!

Jólaskrautið }

# Jólagjöf árið 1939

RÚDOLF MEÐ RAUÐA NEFIÐ ER JÓLAPERSÓNA SEM GLEÐUR ALLA.

Sagan um Rúdolf er ekki aldagömul þjóðsaga eins og sumir halda heldur var hún skrifuð árið 1939 sem jólaglaðningur til viðskiptavina í stórmarkaði í Bandaríkjunum. Höfundurinn Robert L. May vann í stórmarkaðnum en orti barnaljóð sér til dundurs. Hann byggði söguna um Rúdolf, sem hreindýrin hæðast að fyrir að vera öðruvísi, á sögunni um ljóta andarungann og sinni eigin æsku en hann var grúskari með gleraugu og mikið strítt. En Rúdolf fékk uppreisn æru ein þokukennd jól þegar jólasveinninn þurfti á lýsingu að halda og valdi Rúdolf með sjálflýsandi nebbann sinn til að draga sleðann með gjöfum barnannna og þó Robert L. May hafi þurft að hafa fyrir því að fá réttinn á sköpunarverki sínu var framtíð hans tryggð þegar það gekk eftir.

Eigendur stórmarkaðsins höfðu reyndar áhyggjur af því að rauða nefið minnti á ofdrykkju og svall sem samræmdist ekki jólaboðskapnum en eftir að hafa séð teikningar sannfærðust þeir um skemmtanagildi og sakleysi Rúdolfs og hann vann sér sess í jólasögunum.

Þessi fallegi glerkrans með Rúdolf jólahreini í miðjunni var búinn til í Englandi en fæst í Jólahúsinu við Skólavörðustíg og kostar 1.540 krónur.


Rúdolf rauðnefur.

# Jólaljósin í bænum

***Skemmtilegt getur verið að skoða jólaljós og skreytingar með fjölskyldunni.***


Jólaskreytingarnar eru komnar upp á mörgum heimilum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Nú þegar jólskreytingar eru víða komnar upp í gluggum og utandyra getur verið sniðugt að fara með alla fjölskylduna í bíltúr seinni partinn eða á kvöldin og skoða skreytingarnar. Gaman getur verið að rúnta um hverfi sem fjölskyldan fer venjulega ekki í og sjá hvernig aðrir skreyta húsin sín. Jólaljósin ættu að koma öllum í jólaskap og eftir bíltúrinn er svo tilvalið að safnast saman við eldhúsborðið og drekka kakó og borða piparkökur. - eö

# Jólagjafalisti

***Fimm ára stráka dreymir um ýmislegt og hér á eftir fer listi yfir þær jólagjafir sem eru efst á óskalista fimm ára stráks í Reykjavík.***


Hægt er að búa til vélmenni úr tæknilegói og slá þannig tvær flugur í einu höggi.

1. Skelfirinn
**2. Fjarstýrður bíll**
3. Fótboltaspil
**4. Geislasverð**
5. Vélmennabúningur
**6. Fjarstýrð flugvél**
7. Fjarstýrður bátur
**8. Rafmagnshlaupahjól**
9. Fjarstýrt vélmenni
**10. Góð vatnsbyssa**
11. Galdradót
**12. Over the Hedge á DVD**
13. Tæknilegó
**14. Boomerang**
15. Myndasögur
**16. Kíkir**
17. Peningar
**18. Geislaspilari**
19. Snjósleði
**20. Vasaljós með marglitum perum**



# Virðulegt par í jólaklæðum

Við framhlið Hótel Nordica við Suðurlandsbraut standa tvö tré þétt saman. Þau hafa nú verið klædd í jólabúninginn og vekja athygli fyrir sérlega hátíðlegt yfirbragð. Það mun vera maður að nafni Þröstur Hlöðversson sem sá um skreytinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Fullt hús hjá Fönix!

GRAM
Kæliskápar

**Gram kæliskápana þekkja allir Íslendingar. Gram stendur fyrir glæsileika, gæði og tímalausa hönnun.**

Gram er gæðamerki sem uppfyllir kröfur þínar í dag og til framtíðar. Um áratuga skeið hefur Gram þróað gæðavörur fyrir íslensk eldhús. Þú getur fengið Gram kæliskápana úr áli, ryðfríu stáli eða hvíta, frístandandi eða innbyggða.




ASKO
Uppþvottavélar

ASKO D3250FI uppþvottavélin er **“Best i test 2005”** að mati dönsku neytendasamtakanna. Eftirfarandi eiginleikar voru athugaðir:

**Þvottahæfni**
**Þurrkhæfni**
**Orkunýting**
**Vatnsnotkun**
**Hljóðstyrkur**
**Þvottatími**



NILFISK
Ryksugur

- Nilfisk ryksugurnar þekkja allir enda hafa þær þjónað Íslendingum í yfir 70 ár.
- Nilfisk ryksugurnar eru sérlega hljóðlátar.
- Þær eru búnar fullkomnu síunarkerfi sem fangar ofnæmisvaka.
- Þær eru sterkbyggðar og léttar og búa yfir miklum sogkrafti.
- Komdu í Fönix og sjáðu úrvalið og gæðin með eigin augum.

Líttu við í Fönix og skoðaðu úrvalið!

FÖNIX
***- fyrsta flokks.*** Stór orð sem reynslan réttlætir.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**Sock Shop**
breytir um nafn og
verður **Cobra**

**Hlýjar sokkabuxur fyrir veturinn**

cobra
Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið


TÍSKUVERSLUN
MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A - SÍMI 562-6999



Tuttugu ára gamall nóvemberkaktus Steinunnar Ingimundardóttur hefur sjaldan blómstrað eins fallega og núna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Blómstrar af sulti

***Nóvemberkaktusar eiga sinn blómatíma á þessum árstíma og sumir telja að best sé að svelta þá til að fá þá til að blómstra.***

Steinunn Ingimundardóttir, fyrrverandi skólastjóri í Húsmæðraskólanum á Varmalandi, á þennan fallega nóvemberkaktus sem blómstrar nú af öllum mætti og hefur hún átt hann í tuttugu ár. Hún telur að kaktusinn verði líklega svona fallegur af næringarskorti. „Hann er í dálitlu svelti frá jólum og ekki vökvaður nema einu sinni í viku nema hann sé í mjög mikilli sól," segir hún. „Á haustin byrja ég svo að vökva hann helst svolítið á hverjum degi og klíp aðeins af honum. Þegar knúpparnir eru komnir á eyk ég frekar vökvunina en það gerir honum ekkert til þó hann þorni." Steinunn á tvo kaktusa sem hún hefur í suðurglugga en varð að færa þá til þegar þeir fóru að blómstra. „Blómin voru farin að klesssast upp að rúðunni svo ég færði þá úr glugganum og inn í stofu."

En skyldi kaktusinn blómstra svona á hverju ári?

„Það er misjafnt og ég veit ekki af hverju það er. Núna eru þeir alveg sérlega fallegir," segir Steinunn, ánægð með nóvemberkaktusana sína.

*brynhildurb@frettabladid.is*



Steinunn telur leyndarmálið bak við fallegan kaktus liggja í vökvuninni.

## Vanilluhringir

EF TILHEYRANDI STÚTUR FINNST Á HAKKAVÉLINA ER FLJÓTLEGT AÐ RENNA ÞESSU DEIGI Í GEGN OG BÚA TIL DÝRINDIS KRANSA.

**VANILLUHRINGIR**
**500 g hveiti**
**250 g sykur**
**375 g smjör mjúkt**
**1 egg**
**25 g vanillusykur**

Öllu blandað saman og deigið hnoðað létt. Síðan er það sett í hakkavél með sérstökum sprautustút og búinn til litlir hringir sem settir eru á plötu og bakaðir í 6-8 mínútur á 200 gráðu hita.



**húsráð }**

## Engin brot í jóladúkana

JÓLADÚKAR ÞYKJA YFIRLEITT FALLEGASTIR VEL STRAUJAÐIR OG SLÉTTIR EN ERFITT GETUR VERIÐ AÐ GEYMA ÞÁ ÁN ÞESS AÐ ÞEIR KRUMPIST.



Á mörgum heimilum er það fastur liður í jólaundirbúningnum að strauja jóladúkana. Ef tíminn er naumur rétt fyrir jól og dúkarnir því straujaðir snemma geta þeir verið orðnir krumpaðir eða komin leiðinleg brot í þá þegar kemur að því að nota þá. Ágætt húsráð er að safna keflum innan úr álpappír og vefja dúkunum utan um þau þegar búið er að strauja þá. Á þennan hátt er hægt að geyma þá lengi án þess að nokkur brot komi í þá. - eö


Pakkatilboð
24.900 kr.
fyrir opnar rásir (FTA)
Diskur, nemi og móttakari.
BBC 1, BBC 2, BBC 3, BBC 4, ITV 1, ITV 2, ITV 3, ITV 4, SKY NEWS, BBC NEWS, PLAYBOY 1, FILM FOUR, TRUE MOVIES 1 & 2, TRAVEL CHANNEL CBEEBIES, MEN AND MOTORS, MOTOR
Og fjöldi annara rása • JÓLAPAKKINN Í ÁR
eico SKÚTUVOGI 6
SÍMI 570 4700 • www.eico.is

KOLAPORTIÐ
Góð leið til fjáröflunar

OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17

Salatskál og áhöld
Tilboðsverð: 3.290 kr.

Villeroy & Boch
Kringlunni / Sími: 533 1919

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting
550 9800
www.skatar.is
Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123
Bandalag íslenskra skáta

## Á jóladöfinni }

**9. DESEMBER**

**Jólatónleikar** Léttsveitar Reykjavíkur verða endurteknir í Langholtskirkju klukkan fjögur.

**JPV útgáfa** býður til barnaskemmtunar í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18, kl. 14. Andrés Indriðason les upp upp úr bókinni sinni Jólasveininn minn og Hrafnhildur Sigurðardóttir stýrir söngskemmtun með börnunum.

**Aðventutónleikar** Kvennakórs Garðabæjar verða haldnir í Digraneskirkju og hefjast þeir kl. 17. Gestur kórsins er Stúlknakór Garðabæjar.

**Aðventuveisla** verður haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri og hefst hún kl. 18. Dagskráin hefst með tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Með hljómsveitinni koma fram Hulda Björk Garðarsdóttir, Ólafur Kjartan Sigurðarson og Karlakór Dalvíkur. Á efnisskrá tónleikanna verður jóla- og aðventutónlist. Að tónleikunum loknum verður boðið upp á jólahlaðborð frá Bautanum.



**Skógræktarfélag Reykjavíkur** býður öllum að koma í Heiðmörk og sækja sér jólatré. Jólaskógurinn er opinn helgina 9. og 10. desember og er tekið á móti fólki við Hjallabraut. Opið er meðan dagsbirtu gætir eða milli 11 og 15.30.

**10. DESEMBER**

**Jólasýningin** „Sérkenni sveinanna" opnar í Þjóðminjasafninu kl. 14. Grýla og Leppalúði koma í heimsókn í fylgd jólakattarins og Magga Stína syngur við orgelleik Harðar Bragasonar.

**Jólatónleikar** verða í Salnum kl. 16 þar sem Ólafur Kjartan Sigurðarson barítón leiðir hóp listafólks á glæsilegum jólatónleikum fyrir alla fjölskylduna.

**Samkór Reykjavíkur** undir stjórn Johns Gear heldur jólatónleika kl. 16.00 í Fella- og Hólakirkju.

**Jólatónleikar** Kvennakórs Hafnarfjarðar verða haldnir í Hamrinum Flensborgarskóla kl. 16. Gestir eru Magga Stína og hljóðfæraleikarar.

**Jólatónleikar** kirkjukórs Grensáskirkju verða haldnir í kirkjunni og hefjast kl. 17.

**Kammerkórinn** Schola Cantorum og Björn Steinar Sólbergsson flytja aðventu- og jólasálma eftir J.S. Bach í Hallgrímskirkju kl. 17.

**Aðventutónleikar** Amnesty International verða í Neskirkju við Hagatorg og hefjast þeir kl. 20. Meðal þeirra sem fram koma á tónleikunum eru Kolbeinn Bjarnason flautuleikari, Auður Gunnarsdóttir sópran og Helga Þórarinsdóttir víóluleikari, Einnig koma fram KK og Ellen.

**Aðventutónleikar** Söngsveitarinnar Fílharmoníu verða haldnir í Langholtskirkju og hefjast kl. 20.

**Kór Bústaðakirkju** heldur sína árlegu og vinsælu Jólasveiflu í Bústaðakirkju í kvöld kl. 20.30. Að þessu sinni koma fram auk kórsins, listamennirnir í Tangósveit lýðveldisins, hinn eini sanni Egill Ólafsson og steppdansari tekur sporið með kór og hljómsveit.



# Mishá kerti geta skapað eldhættu

***Góð vísa er aldrei of oft kveðin og því full ástæða til þess að minna fólk á að fara varlega með eld fyrir jólin.***



Á flestum heimilum er kveikt á kertum fyrir og um jólin og því er mikilvægt að allir séu vel vakandi og hafi nokkur atriði í huga.

Aldrei ætti að hafa logandi kerti í mannlausum herbergjum og mikilvægt er að gæta þess hvar þau eru staðsett þó að þau séu í augnsýn. Kerti ættu ekki að vera höfð nálægt gluggum eða þar sem er dragsúgur og gæta verður þess að ekkert eldfimt sé nálægt þeim.

Kertastjakar ættu aldrei að vera úr eldfimum efnum og nauðsynlegt er að athuga að kertin séu vel stöðug í þeim.

Mishá kerti geta einnig skapað eldhættu ef þau eru höfð nálægt hvað öðru. Lægri kertin geta nefnilega brætt hliðar þeirra hærri svo að þau bogna og þá er voðinn vís.

- eö







www.svefn.is
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Svefn & heilsa

Madonna Ristorante
Jóla matseðill
Forréttir — Einrétta — þrírétta
Kremuð kúrbítssúp 1.090,-
með camenbert
eða
Grafinn lax með tartarasósu 1.090,-
og frisée salati
Aðalréttir
Ofnbakaður saltfiskur 3.390,- 4.390,-
með möndlu/ parmesano hjúp gratín
á " rataouille" beði
eða
Andabringu "magret" 3.390,- 4.390,-
með hunangssósu, mangósýrópi og
léttsteiktu skógargrænmeti
Desert
Blaut frönsk súkkulaðikaka 990,-
með mandarínuís og appelsínusósu
Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988

Snertilampar í úrvali
kr. 4.995.
Glóey ehf.
Ármúla 19 • s: 568 1620 • www.gloey.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

BBC WORLD SERVICE
91



Siðinn að kyssast undir mistilteini má rekja aftur til 17. aldar. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Missir hluta af töframætti við hvern koss

***Að kyssast undir mistilteini er ekki rík hefð hérlendis. En kannski er kominn tími til að innleiða hana, hver vill ekki fá góðan jólakoss?***

Sögu mistilteinsins má rekja aftur til Drúída sem voru uppi löngu áður en Kristur gladdi okkur með komu sinni. Drúídar voru prestar og töframenn af keltneskum uppruna. Þeir notuðu mikið mistiltein þar sem þeir trúðu að hann hefði lækningamátt og byggi yfir ákveðnum töfrum. Drúídarnir notuðu mistilteininn við ýmsar athafnir, meðal annars við mannfórnir, sem er nú ekki sérlega jólalegt. En þar sem mistilteinninn var notaður í þessum vafasama tilgangi var hann bannaður í kirkjum á Englandi í margar aldir.



Til er sögn sem vísar til mistilteinsins sem hinnar svikulu plöntu en það er í verki Shakespeares um Títus. Líklega er það vegna þess að hvít ber mistilteinsins geta haft eituráhrif sé þeirra neytt í miklu magni. Þá segir frá því að bændur á Englandi hafi gert jólaskreytingar úr mistilteini sem voru svo geymdar á milli ára. Þegar nýr mistilteinn var kominn í hús var kveikt í þeim gamla og hlaupið með hann um landareignina til að tryggja góða uppskeru. Mistilteinn yfir vöggu nýfædds barns átti að koma í veg fyrir að barninu yrði rænt og mistilteinn yfir inngöngudyrum átti að halda burtu illum öndum. Og vegna þess að mistilteinninn er sígrænn er hann oft tengdur frjósemi.

En hefðina að kyssast undir mistilteini má rekja aftur til 17. aldar. Siðurinn er upprunninn í York og var hugmyndin sú að karlmanni væri leyfilegt að stela kossi frá konu væru þau undir mistilteini. Tækist að stela kossinum var eitt ber tínt af plöntunni og þegar öll ber voru uppurin hafði mistilteinninn glatað töframætti sínum. Og þar sem við mannfólkið höfum gaman af ýmiss konar kossaflangsi er mistilteinninn nú orðinn sterk jólahefð og hluti af jólaskreytingum. Siðurinn að kyssast undir mistilteini lifir víða góðu lífi enda er alltaf gott að fá jólakoss.

*- jóa*

# Drekkur glögg og gerir kort

***Sölvi Björn Sigurðsson rithöfundur er kominn í jólaskap.***

„Ég er búinn að vera í jólaskapi að undanförnu, hvort sem það stafar af veðrinu, kuldanum eða einhverju öðru," segir Sölvi og er ekki vandræðum þegar hann er beðinn um að segja frá því hvað er jólalegt.

„Það er jólalegt þegar vinir manns sem búa víðsvegar um heiminn koma heim og maður fer að hitta þá og drekka jólabjór á einhverri kránni. Og að sitja heima hjá sér og skrifa jólakort, pakka inn gjöfum og drekka glögg. Svo er þurrkaða lambalærið hennar mömmu afar jólalegt." Þurrkaða lambalærið? „Hún leggur það í pækil og steikir yfir nótt, það er upprunnið í Færeyjum og rataði í gömlu matreiðslubókina hennar Helgu Sig. Þetta er eiginlega kjöt í harðfiskformi, og alltaf hægt að næla sér í væna flís af feitum sauð þegar maður er svangur."

En jólabókaflóðið? „Jólabókaflóðið er alltaf jólalegt hvort sem maður er með bók sjálfur eða ekki." Bókin Fljótandi heimur eftir Sölva hefur samt orðið til þess að hann tekur þátt í flóðinu af lífi og sál. En þurfa rithöfundar ekki að senda jólakort? „Ég sendi nú ekki jólakort öll jól en stundum ef ég hef tíma finnst mér mjög gaman að dunda við kortagerð og skrifa þá einhverja viðeigandi vitleysu inn í hvert kort. Einu sinni teiknaði ég íslensku sauðkindina upp og myndskreytti hana. Nú verða voða margir móðgaðir sem halda að ég sé að senda öllum nema þeim jólakort en ég er ekki nógu duglegur við þetta. En kannski maður láti sér þetta að kenningu verða og drífi sig heim að föndra jólakort." Og þegar ljósmyndarann bar að garði var Sölvi að föndra jólakortin svo vinir hans og vandamenn geta farið að hlakka til.



Sölvi Björn gerir stundum jólakort og íslenska sauðkindin finnst honum einkar jólaleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Mín skoðun

JÓLAKÖTTURINN TEKUR TIL MJÁLMS

# Svart og hrímað

Ég skil ekki fólk. Á þessum árstíma þegar allt er dimmt og mannfólk ætti líffræðilega að hjúfra sig niður í sængurnar sínar og reyna að sofa af sér veturinn eru allir á þönum að kafna úr stressi og áhyggjum. Þá er vissulega skynsamlegt að reyna að skreyta aðeins í kringum sig til að létta sér lífið og hengja allskonar kattaleikföng, eins og ljós í snúrum og gljáandi bolta, hingað og þangað um húsið, köttum og börnum að leik. Enda ekki vanþörf á, þótt kolniðamyrkrið úti sé stundum örlítið bryddað frostrósum til skrauts eru ljósin samt bráðnauðsynleg til að lifa þessa árstíð af.

Og þá taka sig allir til og hengja upp svart og hrímað jólaskraut. Ég bara spyr: er ekki nógu dimmt úti fyrir ykkur? Jólin hafa alltaf verið hátíð ljóss og friðar (og áttið reyndar líka, nammi namm) en svartir blúndudúkar eiga betur heima í jarðarför en á jólum. Finnst mér. Og svo er ekki nóg með að skrautið sé svart og hrímað heldur eru það ekki hreindýr eða fuglar eða hangikjöt (hangikjöt, namm) sem eru svört og hrímuð, sem hvort tveggja á sér stoð í raunveruleikanum heldur fiðrildi. Ég bara spyr: er þetta skraut kannski upprunnið á Flórída eða einhvers staðar í heitu löndunum þar sem er sumar allt árið og fólk þarf að búa sér til vetur með góðu eða illu til að geta haldið almennileg jól? Og hvað erum við þá að taka upp þennan bjánalega sið? Nóg var nú samt með feita rauða jólakallinn sem flækti sér saman við frændur mína og allskonar syngjandi snjókalla og fljúgandi hreindýr. Og núna fiðrildi. Fiðrildi! Svört fiðrildi með silfurhrímaða vængi sem aldrei gætu flogið fyrir drasli og sitja bjargarlaus og bíða þess að einhver komi og éti þau. Hmmm, éti þau … bíðið aðeins …já, eða bara lífið heil …



Á þessum stað í Belgíu árið 1914 átti sér stað eitt merkasta vopnahlé sögunnar.

# *Hættu að skjóta og sungu jólalög*

***Þeir lögðu niður vopnin, sungu sálma og skiptust á gjöfum.***




Í fyrra kom út mynd um jólanóttina 1914 sem var tilnefnd til óskarsverðlauna það sama ár.

Árið 1914 átti sér stað merkilegur atburður í mannkynssögunni. Um er að ræða vopnahlé sem átti sér stað í fyrri heimsstyrjöldinni, þegar franskir, breskir og þýskir hermenn lögðu óvænt frá sér vopnin til þess að fagna jólunum. Mennirnir höfðu þá barist við vesturvígstöðvarnar í rúmar tvær vikur, en á aðfangadagskvöld þetta ár, gerðu þeir hlé á bardaganum og hlé það stóð fram yfir áramót. Friðurinn hófst þegar Þjóðverjarnir byrjuðu að dreifa kertaljósum í kringum skotgrafir sínar en kertin settu þeir upp í tré umhverfis þær. Um leið og mennirnir dreifðu kertaljósunum sungu þeir jólasálma, meðal annars Stille Nacht, eða Heims um ból, og bresku hermennirnir brugðust við með því að syngja enska jólasálma á móti.

Eftir því sem leið á nóttina fóru „andstæðingarnir“ að kalla jólakveðjur hver til annars og fljótlega eftir það hittust þeir í svokölluðu „einskis manns landi“ þar sem þeir skiptust á gjöfum, meðal annars viskíi, sígarettum og ámóta munaðarvöru. Þögn lagðist yfir svæðið þessa nótt og kyrrðin varð til þess að mennirnir fengu tíma til að jarðsetja fallna félaga. Hermenn frá báðum löndunum tóku þátt í athöfninni og vottuðu hinum látnu virðingu sína, til dæmis með því að fara saman með 23. Davíðssálm: „Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta. Á grænum grundum lætur hann mig hvílast, leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta. Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns. Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt.“

Frumkvæði þessara herdeilda virðist hafa lagst vel í aðra hermenn því vopnin voru einnig lögð niður víðar á þessu svæði. Í bréfum sem þýskir og breskir hermenn sendu til ættingja sinna, segir meðal annars frá fótboltaleik milli hermannanna sem endaði 3-2 fyrir Þjóðverjum. Bréf þessi eru mjög verðmæt í dag en sem dæmi má nefna að söngvarinn Chris de Burgh greiddi heil 14.400 pund, eða tæpar tvær milljónir íslenskra króna, fyrir slíkt bréf á uppboði sem fór fram í London, 7. nóvember síðastliðinn. Í fyrra kom út kvikmynd um þessa helgu nótt. Myndin, sem er frönsk, heitir Joyeux Noël á frummálinu, eða Merry Christmas á ensku, og var hún tilnefnd sem besta erlenda myndin á Óskarsverðlaunahátíðinni 2005. *mhg@frettabladid.is*




**Veittu vellíðan** – gefðu bónda þínum gjafakort í NordicaSpa



Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf. Við bjóðum upp á fyrsta flokks snyrtimeðferðir fyrir andlit og líkama og ýmsar tegundir af nuddi.

Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort, einkaþjálfun eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja.

Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

**Opnunartímar:**
Mán-fimmtd 6:00–21:00 Laugd 9:00–18:00
Föstudaga 6:00–20:00 Sunnd 10:00–16:00

NORDICASPA

Nordica Hotel ■ Suðurlandsbraut 2 ■ Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is





BMW 325i, árg. '91 í mjög góðu ástandi. Skoðaður '07. Ný dekk á álfelgum, vetrardekk, cd/mp3 spilari, þjófavörn. Verð 260þ. Uppl. í s. 869 5521.



Toyota Corolla '00, ek. 107 þús., sumar&vetrardekk, smurbók. Verð 590 þús. S. 898 0131.



Bmw 530 Diesel árg. 2002 ek. 92 þ., leður, toppl. TV, Xenon, 193 hestöfl, eyðir 7.5 - 11 . 2.8 millj. stgr. Uppl. í s. 844 4386.



MMC Lancer Evolution 8 árg. 10.2004. innfl. nýr af umboði! Er í ábyrgð. Ekinn 30 þús. aðeins 2 eigendur. Mjög vel með farinn. Ný heilsásd. Áhvílandi 2.4 millj. Skipti ath. Uppl. í síma 863 0955.



GMC Sierra 2500 HD árg. '04, ek. 50 þús., 35" breyttur, sk. '07. Einn með öllu, lok og húðaður pallur. Áhv. 3.680 þús. Verð 3.990 þús. Uppl. í s. 820 4469.



Toyota Avensis 1600 árg. 05/98, beinsk., ek. 139 þús., sk. '07, nagladekk, nýtt lakk. Áhv. lán 359 þús. 12 þús. á mán. Verð áður 590 þús. Verð nú 500 þús. Uppl. í s. 820 4469.



Cadilac Escalade, árg. '02. Ek. 64 þ. 7 manna. Einn með algerlega öllu. Áhv. 3.900 þ. Ásett 4.990 þ. Skoða skipti t.d. VN. Uppl. í s. 820 4469.



BMW 325 I, árg. '03, ssk., sk. '07, leður, topplúga, samlitur og filmur. Lán 2.860 þús. Ás. verð 3.300 þús. Fæst á 150 þús+yfirtaka. S. 820 4469.



400 þús. út. Nissan Maxima árg. '00, ek. 90 þús., QX 2.0 v6. Áhvíladi 620 þús, ca. 22 þús.á mán. Leður, rafmagn í öllu, fjarstart, álfelgur, spoiler o.m.fl. Jón S. 823 3337



Toyota Avensis, skr. 12/03 ssk. álfelgur, sumar + vetrard. ek. 33 þús. km. Verð 2.050 þús. S: 8229233




Jeep jólatilboð! Lægra verð og bílinn heim í flugi með Icelandair. Nýlegir Grand Cherokee 2005-2007 með nýja útlitinu frá Kr. 2.450.000. Liberty jeppinn frá kr. 2.190.000 benzín eða dísel. Nýjir Jeep frá verksmiðju frá Kr. 2.790.000. Hagstæður dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.



Audi A6 2,7T Quattro '01 keyrður 58.000 km. Í topp standi og nýskoðaður. Er hlaðinn aukabúnaði. Verð 2.750 þ. S. 693 2920.

Til sölu góður Cherokee Limited '88, ek. 170 þús. Vel með farinn bíll. Uppl. í s. 840 4097.

Daihatsu '93 ek. 90 þús. Topp bíll, þarfnast viðgerðar að aftan. Uppl. í s. 869 1912.

## Lada Lux 1600

Árg.'94. Úr dánarbúi (í geymslu í ca. áratug). Ek. 78.500. Tjónaður. Tilboð. S. 847 8267.

Toyota LandCruiser 90 GX, ek. 253þ. ,árg. '97. 33" breyttur. Ssk. 7 manna. Uppl. í s. 660 2847.

Til sölu Mazda 323F '93. Ek. 188þ km, sk. '07. Aukahlutir: filmur, 15" felgur, raf.rúður ofl. Verð 200 þ. Hrannar S. 848 8582.

Toyota Corolla liftback 1600, ssk., árg. '98, ek. 108 þús. S. 554 3807 & 845 8993.

Hyundai Elantra árg. '95. Ek. 173þ. Bíll í toppstandi, fæst á 50þ. S. 865 2519.

Honda Shuttle 7 manna árg. '96. Toyota Corolla árg. '96 sk. '07. Uppl. í s. 866 0796 & 663 2524.

## 0-250 þús.

Tilboð! Nissan Almera '97, sk. '07, þarfnast smá lagfæringa. Verð 160 þús. S. 869 1010.

Hyundai Elantra árg. '98, biluð hedd pakkning. Ný nagladekk, verð 70 þús. S. 847 8588.

Pontiac Transporter árg. '92, sk. '07. Verð 200 þús. Toyota Corolla árg. '94 verð 130 þús. Nissan Terrano árg. '96, ek. 250þ. Dísel. Verð 400þ. Uppl. í s. 824 2926.

Volkswagen Vento, vínrauður, árgerð '93, ek. 150 þús. Ásett verð 100.000 kr. Uppl. veitir Ásgeir í s. 892 9129.

Fia Brava '99 á 200 þús. M.Benz E 190 60 þús. S. 663 4101.

Landrover Discoveri árg. '91 (94) V8i. Óbr. 5 gír. ek 160 þús., nýsk. Jólatilb 170 þús. Uppl. í s. 893 8027.

Ódýrir, góðir!! Renault Clio árg. '95, ek. 130 þ., v. 65 þ. F. Sierra ssk., sem nýr, v. 65 þ. S. 844 6609.

Til sölu MMC Galant árg. '92, 4x4, ný dekk, ný kúpling, nýtt í bremsum. Uppl. í s. 897 7164.

Volvo 740 GL 2,3 L, sk. '07, '87, ek. 170 þ. ssk., samlæs. í toppstandi. Verðtilboð. S. 663 4453.

Til sölu Suzuki Baleno '97, ekinn 128 þús. 5 gíra, ný tímareim, 2 nagladekk fylgja. S. 861 6578.

Tjónabíll til niðurrifs Subaru Impreza Wagon GX 2001 sjálfsk., ek.53þ. Uppl. í s. 896 7535.

Ford Econoline 150 árg 90 vsk bíll sk 07 vél 6 cil 4.9 efi grár 5 manna verð 120.000- 863-0149

## 250-499 þús.



Toyota Corolla '93, ek. 137 þús. 3 eigendur, mjög vel með farinn og vel við haldið. V. 290 þús. S. 823 5101 & 564 2964.



Til sölu Saab 900 árg. '96, ek. 168þ. Sumar+vetrardekk. Geisla+mp3 spilari. Fallegur bíll í toppstandi, frábær í veturinn. S. 892 2533.



Toyota Corolla '96, ekinn 109 þús. Mjög gott eintak, fallegur bíll. Verð 320 þús. S. 868 0092.



VW Polo, árgerð '98, skoðaður '07. Nýlega yfirfarinn. Sumar og vetrardekk. s. 896 0578.



Góður Renault Megane árg. '99 ekinn aðeins 59 þús. km er á glænýjum nelgdum vetardekkjum, sumardekk fylgja. Uppl. í síma 863 6091.



Suzuki Madura GV1200GL 1985, mjög sérstakt hjól, ek.32 þ. mílur, í topp standi, 120 hestöfl, V4. Drifskaft. V. 395.000. S. 867 1198.



Grand Cherokee Laredo 4.0 árg. '94, ek. 220 þús., ný skoðaður og endurnýaður. Nýtt púst, bensíndæla, vatnskassi og geimir. Fallegur og góður bíll. Uppl. í s. 847 6660.

## TIL SÖLU







Hraun BT
Sími: 565 2727
www.HraunBT.is




Bílabúð Benna ehf.
Vagnhöfða 23,
Sími: 590 2000
www.benni.is

## TIL SÖLU







HEKLA



**VOLVO FM 12 420**

Árgerð 2005, ekinn 92.000 km.
8X4 vörubíll, gott ástand.
VERÐ 7.1 millj. +vsk.



**SCANIA 113H 340**

Árgerð 1990 skrásettur 1994, ekinn 274.00 km. Dráttardíll með palli og vagn frá Ísvögnum árgerð 1992 með loftpúðafjöðrun og búkka VERÐ 3.1 millj. settið +vsk.



**CATERPILLAR 322 BL**

Árgerð 1998, ekinn 11.000 tíma.
Nýr undirvagn, hraðtengi.
VERÐ 4.9 millj. +vsk.



**VOLVO FH 12 460**

Árgerð 2001, ekinn 447.000 km.
6X4 kassabíll með kæli, og á loftfjörðum.
VERÐ 4.9 millj. +vsk.



**VOLVO EC 240B LC**

Árgerð 2005, ekinn 2700 tíma.
Skófla og hraðtengi, vél í mjög góðu ástandi.
VERÐ 10.5 millj +vsk.



**CATERPILLAR 442 D**

Árgerð 2005, ekinn 2600 tíma.
3 skóflur, gaflar og hraðtengi.
VERÐ 7 millj. +vsk.



**CATERPILLAR 330 CL**

Árgerð 2003, ekinn 7500 tíma.
38 tonna beltavél með hraðtengi og skóflu. Vél í góðu ástandi.
VERÐ 12.9 millj. +vsk.

**HEKLA**
Klettagörðum 8-10
www.hekla.is/velasvid
Sölumaður 825-5736










Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

**Englaljós til þín 908 5050**
Andleg leiðsögn, tarot, fyrirbænir. Er við alla daga frá 16-02. Lára spámiðill.

## Rafvirkjun

**Alhliða loftnetaþjónusta**
Tölvu/síma/loftnets- lagnir og tengingar. Loftnet og símar ehf. Sævar S. 694 1808.

## Önnur þjónusta

**Pípulagnir**
**Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.**

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting




## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn



Hilluættarmót til sölu notað, mjög vel með farið hillu og skápakerfi af Kinnarps ættinni til sölu. Samastendur af 8 lágum skápum, 20 skápaeiningum og 8 bókahillum. Tilboð óskast. Upplýsingar í s. 899 4462.

**Beiki borðstofuhúsgögn**
Borð, 8 stólar og þreföld vegg eining. Uppl. í s 567 3435 & 866 0853

Antík skenkur og stækkanlegt borðstofuborð sem þarfnast lagfæringar til sölu. S. 699 4130.

Til sölu vel með farið borðstofuborð stækkanlegt og 6 stólar úr Mahogony, hvítar leðursessur, er úr Öndvegi. Verð aðeins 50.000. Uppl. í s. 896 4078.

**Glæsileg húsgögn**
Glæsileg og mjög vönduð húsgögn og heimilistæki til sölu vegna flutninga. Creta leðursófasett frá Öndvegi, leðursófar frá Öndvegi, Bastsófasett frá Habitat, svefnsófi og barnarúm frá Ikea, borð frá Tekk company, stólar og borðstofuborð frá Habitat, skápur fyrir hljómfluttningstæki frá Tekk company, Sony sjónvörp, Burstað stál Whirpool kæli og frystiskápur. S. 898 1133.

Fallegt borðstofusett, svart glerborð/6 stólar m/leðurákl, selst á 60 þús. Sími 821 6222.

## Antík

Þurrkari amerískur General Electric þurrkari, tekur 10 kíló er til sölu. Upplýsingar í síma 565 1315 & 824 4712.

## Heimilistæki




Til sölu uppþvottavél, ísskápur, frystiskápur, borð og stólar, gínur og bækur. S. 894 6633.

Electrolux 1400 sn tölvustýrð þvottavél til sölu. Þriggja ára, lítið notuð, kostar ný 65 þús. fæst á 40 þús. Hafið samband í 694 4714.

Electrolux ísskápur, 2 m, 300L kæliskápur og 85 l frystir, 5 ára. í toppstandi. Verð 30 þús. S. 694 4714.

## Gefins

Tveir 2ja sæta amerískir sófar fást gefins gegn því að verða sóttir. Uppl. í s. 659 6634, Brynja.

## Dýrahald



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Upplýsingar í s. 661 6892.



Franskir Mastiff hvolpar til sölu tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 662 2700.



**Dýrabær**
Blikkólar og taumar fyrir hunda. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9 Kóp.



Pointer 2ja mán. gullfallegur, háættaður, HRFÍ ættbók. Örmerktur og bólusettur. S. 897 5005.



**Dobermann**
Hreinræktaðir Dobermann hvolpar til sölu. Uppl. í síma 866 7214.

**Ertu að fara í frí?**
Þarftu að koma hundinum fyrir? Mundu að panta tímanlega. K-9 Hundahótel s. 421 0050 & 896 3266.

Hunda og Dýrahótelið Leirum Vinsamlega athugið að panta tímanlega fyrir gæludýrin yfir Jól og áramót. Besta aðstaðan fyrir; hunda, ketti, fugla, og önnur gæludýr.Skoðið á www.hundahotel.is eða fáið uppl. í s. 566 8366 & 698 4967. Áratuga reynsla.

**Óska eftir**
Óska eftir Labrador eða Shcaffer hvolpi eða smáhundi, ódýrt eða gefins. Má vera blandaður. Uppl. í s. 869 6817.

Fræðslufundur um flugeldahræðslu hjá hundum 14. des kl.20. Skráning í nr 897 1525 eða sif@dyrin.is Sif Traustadóttir dýralæknir.

**Hvolpur/hundur óskast!**
Hvolpur eða hundur óskast á gott heimili, gefins eða til sölu. Þarf að vera barngóður. Erum vön hundum og höfum góða aðstöðu. Allt kemur til greina. Upplýsingar sendist á stekkjastaur@yahoo.com

**Tilvalin jólagjöf**
Ljós Chihuahua strákur til sölu, með ættbók og heilsufarsskoðaður, tilbúinn til afhendingar. Uppl. í s. 699 2059 & 565 4107.

Fallegri 3 ára læðu vantar gott heimili. Uppl. í s. 690 4099.

**Labrador hvolpar**
Er með 5 yndislega Labrador hvolpa til sölu. Uppl. í s. 691 7306.

American Cocker Spaniel hvolpur til sölu. Ættbókarfærður hjá HRFÍ, tilbúinn til afhendingar. Uppl. í s. 694 1490.

Til sölu íslenskur hvolpur, hundur. Með ættbók frá HRFÍ. Gott verð. Uppl.í síma 421 6940 og 698 0518

## Ýmislegt

Tek að mér heimilisþrif. Uppl. í síma 847 7518.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn







## Hestamennska

**Eik**
Eik í hestastíur og veggjaklæðningar. Næsta sending í janúar. Uppl. í s. 691 8842.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Góð sérhæð í einbýli í Fossvogsdal til leigu jan-sept. 2007, mögul. með innbúi. Fjögur svefniherbergi. S. 863 8333.

Til leigu herbergi og stúdíóíbúðir í Hafnarfirði og Sandgerði. Sími 660 6585.

3ja herb. hæð í 104 til leigu. 115 þús. Er laus. S. 821 5226.

Nýleg og falleg 2-3 herb. íbúð í 110 Rvk, getur losnað bráðlega. Verð 95. þús á mán. Tilvalin fyrir par. S. 697 8166, Elmar.

Herbergi til leigu nálægt Hlemmi fyrir reyklausa. Aðgangur að baði, eldhúsi og þvottahúsi. Sími 562 4114.

Laus

3ja til 4 herb. íbúð í 105 Rvk. Reyklaus. Ísskápur fylgir. S. 820 6738.

**Guesthouse**
Herbergi frá 40 þús. pr. mán. Uppl. í s. 869 3531

Herbergi á svæði 109 til leigu, með ísskáp og sjónvarpi. Leiga 25þ. á mán. Einn mán. fyrirfr. Uppl. í s. 895 8601.

Til leigu frá 1. jan. 3ja herb. íbúð í Berjarima með bílskýli. Langtímaleiga. Uppl. í s. 898 1333 e.kl. 14.

4ra -5 herbergja raðhús til leigu í Mosfellsbæ. Laust strax, húsgögn geta fylgt. Uppl. í s. 562 2540 & 663 4733.

Forstofu herbergi í 101 til leigu, aðgangur að wc og sturtu. S. 551 2803.

3hb. íbúð (87fm) í Skerjafirði (101) til leigu í amk. ár. 105 þús. Uppl. 6980104.

## Húsnæði óskast

Óska eftir góðri 3-4 herb. íbúð í vesturbænum, langtíma leiga. Skilvísar greiðslur og reglusemi heitið. Uppl. í s. 820 0688.

Hjón á besta aldri bráðvantar íbúð sem fyrst. Góðri umgengni heitið. Öruggar greiðslur. Einungis langtímaleiga. Uppl. í s. 845 8646.

47 ára konu bráðvantar litla íbúð, skilvísum greiðslum heitið. Ræð við 45þ. á mán. Er í fastri vinnu. Uppl. í s. 845 0480 e. kl 17.

23ja ára stúlka með lítið barn óskar eftir 2ja herb. íbúð í R.vík. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 80 þús. S. 697 9971 & 567 5651.

Óska eftir herbergi í Reykjavík. Uppl. í s. 846 2352.

Óska eftir að taka á leigu 2ja herb. íbúð í R.vík. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 869 1404.

Smiður með 2 börn óskar eftir 3ja -4ra herbergja íbúð í Hlíðunum eða nágrenni. Uppl. í s. 847 1481.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu gott skrifstofuherbergi Akrand 4 Kóp stærð 18,4m2. Upplýsingar í síma 660 6600 eða ksv@vortex.is

Til leigu 126 fm. iðnaðarbil í Hafarfirði leiguverð 1.000 kr. pr fm. Sími 660 6585.

## Geymsluhúsnæði










allt atvinna
Alla sunnudaga

allt matur
Alla föstudaga

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri en 25 ára.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Viljum bæta við okkkur hjálparkokki.**
**Helst með reynslu úr veitingahúsar eldhúsi og bakstri. Kröfur: samviskusemi og stundvísi, heiðarleiki og vinnusemi, þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Umsóknir á www.kringlukrain.is eða í s. 863 8900.**

**Vaktstjóri**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra í Select Smáranum. Viðkomandi hefur umsjón með vaktinni og sér m.a. um uppgjör.**
**Nánari upplýsingar fást í síma 444 3000. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.**

**Atvinna atvinna**
**Óskum eftir að ráða hresst fólk í fullt starf á kassa eða í metravöru yfir hátíðarnar eða til lengri tíma.**
**Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra í Skeifunni. Sími 820 8003 Rúmfatalagerinn.**



**Sölufólk óskast**
Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir Blindrafélagið. Góð sölulaun í boði. Upplýsingar á skrifstofu Blindrafélagsins frá kl. 9-16, Hamrahlíð 17, 105 Rvk. S. 525 0000, tölvupóstur: blind@blind.is

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Leitum einnig að rekstrarstjóra, lágmarksaldur 20 ára.**
**Áhugasamir geta lagt inn umsókn inn á www.nings.is undir atvinnuumsóknir eða í símum 822 8832 eða 822 8835.**
**Við tökum vel á móti þér.**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf, um er að ræða vaktavinnu. Ekki yngri enn 23 ára. Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8840 eða á www.nings.is**

**Meiraprófsbílstjórar**
**Vífilfell hf óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra og aðstoðarmann á bíl.**
**Hægt er að sækja um á heimasíðunni vifilfell.is auk þess liggja umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu Vífilfells Stuðlahálsi, Nánari upplýsigar gefnar í síma 525 2500.**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Hvar í veröldinni sem er!!**
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

**Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?**
Tímaritaútgáfan Birtíngur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldsölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Aupair óskast rétt fyrir utan Osló til að gæta 2ja stáka, 2 og 4 ára og aðstoða aðeins við heimilistörf að auki, frá janúar 2007. Laun 3500 norskar kr. Frítt húsnæði og fæði. Uppl. sendist á annforup@start.no & í s. +47 9718 0608.

Óskað er eftir starfsfólki í sal á lítinn kósý veitingastað í Hafnarfirði. 80-100% starf. Uppl. í s. 822 5229 frá kl. 9-11.30 og 14-17.

Vantar duglega einstaklinga í fullt starf á aldrinum 20-27 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Uppl. í s. 860 2971 eða á gardlist.is

**Bakarí í 109 og 200**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí. Vinnutími hálfan daginn og aðra hvora helgi. Ekki yngri en 25 ára. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Vantar þig vinnu? LR heilsu og fegrunarkerfi. S. 891 6264

## Atvinna óskast

Tek að mér þrif í heimahúsum. Upplýsingar í síma 616 1016.

43 ára kk. óskar eftir vinnu strax, helst við akstur, er með meirapróf, get byrjað strax. Uppl. í síma 893 8083.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál















Dodge Stealth, Árg. 1993. Keyrður 100 þús. míl. Í góðu lagi. Uppl. í s. 823 3778.



**Símaspjall 908 2020. 898 6856 visa/euro.**
Ertu einmanna á nóttinni? Hringdu í mig ég vil vera vinkona í þín í heitu símaspjalli. Opið alla sólahringinn. Systa, Birta og Lilja.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Jólatilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

Óska eftir veði sem svarar 2 milljónum. Svar bersist Fbl, Skaftahlíð 24, merkt „ veð“.

**RE/MAX LIND** S: 520 9500

**Sími 897 0798 – www.remax.is – skuli@remax.is**




Frum

**Einstakt tækifæri fyrir atvinnurekstur.** Langar þig að opna öðruvísi veitingahús, listagallerý, kaffihús, skemmtistað, ferðamannaþjónustu, veislusal eða annan rekstur á einum athyglisverðasta stað í Reykjavík? Árnesið er glæsilegt skip sem liggur við gömlu höfnina í Reykjavík og hefur um gott skeið verið starfrækt sem veitingahús og náð góðum árangri með ferðamenn. Í því má finna karíókí, dvd spilara, flatskjá, heimabíó, 2 bari svo eitthvað sé nefnt. Þetta er tækifæri með alskyns möguleikum fyrir hendi. Hringdu núna og kannaðu málið betur.

**Allar nánari upplýsingar veitir Skúli í síma 897-0-798**



**ÞÓRARINN JÓNSSON hdl.**
**Löggiltur fasteigna- og skipasali**



**SKÚLI ÖRN SIGURÐSSON**
**Sölufulltrúi**
**S: 897-0798**






**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

**allt hús**
**Alla mánudaga**

# Opið hús í dag frá kl 14-15
## Hrafnhólum 19 - 800 Selfossi




Frum

Glæsilegt nýtt parhús í Suðurbyggðinni á Selfossi, rétt við nýjan grunnskóla og leikskóla. Húsið er 4ra herbergja 162m2 og skilast fullbúið að utan, þökulögð lóð og að innan er eignin fullmáluð og með fullfrágengnu rafmagni. Skemmtilegt stig til kaupa.

**OPIÐ HÚS Á LAUGARDAGINN 9. 12. 2006**
**FRÁ KL: 14-15**

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR
Austurvegi 38
Sími 482 4800
www.arborgir.is

*Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl. - löggiltur fasteignasali*



**allt**heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga


Kópavogsbær

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

## Dalvegur 32. Breytt skipulag.

### A.
### Breytt aðalskipulag.

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan nær til lóðarinnar nr. 32 við Dalveg og í henni felst að opið svæði til sérstakra nota (gróðrarstöð) er breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Á breytingarsvæðinu sem er um 18.700 m² að flatarmáli eru áætlaðir liðlega 9.300 m² atvinnuhúsnæði. Nýtingarhlutfall er því áætlað 0,5.Skipulagssvæðið afmarkast af Reykjanesbraut til suðurs, Nýbýlavegi til austurs, Dalvegi til norðurs og Kópavogslæk til vesturs. Aðkoma að lóðinni verður frá Dalvegi og af aðrein Reykjanesbrautar af Nýbýlavegi. Breytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í ágúst 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

### B.
### Breyting á svæðisskipulagi.

Í ofangreindri tillögu að breyttu aðalskipulagi að Dalvegi 32 felst jafnframt að gera þarf óverulega breytingu á staðfestu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 fyrir "Kópavog vestur". Tillagan nær til lóðarinnar nr. 32 við Dalveg og í henni felst að óbyggt svæði er breytt í blandaða byggð. Á breytingarsvæðinu sem er um 18.700 m² að flatarmáli eru áætlaðir liðlega 9.300 m² atvinnuhúsnæði. Nýtingarhlutfall er því áætlað 0,5. Skipulagssvæðið afmarkast af Reykjanesbraut til suðurs, Nýbýlavegi til austurs, Dalvegi til norðurs og Kópavogslæk til vesturs. Aðkoma að lóðinni verður frá Dalvegi og af aðrein Reykjanesbrautar af Nýbýlavegi/ Breiðholtsbraut. Í samræmi við 14. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Nánar vísast til kynningargagna.

### C.
### Tillaga að deiliskipulagi.
### Dalvegur 32. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist tillaga að breyttu deiliskipulagi Dalvegar 32. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði í stað gróðrarstöðvar. Miðað er við að byggð verði einnar hæðar bygging með kjallara, allt að um 9300m². Aðkoma að lóðinni verður þrískipt, frá Dalvegi á móts við hús nr.10 við Skógarhjalla og nr. 23 við Trönuhjalla (hægri beygjur inn og út), á lóðarmörkum Dalvegar 30 og 32 og af rampa af Nýbýlavegi/Breiðholtsbraut inn á Reykjanesbraut.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerðdags. 18. ágúst 2006.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 12. desember 2006 til 9. janúar 2007. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 16. janúar 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**




# Draumahús 530 1800




Frum

## Suðurhella 6 - 221 Hfj

**Frábær fjárfestingakostur***

– **109 fm** iðnaðarbil með 7,5 m lofthæð, möguleiki á 109 fm millilofti þannig að heildarfermetrafjöldi verður 218 fm. **Verð aðeins 16.900.000**

– **218 fm** iðnaðarbil með 7,5 m lofthæð, möguleiki á 218 fm millilofti þannig að heildarfermetrafjöldi verður 436 fm. **Verð aðeins 27.900.000**

Húsið er steypt og afhendist fullbúið að utan með malbikuðu plani og tilbúið til innréttinga að innan. Stórar innkeyrsludyr.

***Afhending í júní 2007. Traustur byggingaaðili. Nánari upplýsingar veitir Þórarinn í síma 824-6704 eða á skrifstofu Draumahúsa 530-1811***

*(Fermetraverð 87.000 kr pr. fm miðað við að kaupandi setji sjálfur milliloft.)

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is


TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX®
SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS
10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi
Af því það er ennþá hægt !
Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
Fullur stuðningur í einu og öllu.
RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
RE/MAX notar nýjustu tækni.
RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
RE/MAX fyrir alla landsmenn.
Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.
RE/MAX®
ÍSLAND
remax@remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
www.remax.is

# TOPP 5 : JUDI DENCH

Judith Olivia Dench, eða lafði Judi Dench, er af mörgum talin besta breska leikkona eftirstríðsáranna. Hún hefur að mestu starfað í leikhúsi en hefur einnig sett mark sitt á kvikmyndaheiminn. Virðist engu skipta um hvers konar mynd er að ræða, Judi Dench ræður við allt. Hvort heldur sem er gamanleik eða alvarlegt drama.
Hún hefur margoft unnið til verðlauna fyrir afburðaleik en kannski er hún best þekkt í heiminum nú fyrir túlkun sína á M í kvikmyndunum um James Bond.

1. James Bond: Judi Dench tók við hlutverki M árið 1995 í myndinni Goldeney og hefur sannarlega slegið í gegn. Hún er orðin fastur hluti í tilveru James Bond-aðdáenda og hefur staðið sig vel í öllum myndunum sem eru eftirtaldar: Golden Eye (1995), Tomorrow Never Dies (1997), The World Is Not Enough (1999). Die Another Day (2002) og Casino Royale (2006).

2. Mrs. Brown (1997). Hér segir frá sögu um Viktoríu Englandsdrottningu og sambandi hennar við þjón sinn, John Brown, sem er leikinn af Billy Connolly. Myndin var ætluð til sýninga í sjónvarpi en var kippt yfir í kvikmyndahús af Miramax og hlaut óvæntar vinsældir.
Judi Dench var tilnefnd til óskarsverðlauna sem besta leikkonan fyrir túlkun sína á drottningunni sem hlaut uppnefnið Frú Brown vegna náins sambands síns við þjóninn góða. Þá hlaut hún Bafta-verðlaunin fyrir frammistöðu sína.


Þótt myndin sé ekki á listanum var túlkun Judi Dench á Lady Catherine de Bourgh í myndinni Pride and Prejudice óviðjafnanleg.

3. Shakespeare in Love (1998). Dench er sjaldan í aðalhlutverkum í kvikmyndum en hefur samt sem áður vakið verðskuldaða athygli í hvert sinn sem hún tekur að sér aukahlutverk. Það sýnir sig berlega í þessari kvikmynd þar sem hún leikur Elísabetu I Englandsdrottningu af tærri snilld. Þó hún hafi einungis birst á skjánum í nokkrar mínútur hlaut hún óskarsverðlaun fyrir besta leik í aukahlutverki.

4.Iris (2001). Hér segir frá sögu breska rithöfundarins Iris Murdoch og sambandi hennar við John Bayley. Dench leikur Iris á eldri árum þar sem hún þarf að takast á við þá staðreynd að hún sé með Alzheimer. Hina ungu Iris leikur Kate Winslet.

5. Mrs Henderson Presents (2005). Judi Dench var tilnefnd til óskarsverðlauna og Golden Globe-verðlauna fyrir túlkun sína á Lauru Henderson, sérviturri sjötíu ára ekkju sem festir á fjórða áratugnum kaup á Vindmyllu-leikhúsinu í London. Á gamansaman hátt segir frá því að Frú Henderson tekur á rekstrartapi leikhússins með því að bjóða upp á nokkurs konar nektarsýningar líkt og í Moulin Rouge í París. Þetta þótti alls ekki til fyrirmyndar í Bretlandi.

## VISSIR ÞÚ...

... að Artemisarhofið er eitt þeirra? Musteri Artemisar var reist um 350 fyrir Krist í Efesus Tyrklandi, en Gotar lögðu það í rúst 262 eftir Krist.

... að Kólossos á Ródos er annað þeirra? Bronsstyttan af Helíósi (sumir segja Apollón) var 35 m há og stóð hún klofvega fyrir hafnarmynninu á Ródos. Hún var smíðuð 292-280 fyrir Krist en hrundi í jarðskjálfta 224 fyrir Krist.

... að Grafhýsi Mausolusar er þriðja undur veraldar? Grafhýsi Mausolusar konungs af Karíu stóð í Halikarnassos, þar sem nú er Bodrum, Tyrklandi. Það er byggt árið 325 fyrir Krist.

... að Vitinn í Alexandríu er fjórða undur veraldar? Viti var fyrst reistur á eynni Faros, skammt fyrir utan Alexandríu, um 270 fyrir Krist. Hann var 122 m hár. Vitinn hrundi svo í jarðskjálfta árið 1375.

... að Hengigarðurinn í Babýlon er það fimmta? Engar menjar eru lengur til um hengigarða Sammuramat drottningar í Babýlón, þar sem nú er Írak.

... að Seifsstyttan er sjötta undur veraldar? Árið 450 fyrir Krist mótaði Feidías 12 m háa styttu af Seifi úr marmara, fílabeini og gulli. Hún stóð fyrst í Ólympíu, Grikklandi, en var svo flutt til Istanbúl þar sem hún eyðilagðist.

... að Pýramídarnir í Giza eru sjöundu af undrum veraldar? Pýramídarnir voru reistir á tímum þriggja faraóa af fjórðu konungsættinni í Egyptalandi. Pýramídinn mikli var byggður um 2550 fyrir Krist og var hann þá 146,6 m hár.

... að einnig eru til sjö undur nútímans?

... að Empire state-byggingin er eitt af undrum nútímans? Þegar þessi 448 m hái skýjakljúfur var opnaður árið 1931 var hann hæsta bygging veraldar.

... að Itaipú stíflan er önnur af sjö undrum nútímans? Stíflur og garðar Itaipú vatnsorkuversins á landamærum Brasilíu og Paragvæ eru alls 7,7 km löng.

... að CN-turninn er þriðja af sjö undrum nútímans? Lokið var við þennan hæsta turn veraldar í Toronto í Kanada árið 1975 en hann er 553,34 m hár.

... að Panamaskurðurinn er einnig eitt af sjö undrum nútímans? 82 km langur skurðurinn tengir Karíbahafið og Kyrrahafið en umferð var hleypt á hann í ágúst 1914. Talið er að 27 þúsund verkamenn hafi dáið við gerð hans.

... að Ermarsundsgöngin eru talin til sjö undra nútímans? Tvenn 50 km löng jarðlestargöng undir Ermarsundið, hvor 7,6 m á breidd, voru tekin í notkun árið 1994.

... að flóðvarnir við Norðursjó eru talin hluti af sjö undrum nútímans? Framkvæmdir við þær hófust 1923.

... að Golden Gate-brúin er sjöunda í röðinni yfir sjö undur nútímans? Eitt sinn var þessi hengibrú sú lengsta og hæsta í heiminum.




Síldarævintýri

Nú er úrvalið okkar af síld og síldarréttum ævintýri líkast. Komdu og bragðaðu á gómsætri jólasíld úr gæðahráefni.

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

Hamraborg 14a • Skipholti 70 • Höfðabakka 1 • Vegamótum (Nesvegi 100) Sundlaugavegi 12 • Háaleitisbraut 58-60

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# AF HVERJU ÞYKJA TÖLURNAR 7, 9 OG 13 SÉRSTAKLEGA KYNNGIMAGNAÐAR?

Tölurnar þrjár, sjö, níu og þrettán, eru sérstaklega magnaðar tölur í þjóðtrúnni og því ekki tilviljun að þær eru til dæmis þuldar upp þegar bankað er í við.

**Sjö er tala alheimsins**

Talan sjö hefur einnig lengi verið talin sérstök heillatala. Hún er samansett úr tölunni þremur, tölu heilagrar þrenningar og tákni himinsins, og fjórum, tölunni sem myndar ferninginn og er tákn jarðarinnar. Saman mynda þær tölu alheimsins, himins og jarðar, töluna sjö. Samkvæmt gömlum hugmyndum býr sjö yfir óvenjulegum töframætti og í tölunni er sjálf lífshrynjandin fólgin.

**Tunglmánuðurinn er margfeldi af sjö**

Í hverjum fjórðungi tunglmánaðarins eru um sjö dagar. Súmerar, sem byggðu Mesópótamíu á því svæði sem nú heitir Írak, lögðu grunninn að tímatalsútreikningum sínum út frá gangi himintunglanna, 2000-3000 árum f. Kr. Þá reiknuðu þeir með því að hver tunglmánuður skiptist í um 4 x 7 daga, samtals um 28 daga. Þeir tóku líka eftir því að tíðahringur konunnar er um það bil 28 dagar, jafnlangur tunglmánuðinum. Þar sem konan getur aðeins orðið barnshafandi á ákveðnu tímabili var tíðahringurinn álitinn afar mikilvægur.

Talan sjö hefur einnig stærðfræðilega eiginleika sem sennilega hafa ýtt undir sérstöðu hennar. Séu allar tölur frá einum upp í sjö lagðar saman, það er 1 + 2 + 3 + 4 + 5 + 6 + 7, verður útkoman 28, dagafjöldi tunglmánaðarins og tíðahringsins.

**Kraftur bölvunar endist í sjö ár**

Þessar líffræðilegu og stjarnfræðilegu staðreyndir gáfu hugmyndum dulspekinga um lífshrynjandina byr undir báða vængi. Þá komu fram kenningar um að mannslíkaminn endurnýist á sjö ára fresti og að líf mannsins vari nokkurn veginn í 7 x 10 ár. Síðar skutu þessar hugmyndir upp kolli í þjóðtrúnni, til dæmis að það boði sjö ára ógæfu að brjóta spegil og að sitji ógift stúlka við borð milli tveggja bræðra giftist hún ekki fyrr en eftir sjö ár. Kraftur þeirrar bölvunar eða ógæfu sem dynur yfir menn endist ekki lengur en eitt sjö ára tímabil í lífshrynjandi mannsins.

**Sjö er tala Biblíunnar**

Langalgengasta talan í Biblíunni er sjö og hún kemur þar fyrir í um það bil 300 atriðum. Segja má að hvarvetna í kristnum löndum, þar sem Biblían hefur gegnt veigamiklu hlutverki, finnist það viðhorf til tölunnar sjö að hún sé heilög tala og um leið happatala.

**Í sjöunda himni**

Hugmyndin um sjö himna kemur fram í ýmsum fornum heimsmyndum og þeim sem eru í sjöunda himni líður sérstaklega vel, eru alsælir. Þá má nefna að sjöarma kertastjaki er helgigripur og tákn Gyðinga frá fornu fari, í faðirvorinu eru sjö bænir, sjö tónar í tónstiganum og sjö litir í litrófinu og þar af leiðandi í regnboganum. Höfuðdyggðir í kristinni siðfræði eru sjö, dauðasyndirnar eru einnig sjö og undur veraldar eru sjö. Sjö er líka gegnumgangandi tala í bókmenntum frá fornu fari og einnig í þjóðsögum og ævintýrum.

**Meðgöngutími kvenna er níu mánuðir**

Talan níu er almennt álitin heillatala og kemur víða við sögu í þjóðtrú. Eins og fyrr segir fæst hún



Í hverjum fjórðungi tunglmánaðarins eru um sjö dagar.

með því að margfalda töluna þrír með sjálfri sér og er þess vegna sérstaklega áhrifamikil. En ýmislegt fleira skiptir máli hvað töluna níu varðar. Veigamikið atriði er að meðgöngutími kvenna er níu mánuðir. Þar að auki hefur talan níu stærðfræðilega sérstöðu. Það er alveg sama með hvaða tölu hún er margfölduð, þversumma útkomunnar, eða þversumman af þversummunni, verður alltaf níu. Tökum nokkur dæmi: 9 x 7 = 63 (6 + 3 = 9), 9 x 951 = 5319 (5 + 3 + 1 + 9 = 18 og 1 + 8 = 9 ), 9 x 10832 = 97488 (þversumman er 36 og þversumman af 36 er 9). Talan níu er sú eina sem býr yfir þessum eiginleika.

Á heiðnum tíma var talan níu álitin heilög tala og tengdist helgisiðum. Hún virðist hafa haft viðlíka trúarlega þýðingu í heiðni og talan sjö öðlaðist í kristinni trú.

**Óheillatalan þrettán**

Flestir þekkja þá hjátrú að telja töluna þrettán óheillatölu. Sú trú að þessi tala sé sérstök, annaðhvort hættuleg eða heilög, er talin mjög gömul. Hugsanlega má rekja ótrúna á töluna þrettán allt aftur til Súmera.

Í talnakerfi Súmera var lagður grunnur að svokölluðu sextugakerfi sem hefur grunntöluna 60. Súmerar reiknuðu út frá gangi himintunglanna að árið væri 365 dagar og fjórðungur að degi að auki. Út frá stjörnuathugunum sínum skiptu þeir árinu í tólf mánuði, gáfu þeim guðanöfn og hver mánuður fékk að auki úthlutað einu stjörnumerki úr dýrahringnum.

Í þessum útreikningum skipti talan þrettán verulegu máli, hún var sérstök aukatala til leiðrétta þá skekkju sem varð þegar gengið var út frá grunneiningum í sextugakerfinu. Þekking á þessu sviði barst svo frá hinum fornu menningarsvæðum fyrir botni Miðjarðarhafsins yfir í gríska og rómverska menningu og þaðan áfram til germanskra þjóða.

**Sérstaða tölunnar þrettán**

Sérstaða tölunnar þrettán innan sextugakerfisins er einfaldlega sú að sé farið út fyrir grunntöluna tólf (eina af grunneiningum sextugakerfisins), fæst talan þrettán, það er 12 + 1 eru 13. Þetta þarf ekki endilega að hafa í för með sér að talan þrettán öðlist neikvæða merkingu, það gerir hana hins vegar sérstaka og þar af leiðandi heilaga. Það sem er heilagt er á vissan hátt hættulegt og á því hvílir bannhelgi. Sú bannhelgi og ótti sem enn fylgir tölunni þrettán gæti átt rót sína að rekja til þessara hugmynda.

*Símon Jón Jóhannsson, þjóðfræðingur*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hvaða nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15–20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvaðan kemur hjátrúin að banka í við?


TÖLVUVERSLUN með þjónustuna í lagi

ASUS Sarotech PHILIPS OCZ TRENDNET

Abigs Video Flakkari

– alhliða gagnamiðlari sem einfaldar tilveruna

- Tengdu Flakkarann beint í sjónvarpið
- Horfðu á kvikmyndir og þætti
- Skoðaðu stafrænu myndirnar
- Sendu tónlistina beint í hljómtækin
- Vistaðu stafræn gögn á Flakkaranum
- Stjórnaðu Flakkaranum með frábærri fjarstýringu



**abigs** gagnast vel sem harðdiskflakkari og tengist beint í USB tengi tölvunnar

**Auðveldur í notkun**

Spilar alla mögulega staðla: AVI, DIVX, XVID, MP3, ISO, MPG, JPEG

Fylgihlutir: Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem hlaðin er af möguleikum.

Sarotech

| | |
|---|---|
| Video Flakkari | kr. 15.990 |
| með 250GB hörðum disk | kr. 24.990 |
| með 320GB hörðum disk | kr. 27.990 |

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS



Nýtt kortatímabil

Útivistar- og skíðafatnaður á dömur og herra

REGATTA GREAT OUTDOORS

Nýjar barnavörur -50% tilboð



Opið
Laugard. 11 – 18
Sunnud. 13 – 17
Virka daga 10 - 18

ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

# Bestu & verstu bókartitlarnir

Tekið getur rithöfunda marga andvökunóttina að finna titil á verk sitt. Sem er bæði lýsandi og vekur eftirvæntingu meðal væntanlegra lesenda. Selur. Eins og með önnur mannanna verk tekst þeim misvel til. ***Jakob Bjarnar Grétarsson*** hafði samband við valinkunnan hóp álitsgjafa sem skoðuðu Bókatíðindi 2006 með það fyrir augum að velja bestu og verstu bókatitlana.

Helsta heimild álitsgjafa er Bókatíðindi og verður þar eilítið til að rugla kúrsinn það að setja inn endurútgáfur og kiljur inn á milli bóka sem eru að koma út núna. En, sé litið yfir titla ársins 2006 kemur fyrst upp í hugann að höfundar og útgefendur hafi farið offari í stuðlun eins og sjá má þegar skoðaðar eru til dæmis bara þær bækur sem byrja á eff: Frigg og Freyja, Fótspor á fjöllum, Flóð og fjara, Ferðabók Fíusólar, Ferðahandbók fjölskyldunnar, Ferðin yfir fljótið, Fíasól á flandri, Forspjall að frumspeki, Fótspor á fjöllum, Franskar konur fitna ekki, Frostfiðrildin, Fugl og fiskur, Furðulegt háttalag hunds um nótt, Frá sál til sálar, Frá toppi til táar – er þetta ekki einum of? Og við erum bara að tala um F-titlana…

Einkennandi er einnig að línan virðist að nokkru vera sú að nota aðeins eitt orð og virðist það gefast mjög vel.

Annars lýsir þetta sér best sjálft. Óþarfi er að taka fram að hér er ekkert mat lagt á gæði bókanna sjálfra, aðeins það hvort titlar þeirra hafi þau áhrif á mann við alfyrstu skimun þannig að maður staldri við og lesi sér til um bókina eða fletti Bókatíðindum áfram án þess að stalda við sekúndubrot.

## BESTU BÓKARTITLARNIR





### 1. EITUR FYRIR BYRJENDUR eftir Eirík Örn Norðdahl

**18 stig og fimm tilnefningar**

Eiríkur er lunkinn titlasmiður og hann sigrar með nokkrum yfirburðum. Flottur titill. Forvitnilegur. „Fattar samt að þetta er ungt og maður á ekki að kaupa þetta ef maður er yfir þrítugt," segir einn. Annar segir þessi þrjú orð sýna leiftrandi kímni og frjótt ímyndunarafl ... „eins og þau eru sett saman. Ef restin af bókinni er í anda titilsins er hér boðið til veislu orðsins." Aggressívur titill sem fær mann til að staldra við segir enn einn og annar talar um að titillinn lofi krassandi sögu með hressilegum stíl. „Lunkinn titill. maður veit náttúrlega að þetta er ekki kennslubók í eitrunarfræðum en hugsar samt með sér: Skyldi maður geta lært eitthvað af þessari bók?"

> Lunkinn titill. maður veit náttúrlega að þetta er ekki kennslubók í eitrunarfræðum en hugsar samt með sér: Skyldi maður geta lært eitthvað af þessari bók?

### 2. BORÐAÐI ÉG KVÖLDMAT Í GÆR? eftir Óskar Magnússon

**12 stig og þrjár tilnefningar**

Í öðru sæti er svo nýliðinn í flóðinu og þarf greinilega engan kút eða kork. „Spes að vera með spurningu, ég myndi staldra við útstillingu á bók með þessum titli." Annar álitsgjafi segir þennan titil standa upp úr: „Setning sem við spyrjum okkur öll að einhvern tíma. Lágstemmd hversdagskómík." Og annar álitsgjafi segir: „Skemmtilegur og forvitnilegur titill, sem segir samt ekkert um hvað bókin er. Er þetta matreiðslubók? Megrunarbók? Glæpasaga? Lesandinn er knúinn til að komast að því. Snjallt, ekki síst af því að þetta er fyrsta bók höfundar."



### 3. EIN OG ½ BÓK – HRYLLILEG SAGA eftir Guðberg Bergsson

**11 stig og fjórar tilnefningar**

„Látlaust, einfalt, heiðarlegt og óþægilega einlægt, eins og titlar hryllilegra sagna eiga að vera. Það hlýtur að vera nakinn sannleikur í bók með svona nöktum titli," segir einn álitsgjafanna. Hinn snjalli Guðbergur er gamall í hettunni: „Nógu absúrd titill á skáldverki til að vekja forvitni." Og: „Eitthvað kúl við þennan titil. Kannski bara af því að það er Guðbergur, en samt....ein og hálf bók! Maður fær sem sagt meira af hryllilegri sögu en það sem leynist á síðum bókarinnar." Og að endingu: „Hvað er nú þetta? Ein og hálf bók og hryllileg saga sem undirtitill, eða er það aðaltitillinn? Guðbergur þarf kannski ekki frumlega titla til að einhver fáist til að lesa bækurnar hans. En hann er nú skáld maðurinn, það er ljóst.



### 4. SENDIHERRANN eftir Braga Ólafsson

**10 stig og 4 tilnefningar**

„Spennusaga um ljóðskáld. Þetta er beinskeyttur titill. Hittir í mark," segir einn álitsgjafa en Bragi, sem sigraði í kápukeppninni, kemst hér naumlega í þriðja sæti . „Sniglast aftan að manni. Þegar starfsheiti opinbers embættismanns verður að skáldsagnatitli vaknar grunur um annarlega háttsemi." Og annar álitsgjafi segir þetta: „Eitt orð, stutt og snaggaralegt. Lymskulegur titill, segir glettilega lítið og þó. Sendiherra, er það sendiboði, njósnari eða einfaldlega hátttsett persóna í utanríkisþjónustunni? Er textinn undir titlinum hluti bókartitilsins eða er búið að lokka mann til skoða „aftan á" bókarkápu þarna strax framan á bókinni?" Og Bragi nýtur einnig velvildar þessa sem segir: „Tær snilld að geta gert venjulegt og þurrt starfsheiti að spennandi heiti á bók."





### 5. HANNES – NÓTTIN ER BLÁ, MAMMA eftir Óttar Martin Norðfjörð

**9 stig og 4 tilnefningar**

Prakkarinn í jólabókaflóðinu heldur áfram að gera samkeppnisaðilum sínum gramt í geði og treður sér í fimmta sætið: „Snilldin þarfnast ekki skýringa," segir einn álitsgjafa. „Titillinn ber með sér að hér sé á ferðinni snilldarvel skrifað bókmenntaverk um einn umdeildasta háskólaprófessor sem Ísland hefur alið," segir annar. Og þessi orð féllu einnig: „Svona nöfnum eiga ævisögur að heita. Ég bíð óþreyjufullur eftir næstu bókum, þótt ekki sé nema til að sjá hvað þær muni heita." Og einnig: „Háðið í garð Hannesar skín strax í gegn í titlinum þannig að maður hlær."



### 6. SKIPIÐ eftir Stefán Mána

**8 stig og þrjár tilnefningar**

„Eins orða titlar eru alls ráðandi í skáldsögum þessa árs og þessi ber einhvern veginn höfuð og herðar yfir þessa naumhyggju, skemmtilegt hversu nafnið ber með sér mikla stærð í smæð sinni," segir einn álitsgjafa. Og annar bendir á að þetta sé einfaldur og flottur titill „... sem helst vel í hendur við geysisterka kápu". Og enn einn tekur eftir þessari bylgju í titlagerð: „Eitt orð. Virkar. Er í tísku núna. Sendiherrann, Skuldadagar, Konungsbók, Skipið.... fínir titlar. Tryggðarpantur. Þetta er einhver bylgja núna sem er fínt."



### 7. BALLAÐAN UM BUBBA MORTHENS eftir Jón Atla

**5 stig og tvær tilnefningar**

Þegar hér er komið sögu fara atkvæðin að dreifast mjög. En þeir félagar Bubbi og Jón komast á blað. „Flottur titill. Maður skynjar að þetta sé dramatísk saga. Sér að hún er óhefðbundin. Segir allt sem þarf að segja," segir einn álitsgjafanna. Og annar segir: „Fínn titill. Hins vegar óskiljanlegt af hverju utan á kápu þessarar hörkubókar um Bubba kóng er frumstæð og ljót mynd af gömlu stígvéli. Ég bara næ því ekki."



### 8. LAND HINNA TÝNDU SOKKA eftir Gerði Kristnýju

**4 stig og þrjár tilnefningar**

Gerður Kristný hittir í mark með þessum titli. „Í rauninni rambar brandarinn í þessum titli á barmi þess að vera hallærislegur. En af því að ég hef oft velt fyrir mér hvað verði um hina týndu stöku sokka, þá fær Gerður prik." Og annar álitsgjafi lætur þessi ummæli falla: „Titillinn gefur fyrirheit um frumleika, fyndni og ævintýr. Það á að vera gaman að lesa bækur og það er gaman að þessum titli." Og þessi álitsgjafi veltir einnig fyrir sér þessari mysteríu: „Ég er ekki viss um að mig langi þangað... og þó. Hvernig sokkar hverfa og hvert þeir fara er einn dýpsti leyndardómur mannkyns."

> Eitt orð. Virkar. Er í tísku núna. Sendiherrann, Skuldadagar, Konungsbók, Skipið ... fínir titlar. Tryggðarpantur. Þetta er einhver bylgja núna sem er fínt.

## EINNIG NEFNDIR GÓÐIR TITLAR

Fjölmargir titlar voru nefndir sem þóttu góðir en komust ekki á blað vegna mikillar dreifingar tilnefninga. *Og svo kom nóttin* eftir Þórdísi Björnsdóttur: „Ljóðabók frá Nýhil. Alveg ógeðslega flottur titill! Hann segir svo ótrúlega margt í fjórum orðum. Hvað gerðist á undan? Og hvað hefur nóttin í för með sér? Stelpan hlýtur að vera skáld fyrst hún kann að nota „og" svona vel."

*Undir himninum* eftir Eirík Guðmundsson: „Einfalt og kæruleysislega ljóðrænt." *Ljósið í Djúpinu – Örlagasaga Rögnu Aðalsteinsdóttur á Laugabóli* eftir Reyni Traustason. „Þessi hefur tvíræða merkingu en það er alltaf svolítið flott, titillinn getur bæði átt við konuna sem kemur úr djúpinu og reynslu hennar og ljósið sem hún hefur fundið í myrkrinu."

*Ég stytti mér leið framhjá dauðanum* eftir Einar Má þykir góður titill: „Titill sem fangar athyglina, gefur fyrirheit um djúphygli og mikið innihald." Og: „Sá sem gerir það hlýtur að hafa eitthvað að segja manni."

Annað virt ljóðskáld þykir hitta naglann á höfuðið með *Fyrir kvölddyrum*: „Bara hárréttur titill og ekkert meira um það að segja. Mitt uppáhald." *Skáldalíf*, titill Halldórs Guðmundssonar þykir öflugur: „Flott nafn. Það er svo mikil útgeislun frá þessum titli, hann er eins og bókin tilheyri flokki bóka: Dalalíf, Hundalíf, Nýtt líf o.s.frv."

Hugleikur Dagsson þykir hnyttinn og er hann nefndur sem góður titlasmiður: *„Avoid us – Fermið okkur*. Hugleikur vinnur auðvitað. Er það af því að hann talar til OKKAR í titlinum? Hann er að tala til mín og ég verð því að kaupa bókina? Sjálfshjálparbækurnar ættu að fylgja þessu fordæmi – í stað „how to help yourself" – „how to help us". Önnur orðheppin er sögð Andrea Róbertsdóttir með *Spennið beltin*. „Andrea er ótrúlega orðheppin manneskja og klikkar ekki á að finna grípandi titil á metsölubókina þessi jól!"

Vésteinn Lúðvíksson höfðar til eins álitsgjafans: „Sumir láta eins og holdið eigi sér takmörk – Ef ég einhvern tímann gef út bók þá mun hún heita svona almennilegu nafni. (Ég hef reyndar lengi haft augastað á titlinum: Ef konan er þurr má skvetta á hana víni.)" *Sagan af undirfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar* eftir Margréti Tryggvadóttur og Halldór Baldursson þykir góður. „Ef ég er stelpa á aldrinum 4-7 ára, og heyri þennan titil? Úff hvað mig langar í þessa bók, strax! Mjög söluhvetjandi, því hvað sem hver segir þá elska börn hugrakka prinsa og ekki síst prinsessur. Kaupið mig titill." Og *Svavar Pétur og 20. öldin* eftir Hauk Má Helgason. „Fór að hlæja þegar ég sá þennan titill. Maður og öld. Alltaf gott." Og að endingu má nefna *Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins*. „Dálítið þingeyskur, skemmtilegur rembingur í honum."

*5 jól í Nettó!*

# *Dönsk jól*

## *7.-9. desember*

**Kynnumst betur og smökkum saman danskan jólamat!**



**Bjørg Dam og fleiri leyfa okkur að smakka í**
**Nettó-Mjódd: Fimmtud. og föstud. kl. 16-18.**
**Nettó-Akureyri: Föstud. kl. 16-18. og laugard. kl. 14-16.**
**Nettó-Salavegi: Laugardag kl. 14-16.**

nettó

# VERSTU BÓKARTITLARNIR



## 1. MAÐURINN ER VÆNGLAUS FLUGA
### eftir Matthías Johannessen

„Sigrar“ með nokkrum yfirburðum. „Óvenju tilgerðarlegur titill. Sem gæti verið eftir fjórtán ára ungskáld sem er að reyna að skilja lífið og skilur ekki bofs. Undirtitillinn „Leiksögur“ verður ekki til að bæta úr skák nema síður sé,“ segir einn álitsgjafa sem setti þennan titil í efsta sæti. Það gerði einnig þessi og útskýrir tilnefninguna á þennan hátt: „Rosalega held ég að maður þurfi að halda lengi til á Mímisbar til að finnast þetta flott. „Maðurinn, újá, maðurinn, Kristján minn, blö, tjú, fúff, maðurinn er vænglaus fluga, ehem, já, púpú, já, einmitt (rop!)“

Já, kannski má sjá fyrir sér þessa senu. Annar: „Sama hvernig ég hugsa um þennan titil get ég ekki fengið þessa samlíkingu til að passa og mér finnst hún eiginlega ekkert frumleg, hún segir manni ekkert.“

> Rosalega held ég maður þurfi að halda lengi til á Mímisbar til að finnast þetta flott.

## 2. SÉR GREFUR GRÖF
### eftir Yrsu Sigurðardóttur



„Enn ein glæpasagan,“ segir einn álitsgjafinn mæðulega – segir þetta mikinn klisjutitil á krimma. Og vill meina að þetta sé sorglegt í ljósi þess að „Þriðja táknið“ hafi verið vel heppnaður titill hjá Yrsu. Annar tekur sterkar til orða: „Klisjan frá helvíti. Hver einasta spennusaga sem skrifuð hefur verið gæti heitið þessu nafni.“

## 3. [M]ORÐ OG MYNDIR – LJÓÐABÓK
### eftir Sindra Freysson



„M er einhvern veginn innan sviga. Maður á ekki að treysta bókartitli þar sem einn stafur er innan sviga,“ segir einn álitsgjafa lítt hrifinn. Og annar: „Hús og híbýli, hvað? Mál og menning, eat your heart out! Hér kemur Sindri Freys með Morð og myndir! Eða nei. Kannski ekki alveg. Setjum sviga utan um emm-ið … ha, humm? Stuðlunin er hallærisleg, hikið með þessum sviga kórónar vitleysuna.“

## 4. ÞEKKING – ENGIN BLEKKING
### Afmælisrit til heiðurs Arnóri Hannibalssyni



Eflaust hið merkasta rit segir einn álitsgjafa. En hnýtir svo við: „En titillinn er svo lélegt leikskólarím að maður getur varla hugsað sér að taka hana upp, hvað þá meira.“ Og rímið fer í taugarnar á fleirum: „Sýnir klárlega að ekki er nóg að kunna að ríma til að setja saman bókartitil … Þeir hefðu líka getað haft þetta þrjú bindi: I Þekking, II Engin, III Blekking ;-)“

## 5. ÁBCDÐEÉFGHIÍKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
### eftir Óttar M. Norðfjörð



Óttar kemst líka á blað hérna megin áss. „Hvernig á maður að biðja um þessa bók í jólagjöf?“ Og annar segir frekar pirraður: „Prófaðu að pikka þennan titil inn á lyklaborðið eða biðja um bókina í bókabúð.“

## 6. BORÐAÐI ÉG KVÖLDMAT Í GÆR?
### eftir Óskar Magnússon



Eins og Rúni Júl sé kominn út með nýja plötu. „Titillinn dregur úr gildi innihaldsins, ímynda ég mér,“ segir einn álitsgjafi og annar bætir þessu við: „Hvernig er hægt að gleyma því að borða? Mun betra hefði verið að láta bókina heita „VIP“. Ég er svo upptekinn og mikilvægur maður að ég má ekki vera að því að borða, skiljú?“

## 7. 3XÁST
### eftir Eyvind P. Eiríksson.



„Þessi titill gefur helst til kynna að hér sé um að ræða nýjustu bókina í seríunni „rauðu ástarsögurnar“ eða unglingasögu um ástir á Hallærisplaninu,“ segir einn álitsgjafa. Ekki „imponeraður“ og annar segir: „Lummulegur titill, bókin er orðin asnaleg áður en maður les hana.“

## 8. WUTHERING HEIGHTS
### þýðing Silja Aðalsteinsdóttir



Álitsgjöfum nokkrum var mikið niðri fyrir hvað varðar þennan titil og Silja kemst því í áttunda sætið. „Sérstaklega ber svo að geta um þann vesaldóm Silju Aðalsteinsdóttur að þýða ekki titilinn á Wuthering Heights eftir Emily Bronte. Þótt enski titillinn vísi til bæjarheitis er það engin afsökun!“ Og annar spyr hvort eigi að pirra sig á þessu. „Var eitthvað að Fýkur yfir hæðir? Gott og vel, klassísk þýðing sem annar þýðandi gerði fyrir löngu. Þetta er auðvitað eðal bókartitill á ensku en samt sem áður? Viðkunnanlegra að Silja hefði þýtt titilinn með einhverju móti.“

## 9. HERMIKRÁKUHEIMURINN
### eftir Kleópötru Kristbjörgu

„Kannski að því að ég er smituð af því sem ég hef séð af prómói þessarar bókar, þá spyr ég: hvur fjandinn – hvað er í gangi í þessu landi? Ekki nóg með að Árni nái glæsilegu kjöri, þá er hermikrákuheimurinn til sölu í alvöru bókabúðum. Hvaðan kom þessi kona (rithöfundurinn)?“ Og: „Ekki einu sinni skemmtilega glatað, bara aumt.“

## UMDEILDIR BÓKATITLAR

Álitsgjafarnir voru langt í frá sammála um ágæti titlanna. Og mikil dreifing tilnefninga var einkum í hinum verri titlum. Hvað svo sem það þýðir. Að þeir séu svona miklu fleiri vondir?

Fyrir liggur að *Borðaði ég kvöldmat í gær?* eftir Óskar Magnússon er umdeild. Kemst á báða lista. Skipið þykir góð en einn segir þó: „Hér er ekki einu sinni verið að reyna. Mynd af skipi og titillinn Skipið. Er þetta saga skipasmíða?“

*Nautnastuldur* eftir Rúnar Helga Vignisson vekur kjánahroll með einum. „Bylgja fyrir nokkrum árum þegar allir voru að gefa út erótískar sögur. Það var ekki fallegt.“ Meðan annar segir: „Fullt losta....NAUTN er með fallegri íslensku orðunum. Vildi að nautnastuldur myndi henda mig....og guð hjálpi þeim sem stelur þeim. Sá veit ekki hverju hann á von.“

*Ein og hálf bók – Hryllileg saga,* eftir Guðberg Bergsson er að skora á lista góðra titla en einn er ekki hrifinn: „Þetta er einfaldlega óskiljanlegur titill sem segir manni ekkert, en kveikir samt enga forvitni, heldur bara andúð.“ Og einum álitsgjafa þykir titillinn *Aábcdðeéfghiíjklmno-óþqrstuúvwxyýzþæö* góður: „Loksins að skáldin byrja að skilja og skíra bækur sínar réttum nöfnum. Ljóðabók sem er ekkert annað en hraugur af stöfum, raðað upp ámismunandi hátt.“

*Tryggðarpantur* eftir Auði Jónsdóttur er sagður eins og undirtitill 19. aldar skáldsögu. „Vekur upp mynd af sjali og skuplu. Guðrún frá Lundi hefði getað skrifað bók með þessu nafni.“ En er í efsta sæti annars álitsgjafa: „Flottur titill og einfaldur sem gefur til kynna að hér sé um alvöru sögu að ræða, mannlega og heiðarlega.“

*Sér grefur gröf* eftir Yrsu Sigurðardóttur kemst á lista vondra titla en einn álitsgjafinn er hrifinn: „Hefðbundinn glæpasögutitill, kápan er líka einföld en áhrifamikil.“

*Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri* þykir einum álitsgjafanna það besta sem í boði er: „Þessi tilvitnun í Madeleine Albright er ódauðleg klassík. Ef þetta eflir ekki kvennasamstöðu hvað gerir það þá?“ En annars segir: „Ef svo er þá á ég frátekið gott pláss þar og mun vonandi ekki þurfa að bera þennan titil þar augum né heldur þá sem bókina lesa.“ Og að endingu um Stelpuna frá Stokkseyri: „Þó þessi titill sé vissulega eins og heiti á fyrstu bók í stelpubókaseríu þá er hann skemmtilegur. Ævisögur eru iðulega skemmtilesning og það er eitthvað strákslegt við þennan, sem lofar góðu.“

## EINNIG NEFNDIR TITLAR

Fjölmargir titlar aðrir þóttu vondir en komust ekki á lista. *Á undan sinni samtíð – sönn skáldsaga* er nefnd: „Bara eitthvað alveg rosalega útbrunnið nafn á skáldsögu og ekki síst undirtitli, einhver Spaugstofubragur á þessu en það er auðvitað það sem þorri þjóðarinnar vill.“ *Örfok* eftir Eyvind P. Eiríksson: „Titillinn er svo torkennilegur að maðurinn hlýtur að hafa gefið þetta út sjálfur. Enginn annar skilur þetta. Prentarinn hlýtur að hafa hringt í Eyvind þrisvar og spurt hvort þetta væru ekki mistök.“ *Muffins af ýmsum gerðum*: „Æ, mér er nákvæmlega sama um hvað bókin fjallar – nafnið er ömurlegt. *Kaloríukvótinn*: „Er nú stuðlunaráráttan ekki að bera höfundinn ofurliði? Ljótt nafn og neikvætt.“ *Þú léttist án þess að fara í megrun*: „Æ, þetta er bara svo klént og svo er hugsunin svo ógeðslega hvítþvegin. Hefði frekar getað verið: *Þú léttist ef þú borðar minna.*“

Og áfram skal haldið. *Spaugarar, sögumenn, hagyrðingar og hrekkjalómar*: „Óþjáll, langur og leiðinlegur titill. Betra hefði verið að nefna bókina Kvæðamenn og kvikindi.“ *Sígilt úr kartöflum*: „Æ, þetta getur eiginlega ekki gengið, því „sígilt“ er eitthvað sem er svo gamalt að það þarf að kalla það sígilt svo einhver nenni að leyfa því að fljóta með og þegar við erum að tala um sígildar kartöflur þá er botninum náð. Þetta minnir mig á auglýsingu sem eitt sinn var í búðarglugga: „Splúnku ný ýsa“.“

*Rósaleppaprjón í nýju ljósi*: „Í „nýju ljósi“ bætir titilinn til muna, ekki bara Rósaleppaprjón, heldur eitthvað rosalega mikið nýtt við hann. Mjög vinsælt í titlum þessi jól – *Kerti í nýju ljósi* – ég endurtek – Kerti í nýju ljósi! Þarf að segja meir?“

*Rikki fótboltakappi*: „Hér er hinn knái knattspyrnumaður Ríkharður Jónsson gerður í einum bókartitli að aukapersónu í barnabók.“ *Stelpan frá Stokkseyri* – Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir: „Leiðinlegt að sjá svona merkilega konu snobba svona niður fyrir sig. Myndi raunveruleg alþýðukona frá Stokkseyri kalla sína ævisögu Stelpan frá Stokkseyri? Varla. Ómerkileg alþýðutilgerð.“

Ýmsir höfundar: *Suðurnesjaskop, Eyfirsk skemmtiljóð, Borgfirzk blanda.* „Sko, það eru nú ekki titlarnir í sjálfu sér. Meira þessi týpa af bókum. Þessi hagyrðingakvöldastemning, bakföllin af hlátri og ha, ha, ha svo undir tekur í fjöllunum. Sem einhvern veginn ögra manni til annaðhvort bara að slappa af og hlæja með og gangast þar með við sælli sveitamennsku … eða að þykja svona titlar og bækurnar með alveg afspyrnu púkalegir. Er maður sveitavargur og kannast við það – eða?“ Og svo *Húðlit auðn* eftir Kristínu Eiríksdóttur: „Skelfing er verið að eyðileggja það fyrir mér að langa í hana þessa. Gæti þó auðvitað verið gullmoli á bókmenntasviðinu en fjandakornið ekki út á bókartitilinn. Allt sem byrjar á forskeytinu húð er bara eitthvað óyndislegt. Húðvörur, húðmaur, húðskammir!“

Og að endingu, þótt ýmsir fleiri titlar hafi verið nefndir: *Lífshlaup hjónanna Benedikts og Sigurlaugar Gröndal*: „Var virkilega ekkert nógu skemmtilegt í þessu lífshlaupi sem kallaði á einn djúsí titil?“

# Álitsgjafarnir

Fréttablaðið leitaði til breiðs hóps í þeim tilgangi að finna besta bókatitilinn. Hver um sig valdi og forgangsraðaði fimm bestu og fimm verstu titlunum. Bókatitlunum voru þá gefin stig eftir kúnstarinnar reglum og niðurstaða fengin. Fréttablaðið kann hinum ágætu álitsgjöfum, sem allir hafa komið að textagerð með einum eða öðrum hætti, hinar bestu þakkir. En þeir eru:



**Anna Sigríður Guðmundsdóttir** textasmiður



**Bryndís Loftsdóttir** verslunarstjóri



**Davíð Þór Jónsson** þýðandi



**Guðmundur Steingrímsson** stjórnmálamaður



**Illugi Jökulsson** rithöfundur



**Kristján Hreinsson** skáld og frambjóðandi



**Lóa Aldísardóttir** fréttamaður



**Mikael Torfason** aðalritstjóri



**Katrín Anna Guðmundsdóttir** blaðamaður



**Kolfinna Baldvinsdóttir** útvarpsmaður



**Súsanna Svavarsdóttir** gagnrýnandi



**Sif Traustadóttir** dýralæknir


Gleðileg gæludýrajól
Jólagjöfin fyrir gæludýrið þitt
Landsins mesta úrval af jólagjöfum fyrir hunda, kisur, fugla og nagdýr.
Jólapakkatilboð
30% afsláttur
fiskabúra, hamstrabúra og fuglabúrapakkar með öllu sem til þarf
*gildir út desember
Gefðu lifandi jólagjöf
DÝRARÍKIÐ
Grensásvegi s:5686668
Skútuvogi 16 s:5680020 - Akureyri s:4612540 - www.dyrarikid.is

# Glæsilegt úrval gjafavara
# ... í átta ORMSSON

## Bylting á leikjatölvumarkaðnum:




Útgáfudagur leikjatölvunnar Wii
frá Nintendo var í gær!




*„Það er allt að verða vitlaust!“*

**Á útgáfudegi í gær í Evrópu seldust allar Wii tölvur upp víðast hvar.**
Sama gerðist hér á landi. Sjá neðar.

**Nintendo Wii er bylting í leikjatölvum.**
Wiimote fjarstýringin er með hreyfiskynjara, sem nemur nákvæmlega hvernig þú snýrð, hreyfir þig eða sveiflar höndunum – þú getur staðið upp og leikið leikina.

**Því miður er fyrsta sending uppseld**, en önnur sending kemur seinni hluta næstu viku og sú þriðja þar á eftir. Gerum ráð fyrir að eiga upp í þegar komnar pantanir í næstu viku og síðan kemur að öllum öðrum áhugasömum.

**Nintendo Wii selst þrisvar sinnum meira en PS 3 í Bandaríkjunum og Japan. Hvað segir það okkur?**

**Sjá nánar á www.nintendo.is**



Nintendo

NINTENDO DS Lite
Leikjatölvan vinsæla.
Frábært leikjasafn.
Jólaverð kr.: 16.900.

OLYMPUS



OLYMPUS mju 740
Stafræn myndavél. 7,1 milljón pixlar.
Jólaverð kr.: 33.900.

CELESTRON



CELELSTRON 60AZ
Stjörnusjónauki.
Jólaverð kr.: 9.900.

CELESTRON



CELESTRON
FirstScope 114
114mm spegilssjónauki
Jólaverð kr.: 24.900 kr.

Pioneer

HEIMABÍÓ
Nýtt módel 2006/2007
Jólaverð kr.: 49.900.



*Hér sérðu mestu gæðin!*




LOEWE.

LOEWE Xelos SE
HÁGÆÐA 32” LCD SJÓNVARP
~~Listaverð kr.: 299.900~~ – Jólaverð kr.: 219.900.




Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVÖRPUM

PIONEER PDP-4270XA 42” PLASMA sjónvarp
**Það flottasta á markaðnum!** – Jólaverð kr.: 359.900.

## Njótið vöruúrvalsins í 8 ORMSSON




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON-LÁGMÚLA 8 | ORMSSON-SÍÐUMÚLA 9 | ORMSSON-SMÁRALIND | ORMSSON-RADIONAUST | ORMSSON-KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421-1535 | SÍMI 431 3333 |

KVIKA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

# fyrir alla fjölskylduna

# verslunum!



Frönsk leirvara.
Frábært úrval.
Eftirsótt um alla Evrópu.

Emile Henry



Hágæða Espresso kaffivél.
Jólaverð kr.: 29.900.



Sítrus-pressa
af bestu gerð
- burstað stál
Jólaverð kr.: 13.900.



Brauðrist fyrir fagurkera - burstað stál
Jólaverð kr.: 7.990.



Traustur og sterkur
blandari - burstað stál
Jólaverð kr.: 10.900..



Mínútugrill fyrir alvöru matgæðinga.
Jólaverð kr.: 10.990.



Hraðsuðukanna. Hönnuð af snillingum.
Jólaverð kr.: 9.990.



Jamie Oliver notar TEFAL eldhúsáhöld.
Kynntu þér úrvalið!

AEG



Klassísk og
vönduð kaffivél.
Jólaverð kr.: 2.990.

AEG



Alsjálfvirk
kaffi og
espresso
kaffivél
Jólaverð
kr.: 49.900.



TEFAL

POTTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI



AEG

AEG RYKSUGUR
Jólaverð frá kr. 10.900.



**VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í ÁR!**

Ávaxta- og
grænmetis-
safapressan
frá SOLIS.
Jólaverð
kr.: 15.900.



SOLIS PALAZZO
Kaffivél
Jólaverð kr.: 79.900.



Brauðrist fyrir fagurkera - burstað stál
Jólaverð kr.: 7.990.



## verslunum:



ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160



ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

HÁTÍÐ ER Í BÆ!

# ORMSSON

WWW.ORMSSON.IS

... og hjá **UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT**

# Ofurviðkvæmir jóladrengir í Baggalúti klökkna um jólin

Í um fimm ár hefur Baggalútur sent frá sér árlega jóla- og aðventulög. *Jakob Bjarnar Grétarsson* komst að því, með sálfræðilegu spurningaprófi og viðtali við **Guðmund Pálsson** forsöngvara, að inn við beinið eru þessir djókarar ofurviðkvæmir jóladrengir.

Að ég sé jóladrengur? Jájá, en þó meira í seinni tíð. Ég var enginn sérstakur jóladrengur þegar ég var yngri. Gaman að fá pakka og svona. En það kom ekki yfir mig einhver jólaandi fyrr en ég fór að ala upp börn sjálfur,“ segir Guðmundur Pálsson, forsöngvari hljómsveitarinnar Baggalúts.

Þeir piltar sem skipa Baggalút hafa nú um nokkurra ára skeið haldið úti vinsælli heimasíðu auk þess sem þeir hafa allt frá árinu 2001 sent frá sér sérstakt jólalag. Og aðventulag að auki allra síðustu ár. Að íslenskum sið hafa þeir tekið erlend tökulög og smíðað við texta sem eru glettilega raunsæislegir.

Guðmundur segir þá fjóra sem skipa hljómsveitina alla vera mikla jóladrengi. „Ætli það sé ekki bara okkar barnslega æði. Við erum mjög viðkvæmir að eðlisfari. Klökknum mjög auðveldlega. Fáum kökk í hálsinn þegar við sjáum jólaljós og lítið barn með jólasveinahúfu. Já, við erum mjög viðkvæmir á þessum árstíma.“

Baggalúturinn Guðmundur telur sitthvað til í þeirri kenningu blaðamanns að vegna þessarar viðkvæmni þá reyna þeir að brynja sig með ofurraunsæi í textagerð. Beckett sagði að húmor væri eina svarið í níhilískum heimi.

„Já, eða kannski frekar svona eins og það þegar maður var skotinn í stelpu í gamla daga og stal af henni húfunni,“ segir Guðmundur. Það eru sömu hvatirnar.

„Jú, þessi greining er sennilega rétt. Raunsæislegir textar þar sem fjallað er um drykkju á jólum er okkar vörn. Þegar þessi ofurviðkvæmni okkar á þessum árstíma er orðin óþægileg – allt að því skammarleg.“

Flestir eru þeir Baggalútar fjölskyldumenn og endurlifa jólastemninguna í gegnum börn sín. Guðmundur skýtur ekki loku fyrir að hugsanlega hafi einnig praktískar ástæður þarna sitthvað að segja. En ekki bara að jólalögin liggi svona vel við jóladrengjunum viðkvæmu.

„Ætli þetta hafi ekki líka verið ákveðið tækifæri sem við sáum til að láta að okkur kveða. Ákveðin vöntun á markaði. Við reyndum að gefa út páskalag en það vakti enga athygli. Sumarlagið okkar ekki heldur né stuðningslag fyrir Vigdísi Finnbogadóttur. En jólalögin. Það klikkar ekki.“

Fréttablaðið lagði fyrir meðlimi hljómsveitarinnar spurningalista -- djúpsálarfræðilegt prófi – sérstaklega ætlað til að varpa ljósi á innræti þeirra Baggalúta hvers um sig.



**BAGGALÚTUR Í JÓLASKAPI** Til að brynja ofurviðkvæma lund sína um þetta leyti árs syngja þeir ofurraunsæja texta í jólalögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Spurningarnar eru eftirfarandi:

1) Hvor er betri, Ómar eða Bessi? 2) Hvort ert þú meira fylgjandi Geirs- eða Björnsarmi Sjálfstæðisflokksins? 3) Hvor er fyndnari, Steinn Ármann eða Davíð Þór? 4) Á kynjakvóti rétt á sér? 5) Í hvorri er meiri jólastemning: Eivöru Pálsdóttur eða Ragnheiði Gröndal? 6) Á drykkja rétt á sér á jólunum? 7) Hvort viltu frekar fá Bó eða Bubba í pakkann þinn? 8) Hvort vildirðu heldur vera Logi Bergmann eða Þórhallur? 9) Er Margrét Sverris upp við vegg í Frjálslynda flokknum af því hún er kona? 10) Ætti Leppalúði að leita réttar síns vegna andlegrar kúgunar á heimili sínu?

## Frekar Þórhallur en Logi



**GUÐMUNDUR PÁLSSON**

1. Ómar ER betri. Bessi VAR betri.
2. Björnsarminum. Björn fyllir mig bara meiri öryggistilfinningu.
3. Steinn Ármann er fyndnari. Davíð er skemmtilegri.
4. Nei. Kynjakvóti er bara fyrir kellingar.
5. Ragnheiði Gröndal. Ég hef bara aldrei heyrt jólalag með Eivöru, en minnist með hlýju ódauðlegra jólalaga Ragnheiðar, á borð við: Jólanótt, Hin fyrstu jól og Jólakveðju.
6. Já. Maður verður svo þyrstur af þessu pækilhangireykkjötmeti öllu.
7. Bó. Ég á Bubba.
8. Þórhallur. Hann virðist bara ætla að eldast betur.
9. Já. Af því að hún er upp við vegg og kona. Og í Frjálslynda flokknum.
10. Nei, nei. Það er til lítils að lögsækja löngu dauða tröllkellingu sem lapti dauðann úr skel í helli með tugi barna á sínu framfæri í mörg hundruð ár. Það bara meikar engan sens!

## Hallast að Birni Bjarna fremur en Geir



**KARL SIGURÐSSON**

1. Bessi. Hann hræddi úr mér líftóruna sem Mikki refur þegar ég var lítill, en vann mig síðar á sitt band sem einn besti grínleikari þjóðarinnar.
2. Hallast meira að Birni. Hann var nú einu sinni fulltrúi Alþingis á RÖSE-þingi árið 1992.
3. Steinn Ármann. Frábær jafnt í grínleik sem uppistandi.
4. Já. Sérstaklega í partíum.
5. Ragnheiði Gröndal. Hefur Eivör gefið út einhver jólalög?
6. Já, í hófi. Samt betra að reyna að vera ekki fullur á jólunum – eða dópaður.
7. Bó. Það er sennilega auðveldara að pakka honum inn.
8. Þórhallur. Hann er hinn íslenski Bond.
9. Nei, er það ekki bara af því hún er að sýna umburðarlyndi gagnvart innflytjendum?
10. Nei, hann ætti bara að taka sig saman í andlitinu og fá sér vinnu.

## Eivör er algjör jóladúlla



**GUÐMUNDUR KRISTINN JÓNSSON**

1. Ómar er miklu betri. Hann er rauðhærður og sköllóttur eins og ég.
2. Ég held ég sé meiri Geirsmaður. Ég ímynda mér að Gísli Marteinn sé Geirsmaður.
3. Steinn Ármann. Miklu fyndnari.
4. Hvað er það?
5. Færeysk eða íslensk jól? Aldrei upplifað þessi færeysku. Jól með Ragnheiði … hmmm, ég held það sé Eivör. Hún er meiri jóladúlla.
6. Já, drykkja á rétt á sér, alltaf, í hófi.
7. Það er bara einn Elvis í Mempis.
8. Logi. Þótt Þórhallur stundi ljósabekkina meira þá er eitthvað við skegg Loga.
9. Nei, er hún ekki frekar upp við vegg af því hún er dóttir pabba síns?
10. Nei. Sumum líður vel kúguðum og ætli það sé ekki þannig með Leppalúða.

## Leppalúði ætti að vita betur



**BRAGI SKÚLASON**

1. Ómar. Hann hræðir mig þegar hann er ekki einu sinni að reyna.
2. Geir fær mitt atkvæði. Ég hef alltaf verið spenntari fyrir dýrum en dauðum hlutum.
3. Steinn. Aðallega þó þegar Davíð skrifar ofan í hann.
4. Almáttugur já. Allt fram yfir þessi tvö algengustu er bara ruglandi.
5. Þetta er eins og að spyrja hvort sé meiri jólastemning hjá múslímum eða hindúum. Eivöru. Hún hermir betur eftir jólakettinum.
6. Já – og raunar allt það sem deyft getur sársaukann, kvíðann og gapandi svartnættið.
7. Mjúkan pakka eða harðan? Mjúkan.
8. Hólm eða Nordqvist? Edda Andréss eða Ragnhildur Steinunn? 365 eða Rúv? Þórhallur.
9. Nei. Margrét Sverrisdóttir er upp við vegg í Frjálslynda flokknum af því að hún er í Frjálslynda flokknum.
10. Nei. Leppalúði ætti að vita betur en að gera hosur sínar grænar fyrir einstæðri, 13 barna móður – með klaufir.



LUFTGÍTAR HVAÐ?
Guitar Hero II
Þú ert rokkstjarnan!
Guðjón Elmar, 27 ára Markaðsstjóri
Gunnar Ingvarsson, 38 ára Innkaupastjóri
INNIHELDUR 55 ROKKSLAGARA!
EINNIG FÁANLEGT: GUITAR HERO SEM INNIHELDUR 30 LÖG!
SKEMMTILEGASTI LEIKUR ÁRSINS ER KOMINN Í NÆSTU VERSLUN!
Gibson
ACTIVISION
PlayStation 2
www.guitarherogame.co.uk
sena



**STEINN ÁRMANN OG DAVÍÐ ÞÓR Á JÓLASVEINAÁRUM SÍNUM** Þessi mynd segir eiginlega allt sem segja þarf en þarna getur að líta útkeyrða jólasveinana fá sér kaffibolla og reyna að ná sér. Myndin er tekin á aðventunni 1987.

# Platjólasveinar í kröppum dansi

Hér verður ekki öðru haldið fram en því að jólasveinninn sé til. Auðvitað. Hitt er að ýmsir skemmtikraftar hafa brugðið sér í gervi jólasveinsins þegar á hefur þurft að halda og kunna að segja af miklum hremmingum sem þeir hafa lent í klæddir rauða gallanum. *Jakob Bjarnar Grétarsson* heyrði í nokkrum þeirra og uppgötvaði að jólasveinabransinn getur reynst einhver sá martraðarkenndasti sem menn komast í.

Ómar Ragnarsson hefur heldur betur látið til sín taka sem jólasveinn. Starfaði sem slíkur í nær tuttugu ár. Og lenti í ótrúlegum ævintýrum. Hann segir að hann gæti ekki tekið upp þráðinn aftur þótt hann glaður vildi. Jólaböllin eins og þau voru eru búin. Nú sé þetta allt í skötulíki. Jólasveinaleigur skaffa stráka fyrir skít og kanil, engin dagskrá undirbúin, heldur bara labbað í kringum jólatréð og sungið: Göngum við í kringum. Ómar kann margar sögur að segja frá því hann lagði þetta fyrir sig. Til dæmis þegar hann fór um Arnarneshálendið, eins og hann kallar það, allt pikkfast milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, en komst samt þannig að hver bíll um sig var beðinn um að færa sig því nú lægi lífið við. Svo þegar komið var í Sjálfstæðishúsið þá voru þeir, hann og félagi hans, klakabarðir svo að krakkar á aldrinum níu til tólf skiptu um skoðun: Jólasveinninn væri víst til, nýkominn af fjöllum fannbarinn.

**Rekinn af skemmtun**

„Eitt sinn mættum við Tómas Grétar á jólaball Landsbankans en vorum reknir. Það var haldið á Borginni, fjögur til fimm hundruð manna ball, og í anddyrinu tók á móti okkur Adolf heitinn Björnsson, trúnaðarmaður starfsmanna, sem hafði ráðið okkur, ásamt fjölda barna sem fylgdi. Hann spurði hverjir við værum og ég svaraði:

– Hér erum við komnir, Gáttaþefur og Giljagaur!

Adolf svaraði því til með þjósti að við hefðum ekkert verið beðnir um að koma hér. Snautið út.

Við urðum frá að hverfa, fórum heim og tókum af okkur múnderinguna, þá sagði konan mér að Adolf hefði verið að hringja. Fimm hundruð grátandi börn væru á Landsbankaballinu af því að jólasveinninn hefði skrópað. Við sögðumst ekkert geta gert að því þótt einhverjir aðrir jólasveinar skrópuðu. Við hefðum mætt og verið reknir. Fórum þó aftur á staðinn og þar var jólaballið að miklu leyti komið í upplausn. Adolf enn í anddyrinu og segir: Hva, komnir aftur?



> Ómar átti í stökustu vandræðum með að koma trúnaðarmanni í líki dyravarðar í skilning um að þetta væri hann en ekki Gáttaþefur.

Já, við héldum það. Hann ætlaðist til þess að við kynntum okkur sem Ómar og Tómas Grétar en áttaði sig ekki á því að við gátum náttúrlega ekki sagt það þannig að börnin heyrðu. Þetta bjargaðist í horn. En ég man ekki eftir því, á öllum ferlinum, að hafa verið rekinn út þar sem ég átti að skemmta.“

**Sakaðir um að vera platjólasveinar**

Þorgeir Ástvaldsson útvarpsmaður hefur brugðið sér í jólasveinabúning lengur en elstu menn muna. Sem Stúfur og oftar en ekki í félagi við Magnús Ólafsson leikara sem er þá Hurðaskellir. Það er Þorgeiri minnisstætt þegar Magnús var handtekinn sem Hurðaskellir. Enda frægt atvik og greinir nú frá því.

„Við fórum á vegum DV til að gefa alþingismönnum jólaepli á síðasta degi þingsins. Mig minnir að þetta hafi verið fyrir jólin 1980. Við fórum niður á Austurvöll með ljósmyndara. Og leituðum inngöngu í þinghúsið. Þá vill svo til að þingvörðurinn bregst hinn versti við og sagði að við værum bara platjólasveinar.“

Þetta þótti Þorgeiri mögnuð ásökun en þeir vildu upp á palla hvað sem tautaði og raulaði, hann með dragspilið á vömbinni en Magnús vígalegur sem Hurðaskellir.

„Þetta endaði með því að þingvörðurinn, sem var eldri maður og hafði verið í lögreglunni, hringdi á lögregluna. Hann hélt því statt og stöðugt fram að við værum platjólasveinar og ættum því ekkert erindi inn á þing. Lögreglan kom og handtók Hurðaskelli en Stúfur komst undan á hlaupum. Sá sprettur endaði ekki fyrr en hjá Ríkisútvarpinu við Skúlagötu. Þar hitti ég Jón Múla sem gerði um þetta fyrstu frétt: „Sá fáheyrði atburður gerðist …“ og svo greindi hann frá handtöku jólasveinsins.“

**Jólasveinninn Gylfi**

Þorgeir og Magnús hafa marga hildi háð í jólasveinabúningum sínum. En eitt sinn forfallaðist Stúfur og þá var leitað til annars ekki síðri nikkara. Nefnilega sjálfs Gylfa Ægissonar frá Siglufirði. Ekki vafðist fyrir Gylfa að þenja dragspilið undir söng Hurðaskellis en þar í raun voru takmörkin fyrir hæfileikum hans í þessu hlutverki. Því eftir að söngnum lauk, en þetta var í







**HURÐASKELLIR HANDTEKINN** Hér er Magnús Ólafsson í gervi Hurðaskellis. Fór til að færa alþingismönnum epli. Meðal annars Eggerti Haukdal. En þingvörðurinn tók þessu uppátæki illa, sakaði Þorgeir og Magnús um að vera platjólasveinar. Stúfur forðaði sér á hlaupum en Hurðaskellir var handtekinn. Og troðið inn í Svörtu Maríu.

Kópavogi um miðjan níunda áratug síðustu aldar, þá þurfti að gefa nammi. Hurðaskellir dembir sér í það hlutverk en fer svo að furða sig á því hvað hafði orðið af Gylfa. Finnur hann þá þar sem Gylfi er nánast kominn í áflog við einhverja óknyttadrengi sem vildu snerta jólasveininn og toga í skegg hans. Það var ekki Gylfa að skapi nema síður sé og lét krakkaskrattana kenna á vendinum. Eða þannig.

Magnús Ólafsson hefur verið jólasveinn í þrjátíu ár. Og hann vill nú ekki meina, þrátt fyrir að tekið geti á að vera í jólasveinagallanum, að nokkurn skugga hafi borið á. Þó svo að honum hafi verið troðið í Svörtu Maríu sem Hurðaskellir á sínum tíma.

„Aldrei neinn skuggi þar á. Ég er reyndar orðinn latari við það. En ég bregð mér í rauða gallann ef svo ber undir. Hurðaskellir og Stúfur. Við Þorgeir. Þannig hefur það verið. Vorum vinsælustu jólasveinarnir á sínum tíma. Svo komu alls konar gervijólasveinar, með undirboðum, og reyndu að bola okkur út af markaði. Bara þeir um það.“

**Að lifa í lyginni sem jólasveinn**

„Mér þótti þetta leiðinlegt þegar ég var að standa í þessu tæplega fullorðinn maðurinn,“ segir Steinn Ármann Magnússon leikari. Hann er ekkert að skafa utan af því. Þetta jólasveinastand er meira en segja það. Og hann tekur undir með Magnúsi Ólafssyni sem bendir á að komið sé til undirboða í jólasveinageiranum.

„Við Dabbi [Davíð Þór] – tókum út fyrir þetta. Að ljúga þessu að börnunum, að maður væri jólasveinn. Að lifa í lyginni. Við vorum einhver tvö tímabil í þessu amstri. Svo prófaði ég að gera þetta aftur löngu síðar. Gamaldags jólasveinn fyrir Stundina okkar. Lítið þó. En fór þá að hafa meira gaman af þessu þá. Var sjálfur búinn að eignast börn og fékk þá eitthvað út úr því að gleðja börnin. Svo ég ætlaði að fara út í þetta meira. Sá í þessu peninga. En þá voru komnar svona jólasveinaleigur. Sem undirbjóða markaðinn. Vandaðir leikarar eru ekki fengnir í þetta lengur.

Og Steinn segir eina sögu af jólasveinastússi Davíðs Þórs vinar síns sem er sannast sagna martraðarkennd og til marks um að menn verða að leggja sig alla fram ef vel á að vera.

**Martröð platjólasveinsins**

Þannig er að Davíð Þór var búinn að bóka sig í tvö jólasveina-gigg sama dag. Sem stemningsmaður hafði Davíð farið út kvöldið áður og tekið þátt í aðventugleði. Þegar svo til kastanna kom var hann ekki alveg upp á sitt allra besta. En, ekkert mál með það, Davíð fer af stað með seinni skipunum þó, á hinn fyrri stað. Til er að taka að Davíð Þór gengur ekki með úr. Honum finnst það óþægilegt. Þannig að hann slumpaði á hvað tímanum leið og þar sem samviskubitið var ekki upp á sitt allra besta tók hann sér góðan tíma í að dansa í kringum jólatréð, syngja og segja: Hohohó, krakkar mínir komið'i sæl … En hrekkur upp við illan leik þegar hann áttar sig á því að á staðnum hafði hann verið í rúman klukkutíma. Eitt stykki jólasveinagigg þykir passlegt korter til tuttugu mínútur. Allt þetta væri sök sér ef Davíð Þór væri við svo búið ekki orðinn alltof alltof seinn á næsta stað.

> Gylfi kunni öll jólalögin afturábak og áfram. En var ekki mjög umburðarlyndur þegar kom að óknyttadrengjum sem vildu toga í skegg hans.



> Þorgeir hefur oft lent í honum kröppum sem jólasveinn, forðaði sér eitt sinn á hlaupum undan lögreglu í fangið á Jóni Múla sem sagði útvarpshlustendum af hinum fáheyrða atburði.



**Smákökur verða Jóla að falli**

Þangað snarast nú Davíð kófsveittur í fullum skrúða. Þegar á staðinn er komið er jólasveininum gefið illt auga enda búið að dansa í kringum jólatréð og fólk sest niður við kaffidrykkju. Jólasveinninn reynir hins vegar að gera gott úr þessu og drífur krakkana í dansinn. „Nú skal segja, nú skal segja …“ og „Ég á heim´á Klapplandi …“ Jólasveinninn er að niðurlotum kominn eftir hringdansana, sönginn og grínið – en hafði gert góða lukku – og þar sem hann kemur að kaffiborðinu sverfur hungrið að. Davíð Þór uppgötvar að hann hafði ekki haft neinn tíma til að fá sér hvorki vott né þurrt í þessum mikla hamagangi. Sér sér leik á borði og segir: Hohohó, þetta eru nú aldeilis girnilegar veitingar. Smákökur, hohohó … og tekur til við að troða smákökum í andlitið á sér. Þá vill ekki betur til en jólasveinninn hafði gleymt gærunni sem hann var með framan í sér þannig að góður slatti af bómullinni fylgir kökunum upp í munn jólasveinsins. Nú voru góð ráð dýr, ekki dugði að Davíð færi að frussa út úr sér smákökunum en allra augu voru á þessum hressa jólasveini. Þannig að Davíð grípur til þess ráðs að sarga bómullina í sundur uppi í sér með tönnunum. Og gleypa ósköpin. Steinn Ármann heldur því fram að lengi á eftir hefði komið lopaspotti út um óæðri enda jólasveinsins knáa. ■






**SÆTABRAUÐ Á SUNDI** Þessar frísklegu sundhettufrúr duttu í lukkupottinn þegar þær syntu fram á bakkelsi í boði höfunda bókarinnar. MYND / ÁSLAUG SNORRADÓTTIR

# Óður til útiveislunnar

Ný ljósmynda- og matreiðslubók Áslaugar Snorradóttur og Sigrúnar Sigvaldadóttur fjallar um samspil útivistar, matar og drykkjarfanga.

Það getur verið ákveðin áskorun að slá upp matarveislu utanhúss á Íslandi. En þegar veðurguðirnir eru manni hliðhollir, eða ásetningurinn bara nógu einbeittur, er fátt betra en að eta, drekka og gleðjast undir berum íslenskum himni.

Í nýrri ljósmynda- og matreiðslubók Áslaugar Snorradóttur ljósmyndara og Sigrúnar Sigvaldadóttur hönnuðar er einmitt kastljósinu beint að samspili matar, náttúru og mannlífs á litríkan og glaðlegan hátt. Í bókina er hægt að sækja sér innblástur fyrir veislur úti við, hvort sem öllu er tjaldað til við matargerðina eða bara dregið upp það sem finnst í bakpokanum. Myndirnar fanga ekta íslensk útilegu- og tjaldstæðaaugnablik í bland við skemmtilega sviðsettar stemningar Áslaugar, eins og aðalmynd þessarar síðu er gott dæmi um en þar sjást frísklegar eldri frúr gæða sér á bakarísbakkelsi ofan í sundlaug og sötra með kaffi úr bollum á undirskálum.

Bók Áslaugar og Sigrúnar heitir „Icelandic picnic“ og er texti hennar á íslensku og ensku. Auk mataruppskrifta eru í bókinni málshættir úr ýmsum áttum sem skreyta myndirnar og kallast skemmtilega á við þær.



**KAFFITÍMI** Það er alltaf gott að hafa brúsa með snarpheitu kaffi eða kakói með í gönguferðina.



**EKKERT HUNDALÍF** Ferfættir meðlimir fjölskyldunnar eru að sjálfsögðu með í útilegunni og fá oftar en ekki að njóta góðs af því sem gengur af eftir grillveisluna. ÁSLAUG SNORRADÓTTIR



**BANANA- OG SÚKKULAÐISÆLA** Þessi sígildi eftirréttur svíkur bragðlaukana aldrei. ÁSLAUG SNORRADÓTTIR



**ÍSLENSK VILLIBRÁÐ** Bleikja í smjöri með tómötum, salti og pipar. Oft er það einfaldasta best. ÁSLAUG SNORRADÓTTIR




Fróðleiksnáma fyrir alla um jólin eftir
Árna Björnsson, þjóðháttafræðing.




Unglingabókin í ár.
Þetta er málið stelpur!







Ævisaga eins allra besta fótbolta-
kappa sem Ísland hefur alið.









Halli og Heiðar skemmta
börnunum.




Tindur
Bókaútgáfa

# Jólagjöfin fy

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum



**United 14" sjónvarp**
- 14" black matrix myndlampi
- Textavarp
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring

GOTT VERÐ
12.990kr



**United 20" sjónvarp**
- 20" black matrix myndlampi
- Textavarp
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring

GOTT VERÐ
16.990kr



**United 21" sambyggt sjónvarp með DVD spilara**
- Stereó hljóðkerfi
- Textavarp, allar aðgerðir á skjá og scart tengi
- Fjölkerfa DVD spilari

GOTT VERÐ
24.990kr



**United 28" sjónvarp**
- Textavarp
- 2x20w nicam stereó hljóðkerfi
- Allar aðgerðir á skjá
- Svefnrofi
- 2 scart tengi

GOTT VERÐ
29.990kr



**United 15" LCD sjónvarp**
- Digital comb filter
- 8w nicam stereó hljóðkerfi
- 12V og 220V
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

GOTT VERÐ
34.990kr



**United 20" LCD sjónvarp**
- Digital comb filter
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart (með RGB), component, SVHS, CVBS

TILBOÐ
49.990kr
Verð áður 54.990,-



**Philips sambyggður VHS og DVD spilari**
- Fjölkerfa DivX DVD spilari og myndbandstæki
- Spilar öll kerfi
- Progressive scan
- Dolby Digital
- Nicam stereó myndbandstæki
- Hægt að horfa á DVD meðan tekið er upp á myndband
- Longplay og NTSC afspilun

TILBOÐ
21.990kr
Verð áður 24.990,-



**Philips DVD spilari**
- Fjölkerfa DVD DivX spilari
- Spilar öll kerfi
- Progressive scan
- Dolby Digital
- Scart (með RGB), component, SVHS og CVBS tengi
- Digital coaxial tengi

TILBOÐ
7.990kr
Verð áður 8.990,-



**Funai sambyggður VHS og DVD spilari**
- Fjölkerfa DivX DVD spilari og myndbandstæki
- Spilar öll kerfi
- Dolby Digital og DTS
- 4 hausa myndbandstæki
- Longplay
- RCA tengi að framan
- 2 scart og SVHS tengi
- RCA hljóðútgangur
- Digital coaxial tengi

GOTT VERÐ
16.990kr

Gildir til 12. desember eða á meðan birgðir endast.

# yrir heimilið

Vaxtalausar greiðslur í boði fyrir raftæki að andvirði 60.000 eða meira*

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.



**United 27" LCD sjónvarp**
- Progressive scan
- HD ready
- Skerpa: 900:1
- 2x6w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

GOTT VERÐ 89.990kr



**Philips 20" LCD sjónvarp**
- Upplausn: 640x480 punktar
- Crystal clear III og progressive scan
- Anti reflection - Minnkar glampa
- FM útvarp með stöðvarminnum
- 20w stereó hljóðkerfi

GOTT VERÐ 64.990kr



**Philips 32" LCD sjónvarp**
- HD ready
- 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

TILBOÐ 124.990kr
Verð áður 149.990,-



**United 32" LCD sjónvarp**
- HD ready
- Progressive scan
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

GOTT VERÐ 99.990kr



**Philips 42" pplasma sjónvarp**
- Digital crystal clear og progressive scan
- HD ready
- 2x30w nicam stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

GOTT VERÐ 199.990kr



**United 42" plasma sjónvarp**
- Progressive scan
- HDTV ready
- Mynd í mynd (2 móttakarar)
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, component og heyrnartólstengi
- DVI-D og PC tengi

GOTT VERÐ 149.990kr



**Philips videotæki**
- 6 hausa myndbandstæki
- Automatic long play
- Nicam stereó
- Turbo drive, turbo timer og tape position indicator
- 2 scart tengi
- NTSC afspilun

TILBOÐ 9.990kr
Verð áður 12.990,-



**Matrix DVD spilari**
- Fjölkerfa DVD DivX spilari
- Spilar öll kerfi
- DolbyDigital og DTS
- Scart, component og SVHS tengi
- Coaxial tengi

GOTT VERÐ 6.990kr



**United DVD spilari**
- Fjölkerfa DVD spilari
- DolbyDigital og DTS
- Scart, CVBS og heyrnartólstengi
- Digital optical og coaxial tengi
- NTSC afspilun yfir í PAL

GOTT VERÐ 4.990kr

**Nýtt kortatímabil**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**ÞORRI JÓHANNSSON** Segir bannstefnuna, sem mörkuð var með sáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1961, gengna sér til húðar og vill lögleiða vímuefni hvaða nafni sem þau kallast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þorri meðal heróínista í Köben

**Þorri Jóhannsson** klippir nú fjórðu heimildarmyndina sem hann gerir í tengslum við starf sitt með evrópsku samtökunum ENCOD sem berjast fyrir umturnun á ríkjandi stefnu í vímuefnamálum. Í samtali við Jakob Bjarnar Grétarsson segir Þorri bannið sem slíkt við vímuefnum vera hið mikla mein í þessum málaflokki en ekki efnin sjálf. Skoðanir hans og sýn eru svo mikið tabú að myndirnar fást ekki sýndar hér á landi en Þorri er reyndar ekkert of ákafur í dreifingarmálum. Og víst er að fara mun um margan broddborgarann þegar hann kynnist skoðunum Þorra sem segir það rétt hvers og eins að neyta vímuefna.

Þetta eru nú fjórar myndir sem ég hef gert. Þrjár myndir eru þegar klárar. Nú er ég með mynd í eftirvinnslu sem fjallar um heróínistasamtökin í Danmörku. Ég var um tíu daga að skjóta hana," segir Þorri Jóhannsson kvikmyndagerðarmaður með meiru.

Árið 2003 gekk Þorri til liðs við samtök sem heita Encod – frjáls félagasamtök sem berjast gegn harðri bannstefnu hins opinbera í vímuefnamálum sem ríki heims hafa í raun fylgt frá og með sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem gerður var árið 1961. Þátttaka Þorra í Encod hefur leitt til heimildamyndagerðar hans um þessi mál, sem hann hefur unnið á launum hjá ENCOD – kvikmyndagerð sem hann segir eins konar skæruliðaheimildavinnu:

„Maður mætir með kameruna á staðinn og verður að vera eins og á veiðum. Hvað gerist? Við hvern nær maður sambandi. Taka viðtöl. Fólk sem er undir áhrifum er misvel fyrirkallað. Og misjafnt hvort það getur tjáð sig af miklu viti. Þessi síðasta mynd mín fjallar um opinber hagsmunasamtök heróínista: Brugerforeningen eða Danish Drug Users Union sem eru samtök heróín- og methadon- neytenda í Danmörku. Þau berjast meðal annars fyrir því að fá hreint heróín frá ríkinu í stað methadons."

Þorri segir ljóst að Íslendingar upp til hópa eigi afar erfitt með að kyngja því að til séu opinber hagsmunasamtök heróínista. Sem styrkt eru af opinberum aðilum.

„En þetta er til fyrirmyndar að mínu viti. Fólk á að sjá um sín mál sjálft."

## Veltir jafn miklu og olíubransinn

Skoðanir þær og stefnan sem Þorri og samtökin Encod tala fyrir eru byltingarkenndar – tabú – sé miðað við opinbera stefnu og það sem uppi er meðal þorra almennings. Þorri segir svo frá að Bandaríkjamenn hafi fengið í gegn hjá Sameinuðu þjóðunum að banna flest allt það sem kallað er ólögleg fíkniefni með áðurnefndum sáttmála. Þorri byrjar reyndar á að setja fyrirvara við ákveðna fordóma sem felst í orðanotkuninni. Þegar talað er um eiturlyf og fíkniefni. Ekki eru allir með fíkn í það sem kallast fíkniefni. Og eitur hefur náttúrulega mjög afgerandi merkingu. „Eiturlyfjadjöfullinn og svo framvegis. Encod berst fyrst og fremst fyrir því að tekin sé upp raunsæ stefna í vímuefnamálum. Að horfst sé í augu við veruleikann."

Að mati Þorra og félaga hans í Encod er einsýnt að það er bannið sjálft sem er meginvandinn. Ali á glæpum og algerlega sambærilegt við bannárin í Bandaríkjunum og afleiðingar þeirra. Reyndar á miklu stærri skala því talið er að fíkniefnaheimurinn velti á heimsvísu litlu minna en gervallur olíuiðnaðurinn. Að mati SÞ hagnast ólöglegi vímuefnaiðnaðurinn um 400 milljarða evra á ári. Hluti þessara peninga fjármagnar aðra glæpastarfsemi og hryðjuverk. Þorri telur að væru vímuefni lögleg myndi þessi uppspretta fjármuna stórlega minnka. Og þeir 15 milljarðar evra sem Evrópusambandið og Bandaríkin verja til að viðhalda banninu færu til þarfari verka.

„Það verður að stoppa þessa helstefnu. Taka þetta frá glæpamönnunum. Þetta er alveg svakalegur bisness. En svo eru ótrúlega margir sem hafa hagsmuni af þessum hræðsluiðnaði," segir Þorri.

## Hertar reglur en aukin neysla

Þorri dregur ekki úr því, nema síður sé, að þetta sé bæði gríðarlega viðamikið mál og flókið. Á því séu margir fletir og hann bendir á nýlegt e-pillumál hér á landi en þá lést ung stúlka eftir neyslu efnisins.

„Efnin eru nú í höndum glæpamanna. Fólk kaupir þetta á götunni, veit ekki hvað það er að kaupa og alls kyns óþverri getur verið í efnunum. Ungt fólk er ekki frætt um hvernig á að nota þetta. Alltaf er verið að tala við ungt fólk eins og það hafi ekki prófað vímuefni," segir Þorri. Hann vill meina að það sé eins og hver önnur fá-sinna. Menn verði að horfa á málið eins og það er.

Árið 1998 var haldinn fundur í New York, svokallaður UNGASS fundur (United Nations General Assembly Special Session ) undir slagorðinu „Drug free world – we can do it!" Hugmyndin var sú að árið 2008 yrði búið að þurrka út alla kóka-, ópíum- og kannabisræktun í heiminum. Þetta átti að gera með hernaðaraðgerðum. Bandaríkjamenn í Kólumbíu og NATO í Afganistan þar sem talibanar voru styrktir til að ráðast á ópíumbændur þar. Þorri segir að öllum ætti að vera ljóst hvernig fór með þetta verkefni.

„Að sjálfsögu voru afleiðingarnar þveröfugar á við það sem að var stefnt. Neysla og ræktun hefur aukist mikið. Árið 2003 var haldinn

*Framhald á næstu opnu* ▶



Ertu í húsgagnaleit?
skovby
Italsofa
Verð kr. 184.000.-
Sófasett m/slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa 3+1+1
Italsofa
Verð kr. 284.000.-
Leðursófasett 3+1+1
Verð kr. 196.000.-
Hornsófi sem hægt er að breyta með einu handtaki í svefnsófa
Hornsófi með skemmlum og slitsterku áklæð sem auðvelt er að þrífa
Verð kr. 209.500.-
Strativari
Mikið úrval af vönduðum borðstofuhúsgögnum
Corinne
Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koníaksbrúnt
Verð kr. 219.000.- Einnig í Micro-áklæði. Verð kr. 198.000.-
Slökunarstólar
í miklu úrvali
Tilboðsverð aðeins kr.
58.500.-
Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-18 - Sunnud. 13-16



**VIRKUR Í ENCOD** Samtökin berjast fyrir lögleiðingu vímuefna. Segja það mannréttindi að fá að neyta þeirra í friði og segja bannið sjálft vandamálið - ekki efnin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

annar UNGASS-fundur í Vín þar sem árangurinn var metinn og menn urðu að horfast í augu við að árangurinn var enginn. Þetta var svipuð vitleysa og Fíkniefnalaust Ísland árið 2000.“

### Bann af pólitískum ástæðum

Efnt var til mikilla mótmæla gegn hinni opinberu stefnu fyrir framan aðalstöðvar Sameinuðu þjóðanna. Þorri var í Vín með vídeótökuvél sína og gerði heimildarmynd um þann gerning allan og hefur sú mynd farið á nokkrar kvikmyndahátíðir og hefur verið sýnd á litlum sjónvarpsstöðvum.

„En þetta er slíkt tabú að erfitt er að selja slíkar myndir,“ segir Þorri. En afstaða hans í þessum efnum liggur fyrir. Og gekk hann í kjölfarið í Encod-samtökin.

„Fólk er alltaf að spyrja: Vildir þú að börnin þín væru að taka þetta? Eða að eiturlyfjasalar séu fyrir utan skóla að selja ólögleg vímuefni. Ég hef lesið ýmsa hysteríuna í blöðunum. Öll umræða er á tilfinningasviðinu en það sem við biðjum um er að menn ræði þetta af skynsemi.“

Þorri vill meina að sú stefna sem mörkuð var árið 1961 hafi ekki síst verið vegna púrítanisma og vinnusiðgæðis sem ríkti. Áfengi, er vímuefni rétt eins og hin ólölegu efni en af sögulegum ástæðum er það leyft. Hitt er bannað af pólitískum ástæðum en ekki læknisfræðilegum. „Þetta er valdatæki sem gert er til að halda niðri minnihlutahópum og halda fólki við færibandið. Marijúana er ekki gott til þess.“

### Þinn réttur að neyta vímuefna

Afstaða Þorra byggist meðal annars á þeirri hugmyndafræði að allir eigi að ráða sér sjálfir svo fremi sem þeir trufli ekki aðra. Og vitnar í John Stuart Mill. „Oft er sagt að neytendur eyðileggi heilu fjölskyldurnar. Því sé rétt að banna á mórölskum fosendum. En bann er pólitík, valdatæki sem byggist á úreltu siðferð. Opinber stefna okkar er sú að ekki séu til nein hörð efni og engin mjúk. Mjög persónubundið er hvernig efni virka á fólk og miklu ræður hvernig þau er notuð. Til er fólk sem leggur áherslu á kannabis, sumir eru heróínneytendur og aðrir kókaínneytendur. Mikill meirihluti notenda í Evrópu eru þeir sem engin vandræði sækja heim. Stór hluti sem notar þetta gerir það til afslöppunar og á hátíðarstundum. Eins og fólk drekkur um helgar. En stefnan byggist hins vegar alltaf á hegðun minnihlutans sem er að brjótast inn til að eiga fyrir efnunum,“ segir Þorri.

Hann bendir á að stjórnmálamenn í Bretlandi, sem vilja leyfa heróín til að minnka glæpi, séu að ná máli. „Banninu sem slíku fylgja glæpir. Það er algerlega ljóst.“

### Öll umræða er tabú

En er ekki einsýnt að þarna fara dópistar sem vilja eiga greiðari leið að fíkniefnum? Þorri segist ekki óvanur slíkum spurningum.

„Jú, jú, kallaðir dópistar og sakaðir um að vera á mála hjá kókaínbarónum og kannabisframleiðendum,“ segir Þorri sem varla nennir að benda á hina augljósu mótsögn, að honum finnst, sem er sú að Encod-samtökin vilja leyfa vímuefnin til þess að hægt sé að koma böndum á dreifinguna og hafa eftirlit með neyslu þeirra.

„Í samtökunum eru ýmsir sem aldrei hafa tekið neitt ólöglegt inn. Þetta snýst ekki um rétt fólks til að dópa í friði heldur að þetta sé almennt þjóðfélaginu til heilla að haft sé eftirlit með þessu. Staðan núna er sú að börn niður í ellefu ára eru heróínistar. Þrátt fyrir þessi miklu boð og bönn.“

En öll umræða á Íslandi er einhliða á neikvæðum nótum að sögn Þorra – tabú. Alltaf sé verið að fjalla um afleiðingarnar en ekki orsakirnar. „Meginorsök vandans er sjálft bannið. Fullt af millistéttarfólki sem var háð heróíni fyrir bannið fékk sitt heróín hjá læknum. Bannið leiðir til hins vegar til óhreins efnis með oft skelfilegum afleiðingum og glæpa. Engin fræðsla er uppi. En betri er fræðsla en hræðsla.“

### Bannið leiðir til lögregluríkis

Betra er að hafa þetta leyft og á markaðsforsendum fremur en að banna vímuefnin að sögn Þorra. „Þetta fer ekkert. Þetta er þarna svo framarlega sem eftirspurnin er. Þeir halda að þeir geti komið í veg fyrir þetta með tollgæslu en öll fangelsi eru troðfull af ólöglegum vímuefnum. Háttsettir lögregluforingjar í Bretlandi kvarta undan þessu. Vilja lögleiðingu því þeir eyða dýrmætum tíma sínum og takmörkuðum fjármunum í að elta neytendur. Verið er að skapa glæpi. Einn foringi í Scotland Yard hefur sagt að ef fólk virkilega vill hafa eiturlyfjalaust land verði það að sætta sig við að við verðum að breyta öllum hefðum og reglum lýðræðislegs Vesturlandaríkis. Breyta því í lögregluríki. Og þess sjást ýmis merki. Viljum við lifa í þannig samfélagi? Þetta er spurningin sem við verðum að spyrja okkur,“ segir Þorri.

Þrjár fullgerðar eru myndir Þorra um þetta efni. Ein um áðurnefndan Vínarfund, ein fjallar um ástandið í Kaupmannahöfn þegar Pusher Street í Kristjaníu í Kaupmannahöfn var lokað. Þorri segir hassið enn til staðar en ástandið hafi versnað þar mjög við að starfsemin sé rekin neðanjarðar. Þriðja myndin fjallar um það þegar nokkrir meðlimir samtakanna fóru til Strassborgar þar sem lagt var til að stefnunni yrði breytt algerlega.

„Við viljum breyta stefnunni algerlega. Frá harðri stefnu til umburðarlyndis,“ segir Þorri og bendir á að bannið við vímuefnum sé álíka fáránlegt og vínbannið í Bandaríkjunum á sínum tíma. Sem kom fótum undir mafíuna. Nú sé þetta sama að gerast nema myndin er miklu stærri.

### Er sjálfur ekki reglulegur neytandi

Engir Íslendingar aðrir en Þorri eru í Encod. Aðspurður segist Þorri ekki vera dópisti en hann hafi þó prufað eitt og annað til að vita hvað um ræðir. Skammast sín ekki fyrir það. En þetta gengur ekki út á það.

„Nei, ég er ekki reglulegur neytandi. Og tek ekki þátt í þessu á þeim forsendum. Fyrir mér er þetta fyrst og fremst mannréttindabarátta. Þegar maður er að gera myndir verður maður blaðamennskunnar vegna að prófa eitt og annað.“

Þorri efast ekki um að ýmsir hér á landi muni súpa hveljur vitandi af hagsmunasamtökum heróínista víða um Evrópu. En Þorri segir það hið besta mál því þannig sé best að lágmarka skaðann af vímuefnunum.

„Koma í veg fyrir sjúkdómana, hafa þokkalega staði til að sprauta sig, fólki sé kennt að sprauta sig... krakkneytendur í Hollandi hafa staði þar sem þeir geta komið saman og reykt krakk. Það hefur verið demóniserað. En ég hef komið á þessa staði til að mynda og aldrei verið í rólegri stemningu. Og meðan þeir eru þar inni eru engir glæpir. Selja og gefa. Í Hollandi og víðar eru til spjöld og vökvar þar sem þú getur athugað hvort extasípillan þín er hrein eða ekki. Kallað „harm reduction“. Lágmarka skaðann.“

### Dópið hverfur aldrei alveg

Þorri telur algerlega óraunhæft að ætla að eiturlyf hverfi alveg. En telur víst að eftirspurn muni minnka en ekki aukast sé hægt að koma þessu upp á yfirborðið í stað þess að fóðra undirheimana með banni.

„Öll efni hafa sínar slæmu hliðar og ofneysla þeirra getur sjaldan verið holl,“ segir Þorri. „Varðandi mig sjálfan þá hef ég orðið vitni að framtaksleysi og skipulagsleysi kannabisnotenda t.d. Og þegar um örvandi efni er að ræða þá hef ég upplifað ýmsar neikvæðar hliðar á neyslu þeirra í kringum mig svo ég get ekki mælt með reglulegri notkun þeirra við nokkurn mann. En það hefur ekkert með þá sannfæringu mína að gera að núverandi bannstefna veldur meiri skaða en hún gerir gagn.“



**EKKI REGLULEGUR NEYTANDI** Þó Þorri hafi prófað þau efni sem hann fjallar um segist hann ekki nota vímuefni reglulega, heldur hafi prófað til að vita hvað um ræðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## UM ENCOD

ENCOD var stofnað árið 1993 í Antwerpen í Belgíu. Þar eru höfuðstöðvarnar nú. ENCOD er bandalag frjálsra evrópskra samtaka sem þrýsta einkum á Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar um breytta stefnu í vímuefnamálum. Að horfið verði frá stefnu sem mörkuð var með sáttmála SÞ árið 1961 að byggja stefnuna á banni og hörðum aðgerðum í vímuefnamálum. ENCOD telur ekki að raunsærri og lýðræðislegri vímuefnastefna muni leysa vandann heldur gera hann viðráðanlegri.

Að sögn Þorra er ENCOD vettvangur um 80 frjálsra félagasamtaka (NGO´s) sem hafa áhyggjur af núverandi stefnu: „Að þessum samtökum standa milljónir Evrópumanna. Bæði notenda og þeirra sem ekki neyta fíkniefna. Grasrótarsamtök aðgerðasinna, heilsugæslufólks, foreldrasamtaka og akedemikera. Við erum einnig hluti af alþjóðasamtökum sem er vettvangur 200 frjálsra samtaka sem eru fulltrúar alls konar borgara sem hafa áhyggjur eða verða fyrir skaða vegna núverandi vímustefnu. Ég byrjaði að starfa með og fyrir ENCOD 2003 þar sem ég hef nú deilt þessum skoðunum með þeim í 26 ár.“

ENCOD hefur notið opinberra styrkja frá meðal annars ESB og Senils Counsil sem og einstaklingum sem oft vilja ekki gera það opinberlega.

## HERÓÍNISTAR Í ZURICH AF GÖTUM Í ATHVARF

Ýmsir hafa fjallað um stefnu í vímuefnamálum og leitað annarra leiða. Án þess að skilja beri sem svo að Þráinn Bertelsson sé skoðanabróðir Þorra þá skrifaði hann eftirfarandi þann 17.06.2006 í Fréttablaðið og greinir frá nýbreytni í Sviss:

“Í borginni Zurich hefur tekist að draga úr nýgengi heróínfíkla um 82 prósent á tíu árum. Aðferðin er einföld. Heróínfíklum stendur til boða að fá heróín keypt í lyfjaverslunum gegn framvísun lyfseðils, og auk þess er boðið upp á ókeypis sprautunálar og athvörf þar sem fíklar geta komið til að sprauta sig.

Með þessu móti hefur ævintýraljómi hins forboðna dofnað og fíkillinn er ekki lengur uppreisnarmaður í samfélaginu heldur sjúklingur sem þarf á hjálp að halda en ekki fangelsi. Eiturlyfjasmygl og dreifing eru vonlausar atvinnugreinar þar sem ríkiseinkasala og sjúkrasamlag sjá um að afgreiða sjúklingana í næsta apóteki.

Hreint heróín, ókeypis sprautur og athvörf fyrir fíkla hafa að sjálfsögðu dregið úr þeim sjúkdómum sem tengjast neyslunni. Og úr því að heróín er flokkað sem lyfseðilsskylt lyf fylgir efninu ekki lengur andfélagsleg hegðun og þjófnaða- og ránafaraldur sem okurprísar á ólöglegum markaði valda. Heróín í Zurich er einfaldlega lyf sem heimskulegt er að ánetjast - og glæpagengi hafa ekki lengur ástæðu til að stunda ólöglega verslun og handrukkarastarfsemi. Og færri og færri ánetjast heróíni af því að engir eiturlyfjasalar hafa hag af því að fjölga viðskiptavinum.

Kannski Svisslendingar hafi eftir allt saman fundið upp eitthvað sem er enn þá merkilegra en gauksklukkan.”

NÚ ER ÞAÐ SVART, MAÐUR. NÚ ER HANN

# ÞRE

FALDUR Í KVÖLD

## 12 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

**Mundu Disney leikinn. Sjö fjölskyldur hafa þegar unnið ferð og þrjár ferðir eru eftir í pottinum.**

DRAUMAFERÐ FJÖLSKYLDUNNAR

Lottó

3 Þrefaldur pottur

**Öllum 10 raða Lottóseðlum með Jóker fylgir happanúmer. Í hverri viku fram að Þorláksmessu drögum við út ævintýralega ferð fyrir alla fjölskylduna.***

*M.v. 2 fullorðna og 2 börn.

ENNEMM / SÍA / NM25051



**MAJÓRINN OG UPPHAFSMAÐURINN** Ann Marie stendur hér við mynd af William Booth, stofnanda Hjálpræðishersins, en mynd af honum hangir á vegg í Samkomusal Hjálpræðishersins við Kirkjustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Markmið Hjálpræðishersins alls staðar í heiminum er að boða fagnaðarerindið um Jesú og að rétta fólki hjálparhönd án þess að mismuna því.

# Hermennskan er lífsstíll

Hjálpræðisherinn hefur verið með starfsemi hér á landi frá árinu 1895 og rekið hér öflugt hjálparstarf fyrir fátæka og heimilislausa. *Sigríður Hjálmarsdóttir* hitti **Ann Marie Reinholdtsen** majór en hún er yfirforingi Hjálpræðishersins á Íslandi.

Hér á Íslandi erum við aðeins með brot af þeirri starfsemi sem Herinn stendur fyrir um allan heim," segir Anne Marie á lýtalausri íslensku en hún hefur verið mikið hérlendis frá árinu 1976. „Herinn hér er frekar lítill en við erum um hundrað sem tilheyrum honum."

Upphafsmaður Hjálpræðishersins, William Booth, var í meþódistasöfnuðinum og segir Anne Marie að áhrifa þaðan gæti enn í dag þrátt fyrir að hreyfingin skilgreini sig ekki sem slíka. „Í sumum löndum er Hjálpræðisherinn skráður sem trúfélag og er þá kirkja. Hér á Íslandi erum við vissulega trúfélag en ekki skráð sem slíkt, þannig að við erum bara hreyfing eða samtök," segir Anne Marie og bætir því við að flestir sem tilheyra Hjálpræðishernum séu skráðir í þjóðkirkjuna en ekki endilega allir. „Herinn tilheyrir ekki þjóðkirkjunni en við erum í góðu samstarfi við þjóðkirkjuna og önnur trúfélög hér á landi. Það er eitt af því sem hefur verið einkennandi fyrir herinn að geta starfað með öðrum."

Hjálpræðisherinn er með sínar eigin samkomur og starfsemi og virkar því að vissu leyti eins og trúfélag þrátt fyrir að hafa ekki lagaleg réttindi sem slíkt. „Það kemur alltaf annað slagið upp í umræðunni og einhverjum finnst að við ættum að sækjast eftir því. Öðrum finnst það algjör óþarfi enda eru flestir ánægðir með að tilheyra þjóðkirkjunni og hafa þá Herinn fyrir starfsvettvang þar sem það þjónar náunganum," segir Anne Marie.

### Gistiheimilið er mikilvægt

Af þeirri starfsemi sem Hjálpræðisherinn heldur utan um hér á landi er Gistiheimilið við Kirkjustræti líklega mest áberandi. „Á sumrin gistir þar mikið af ferðafólki og er mikilvæg tekjulind fyrir okkur. Þegar líður að hausti kemur fólk hins vegar í langtímaleigu," segir Anne en í vetur búa þar stúdentar, útlendingar sem starfa hér á landi og einn og einn húsnæðislaus Íslendingur en þeir geta fengið gistingu á Gistiheimilinu tímabundið. „Hingað kemur líka fólk sem er í vandræðum og fær að vera hér endurgjaldslaust í eina og eina nótt meðan það er að vinna í sínum málum. Það er þá ýmist útigangsfólk eða fólk sem er einfaldlega beðið um að fara að heiman."

Anne Marie játar því þó að það komi fyrir að Hjálpræðisherinn þurfi að vísa fólki frá ef það er í neyslu. „Við getum ekki boðið gestum okkar upp á að hafa hér fólk sem er í neyslu en það getur stundum verið vandamál enda erfitt að útskýra það fyrir fólki sem er undir áhrifum. Það er voðalega erfitt að þurfa að vísa fólki frá sem er greinilega í neyð en í þannig ásigkomulagi að við getum ekki tekið við því," segir Anne Marie sem hefur séð hinar ýmsu hliðar samfélagsins í gegnum starf sitt hjá Hjálpræðishernum.

Herinn tók húsnæði á leigu í vor fyrir fólk sem hafði verið lengi í gistingu á Gistiheimilinu. „Í vor þurfti fólkið að flytja þaðan en var í vandræðum með að finna sér húsnæði. Það er dýrt að leigja og oft er líka farið fram á að einhverjir mánuðir séu greiddir fyrirfram. Þetta fólk er ekki með þann pening tiltækan þannig að við aðstoðum það við leiguna á þessu húsi. Þá kemur það að góðum notum að fólk skuli styrkja okkur svo við getum fyllt upp í bilið."

Auk Gistiheimilisins og leiguhúsnæðisins rekur Hjálpræðisherinn vistheimili á Seltjarnarnesi fyrir geðfatlað fólk í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið. „Það búa tólf manns á heimilinu sem taka þátt í samfélaginu en eru á lyfjum," segir Anne Marie og bætir við: „Síðan er það alveg velkomið og sjálfsagt að fólk leiti til okkar með vandamál sín, hvort sem það vill tala eða fá fyrirbæn. Við heimsækjum fólk líka ef þess er sérstaklega óskað."

Anne Marie segir ýmis verkefni sem fólk geti almennt unnið innan starfsemi Hersins sem sjálfboðaliðar og án þess að gerast hermaður. „Við erum til dæmis með fatabúð og það er margt í tengslum við hana sem þarf að gera. Það er starf sem hver sem er getur komið að. Við fáum þangað gefins föt og seljum þau en það er mikilvæg tekjulind fyrir okkur. Stundum gefum við líka föt ef fólk er í algerri neyð. Búðin er orðin nokkuð vinsæl og verður sífellt vinsælli en þangað getur fólk komið með föt hvenær sem er án þess að gera boð á undan sér."

### Dyrnar alltaf opnar

Markmið Hjálpræðishersins alls staðar í heiminum er að boða fagnaðarerindið um Jesú og að rétta fólki hjálparhönd án þess að mismuna því. „Ef manneskja kemur til okkar gerum við ekki kröfu um að hún sé sömu trúar og við. Við reynum að rétta þeim hjálparhönd sem eru hjálparþurfi, þó við getum að sjálfsögðu ekki hjálpað öllum en af fremsta megni reynum við að hjálpa þeim sem við getum," segir Anne Marie og bætir við: „Við erum mjög aðgengileg og það þarf ekki sérstaklega mikla pappírsvinnu til að fá aðstoð frá okkur. Við stönd-








## Hjálpa öllum án mismununar

Hjálpræðisherinn hefur það að markmiði að breiða út fagnaðarerindið um Jesú Krist auk þess að hjálpa fólki sem á erfitt uppdráttar vegna fátæktar. Starfsemi Hersins breiddist hratt út eftir stofnun hans en fyrir skömmu bættist Pólland í hóp þeirra þjóða þar sem Hjálpræðisherinn starfar. Hermenn eru klæddir herklæðum við embættisstörf sín og á myndunum má sjá hershöfðingjahjónin Helen og Shaw Clifton sem eru alþjóðaleiðtogar hjálpræðishersins, auk yngsta hermannsins hér á landi. Hann heitir Björn Tómas Kjaran og er mjög virkur í starfi Hersins á öllum sviðum.

um samt ekki hér með Bónusmiða í höndunum fyrir fólk heldur er þetta smávegis ferli þrátt fyrir að við reynum að hafa það mjög einfalt.“

Anne Marie segir dyrnar alltaf opnar á Gistiheimilinu og þangað sé fólk alltaf velkomið í spjall eða kaffibolla. „Síðan erum við með samkomusalinn opinn alla daga kl. 16-18 en þangað eru allir velkomnir. Þá er opið fyrir alla, kaffi á könnunni og smávegis með því. Ljúf og lágvær tónlist er leikin þannig að friðsamlegt og gott andrúmsloft myndast. Sumir setjast við borðin og spila yatzy eða bara sitja og spjalla.“

Einu dagarnir sem ekki er opið fyrir alla er á mánudögum því þeir dagar eru helgaðir konum. „Þá eru fundir í heimilasambandinu, sem er alþjóðleg kvennahreyfing innan Hjálpræðishersins. Ég held ég fari rétt með þegar ég segi að Heimilasambandið sé stærsta kvenfélag í heiminum,“ segir Anne Marie og bætir því við að Samkomusalurinn sé staður þar sem hver sem er getur komið inn. „Við erum ekki með neinn sérstakan markhóp í því sambandi heldur bjóðum við alla velkomna. Ég hef trú á að við getum öll verið saman án þess að fólk sé sett í bása. Það eru ákveðnir staðir fyrir fólk sem er í neyslu en við í samfélaginu verðum að viðurkenna að þetta fólk sé til. Samfélag okkar býður upp á að svona vandamál skapast. Það eru sumir sem eru alla tíð fórnarlömb en kjósa sér ekki endilega að fara þessa leið. Þetta fólk er alls konar og ekki endilega slæmt heldur á það þetta vandamál sameiginlegt. Það hefur mismunandi áhugamál og hæfileika og þarf líka fjölbreytni eins og aðrir. Við erum öll fyrst og fremst manneskjur.“

### Hermaður í þrjátíu ár

Anne Marie segir samkomur Hjálpræðishersins vera á fimmtudögum og sunnudögum klukkan 20. „Aðalinnihald þessara samkoma er svipað en á fimmtudögum eru lofgjörðarsamkomur og meira sungið. Á sunnudögum er meira lagt upp úr því að fólk standi upp og tali, gefi sinn vitnisburð,“ segir Anne Marie og bætir því við að það hafi frá upphafi verið stór þáttur í helgihaldi Hjálpræðishersins að fólk gefi vitnisburð um trú sína. „Stundum er það einmitt þetta sem hefur áhrif, að fá persónulegan vitnisburð frá öðrum.“

Starfsmenn Hjálpræðishersins hafa mjög sveigjanlegan vinnutíma enda er starfið fyrst og fremst lífsstíll. „Þegar maður ákveður að starfa fyrir Hjálpræðisherinn er maður að gefa líf sitt Drottni. En Drottinn skapaði okkur og veit að við þurfum líka hvíld þannig að auðvitað eigum við, bæði frá því sjónarmiði að við þjónum Drottni og frá mannlegu sjónarmiði, að hvílast. Við teljum ekki tímana eða horfum á klukkuna.“

Sjálf gekk Anne Marie í Hjálpræðisherinn árið 1972 og var þar í tvö ár þar til hún gekk í Foringjaskóla Hersins. „Ég útskrifaðist árið 1976 og hef nú starfað í þrjátíu ár. Við hjónin komum síðan hingað til lands ári síðar og vorum fyrst í fimm ár á Akureyri og síðan í Reykjavík. Við höfum verið til skiptis hér og í Noregi síðan í nokkur ár á hvorum stað en Herinn skipar foringja sína í stöður úit um allan heim,“ segir Anne Marie.

## Jólasamkoma á aðfangadagskvöld

Eins og undanfarin ár verður jólasamkoma á aðfangadagskvöld hjá Hjálpræðishernum. Að sögn Ann Marie er það dálítið misjafnt hvað margir mæta í matinn en reikna megi með um 150 manns. „Þangað mæta gjarnan þeir sem eru einmana á jólunum þrátt fyrir að eiga sitt heimili. Það á engan að til þess að eyða jólunum með,“ segir Ann Marie og bætir því við að þetta séu alltaf mjög sérstök kvöld. „Þau eru bæði góð og erfið en gleðin er alltaf í hjörtum fólksins sem kemur þarna saman til þess að halda jól, syngja jólasálma og borða góðan mat. Það gefur góða stemningu.“
Ann Marie segir Hjálpræðisherinn fá nánast allan matinn gefins en þrír aðalréttir eru í boði. „Við erum með lambakjöt, hamborgarhrygg og hangikjöt en lambakjötið er alltaf vinsælast. Þeir sem eru allt kvöldið eru alveg fram til klukkan tíu en það er alltaf smá dagskrá. Jólaguðspjallið er lesið auk þess sem það er sungið og allir fá jólagjafir,“ segir Ann Marie en Vernd gefur alltaf jólagjafir og leggur eitthvað til í matinn.
„Þátttakan hefur aukist mikið undanfarin ár og náði toppi fyrir nokkrum árum. Við vitum aldrei fyrirfram hvað margir koma þannig að við dekkum bara allt upp.“

## William Booth stofnandi Hjálpræðishersins

Hjálpræðisherinn er upprunninn í fátækrahverfi í Austur-London. Stofnandi hjálpræðishersins, William Booth, sá fátæktina sem ungur drengur. Hann vann hjá pabba sínum sem var veðlánari. Þar sá hann bláfátækt fólk koma með sínar dýrmætustu eignir til að eiga í sig og á. Þannig kynntist hann fátæktinni sem mjög ungur drengur í kringum 1850.
Starfsemi Williams byrjaði hins vegar 1865. Hann var alla tíð mjög trúaður og tók mjög afdrifaríka ákvörðun þegar hann var sextán ára gamall: „Allt sem í mér er á að tilheyra Guði.“ Hann ákvað að vera alltaf á Guðs vegum, gera Guðs vilja og nota líf sitt í þjónustu fyrir samferðafólkið. Hann fór út á göturnar í Austur-London til að predika fagnaðarerindið og var með ýmiss konar uppákomur í því sambandi. Hann var mjög heitur í predikunum sínum og skoraði á fólk að breyta um lífsstíl því auk fátæktarinnar var mikið atvinnuleysi og gríðarleg áfengisneysla.
Fljótlega sá hann að það var ekki nóg að predika þó það væri undirstöðuatriði að fólk fengi nýtt líf í trúnni. Fólk þarf líka að fá uppfylltar ákveðnar grundvallarþarfir, svo sem vinnu, heimili, föt og mat.
Fólk fór að safnast í kringum hann og fylgja honum og hann tók það með sér inn í kirkjurnar en hann var meþódisti. Þá kom í ljós að þetta fólk var ekki velkomið í kirkjuna því það var jafnan illa á sig komið, leit ekki vel út og jafnvel illa lyktandi, eins og gerist þegar fólk lifir meira og minna á götunni.
William ákvað þá að stofna sinn eigin söfnuð og kallaði hann til að byrja með Kristna trúboðið í London. Smám saman óx trúboðið og varð svo umfangsmikið að hann varð að koma á það góðu skipulagi. Þá varð til hugmyndin um herskipulag og ákvað William að kalla hreyfinguna Hjálpræðisherinn. Hann vildi ekki að hreyfingin væri eitthvað sem menn tækju eingöngu þátt í í tómstundum heldur væri það lífsstíll að bjóða fólki sálarlega, líkamlega og félagslega hjálp.
Upp frá þessu breiddist herinn mjög hratt út um allan heim og starfar nú í 112 löndum í öllum heimsálfum.


Gæði og gott verð!

Stofuhúsgögn





Fataskápar



Bókahillur



Tölvuborð





Barnahúsgögn



Skrifborðsstólar



Skrifstofuhúsgögn



VÖNDUÐ HÚSGÖGN
FRÁ DANMÖRKU
OG ÞÝSKALANDI
Á LÁGU VERÐI

Opið alla daga til jóla

Í dag, laugadag kl 12 - 18
og á morgun, sunnudag kl. 12 - 18

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

# Gleðileg jó

Kauptu Sony hjá Sony!
SONY




20.000
Verðlækkun

139.950,-
Staðgreitt
11.666,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY

KDL32U2000 · Sony BRAVIA LCD sjónvarp · HD ready og með HDMI tengi fyrir stafræna mynd · Borðstandur fylgir



Spilar líka DVD

39.950,-
Staðgreitt
SONY

CMT-DX2D · Diska DVD samstæða
Tengist í sjónvarpið og sinnir öllum afspilunarþörfum þínum
DVD eða CD diska spilari með 100W magnara
Tengi fyrir MP3 spilarann að auki



Spilar MP3 diska

39.950,-
Staðgreitt
SONY

CMT-CPZ1 Vönduð samstæða · S-Master magnari
Hljómar framúrskarandi vel · Geislaspilari með MP3 afspilun
Tengi að framan fyrir MP3 spilara



★★★★★ Product of the year - What HiFi

89.950,-
Staðgreitt
SONY

STRDA1200 · Verðlaunaður heimabíómagnari
HDMI tengi (1080p) · 7X 100W (4 ohm) · Bi-amplification
DCAC - sjálfvirk uppsetning



Fylgir með vélinni!
Pinnacle Studio 9
Auka rafhlaða
Ferða hleðslutæki · Taska
5 DV spólur

69.950,-
Staðgreitt
SONY

DCR-HC46 · Sony HandyCam
1.0 Megapixla CCD myndflaga · Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
12x aðdráttur um linsu · 2,7" LCD snertiskjár · Tekur ljósmyndir á Memorystick Duo · Super NightShot Plus hristivörn · DV inn/út

like.no.other



...l með Sony
BRAVIA
40" og 46"
40"
449.950,-
Staðgreitt
37.495,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
46"
599.950,-
Staðgreitt
49.995,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Besta LCD sjónvarp í heimi - What HiFi Product of the year
KDL40W2000 & KDL46W2000
SONY BRAVIA LCD veggsjónvarp
HD Ready · Full HD upplausn 1920 x 1080
Live Color Creation litir gefa fallegri mynd en þú átt að venjast
BRAVIA
32"
Innbyggður DVD spilari
499.950,-
Staðgreitt
41.663,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
SONY BRAVIA EPSRIT 32" LCD sjónvarp
HD Ready
DVD spilari innbyggður í sjónvarpið
S-Force Pro Heimabíókerfi innbyggt
Framhliðin lokast þegar slökt er á tækinu
Hristivörnin veitir þér skarpari myndir
Rykvörn á myndflögu
99.950,-
Staðgreitt
SONY
SONY ALPHA D-SLR· Stafræn Reflex myndavél frá Sony
10 Megapixlar (APS CCD) · Bionz örgjörvi · Carl Zeiss, Sony og Konica/Minolta linsur · 2,5" LCD skjár 230.000 pixlar· D-Range myndtækni
SONY
Cyber-shot
Anti blur ISO1000, Carl Zeiss linsa, 512MB minniskort, taska fylgir
45.950,-
Staðgreitt
SONY
DSC-W70 Sony CyberShot
7.2Megapixla Super HAD CCD myndflaga · Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
3x optical aðdráttur (6x Precision digital) · 2.5" LCD litaskjár
Stafrænn diktafónn
9.950,-
Staðgreitt
SONY
ICDB300 Stafrænn diktafónn með 64MB innraminni.
Allt að 37 klst. Upptökutími
Tengi fyrir hljóðnema og heyrnartól
Fyrir sportið, spilarinn telur skref, mælir fjarlægð og segir þér hversu mörgum kalóríum þú brennir á skokkinu.
Nýtt!
SONY
Network Walkman Sport MP3 spilari
3 tíma afspilun á 3 mínútna hleðslu
Fást með 512MB til 2GB af minni
Margir litir!
Nýtt!
SONY
Network Walkman MP3 spilari
3 tíma afspilun á 3 mínútna hleðslu
Fást með 512MB til 2GB af minni
Virkar líka sem minnislykill
Sony Center Kringlunni
WWW.SONYCENTER.IS SÍMI 588 7669



TEGUND: Bengal. VERÐ: 90.000 krónur. EINKENNI: Ástríkir, blíðlyndir og greindir og njóta þess að leika sér í vatni. Doppóttir eða með marmaramunstri. MINNIR OKKUR Á: Blettatígur. BESTIR HANDA: Ævintýragjörnu týpunum sem geta sagst hafa „pikkað hann upp í fríinu í Djibouti um daginn.“ Myndi líka passa vel við hlébarðakápu.



TEGUND: Sphynx. VERÐ: 160-200.000 krónur. EINKENNI: Hárlausir en viðkomu eins og mjúkt flauel. Kelnir og félagslyndir og vernda heimilið og húsbóndann með kjafti og klóm. MINNIR OKKUR Á: Genetíska tilraun sem misheppnaðist og útkoman varð jólakalkún, með Gremlinshaus og rotturófu. BESTIR HANDA: Gothtýpum til að fara með í hrekkjavökuteiti eða fyrir athyglissjúka – munu eflaust vekja sterk viðbrögð og jafnvel velgju matargesta á hvaða heimili sem er.

# Tískukettir

# Átta bestu… kisurnar!

Hundar krefjast of mikillar athygli og uppeldis. Kanínur eru heimskar og kunna ekki að kúka í kassa. Það er ekki hægt að klappa fiskum. Kettir eru kúl, hvað sem tautar og raular, og það er jafnvel hægt að setja kettling í jólapakkann. Hér eru nokkrar af bestu kattartegundunum á landinu...



TEGUND: Venjulegur heimilisköttur. VERÐ: Fást yfirleitt gefins. EINKENNI: Snögghærðir í öllum mögulegum kattalitum. MINNIR OKKUR Á: Kött. BESTIR FYRIR: „Ekkert kjaftæði“-týpurnar. Þetta er köttur eins og þeir koma fyrir í bókunum. Ekkert vægðarlegt við þetta dýr. Góð gjöf handa litlum börnum og heitir oft Brandur eða Branda.



TEGUND: Norskur skógarköttur. VERÐ: 40-50.000 krónur. EINKENNI: Hálfsíðhærðir, stórir og sterkbyggðir, háfættir með langan líkama. Hugrakkir, gáfaðir og miklar veiðiklær. MINNIR OKKUR Á: Eitthvað sem býr villt úti í norskum furuskógi. BESTIR FYRIR: Þessir passa náttúrlega pottþétt vel í sumarbústaðinn fyrir framan arineldinn, ef það er hægt að ná þeim úr skóginum.



TEGUND: Persneskur köttur. VERÐ: 80.000 krónur. EINKENNI: Þykkur og mjúkur feldur. Höfuðið hringlaga og breitt og efsti hluti nefsins nemur við neðri augnhvarma. MINNIR OKKUR Á: Stóran bómullarhnoðra sem klessti á vegg. BESTUR TIL: Að prófa sig áfram með nýjar hárgreiðslur. Passið ykkur að halda honum frá sköpunarglöðum hönnuðum sem eru hrifnir af angórupeysum.



TEGUND: Abyssiníuköttur VERÐ: 50-60.000 krónur. EINKENNI: Tvær til þrjár litarendur í hverju hári. Forvitnir og vilja ekki missa af neinu. Verulega leikglaðir og kvarta ef þeim leiðist. MINNIR OKKUR Á: Egypska styttu í Louvresafninu. BESTIR HANDA: Hrokafullum menntatýpum eða fornleifagrúskurum. Frábærir líka fyrir skyggnt fólk sem hefur örugglega þekkt þá í fyrra lífi við Nílarbakka.



TEGUND: Sacred Birman. VERÐ: 50-80.000 krónur. EINKENNI: Síðhærðir og tvílitir. Ljósir með dökka grímu í andliti og dökk rófa. MINNIR OKKUR Á: Eitthvað úr bíómynd með Audrey Hepburn. BESTIR TIL: Að taka með í glæsileg kokkteilboð og fá alla til þess að stynja „GVVVVVVÖÖÖÐ hvað hann er dædur.“ Passið bara að vera í svörtu og hvítu í stíl.



TEGUND: Síamsköttur. VERÐ: 45-55.000 krónur. EINKENNI: Háfættur, grannvaxinn, langur og liðlegur. Grannt trýni og stór eyru. Ræðnir, háværir og mjög fjörmiklir. Þola illa einveru. MINNIR OKKUR Á: Fagra langlímaða Bondstelpu. BESTIR HANDA: Snobbuðum tískudrósum og sóma sér vel í hvaða stíliseruðu stofu sem er. Eru einnig góðir handa hundavinum, þar sem síamskettir haga sér á margan hátt eins og hundar, og geta meira að segja gengið í ól.

# ÁRITANIR LAUGARDAGUR




~~2.199~~ **1.999**

Páll Óskar, Margrét Eir
og Eiríkur Hauksson
**Horfðu til himins**




~~2.199~~ **1.999**

**Siggi Pálma**
**Stories**

## Skífan Kringlu

14:30 Todmobile – Opus :: 6
15:30 Björgvin Halldórsson – Bó og Sinfó
16:30 Bogomil og Sammi – Majónesjól
17:30 Páll Óskar, Margrét Eir og Eiríkur Hauksson – Horfðu til himins

## Skífan Smáralind

14:30 Siggi Pálma – Stories
15:30 Todmobile – Opus :: 6
16:30 Björgvin Halldórsson – Bó og Sinfó




~~2.199~~ **1.999**

**Todmobile**
**Opus :: 6**

CD/DVD




~~3.499~~ **2.999**

**Björgvin Halldórsson**
**Bó og Sinfó**




~~2.199~~ **1.999**

**Bogomil og Sammi**
**Majónesjól**

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

## STUÐ MILLI STRÍÐA Menningarlegir menningarvitar

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** ER ALSÆL Í FÁFRÆÐI SINNI



Mig hefur alltaf langað til að vera menningarviti. Einfaldlega af því mér finnst menningarvitasamræður svo fyndnar. Með klút um háls og koníak í hönd sitja menningarvitar og ræða neo-symmetrískan póstmódernisma í bókmenntastefnum nýaldar og hlæja ofan í bringu sér að fáfræði þeirra sem ekki þekkja til töfra Liszts eða snilldar Goya.

Í tilraun minni til að öðlast meira menningarvit skellti ég mér á klassíska miðnæturtónleika í vikunni. Flytja átti sálumessu Mozarts og ég arkaði, fáfróð um þá sálugu messu, í átt að Langholtskirkju.

Þegar tónleikarnir hófust gólaði kórinn orð sem ég skildi ekki og tónlistarstjórinn sveiflaði sprotanum í allar áttir svo kertin flöktu undan storminum. Þetta fannst mér besta skemmtun.

Tónleikarnir liðu áfram og kórinn sótti í sig veðrið eftir því sem fiðluleikararnir svitnuðu af innlifun til tónlistarinnar. Ég vorkenndi svolítið bumbuleikaranum sem virtist ekki hafa mikið að gera. Hann sló einstaka sinnum í trumbuna og dottaði svo ofan í bringuna þess á milli.

Þegar tónleikunum var lokið var ég endurnærð. Ég viðurkenni fúslega að ég hef ekkert vit, hvorki menningarlegt né almennt, á sálumessu Mozarts. Ég veit ekki hvort kórinn var í synki við stjórnandann, eða hvort fagottið kom inn í réttum stíganda í fimmta hluta verksins, eða hvort yfirhöfuð var spilað á fagott á þessum tónleikum. En ég veit og fann að tónar verksins sátu eftir í sálarkirnunni og mér leið vel. Því komst ég á þá skoðun að þegar kemur að menningarviti er fáfræðin ávísun á alsælu. Hefði ég vitað allt um verkið gæti hafa farið svo að ég hefði ekki notið þess því fjarvera þríhornleikarans hefði angrað mig svo svakalega mikið og eyðilagt upplifunina.

Ég vissi ekkert hvað ég var að hlusta á, en maður lifandi, ég þarf nú ekki að vera menningarviti til að njóta þess góða í lífinu.

Eigið ljúfa helgi.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# HELGARTILBOÐ




~~2.199~~ **1.999**

Páll Óskar, Margrét Eir
og Eiríkur Hauksson
**Horfðu til himins**

5CD




~~3.299~~ **2.799**

**100 Íslensk Jólalög**
**Ýmsir**




~~2.199~~ **1.999**

**Frostrósir**
**Bestu lögin**




~~2.199~~ **1.999**

**Ragnheiður Gröndal**
**Þjóðlög**




~~2.199~~ **1.999**

Friðrik Karlsson
& Þórunn Lárusdóttir
**Álfar og fjöll**




~~2.199~~ **1.999**

**Stebbi og Eyfi**
**Nokkrar notalegar ábreiður**




~~2.599~~ **2.299**

**Stóra stundin ykkar**
**Ýmsir**




~~2.199~~ **1.999**

**Nylon**
**Nylon**



~~2.499~~ **2.299**

**Á móti sól**
**Á móti sól í 10 ár**




**1.999**

**Over the Hedge**
**DVD**




**1.999**

**Garfield 2**
**DVD**




**4.499**

**Desperate Housewives**
**2DVD**

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

3 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR























## FJÖLDI JÓLATILBOÐA

VIÐ BJÓÐUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR
VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI - FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2007*

* TILBOÐIÐ STENDUR TIL JÓLA OG GILDIR EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 60.000 KR.

FABRIKAN




# BARA FALLEGAR GJAFIR

## VERSLUNIN ER FULL AF FALLEGUM HLUTUM SEM BÍÐA EFTIR AÐ BREYTAST Í JÓLAGJAFIR

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-19, LAUGARDAGA 10-18 OG SUNNUDAGA 13-18

**Kl. 18.00**
*Ljósmyndafélagið Ljósop í Reykjanesbæ heldur sína þriðju sýningu. Sýningin er opin frá kl. 18-22 að Túngötu 2 í Keflavík. Níu félagsmenn taka þátt í sýningunni en á henni eru um 150 myndir, en einn hluti hennar er fyrir myndir með þemanu 18+ og er sá hluti hennar ekki aðgengilegur gestum undir 18 ára aldri. Sýningunni lýkur á morgun.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Jólin með Bach í Hallgrímskirkju


**SCHOLA CANTORUM OG STJÓRNANDINN HÖRÐUR ÁSKELSSON** Hátíðleiki á Skólavörðuholtinu á morgun

Aðventu- og jólasálmar og sálmaforleikir eftir Jóhann Sebastian Bach úr „Litlu orgelbókinni“ hljóma á tónleikum Björns Steinars Sólbergssonar og kammerkórsins Schola cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar í Hallgrímskirkju síðdegis á morgun. Tónleikarnir eru hluti af Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju sem nú er haldin í þriðja sinn en eru jafnframt hluti af viðmikilli sálmadagskrá á 25. starfsári Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Litla orgelbókin Jóhanns Sebastians hefur að geyma litla forleiki við sálma sem skipuðu mikilvægan sess í litrófi kirkjuársins á dögum hans. Forleikirnir, sem tilheyra aðventu og jólum, tengjast sálmum sem sumir hverjir eru enn ómissandi í helgihaldi jólatímans hér á Íslandi, til dæmis sálmarnir „Nú kemur heimsins hjálparráð“ og „Sjá himins opnast hlið“.

Dagskráin er byggð upp þannig að sálmaforleikirnir og tilheyrandi sálmar eru fluttir í samhengi, Björn Steinar leikur forleikina á stóra Klais-orgelið, en Schola cantorum svarar hverjum forleik með samsvarandi sálmi í fjögurra radda útfærslu Bachs. Auk þess flytur Björn þekktasta orgeljólaverk Bachs, Pastorale í F-dúr, svo og sjaldheyrða fantasíu í G-dúr sem endurspeglar gleði jólanna. Tónleikarnir hefjast kl. 17.



**> Dustaðu rykið af...**

kvikmyndinni um **Harold and Maude** frá árinu 1971. Myndin er þekktasta verk leikstjórans **Hals Ashby** sem aukinheldur gerði myndina **Being There** með Peter Sellers í aðalhlutverki.

# Einmani dansar

Breski listamaðurinn Andreas Constantinou hefur samið dans fyrir Guðrúnu Óskarsdóttur, dansara hjá Íslenska dansflokknum, sem hún sýnir í dag í húsakynnum Klassíska listdansskólans Grensásvegi 14. Dansinn kallar Andreas Ice„oh“lation. Tvær sýningar verða á verkinu í dag kl. 17 og 19.

Til stendur að flytja verkið öðru sinni á næsta ári í Robin Howard Dance Theatre í sýningarsölum The Place í London. Andreas Constantinou segir verk sitt lýsa firringu mannsins og einangrun og sæki verkið til innsetninga rétt eins og nútímadans. Hann hefur víðtæka reynslu og menntun frá breskum dansstofnunum, er menntaður í leikhúsfræðum og dansleikhúsi, auk þjálfunar í dansi frá Laban-miðstöðinni í London. Andreas Constantinou stofnaði sitt eigið framleiðslufyrirtæki2002,himherandit. productions. Á þess vegum hefur hann farið víða með verk sín: ferðast um England og Ítalíu, sýnt í Edinborg, Belgíu, Eistlandi og Taívan. Auk samstarfs við ýmsa smærri dansflokka í Bretlandi og víðar hefur hann tekið þátt í flutningi dansa Mörthu Graham í London og Liverpool. Andreas kennir nú við Klassíska listdansskólann.

Guðrún Óskarsdóttir hóf ballettnám við Ballettskóla Guðbjargar Björgvins í janúar 1992 og stundaði þar nám til vors 1999. Þá hóf hún nám við Listdansskóla Íslands og útskrifaðist þaðan vorið 2003. Veturinn 2003-2004 nam hún við konunglega sænska ballettskólann í Stokkhólmi, á nútíma og klassískri braut. Samhliða lauk hún stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Guðrún hefur meðal annars tekið þátt í nemendasýningum, innlendum listahátíðum, danshátíð í Avignon. Auk þess hefur hún sótt sumarnámskeið í Bretlandi og Kaupmannahöfn. Veturinn 2004-2005 dansaði Guðrún í Screensaver, Open Source og Játningum minnisleysingjans fyrir Íslenska dansflokkinn og er hún nú á nemendasamningi hjá flokknum.

- pbb


CONSTANTINOU


IÐA

Matarbiti og bros í laut

Icelandic picnic er ný ljósmynda- og matreiðslubók, þar sem náttúra og matur spila saman á litríkan og glaðlegan hátt. Bókin er innblástur til útivistar og veislu í náttúrunni.

**Pikknikkpartý í IÐU, Lækjargötu**
**í dag milli kl. 14 og 16**

*Skemmtilegur glaðningur fylgir hverri bók*






**AÐALSTEINN INGÓLFSSON LISTFRÆÐINGUR** Verk Mikines eiga margt skylt með íslenskri myndlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Andspænis stóru öflunum

**Málarinn Mikines má að sönnu teljast Kjarval frænda okkar í Færeyjum. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur hefur skrifað bók um listamanninn sem kemur út á ensku, dönsku og færeysku.**

Aðalsteinn útskýrir að svolítið sérkennilegt sé að Íslendingar leggist í viðlíka menningarlega útþenslu í Færeyjum en útgefandinn, Einar Matthíasson, hefur gefið talsvert út þar í landi. Einar er einnig maðurinn að baki listaverkabókinni um Louisu Matthíasdóttur og Kjarvalsbókina stóru og segir Aðalsteinn að hugmyndin að bókinni hafi komið til vegna 100 ára afmælis Mikines á þessu ári.

„Ég hef unnið töluvert með Einari og hann spurði mig ráða varðandi þetta verkefni. Mér til mikillar undrunar báðu hann og sonur málarans, dr. Kári Mikines, mig um að skrifa bókina.“ Aðalsteinn kveðst löngum hafa verið heimagangur í Færeyjum en ekki hafa haft sérþekkingu á listamanninum, hann tók sér því rannsóknarleyfi og einhenti sér í verkefnið sem útheimti talsverð ferðalög og þeyting. Afraksturinn er yfirgripsmikil bók um bæði ævi og list Mikines en bókina prýða 250 myndir af verkum hans.



**YFIRLIT UM ÆVI OG STÖRF** Drungi og harðneskja upprunans er áberandi í verkum Mikinesar

„Mikines var markverðasti listamaður Færeyja á síðustu öld - hann var þeirra Kjarval,“ segir Aðalsteinn. „Hann lagði grunninn að færeyskri málaralist en þrátt fyrir að hann hafi lengst af dvalið í Danmörku þá er hann alla tíð mótaður af sínu bernskuumhverfi.“

Sámal Joensen-Mikines ólst upp á smáeyjunni Mykines sem er afskekktusta eyjanna. „Hann var alinn upp við þetta ótrygga líf, návist hafsins og dauðans. Hann upplifði að sjá sína nánustu hrynja niður úr berklum og snúa ekki aftur úr sjóferðum. Þessi harðgerða náttúra er mjög sterk í verkum hans sem og guðstrúin, á þessum tíma voru Jesú og krossinn eina haldreipi fólks,“ segir Aðalsteinn.

Ævi málarans var þyrnum stráð, hann var drykkjumaður og sárveikur af sóriasis auk þess sem hann þjáðist af geðhvörfum, lá rúmfastur vikum og mánuðum saman og var ómögulegur í öllum perónulegum samböndum. Hæfileikar Mikinesar á tónlistarsviðinu komu fljótt í ljós og var hann ungur sendur til Danmerkur að læra á fiðlu en það nám olli honum vonbrigðum. Hann var kominn undir tvítugt þegar sænskur málari uppgötvaði náðargáfu hans á myndlistarsviðinu og fékk honum pensla og liti. „Hann var kominn í nám í Kaupmannahöfn fyrir 1930 og ferill hans hefst um það leyti og varir allt til 1970 þegar hann var vistaður á hæli. Hann lést síðan árið 1979,“ útskýrir Aðalsteinn.

Þetta er í fyrsta sinn sem rituð er bók um bæði líf og list Mikines en áður hafa komið út ævisaga hans og bók eftir listamanninn Bárd Jákupsson. „Mikines tilheyrir þessum norræna expressjónisma – hans maður er Munk,“ segir Aðalsteinn og áréttar að verk hins síðarnefnda gefi góða hugmynd um hvernig Mikines var innstilltur. „Verk hans snúast um manninn andspænis þessum stóru öflum – náttúrunni, trúnni og ástinni. Þetta er mjög alvöruþrungin myndlist, ástríðufull og einmanaleg. Sem norrænn listamaður sker hann sig úr fyrir að reyna að brjóta til mergjar hvað það er að vera Færeyingur,“ segir Aðalsteinn og vísar meðal annars til verka Mikines af grindhvaladrápi og þjóðdönsum í eyjunum. „Sem listamaður er Mikines mjög forvitnilegur fyrir okkur Íslendingar því verk hans eiga margt skylt með íslenskri myndlist, margir íslenskri myndlistarmenn hrifust af þeim. Hann kom meira að segja einu sinni til Íslands, árið 1961 og málaði hér nokkrar myndir.“

Aðalsteinn kveðst óviss um framhald á störfum sínum í þágu færeyskrar myndlistar en upplýsir að mögulega muni hann skrifa styttri verk eða uppistöðugreinar um tvo núlifandi færeyska myndlistarmenn. „Það er ekki afráðið, ég ætlaði nú aldrei að gerast skrifari fyrir hirðmálara Færeyinga en ég hef eignast þar góða vini til dæmis í gegnum viötöl við samferðafólk Mikinesar. Það er hugsanlegt að ég taki að mér fleiri verkefni en ætli það verði ekki íslensk myndlist næst.“ Þar er jú víst einnig af nógu að taka.

kristrun@frettabladid.is


SÁMAL JOENSEN-MIKINES MÁLARI






43% afsláttur

**1.704** kr/stk. áður 2.990 kr/stk.
Kossar, knús og málið er dautt




43% afsláttur

**2.844** kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Guðni í Sunnu




43% afsláttur

**1.642** kr/stk. áður 2.880 kr/stk.
Skemmtilegt fólk




43% afsláttur

**2.559** kr/stk. áður 4.490 kr/stk.
Indjáninn - bernskan mín




43% afsláttur

**6.829** kr/stk. áður 11.980 kr/stk.
Ísland í aldanna rás - 19 - öldin




43% afsláttur

**2.839** kr/stk. áður 4.980 kr/stk.
Fall Berlínar




43% afsláttur

**1.419** kr/stk. áður 2.490 kr/stk.
Nonnikonni og kúlurnar




43% afsláttur

**2.554** kr/stk. áður 4.480 kr/stk.
Í matinn er þetta helst




43% afsláttur

**3.409** kr/stk. áður 5.980 kr/stk.
Ólafía



43% afsláttur

**3.979** kr/stk. áður 6.980 kr/stk.
Upp á sigurhæðir




43% afsláttur

**2.708** kr/stk. áður 4.750 kr/stk.
Norræn sakamál




43% afsláttur

**2.844** kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Heimsmetabók Guinness 2007

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 9. desember til 10. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

# Árekstur tveggja heima

**BÆKUR**
**Frumskógarstelpan**
Sabine Kuegler
Þýð: Anna María Hilmarsdóttir
Útkall
★★★




Framandi líf í athygliverðri og vel skrifaðri sögu

Sabine Kruegler fæddist í Nepal og ólst þar upp fyrstu árin. Foreldrar hennar voru málvísindamenn og trúboðar og þegar Sabine var sjö ára gömul fréttu þau af nýuppgötvuðum ættbálki djúpt inni í frumskógi Vestur-Papúa í Indónesíu. Til að skrásetja tungumál ættbálksins fannst þeim þjóðráð að flytja þangað með börnin sín þrjú. Þar bjó Sabine síðan til sautján ára aldurs.

Stærsti hluti bókarinnar fjallar um lífsbaráttuna í frumskóginum. Þar myndar Sabine sín grundvallartengsl, eignast nána vini, tekur þátt í gleði og sorgum ættbálksins. Í upphafi er sá ættbálkur sundraður og á í slíkum innbyrðisdeilum að við liggur að hann sé að útrýma sér fyrir fullt og fast. Hluti hans er heiftarlega grimmur og allir vita að í þeim hluta eru mannætur. Smám saman tekst föður Sabine að innleiða nýtt gildismat – og á um tíu árum nást sættir meðal hinna sundruðu fylkinga ættbálksins.

Sabine segist hafa alist upp í paradís – en maður spyr sig alloft í gegnum söguna hvort foreldrar hennar hafi verið gersamlega sturlaðir að ala börnin sín upp við þessar aðstæður. Gat pabbi hennar virkilega ekki slegið í gegn með neinu skárra en heimi á steinaldarstigi til að skrá niður tungumál sem nokkur hundruð hræður skröfuðu. Svo ófullkomið tungumál að þar var aðeins hægt að telja upp að þremur. Á eftir þremur kom handfylli og síðan sístækkandi einingar sem hægt var að burðast með.

Þótt Sabine telji sér trú um að hún hafi alist upp í paradís og áfellist foreldra sína hreint ekki – hamrar hún á paradísartalinu svo oft að auðvelt er að lesa harm hennar í gegnum textann. Hún reynir að líta svo á að hún eigi tvennar rætur, þótt ljóst sé að hún á aðeins einar. Þær rætur hafa verið klofnar í tvennt. Hún gæti alveg eins haldið því fram að hún hefði tvö höfuð. Þegar öllu er á botninn hvolft er hún vestræn kona – það segir vegabréfið hennar að minnsta kosti. Sem slík á hún ekki afturkvæmt í frumskóginn, heldur þarf að taka afleiðingunum af ákvörðunum foreldranna.

Frumskógarstelpan er afar athyglisverð saga. En ekki einungis vegna þess að hún segir okkur frá heimi sem er okkur svo framandi að það er nánast óhugsandi að hann geti verið til á okkar tímum. Það sem er áhugaverðast við sögu Sabine er að skoða fjölskyldumunstrið. Þar er faðirinn, hinn mikli málvísindamaður, í aðalhlutverki. Aðrir fjölskyldumeðlimir eru aukapersónur sem hjálpa honum að ná markmiðum sínum. Það kemur berlega fram tvisvar í sögunni þegar kona hans þarf að skreppa frá um tíma. Í þessari fjölskyldu er ekki mikið verið að hugsa um hvers konar grunn er verið að leggja að framtíð barnanna. Barna, sem foreldrarnir vita að þurfa á endanum að takast á við siðmenninguna.

Sagan er vel skrifuð. Sabine reynir sitt besta til að segja frá á hlutlausan hátt – en sársaukinn er of djúpur til að hún nái að halda honum utan við sögu sína. Svo djúpur að Sabine fer fram á ystu nöf þegar hún tekst á við afleiðingarnar af uppeldi sínu. **Súsanna Svavarsdóttir**


**Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar í kvöld**
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum
KRINGLU KRÁIN

**ÓÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR**
**Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason**
**6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík**
**7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni**
**Miðaverð kr. 2.000**
SpKef
**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress - STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus** - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - **FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU."
ÓFAGRA VERÖLD

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fim 28/12 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar Reykjavíkur og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
Lau 6/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20

**BLÓÐBRÚÐKAUP**
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup
Í kvöld kl. 20 Sun 10/12 kl. 20
Miðaverð 1.500 Allra síðustu sýningar

**MEIN KAMPF**
Í kvöld kl. 20 Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20 Lau 20/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNINGAR
Síðustu sýningar

**DAGUR VONAR**
Mið 10/1 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Frumsýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20 Fös 26/1 kl. 20

**AMADEUS**
Sun 10/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20 Lau 20/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**FOOTLOOSE**
Í kvöld kl. 20 Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20 Sun 21/1 kl. 20

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Í dag kl. 13:00 Í dag kl. 15:00
Sun 10/12 kl. 13:00 Sun 10/12 kl. 15:00
Mán 11/12 kl. 9:30 UPPS.
Þri 12/12 kl. 9:30 UPPS.
Mið 13/12 kl. 9:30
Fim 14/12 kl. 9:30 UPPS.
Fös 15/12 kl. 9:30 UPPS.
Lau 16/12 kl. 13:0 Lau 16/12 kl. 15:00
Sun 17/12 kl. 13:00 Sun 17/12 kl. 15:00
Miðaverð 500 virka daga og 1400 um helgar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl. 14
Sun 7/1 kl. 14 Sun 14/1 kl. 14

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
**BORGARLEIKHÚSIÐ**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Leitin að jólunum
**Fæst nú á geisladiski í miðasölu Þjóðleikhússins og Hagkaupum.**

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00** uppselt, lau. 30/12 **kl. 14:00** uppselt og **kl. 17:00** uppselt, lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00**.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld lau. 9/12 uppselt. Aukasýning sun. 10/12 **örfá sæti laus**. Allra síðasta sýning!

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus,** 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus,** 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus,** 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus,** 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus,** 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus,** 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus,** lau. 20/1
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00** uppselt, **kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.

**Leikhúsloftið**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Í dag lau. 9/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, sun. 10/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 16/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, sun. 17/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, fös. 22/12 kl. 13:00 uppselt, lau. 23/12 kl. 13:00 uppselt.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**




**Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.**
Lau 9. des kl. 13.00 / Lau 16. des kl. 13.00 / Sun 17. des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800
**Hljómsveitin Dúndurfréttir.**
Þri 12. des kl. 20.00 *Pink Floyd* / Þri 12. des kl. 22.30 *Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep*
Fim 14. des kl. 20.00 *Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep* / Fim 14. des kl. 22.30 *Pink Floyd*
Miðaverð kr. 3500. Tvennir tónleikar sama dag kr. 5000.
**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is**




**Sýnt í Iðnó**
Fim. örfá sæti 7. des.
Fös. örfá sæti 8. des.
Lau. örfá sæti 9. des.
**Síðustu sýningar fyrir jól!**
Lau. 13. jan.
Fös. 19. jan.
Lau. 20. jan.
Miðasala virka daga frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 562 9700
idno.is og midi.is
Sýningar kl. 20




"Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri."
S.A. TMM

AMNESTY INTERNATIONAL
# Aðventutónleikar Amnesty International
Neskirkju við Hagatorg sunnudagskvöldið
10. desember kl. 20.00

***Flytjendur:***
*Kolbeinn Bjarnason flautuleikari*
*Elísabet Waage hörpuleikari*
*Auður Gunnarsdóttir sópran*
*Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari*
*Helga Þórarinsdóttir víóluleikari*
*Einar Jóhannesson klarinettuleikari*
*Richard Talkowsky sellóleikari*
*Ari Vilhjálmsson fiðluleikari*
*Systkinin Kristján og Ellen Kristjánsbörn*

Ágóði af tónleikunum rennur til fórnarlamba mannréttindabrota.
Miðaverð er 1.500 kr. Forsala aðgöngumiða er á skrifstofunni
Hafnarstræti 15 og Tónastöðinni, Skipholti 50d
Sími 511 7900 eða amnesty@amnesty.is.

**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ



# KK & ELLEN
**ásamt Guðmundi Péturssyni**
# JÓLATÓNLEIKAR
**14. desember kl. 20:30 í Hveragerðiskirkju**

**Nánari upplýsingar á kk.is**
**Miðasala á midi.is og verslunum Skífunnar**

**Styrkt af alþýðu Íslands**

## NÝJAR BÆKUR

JPV ÚTGÁFA hefur sent frá sér nýja bók eftir Hugleik Dagsson, Fylgið okkur. Hvað er að gerast í þessu þjóðfélagi þykjustunnar þar sem móralskir dvergar vaða uppi? Pólitískir handrukkarar ríða berbakt á þing, vopnaðir tæknilegum mistökum, íklæddir forhúð af hval. How do you like Iceland? Let's go shopping. Hugleikur Dagsson er fæddur 1977.



Hann hefur vakið mikla athygli fyrir örsögur sínar sem hafa þótt í senn kaldhæðnar og fallegar. Hugleikur hefur séð um útvarpsþætti, gert vídeóverk og sinnt myndlist. Um sögur hans var sagt í Morgunblaðinu að þær flygju frá landi kaldhæðninnar, millilentu í Skemmtilegabæ og héldu svo áfram ferðalagi sínu með smá viðkomu í Ljótuborg, vítt um flókinn heim grótеskunnar og fegurðarinnar. Hugleikur var tilnefndur til Menningarverðlauna DV 2006 en einnig hlotnuðust honum Grímuverðlaunin Leikskáld ársins fyrir leikgerðina að Forðist okkur sem sett var upp af leikhópnum Common Nonsense í Borgarleikhúsinu við frábærar undirtektir.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

6 7 8 **9** 10 11 12

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Jólatónleikar** kvennakórsins **Léttsveitar Reykjavíkur** verða haldnir í **Langholtskirkju**. Með kórnum syngja **Þorvaldur Þorvaldsson** einsöngvari og Stúlkna- og Kammerkór Bústaðakirkju. Stjórnandi sveitarinnar er **Jóhanna V. Þórhallsdóttir.**

☐ 17.00 Hljómsveitin **Ghostigital** leikur í tónleikaröð **Liborius** við **Mýrargötu**.

### OPNANIR

☐ 14.00 **Kristín Gunnlaugsdóttir** opnar sýningu í **Gallerí Boxi** á Akureyri. Verkið á sýningunni ber titilinn **Barn undir fjalli**. Unnið er með tækni miðalda, eggtempera á tré með blaðgulli. Á miðfleti myndarinnar blasir við stór stapi, eða stór biti af fjalli, klofinn í þrennt. Undir fjallinu hvílir barn, verndað af ógnarstærð og aldastyrk þess. Verkið sýnir smæð og viðkvæmni manneskjunnar, umvafin stórkostlegum kröftum, himni og jörð. Sýningin stendur til 6. janúar.

☐ 14.00 **Sigurdís Harpa Arnarsdóttir** opnar myndlistarsýningu í **Gallerí Úlfi** við Baldursgötu. Sýningin stendur út desember og er opin virka daga frá 14-18.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**, stendur yfir sýning á bandarískri samtímalist. Sýningin **Uncertain States of America** geymir verk eftir 45 unga listamenn. Sýningarstjórar eru **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birnbaum** en **Gunnar Kvaran**, fyrrum safnstjóri Listasafns, starfaði einnig með þeim.

☐ 18.00 Ljósmyndafélagið **Ljósop** í **Reykjanesbæ** heldur sína þriðju sýningu. Sýningin er opin frá kl. 18-22 að **Túngötu 2** í Keflavík. Níu félagsmenn taka þátt í sýningunni en á henni eru um 150 myndir, en einn hluti hennar er fyrir myndir með þemanu **18+** og er sá hluti hennar ekki aðgengilegur gestum undir 18 ár aldri.

☐ 18.00 Sýning listamannanna **Kristjáns Zaklynsky** og **Linu Larsen DEN** í sýningarýminu **Gallerí Dvergur**, hefur verið framlengd til laugardagsins 16. desember. Sýningarýmið Gallerí Dvergur er staðsett í kjallara bakhúss að **Grundarstíg 21** í Þingholtunum og er sýningin opin milli 18-20 í dag.

### NÁMSKEIÐ

☐ 14.00 Salsakennarinn **Ehsan Shariati** frá **Svíþjóð** heldur námskeið hér á landi þar sem hann tengir saman tangó og salsa. Notaðar verða pílates æfingar og leggur hann áherslu á líkamsbeitingu og stöðu í dansi. Nánari upplýsingar á **www. tangoadventure.com**

# Jólastjörnur, garðálfar og grenitré í Austurbæ

Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar sýnir frumsamið leikrit Jólafárið eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur, Kikku, á stóra sviði Austurbæjar í dag. Kikka hefur áður skrifað leikritið Ávaxtakörfuna og Vodkakúrinn auk þess að skrifa handrit kvikmyndarinnar um Diddu og dauða köttinn.

Jólafárið verður sýnt fyrir og eftir jól í desember. Leikritið er annað í röð verka sem Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar setur upp en fyrstu sýningu hópsins, Drekaskógi sem frumsýnd var í ágúst, hefur verið boðið að taka þátt í alþjóðlegri barnaleikhúshátíð í Finnlandi í vor 2007.

Leikendur í Barna- og unglingaleikhúsi Austurbæjar eru á aldrinum 9-15 ára og hafa allir tekið þátt í námskeiðum á vegum Ísmedia í Austurbæ. Listrænir stjórnendur sýninga leikhússins eru allir úr fremstu röð atvinnufólks í leikhúsinu en leikstjóri er Agnar Jón Egilsson.



**JÓLAFÁR Í AUSTURBÆ** Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar frumsýnir nýtt jólaleikrit.

Jólafárið fjallar um stóran og frekan systkinahóp sem tryllist úr spenningi og græðgi fyrir jólin. Buguð móðir þeirra ákveður að jólin verði ekki haldin fyrr en systkinin finni hinn sanna jólaanda. Börnin leita jólaandans úti í töfrandi jólanóttinni og með hjálp jólastjörnunnar, garðálfanna, grenitrjánna og fleiri furðuvera komast þau að niðurstöðu. Er það nóg til að sannfæra móðurina? Verður jólunum frestað í ár vegna heimtufrekju barnanna?

Miðasala er í Austurbæ en einnig er hægt að nálgast miða á midi.is.

- khh






# FJÖRLEG JÓLADAGSKRÁ Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS

**Þjóðminjasafn Íslands býður landsmönnum á jóladagskrá sunnudaginn 10. desember kl. 14.**
**Öll börn eru sérlega velkomin!**

Jólasýningin **Sérkenni sveinanna** opnuð á Torginu
**Magga Stína** syngur jólalög við tónlist **Harðar Bragasonar**
**Grýla, Leppalúði, Jólakötturinn** og **Guðni Franzson** koma í heimsókn
Jólasýningin Hátíð í bæ á Veggnum kemur börnunum í gott skap
**Jólalegar** veitingar í Kaffitári og tilboð fyrir börn

**Fyrsti jólasveinninn** kemur í Þjóðminjasafnið þriðjudaginn 12. desember kl. 11
**Jólasveinarnir** koma síðan hver af öðrum alla daga klukkan 11
Opið milli 11 og 12 á aðfangadag til að taka á móti Kertasníki!

Sérfræðileiðsögn fyrir fullorðna þriðjudaginn 12. desember klukkan 12:10
Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur: Hin mörgu andlit Maríu. María guðsmóðir í Þjóðminjasafninu. Táknmálstúlkur verður með leiðsögninni

*Með fjörlegum jólakveðjum,*

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*



> **Mælum með**

... síðum og hlýjum prjónapeysum sem hægt er að nota sem kjóla. Notagildið er tvöfalt í þessum peysum og verslanir landsins fullar af þeim.

**útlit**

utlit@frettabladid.is

**SMEKKURINN** GERÐUR KRISTNÝ GUÐJÓNSDÓTTIR, BLAÐAMAÐUR OG RITHÖFUNDUR

# *Kakó, kasmír og eplaskífur*

**Spáir þú mikið í tískuna?** Ég fylgist ágætlega með henni og þá aðallega með aðstoð danska tímaritsins Eurowoman.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Ég hef réttlætt mörg kaupin með því að ég velji mér alltaf svo sígild föt. Oftast hef ég nú líka rétt fyrir mér.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Fötin frá Philosophy di Alberta Ferretti eru oft ótrúlega kvenleg og falleg, Baum und Pferdgarten er alltaf spennandi, vetrarlínan frá Day er býsna falleg í ár og líka nýja hliðarlínan frá Filippu K. Hún heitir Ease og býður m.a. upp á unaðslegar kasmírpeysur. Ekkert slær síðan út fallega Prada-skó.
**Flottustu litirnir?** Svartur, rauður og mosagrænn.



**Hverju ertu veikust fyrir?** Góðum sniðum, vönduðum efnum og fallegum töskum og skóm.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég hnaut um svartan kjól frá Diane von Furstenberg í Kaupmannahöfn á dögunum. Honum er vafið utan um líkamann og síðan bundinn saman með slaufu að framan. Þetta er einmitt sniðið sen frú von Furstenberg er hvað þekktust fyrir.
**Hvað keyptirðu þér fyrir veturinn?** Ég fékk skósmið til að flikka upp á vetrarbomsurnar svo þær entust mér enn einn veturinn og keypti mér síðan svartan ullarkjól í Evu sem er svo gamaldags að þegar ég er komin í hann lít ég út fyrir að vera framliðin.
**Uppáhaldsverslun?** Polarn o Pyret þar sem ég kaupi föt á son minn, nærfataverslunin Selena þar sem úrvalið er gott og þjónustan engu öðru lík og skóbúðin Bruno og Joel í Kronprinsensgade í Kaupmannahöfn.
**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Ekkert svo orð sé á gerandi.
**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Ég held mikið upp á gráa lambaskinspelsinn með fallega flatsaumnum í fóðrinu sem ég keypti notaðan í Frikka og dýrinu á 4.800 kr. fyrir tólf árum.
**Hverjar eru tískufyrirmyndir þínar?** Hér myndi engin kona með sjálfsvirðingu vilja sjá nafnið sitt en satt best að segja þá hef ég heldur aldrei haft neina aðra að fyrirmynd í fatavali.
**Lýstu góðum verslunarleiðangri?** Fyrir fáeinum vikum fórum við vinkona mín til Kaupmannahafnar þar sem við skoðuðum í búðir, skruppum á söfn og fórum síðan á jólamarkaðinn í Tívolí þar sem við gæddum okkur á eplaskífum og heitu kakói. Það var gaman.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Þær voru allar fallegar þegar ég keypti þær.



**MÓÐUR VIKUNNAR**
**Álfrún Pálsdóttir**

# *Undirbúningur hátíðanna*

Eins og öllum konum finnst mér frábært að klæða mig upp og mæta fín og tilhöfð í veislur. Auðvitað er það samt sem áður ákveðinn hausverkur eins og ég hef oft komið að í þessum pistlum en hann er þó fljótur að lagast.

Vinnufélagi minn var um daginn í 15 mínútur að kaupa sér dress sem mun endast honum í nokkur ár. Það tók hann 15 mínútur að redda jólafötunum. Þetta er eitthvað sem engin kona getur gert. Þótt við getum kannski keypt kjólinn á korteri þá er það bara dropi í hafið miðað við öll hausverkjaköstin sem fylgir því að velja alla aukahlutina við kjólinn. Það þarf að spá í tösku, skart, sokkabuxur, skó, utanyfirflík og svo andlitsmálninguna. Þetta er ekki lítil upptalning og strákanir þurfa í mesta lagi að spá í það hvort þeir ætli að raka sig eður ei. Flestum karlmönnum er líka slétt sama á meðan jakkafötin passa ennþá og hvíta skyrtan er hrein. Eru það samt kannski bara við sem erum að gera þetta of flókið fyrir okkur?

Nú standa flestar konur og klóra sér í höfðinu yfir komandi hátíðahöldum enda ekki lítið af boðum og veislum að fara í. Svo vill maður alls ekki vera í sömu fötunum í öllum veislunum þannig að þetta getur líka verið frekar snúið. Einnig hef ég tekið eftir því að ég klæði mig út frá því í hvernig veislu ég er að fara í og hvernig fólk ég mun að hitta.

Ekki langar mér neitt sérstaklega að fara í stutta glimmerkjólnum í jólaboð til tengdó. Mér mundi ekki líða neitt sérstaklega vel eins og diskókúla innan um alla ættingjana. Glimmerkjóllinn er hins vegar vel við hæfi í áramótapartíinu í bland við hattana og flugeldana.

Þetta ber að hafa í huga þegar maður heldur á vit verslana í jólaösinni í móðursýkislegri leit að jólafötum eins og svo margar konur eru að huga að þessa dagana. Best er einnig að vera búin að þessu í tíma því jólafötin lenda oft undir í annars lags veseni sem fylgir þessari annars yndislegu hátíð ljóss og friðar.




# Fallegir samfestingar

Sögu samfestingsins má rekja allt að fimmta áratugnum þegar samfestingar komu fram í formi sundbola fyrir konur jafnt sem karla. Sem betur fer hefur verið ör þróun síðan þá og nú eru samfestingar búnir að festa sig í sessi sem partíklæðnaður.

Samfestingur er eins og kjóll, þegar þú ert komin í hann þarftu ekki að hafa áhyggur af neinu við. Samfestingur stendur fyrir sínu, toppur og buxur í einu. Gæti ekki verið þægilegra og sparar manni svo sannarlega langtímadvölina fyrir framan fataskápinn.

Stuttar skálmar eða síðar, með ermum eða án, allt er til og geta allir fundið sér samfesting við hæfi enda eru margar búðir með einhverja útfærslu af slíkri flík.

Um þessar mundir má sjá fullt af samfestingum af öllum stærðum og gerðum á helstu tískusýningunum og því um að gera fara að huga að því að fjárfesta í einum slíkum enda eru þeir það nýjasta í dag.

alfrun@frettabladid.is



**DJAMMIÐ** Þessi mundi taka sig vel út í partíinu eða á jólunum. Fæst í Spútnikk.



**VÍÐAR SKÁLMAR** Einkar klæðilegur samfestingur frá Gallerí 17.



**FLAUEL** Renndur samfestingur úr sléttflaueli. Gengur bæði hversdags og spari. Fæst í Spútnikk.



**GALLA** Þessi samfestingur er frá Diesel, Gallerí 17 og getur gengið bæði hversdags og venjulega.



**MEÐ BELTI** Það er gaman að flikka up á samfesting með belti í mittið. Þessi er frá Spútnikk.



**PALLÍETTUR** Flottur samfestingur frá Spútnikk.



**STUTTAR SKÁLMAR** Fallega blár samfestingur frá Stellu McCartney.



**SATÍN** Þessi væri mjög góður í öllum jólaboðunum. Millisíðar skálmar og satínefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**VINNUFATASTÍLL** Stella McCartney sýndi marga samfestinga í nýrri línu sinni.



**SADIE FROST** Fatahönnuður sést hér í flottum samfestingi.



**DRAMATÍSK** Hér sést Vanessa í svörtum kjól með rauðan varalit og gæti alveg eins verið kvikmyndastjarna frá þriðja áratugnum.



**PERLUR** Vanessa er náttúrulega falleg eins og sjá má á þessari mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Franskur söngfugl

Vanessa Paradis er frægari fyrir að vera kærasta og barnsmóðir leikarans Johnnys Depp en sinn eigin frama. Paradis skaust upp á stjörnuhiminn aðeins fjórtán ára gömul, þegar hún söng hið eftirminnilega lag „Joe Le Taxi“ sem varð mjög vinsælt árið 1987. Söngfuglinn hefur ekki náð neinum sérstökum vinsældum út fyrir Frakkland en þar á bæ hefur hún toppað marga metsölulista. Ný plata með henni á að koma út árið 2007.

Vanessa Paradis var valin sem andlit ilmsins „Coco“ frá Chanel og nú síðast var hún aftur valin sem andlit nýrrar handtöskulínu frá tískuhúsinu fornfræga. Stjarnan er með mjög rómantískan fatastíl og eru hún og Johnny Depp í hópi best klæddu para í heimi. Paradis klæðir sig gjarnan í anda þriðja áratugarins, víða, sniðlausa kjólar með lágu mitti, margar perlufestar og er ýmist með lítinn hatt eða spöng í hárinu. Leyfum myndunum tala sínu máli. **- áp**



**BEST KLÆDDA PARIÐ** Depp og Paradis passa einstaklega vel saman og er hún hér klædd í mjög rómantískum stíl.



**SÍTT PILS** Klassísk fegurð á rauða dreglinum í hvítu og svörtu.





TOPMAN
SMÁRALIND I 522 8383






MAC AIDS FUND

LEGGÐU ÞITT AF MÖRKUM

Kynnum VIVA GLAM VI nýjan varalit og varagloss.
Með hverjum keyptum VIVA GLAM varalit fylgir boðsmiði fyrir tvo á söngleikinn Footloose laugardaginn 9. desember.*

10%
afsláttur af öllum MAC vörum í tilefni dagsins.

Í tilefni af Alþjóðlegum Alnæmisdegi koma landsþekktir einstaklingar sem láta sig málið varða í heimsókn í MAC Debenhams í dag milli 14:00 og 18:00 og leggja sitt af mörkum.

Rauða slaufan til styrktar Alnæmissamtökunum seld á staðnum.

DJ Suzie & Elvis sjá um að halda uppi stuðinu.

DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!

*Á meðan birgðir endast.

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Cruise-hjónin fagna enn

Þrátt fyrir að tæpur mánuður sé síðan leikarahjónin Tom Cruise og Katie Holmes gengu í það heilaga er ekkert lát á veisluhöldunum. Samkvæmt fréttavefnum contactmusic.com leggja hjónakornin nú drög að framhaldsveislu fyrir alla þá vini og kunningja sem gátu ekki komist til Ítalíu 18. nóvember þegar þau giftust í miðaldakastala í smábænum Bracciano. Talið er líklegt að veislan verði haldin á heimili samstarfskonu Cruise, Paulu Wagner, og staðfesti talsmaður leikarans þetta í samtali við vefinn.

Cruise og Holmes hafa verið mikið í kastljósi fjölmiðlanna eftir að þau byrjuðu saman enda settu margir stórt spurningamerki við sambandið. Cruise bað unnustu sinnar í Eiffel-turninum í París og tveimur mánuðum síðar varð það opinbert að Holmes gekk með barn þeirra undir belti. Stúlkan Suri fæddist síðan í apríl á þessu ári og var stúlkubarnið viðstatt giftingu foreldra sinna.



**EKKERT LÁT Á VEISLUHÖLDUM** Cruise og Holmes ætla að halda aðra brúðkaupsveislu fyrir þá sem ekki komust til Ítalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Blige fékk átta tilnefningar

Í vikunni voru kynntar tilnefningar til Grammy-verðlaunanna og bar þar hæst sálardrottninguna Mary J. Blige sem sópaði að sér átta tilnefningum. Hún leiðir því listann en Red Hot Chili Peppers koma næst þar á eftir með sex tilnefningar.

Mary er meðal annars tilnefnd fyrir dúett sinn og írsku hljómsveitarinnar U2 í laginu „One“.

Bretinn með flestar tilnefningarnar er James Blunt en hann er meðal annars tilnefndur fyrir lagið „You're Beautiful“ sem toppaði vinsældalista um allan heim á þessu ári. Paul McCartney er tilnefndur sem besti karlkyns flytjandinn fyrir lagið „Jenny Wren“.

Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn hinn 11. febrúar 2007.



**JUSTIN TIMBERLAKE** Hann er tilnefndur til tveggja verðlauna fyrir plötu sína „FutureSex/LoveSounds“.



**MARY J. BLIGE** Gæti tekið Grammy-verðlaunin með trompi en hún fékk átta tilnefningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**LILY ALLEN** Var lélegur eiturlyfjasali.

# Seldi eiturlyf

Breska ungstjarnan Lily Allen er víst ekki eins saklaus og bros hennur gefur til kynna, en nýlega viðurkenndi hún að hafa selt fíkniefni á táningsaldri. „Ég seldi eiturlyf þegar ég var fimmtán ára á Ibiza og ég var alveg hræðilegur sölumaður. Þumalputtaregla fíkniefnasala fór greinilega fram hjá mér en hún er að nota aldrei eigið efni,“ segir Allen sem er alveg hætt að nota eiturlyf í dag. „Nú hefur vinnan og kynlífið komið í stað fíkniefnanna, þó svo að vinnan sé oft svo tímafrek að enginn tími gefst til þess að stunda kynlíf.“

# Barnakryddið vill börn

Emma Bunton, sem er betur þekkt sem barnakryddið í stúlknasveitinni fornfrægu Spice Girls, hefur ákveðið að feta í fótspor Angelinu Jolie og Madonnu ef hún getur ekki átt barn upp á eigin spýtur. Bunton er gift Jade James og vilja þau stofna fjölskyldu. Bunton hefur átt við veikindi að stríða og því er ekki víst að hún geti átt börn og því segist hún vera byrjuð að skoða ættleiðingarferlið.



**EMMA BUNTON** Er byrjuð að vinna í því að ættleiða barn.

# Snipes handtekinn

Leikarinn Wesley Snipes gaf sig fram við yfirvöld í Orlando á miðvikudaginn var, en hann hefur verið eftirlýstur í um það bil tvo mánuði fyrir skattsvik. Snipes flaug til Orlando á einkaþotu og var þá búinn að tilkynna lögreglu að hann hygðist gefa sig fram. Snipes er sagður hafa svindlað um það bil 12 milljónum undan skatti á árunum 1996-97 en einnig skilaði hann ekki skattframtali frá 1999-2004. Snipes er orðinn 44 ára gamall og á yfir höfði sér allt að 16 ára fangelsi verði hann sakfelldur.



**WESLEY SNIPES** Gæti þurft að dúsa sextán ár í fangelsi.




Bergljót Arnalds

# STAFAKARLARNIR

## snúa aftur á 10 ára afmæli sínu




*Stafakarlarnir* er einhver vinsælasta barnabók sem gefin hefur verið út hér á landi og þessir skemmtilegu karlar hafa hjálpað þúsundum barna að læra að lesa.

Nú er komin út ný afmælisútgáfa af bókinni þar sem stafakarlarnir lifna við og vilja ólmir fá að leika sér. Fyrr en varir er barnið farið að þekkja þá og hljóðin sem þeir gefa frá sér. Þannig verða stafirnir smám saman hluti af heimi barnsins.

Ný útgáfa *Stafakarlanna*, með myndskreytingum eftir Frédéric Boullet, kemur í verslanir í dag!

# JÓLASVEINASAGA

## og Litabók jólasveinanna

## eru loksins komnar aftur

Grýla gamla er orðin þreytt á því hvað börnin eru alltaf þæg og góð. Hún bregður á það ráð að koma í veg fyrir að jólasveinarnir komist til byggða þessi jólin til að færa börnunum gjafir í skóinn. En ýmislegt fer úr skorðum og jólasveinafjölskyldan lendir í ótrúlegustu vandræðum.

*Jólasveinasaga* er byggð á þjóðtrúnni um þessa kostulegu sveina og í bókinni fá persónueinkenni þeirra að njóta sín til fulls. Frábærlega skemmtileg saga sem er ríkulega myndskreytt af Frédéric Boullet. Bók sem kemur með jólin inn á hvert heimili.




JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

*Jólasveinasaga* og *Stafakarlarnir* fást nú líka í enskri útgáfu, bæði sem bók og hljóðbók. Tilvalin gjöf til vina erlendis.



**ÁNÆGÐIR EIGENDUR** Jóhanna og Andrés tóku vel á móti gestum sínum á hinum nýja Bistro-bar á Laugaveginum. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

# Bistro opnaður

Andrés Pétur Rúnarsson og Jóhanna S. Ólafsdóttir opnuðu veitingastaðinn Bistro formlega síðastliðinn fimmtudag. Fjöldi góðra gesta mætti á staðinn og fagnaði með þeim en staðurinn, sem áður hýsti Blúsbarinn, hefur allur verið endurhannaður í nútímalegum stíl.

Léttar veitingar voru á boðstólum og runnu ljúflega niður í gestina, sem allir virtust skemmta sér hið besta.



**SKÁL Í BOÐINU** Lea og Michael mættu hress og kát á Bistro og spjölluðu við gesti staðarins.



**NOTALEGHEIT** Hrefna Kristinsdóttir og Ólafur Óðinn Valdemarsson létu fara vel um sig á bekkjum Bistro. Þess má geta að Ólafur er bróðir Bríetar Sunnu Idol-stjörnu.



**EYJAMENN** Kristófer Ingason og Selma Ragnarsdóttir fatahönnuður létu sig ekki vanta í opnunarhófið og skáluðu í hvítvíni. Takið eftir þessari skemmtilegu notkun Selmu á gallajakkanum. Ætli þetta sé það heitasta í dag eða er Selma að koma af stað nýju tískuæði?

# Martin enduruppgötvar Bítlana

Þegar ég heyrði fyrst af því að George Martin, lifandi goðsögn á meðal upptökustjóra og án efa fimmti Bítillinn, væri að endurvinna vel valin Bítlalög beint af upprunalegu segulböndunum fyrir nýja „Bítlaplötu“ varð ég strax mjög spenntur. Mér finnst sú hugmynd að gera eitthvað nýtt úr gömlu sem allir þekkja afar spennandi. Hef aldrei skilið íhaldssama tónlistarunnendur sem blóta endurhljóðblöndun eða tökulögum. Það fólk getur bara sleppt því að kynna sér nýja efnið og haldið áfram að hlusta á gömlu upptökurnar.

Á Love fær George Martin með sér í lið son sinn Giles. Saman taka þeir 33 Bítlalög og endurhljóðblanda í 26 stykki. Já, það þýðir að stundum taka þeir búta úr nokkrum lögum og blanda saman í eitt. Í þeim tilraunum sínum tekst þeim best upp með að blanda saman lögunum Being for the Benefit of Mr. Kite, I Want You og Helter Skelter. Einnig er sambræðingur Within You Without You og Tomorrow Never Knows sérstaklega vel gerður. Virkilega súrrealískar útgáfur sem bæta nýjum demöntum í heildarverk meistara Martin. Sun King er svo spilað afturábak, sem býr til undarlega fallegt „nýtt“ forspil á George Harrison-slagaranum Something.

Mikið er svo lagt í að tengja lögin saman með ýmiss konar hljóðskúlptúrum. Þannig rennur endirinn af Juliu meistaralega vel inn í frábæra nýja útgáfu af Eleanor Rigby, þar sem þeir feðgarnir sanna að það er hæglega hægt að vera skapandi listamaður þó svo að þeir séu „bara“ hljóðmenn.

Þetta er líka frábær plata fyrir hljóðnörda. Í flest lögin er ekki búið að bæta svo miklu nýju en engu að síður er búið að endurvinna þau algjörlega. Þetta þýðir að sjarmi gömlu upptakanna er enn til staðar, nema bara í töluvert meiri hljómgæðum en áður. Lögin eru heldur ekki mixuð með sama einfalda stereóhættinum og gömlu upptökurnar, þar sem trommum og bassa var einfaldlega skeytt saman í annan hátalarann. Núna hafa lögin miklu meira rými, og strengja- og blástursútsetningar ná að njóta sín mun betur. Ný hljóðblöndun af einu besta Bítlalaginu, I Am the Walrus, sannar þetta. Það skemmir heldur ekki að hægt er að kaupa sérstaka útgáfu sem inniheldur tvær útgáfur af plötunni, önnur hljóðblönduð í steríó en hin fyrir 5.1 hátalarakerfið.

Þessi plata rennur svo auðveldlega í gegn að það er nánast hættulegt. Það er svipuð tilfinning sem fylgir því að heyra þetta og það var að sjá endurbættar útgáfur George Lucas af fyrri Star Wars trilógíunni.

Þessi plata er víst gerð fyrir einhvers konar Bítlasýningu í Las Vegas. Satt best að segja líta ljósmyndir úr henni hræðilega klisjulega út og ég vil sem minnst vita af henni. Þessi plata stendur ein og sér sem fullkomin heild án þessarar skuggalegu sýningar og er án efa frábær viðbót í Bítlasafnið.

Sama hvernig á það er litið er Love verk meistara, og þar af leiðandi meistaraverk. Eina ástæðan fyrir því að ég gef henni ekki fullt hús er vegna þess að ég hefði viljað heyra George Martin fara enn lengra með þá hugmynd að búa til ný lög úr gömlum. Kannski fáum við meira af því næst?



**BÍTLARNIR** George Martin hefur endurgert mörg af frægustu lögum þeirra.




**TÓNLIST**

**Love**

The Beatles

★★★★

„Á Love endurhleður George Martin Bítlunum saman á þann hátt sem honum hentar. Útkoman er meistaraverk sem opnar heim Bítlanna upp á gátt fyrir nýjum túlkunum á verkum þeirra.“






**MÁ DJAMMA** Búin að sinna heimilinu án hvíldar í tvö ár.

# Segist fagna frelsinu

Poppstjörnunni Britney Spears leiðist umfjöllun fjölmiðla um hana undanfarnar vikur, en fjölmiðlar hafa verið duglegir að segja frá partístandi hennar, Paris Hilton og Lindsay Lohan. „Það er mjög langt síðan ég hef getað farið út á lífið. Undanfarin tvö ár hef ég gert lítið annað en að sinna heimilinu og þess vegna finnst mér ég eiga alveg skilið að fá að sletta aðeins úr klaufunum,“ skrifar Britney á heimasíðu sína. En eins og frægt er skildi Britney við fyrrverandi ástmann sinn og barnsföður Kevin Federline fyrir skemmstu. „Hvert einasta skref mitt undanfarið hefur verið blásið upp í fjölmiðlum en þeim finnst ég greinilega fagna þessu nýfundna frelsi mínu of mikið,“ segir Britney enn fremur.



**PIRATES OF THE CARIBBEAN** Fimm milljónir DVD-diska seldust á útgáfudegi myndarinnar.

# Rýkur út

Það er greinilegt að DVD-útgáfa kvikmyndarinnar Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest, verður í mörgum jólapökkum í Bandaríkjunum fyrir þessi jólin. Myndin kom í búðir vestanhafs síðastliðinn miðvikudag og seldust samdægurs rétt yfir fimm milljón eintök. Spá menn því að kvikmyndin verði sú allra söluhæsta fyrir þessi jól, en fyrri myndin The Curse of the Lack Pearl seldist í 16 milljónum eintaka. Kvikmyndin Cars hefur selst í 13 milljónum eintaka hingað til og Narnia í 12 milljónum. Vonast Disney-menn sem dreifa Pirates of the Caribbean að hún taki fram úr þeim tveimur þegar nær dregur jólum. Söluhæsta DVD-mynd sem gefin hefur verið út hingað til er teiknimyndin Finding Nemo en 27 milljón eintök seldust af henni.



**LINDSAY LOHAN** Leitar á náðir Als Gore til að hressa upp á ímynd sína.

# Bað Al Gore um aðstoð

Leikkonan Lindsay Lohan hefur beðið fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, Al Gore, um aðstoð við að bæta ímynd sína. Lindsay, sem er aðeins tvítug, skrifaði nýlega fjöldatölvupóst sem gekk milli manna í Hollywood en í póstinum stóð að hún væri þreytt á því hvernig fjölmiðlar skrifuðu um hana og hve mikilvægt væri að æska landsins menntaði sig. „Al Gore mun aðstoða mig, hann hefur þegar sett sig í samband við mig og vill ræða þessi mál,“ segir meðal annars í bréfinu, en svo segir í dagblaðinu New York Post.

# Önnur sólóplatan

Önnur sólóplata Gwen Stefani, The Sweet Escape, er komin út. Platan fylgir eftir hinni vinsælu Love Angel Music Baby sem kom út fyrir tveimur árum og á henni voru lög á borð við Hollaback Girl, What You Waiting For, Cool og Rich Girl.

Upptökustjórn á plötunni var í höndum The Neptunes, Akon, Tonys Kanal úr No Doubt, Nellee Hooper, Seans Garrett, Swizz Beatz, Daves Stewart og Tims Rice-Oxley úr Keane.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Wind it Up, er komið í mikla spilun. Sá The Neptunes-tvíeykið um upptökustjórnina. Gwen mun fylgja plötunni eftir með tónleikaferð sem hefst að öllum líkindum í apríl á næsta ári.



**GWEN STEFANI** Gwen hefur sent frá sér plötuna The Sweet Escape.

Gwen hefur einnig sent frá sér tónleikana Harajuku Lovers Live á DVD-mynddiski, sem voru teknir upp í heimabæ hennar í Anaheim í Kaliforníu.

# Söngur Garland seldur á 3 milljónir

Upptökur með söng leikkonunnar frægu Judy Garland hafa verið seldar á uppboði fyrir tæpar þrjár milljónir íslenskra króna. Spólurnar eru tvær talsins og eru taldar innihalda fyrstu upptökur af söng Garland. Upptökurnar eru frá árinu 1935 en þá var barnastjarnan aðeins tólf ára og spilar móðir hennar undir á píanó.

Garland sló í gegn í kvikmyndinni „Wisard of Oz“ og hefur verið sögð ein af átta mestu leikkonum allra tíma af bandarísku kvikmyndasamtökunum.



**JUDY GARLAND** Barnastjarnan lést árið 1969 en nú hafa gamlar upptökur með söng hennar verið seldar á tæpar þrjár milljónir króna.




PI PAR • SÍA • 60855

TÖLVUPÓSTUR Í SÍMANN ÞINN

Tilvalin lausn fyrir smærri fyrirtæki, einyrkja og verktaka

Nú geta allir haft aðgang að skrifstofuumhverfi á sanngjörnu verði. Með OpenHand nýtir þú núverandi netfang áfram en færð dagatal, tengiliði og önnur gögn í farsímann og tölvuna líkt og þú værir hluti af stóru skrifstofuumhverfi.

OpenHand geymir öll gögnin þín á öruggum stað. Ef farsíminn eða tölvan glatast er ávallt til öruggt afrit hjá okkur. Hver kannast ekki við að týna símanum og öllum tengiliðum í leiðinni? Slík leiðindi eru úr sögunni með OpenHand. Ef þú þarft aukið skipulag í þínum rekstri, aðgengi að gögnum á ferðinni og öruggan stað til að geyma þín gögn þá er OpenHand lausnin fyrir þig.

**Líttu við hjá Hátækni og leitaðu nánari upplýsinga.**

Hátækni

OpenHand™ SoHosted

Ármúli 26 www.hataekni.is www.openhand.is







# Booka Shade spilar á árslistakvöldi

Þýska teknóhljómsveitin Booka Shade, sem er sjóðheit um þessar mundir, spilar á árslistakvöldi Party Zone hinn 19. janúar.

Sveitin er skipuð þeim Walter Merziger og Arno Kammermeier og hafa þeir sem Booka Shade gefið út tvær plötur á jafnmörgum árum. Fyrst gáfu þeir út Memento og svo á þessu ári hina marglofuðu Movements, sem hefur fengið mjög góða dóma. Er hún á meðal þeirra hundrað mest seldu hjá iTunes-tónlistarversluninni.



**BOOKA SHADE** Félagarnir Walter Merziger og Arno Kammermeier eru á leiðinni til landsins.

Booka Shade hefur skapað sér sinn eigin hljóðheim og stíl sem einkennist af minimalískri og lágstemmdri teknótónlist sem er á sama tíma kraftmikil og magnþrungin.

Miðasalan á tónleikana hefst föstudaginn 8. desember á midi.is kl. 10.00. Miðaverð í forsölu er 1.900 kr. auk miðagjalds.




# Á heimaslóðir með Herranótt

**Ólafur Egill Egilsson mun setjast í leikstjórastólinn eftir áramót og stýra Herranótt, leikfélagi Menntaskólans í Reykjavík.**



**SNÝR AFTUR TIL UPPÁHALDSLEIKFÉLAGSINS** Ólafur Egill leikstýrir sýningu Herranætur eftir áramót, en hann hefur bæði leikið með félaginu og leikstýrt því áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er mitt gamla uppáhaldsleikfélag," sagði Ólafur Egill í samtali við Fréttablaðið, en hann lék í tveimur sýningum Herranætur þegar hann gekk í skólann. „Ég hafði mjög gaman af því. Það var eiginlega þar sem ég slípaðist fyrir alvöru," bætti Ólafur við. Þetta er í annað skiptið sem hann tekur um leikstjórnartaumana fyrir Herranótt, því árið 2003 leikstýrði hann verkinu Hundshjarta eftir smásögu Mikhaíls Búlgakov. „Það var svo skemmtilegt að ég sló bara til þegar mér var boðið þetta aftur," sagði Ólafur Egill.

Leikhópurinn Vesturport, sem Ólafur Egill er lykilmaður í, hefur nú nýlokið leikferðalagi sínu um Þýskaland og Noreg, þar sem hann sýndi Woyzeck og Rómeó og Júlíu. Ólafur sagðist hafa nýtt þann tíma sem gafst til að vinna í leikgerðinni fyrir sýningu Herranætur. „Í þetta skipti verður verkið samsuða úr söngleiknum Carousel og leikritinu Liliom eftir Ungverjann Ferenc Molnár," sagði Ólafur, sem situr nú sveittur við að klára leikgerðina. Æfingar eiga að hefjast rétt eftir áramót, og hann segist stefna á frumsýningu strax í lok febrúar.

Ýmislegt verður um að vera á sviðinu, að sögn Ólafs. „Við verðum með hljómsveit og eitthvert húllumhæ," sagði Ólafur, en hann hefur fengið Kristínu Berman listhönnuð til að leggja sér lið við gerð búninga og sviðsmyndar. „Hún er alveg svakalega öflug og er að vinna með Grikkjunum niðri í Þjóðleikhúsi núna," sagði Ólafur. Hann býst þó ekki við því að hann leiti liðsinnis við tónlistina utan veggja skólans. „Það er svo mikið af hæfileikafólki, bæði leikurum og músíkköntum, í MR að það er ekki hægt að þverfóta fyrir því. Við þurfum enga utanaðkomandi hjálp þar," sagði Ólafur Egill.

sunna@frettabladid.is









| | | |
|---|---|---|
| BOSS OF IT ALL | kl. 3:40 - 8 - 10:10 | B.i.12 |
| THE US VS. JOHN LENNON | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð |
| NATIVITY STORY | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.7 |
| MÝRIN | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |

HAGATORGI • S. 530 1919

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 9 - 10:10 | B.i.12 | THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 10:30 | B.i. 16 |
| DEAD OR ALIVE VIP | kl. 2 - 5 - 8 - 10:10 | | FLY BOYS | kl. 8 | B.i. 12 |
| SAW 3 | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 1:45 - 3:40 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð | JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 1:45 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal. | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | ÓBYGGÐIRNA M/- Ísl tal | kl. 1:30 | Leyfð |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 1:40 - 3:50 - 6 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8 - 10 | Leyfð | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 1:40 - 3:30 | Leyfð | |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 8 - 10:30 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 6 | Leyfð |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| SCANNER DARKLY | kl. 8 | B.i. 16 |
| THE GRUDGE 2 | kl. 10 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| STURTAÐ NIÐUR M/- Ísl tal. | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| THE NATIVITY STORY | kl. 6 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE | kl. 8 - 10 | B.i.12 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 2 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| THE LAST KISS | kl 8 - 10 | B.i.12 |

www.sambioin.is 575 8900

# Gefa út jólasmáskífu

Pönkhljómsveitin The Neighbours hefur gefið út sína fyrstu jólasmáskífu. Hljómsveitin samanstendur af söngvaranum Villa, Krissa gítarleikara og trommaranum Lalla og var smáskífan tekin upp á nokkrum klukkutímum í nóvember.

Skífan inniheldur fimm jólalög, þar af þrjú frumsamin og tvö eftir aðra. Eftir upptökur tók aðeins viku að fullklára plötuna. „Við viljum lítið sem ekkert vera að fikta í lögunum eftir að við erum búnir að taka þau upp. Pönkið verður einfaldlega bara ljótt ef það er mikið lagað til,“ segir Lalli trommuleikari.

Athygli vekur að enginn bassaleikari er í hljómsveitinni. „Við höfum mjög mikið verið að velta því fyrir okkur hvort við ættum ekki að vera með bassa í hljómsveitinni og erum enn á krossgötum með það. Hver veit? Kannski verður kominn bassaleikari fyrir jólaplötuna á næsta ári,“ segir Krissi.

Platan er aðeins fáanleg beint frá hljómsveitarmeðlimum, m.a. í gegnum www.myspace.com/neighboursthe.



**THE NEIGHBOURS** Pönkararnir hafa gefið út sína fyrstu jólasmáskífu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Kirsten Dunst** segir ekkert hæft í fréttum þess efnis að hún sé ófrísk. Sögur um það hafa verið í gangi eftir að fjölmiðlar birtu myndir af henni í víðum fötum og hún var sögð hafa bætt á sig nokkrum kílóum. „Kirsten er ekki ófrísk,“ sagði talsmaður Dunst.



**Ashlee Simpson** er búin að selja villuna sína í Los Angeles. Ashlee borgaði 4,5 milljónir dollara fyrir húsið í fyrra, en seldi það nú fyrir 5,7 milljónir. Stúlkan græddi því vel og hyggur á kaup á stærra húsi. Þangað til mun hún búa hjá eldri systur sinni, **Jessicu Simpson**.









## > Annað Íslandsmet Ragnheiðar

Keppni hélt áfram í Helsinki í gær þar sem Evrópumeistaramótið í 25 metra laug í sundi fer fram. Ragnheiður Ragnarsdóttir var eini Íslendingurinn sem keppti í gær þegar hún keppti í 100 metra fjórsundi. Ragnheiður gerði sér lítið fyrir og setti nýtt Íslandsmet í greininni þegar hún synti vegalengdina á tímanum 1:03,66. Ragnheiður átti sjálf gamla metið en það setti hún árið 2004. Þó að Ragnheiður hafi endað í 22. sæti var hún einungis tveimur hundraðshlutum frá því að komast í undanúrslit.



**sport**

sport@frettabladid.is

HANNES Þ. SIGURÐSSON: HEFUR VERIÐ Á SKOTSKÓNUM FYRIR BRÖNDBY

# *Líkar lífið vel í Kaupmannahöfn*

Landsliðsmaðurinn Hannes Þ. Sigurðsson hefur byrjað vel á sínu fyrsta tímabili í Danmörku þar sem hann spilar með stórliði Bröndby. Hann skoraði til að mynda eina mark liðsins í leik gegn norska liðinu Lilleström í Royal League-deildinni í fyrradag.

„Þetta var hörkuleikur og er Lilleström með sterkt lið," sagði Hannes. „Leikurinn fór fram við erfiðar aðstæður en það hafði rignt mikið og völlurinn var eins og drullusvað."

Hann segist sjálfur vera sáttur við sín hlutskipti hjá liðinu. „Það er gott að skora nokkur mörk og fara með það í vetrarfríið," sagði hann en danska úrvalsdeildin er komin í frí og byrjar ekki aftur fyrr en í mars. Bröndby mætir Lilleström aftur á morgun, í þetta sinn í Danmörku, og hefst jólafríið því á mánudag.

„Ég er mjög ánægður með veruna hjá Bröndby. Þetta er stór og flottur klúbbur þó svo að gengið sé ekki búið að vera í samræmi við það," sagði Hannes en Bröndby er sem stendur í sjöunda sæti deildarinnar, nítján stigum á eftir toppliði FCK.

„Ég er þó viss um að við eigum eftir að koma sterkir til leiks í vor. Þetta getur verið fljótt að breytast."

Hannes hefur átt fast sæti í byrjunarliðinu og segist hann þakklátur fyrir það.

„Þetta kom í sjálfu sér ekki á óvart. Ég hef trú á því sem ég er að gera og það hefur þjálfarinn líka. Það er auðvitað frábært að fá loksins að spila reglulega en það hefur verið lítið um það undanfarið árið," sagði Hannes, sem kom frá Stoke í Englandi í haust.

Hann segir að þó nokkur munur sé á dönsku úrvalsdeildinni og ensku 1. deildinni.

„Maður þarf að vera stór og sterkur í Englandi en hér er meira stólað á tæknilegu hliðina. En það eru fyrst og fremst lið eins og Bröndby, FCK og Odense sem gera deildina góða enda allt mjög góð lið."

Hannes líkar því vistin vel í Kaupmannahöfn, þar sé auðvelt að aðlagast aðstæðum sem eru ekki ólíkar íslensku umhverfi.

„Þetta er flott borg og hér er gott að vera. Kærastan er í komin í nám hér og ég á svo ættingja hér. Okkur líður mjög vel."



Mikkel Aagaard ósáttur við leikstíl Skjern:

# Kostar mig landsliðssæti að spila í Skjern

**HANDBOLTI** Danski hornamaðurinn Mikkel Aagaard segir að hann fái ekki að njóta sín í sinni leikstöðu hjá Skjern og þess vegna muni hann missa af heimsmeistaramótinu í handbolta. Leikstíll Arons Kristjánssonar þjálfara kosti hann sæti í danska landsliðinu.

„Ég sakna þess að vera ekki spilaður uppi jafn mikið og áður," sagði hann í viðtali við staðarblað í Skjern eftir leik liðsins gegn GOG í vikunni. „Í dag fékk ég þrjú færi í fyrri hálfleik, eitt í seinni hálfleik og ég skoraði fjögur mörk. Það er ekki nóg til að ég verði valinn í landsliðið. Svona hefur þetta verið í langan tíma."

Aagaard hefur misst af fjórum leikjum vegna meiðsla en mest skorað sex mörk í einum leik í vetur. Nýting hans hefur verið góð og var hann því valinn í landsliðshóp Dana en enn á eftir að skera niður hópinn. Aagaard telur að hann verði einn þeirra sem muni missa af HM. **- esá**



**MIKKEL AAGAARD** Fagnar hér sigri danska landsliðsins á Rússum á EM í Sviss fyrr á árinu. NORDIC PHOTOS/AFP

Nýr meðlimur í Knattspyrnusambandi Evrópu:

# Gíbraltar tekið inn í UEFA

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Evrópu hefur veitt Gíbraltar tímabundna aðild að sambandinu þar til hún verður endanlega staðfest á þingi sambandsins í febrúar næstkomandi.

Að baki er tíu ára barátta en í sumar úrskurðaði íþróttadómstóll Evrópu að UEFA væri skylt að taka Gíbraltar inn í sambandið.

Málið er hápólitískt en Spánn neitar að viðurkenna sjálfstæði héraðsins, sem lýtur stjórn Breta. Knattspyrnuforysta Spánar hefur áður sagst ætla að sniðganga viðburði sem Gíbraltar fær að taka þátt í. Ólíklegt þykir að staðið verði við þau orð. **- esá**






# Birgir Leifur komst ekki gegnum niðurskurðinn

**Birgir Leifur Hafþórsson komst ekki í gegnum niðurskurð á Alfred Dunhill-mótinu í Suður-Afríku. Birgir Leifur lék þó betur í gær en á fyrsta degi.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, hefur lokið keppni á sínu fyrsta móti í Evrópumótaröðinni í golfi, Alfred Dunhill mótinu í Suður-Afríku. Birgir Leifur lék á þremur höggum yfir pari í gær og komst ekki í gegnum niðurskurð.

Birgir Leifur hóf keppni á fimmtudaginn, náði sér ekki almennilega á strik og lék á fimm höggum yfir pari eftir að hafa farið illa af stað.

Birgir Leifur lék betur í gær og fór vel af stað. Hann fékk fugl á annarri holu og útlitið þokkalegt. Birgir fékk svo skolla á þeirri sjöundu og var á pari eftir fyrstu níu holurnar og á fimm höggum yfir pari samanlagt.

Birgir fékk svo annan skolla á þrettándu holu og á átjándu og sextándu holunni fékk hann tvöfaldan skolla. Birgir Leifur lauk því keppni á átta höggum yfir pari, sem dugði honum í 118. til 126. sæti. Birgir var sex höggum frá því að komast í gegnum niðurskurðinn þar sem þeir kylfingar sem voru á tveimur höggum yfir pari sluppu í gegn. 72 keppendur halda áfram keppni og spila tvo hringi til viðbótar, í dag og á morgun.

Suður-Afríkumaðurinn Charl Schwartzel er einn í efsta sæti á átta höggum undir pari vallarins en fast á hæla hans koma Rafael Cabrera Bello frá Spáni og Oliver Wilson frá Englandi á sex höggum undir pari.

Sigurvegarinn frá í fyrra, Suður-Afríkumaðurinn Ernie Els, lék á pari í gær líkt og á fyrsta degi og er í 34. til 46. sæti. Englendingurinn Lee Westwood lék vel í gær eða á 66 höggum og er í fjórða sæti. Það lék þó enginn betur en heimamaðurinn Titch Moore sem lék á 64 höggum í gær og bætti sig um tólf högg frá deginum áður.

Ekki líður langur tími þar til Birgir Leifur tekur þátt í næsta móti því það er strax í næstu viku og er einnig í Suður-Afríku. Það mót hefst á fimmtudaginn í næstu viku og er einnig hluti af Evrópumótaröðinni. Birgir Leifur sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum að eftir það mót tæki hann sér líklega frí fram í febrúar, enda búinn að keppa grimmt á þessu ári og tekur hvíldinni fagnandi.

Annan daginn í röð sá Birgir Leifur sér ekki fært að svara í símann.

dagur@frettabladid.is



**BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON** Lauk keppni á Alfred Dunhill-mótinu í gær þegar hann komst ekki í gegnum niðurskurðinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Knattspyrnusamband Evrópu íhugar róttækar breytingar á Evrópukeppninni:

# Íhuga að fjölga liðum um átta

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, íhugar nú að gera róttækar breytingar á lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu og fjölga liðum úr 16 í 24. Hugsanlegt er að breytingin taki gildi í keppninni 2012. Þetta eru góðar fréttir fyrir okkur Íslendinga þar sem möguleikar okkar á að komast á stórmót aukast til muna við þessar breytingar.

Framkvæmdastjóri sambandsins, Lars-Christer Olsson, staðfesti að þetta hefði verið rætt innan stjórnar UEFA. „Einstaklingar innan stjórnarinnar hafa nú þegar rætt þessa hugmynd á jákvæðum nótum," sagði Olsson en málið verður tekið fyrir á þingi sambandsins í Düsseldorf í janúar á næsta ári.

Úkraína og Pólland hafa sóst eftir að halda keppnina árið 2012 í sameiningu og það hafa Króatía og Ungverjaland einnig gert en auk þessara þjóða hefur Ítalía lagt inn umsókn um að halda keppnina. Tilkynnt verður í apríl á næsta ári hverjir munu halda mótið.

„Ef þetta fær góðan hljómgrunn á þinginu sé ég enga ástæðu fyrir því af hverju þetta verður ekki að veruleika. En við verður að sjálfsögðu að tilkynna umsækendunum þremur um þetta og athuga hvort þeir geti tekið við 24 þjóðum.

Ég held að það sé vel mögulegt að halda 24 þjóða mót á þeim völlum sem nú þegar eru í áætluninni en það eru fleiri þættir sem spila inn í eins og nægilega stór hótel og annað þess háttar," sagði Olsson en þessi tillaga var lögð inn til UEFA af Skoska knattspyrnusambandinu, með stuðningi frá Írum, Lettum og Svíum.

Á þinginu í janúar fara einnig fram kosningar um forseta Evrópska knattspyrnusambandsins en þeir Michel Platini og Lennart Johansson kljást um sætið. **- dsd**




**EVRÓPSKA KNATTSPYRNUSAMBANDIÐ** Mun leggja fram tillögu um að fjölga liðum í lokakeppni EM á næsta þingi sínu. NORDIC PHOTOS/GETTY


ENGAR BIÐRAÐIR!
MIÐASALA midi.is
JÓLAMYNDIRNAR 2006
Cameron Diaz · Kate Winslet · Jude Law · Jack Black
the Holiday
KÖLD SLÓÐ
eragon
CASINO ROYALE
KOMIN Í BÍÓ
FORSALA HAFIN Á MIDI.IS Á ÆVINTÝRAMYND ÁRSINS
FORSALA HEFST 20. DESEMBER Á MIDI.IS
SJÁÐU BESTU BOND MYND ALLRA TÍMA
MÝRIN
HNOTUBRJÓTURINN OG MÚSAKÓNGURINN
Hátíð í bæ
Deck the Halls
ARTÚR
SJÁÐU VINSÆLUSTU MYND ÁRSINS
KOMIN Í BÍÓ
KOMIN Í BÍÓ
FORSALA HEFST 20. DESEMBER
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á SKEMMTILEGUSTU JÓLAMYNDIRNAR!
REGNBOGINN
midi.is
BÍÓ.IS
SMÁRABÍÓ

Þrír hörkuleikir fóru fram í NBA í fyrrinótt þar sem meistarar Miami Heat unnu m.a. sigur í framlengingu:

# Suns sigraði Nets í tvíframlengdum leik

**NBA** Þrír hörkuleikir fóru fram í NBA-deildinni í körfubolta í fyrrinótt. Detroit Pistons vann góðan útisigur á Dallas Mavericks, meistarar Miami Heat mörðu sigur á Sacramento Kings í framlengingu og Phoenix Suns bar sigurorð af New Jersey Nets í tvíframlengdum leik.

Steve Nash, leikstjórnandi Phoenix Suns, setti persónulegt met í leiknum gegn New Jersey Nets þegar hann skoraði 42 stig og leiddi lið sitt til sigurs, 161-157, í fyrrinótt. Þetta var jafnframt fjórði stigahæsti leikurinn í NBA frá upphafi. Suns hefur nú unnið átta leiki í röð.

Stórleikur Jasons Kidd, leikstjórnanda New Jersey Nets, dugði ekki til en Kidd skoraði 38 stig, hirti 14 fráköst og átti 14 stoðsendingar og þetta var 78. þrefalda tvenna hans á ferlinum.

Meistarar Miami Heat unnu sigur á Sacramento Kings í framlengdum leik, 93-91, þar sem snillingurinn Dwyane Wade fór fyrir sínum mönnum í Miami. Wade skoraði 32 stig, tók 11 fráköst og átti níu stoðsendingar.

Dirk Nowitzki, leikmaður Dallas Mavericks, var stigahæsti maður vallarins þegar Dallas tók á móti Detroit Pistons en það dugði þó ekki til. Nowitzki skoraði 29 stig en Dallas varð að sætta sig við tíu stiga tap, 92-82. Tayshaun Prince skoraði 20 stig fyrir Detroit og þá lagði Rasheed Wallace sitt lóð á vogarskálarnar með 19 stigum fyrir Detroit. - dsd



**NASH OG KIDD** Þessir tveir snillingar háðu ótrúlegt einvígi í fyrrinótt þar sem Nash hafði betur. NORDIC PHOTOS/GETTY






**LIONEL MESSI** Er ekki á leið til Inter Milan samkvæmt föður stráksins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Faðir Lionel Messi:

## Messi ekki á leið til Inter

**FÓTBOLTI** **Jorge Messi, faðir og umboðsmaður Lionel Messi, leikmanns Barcelona, hefur neitað þeim fregnum að sonur sinn sé á leið til Inter Milan en ítalskir fjölmiðlar greindu frá því á dögunum að Jorge Messi hefði farið á leynilegan fund með yfirmönnum ítalska liðsins.**

**„Það er ekki rétt að ég hafi fundað með stjórnarmönnum Inter Milan. Mér þykir mjög miður að þessi frétt hafi farið af stað en hún kemur ekki frá okkur. Við höfum aðeins eitt að segja við Barcelona og stuðningsmenn félagsins, af því að þeir hafa alltaf komið vel fram við okkur. Aldrei í lífinu myndum við fara á bak við félagið.**

**Við vitum að félagið vill bjóða Lionel nýjan og betri samning. Hann er ungur, en draumur hans er að vera hjá Barcelona um mörg ókomin ár," sagði Jorge Messi við spænska dagblaðið Catalan Daily Sport.** - dsd



**ASHLEY COLE** Mætir Arsenal í fyrsta sinn á sunnudag síðan hann fór frá félaginu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Chelsea-Arsenal á sunnudag:

## Cole býst við hinu versta

**FÓTBOLTI** Ashley Cole, varnarmaður Chelsea, býst við heldur fjandsamlegum móttökum hjá stuðningsmönnum Arsenal þegar liðin mætast á Stamford Bridge á sunnudag. Cole fór frá Arsenal til Chelsea í sumar eftir mjög umrædd félagskipti sem áttu sér langan og skrautlegan aðdraganda. Hann gagnrýndi líka Arsenal harkalega í bók sinni sem kom út í sumar.

„Ég verð að vera raunsær. Það verður púað mikið á mig. Ég veit vel að sumir stuðningsmannanna eru mjög reiðir." - esá



**MIDDLESBROUGH** Gæti þurft að finna nýjan styrktaraðila. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rannsókn í Bretlandi:

## Styrktarsamningar í hættu

**FÓTBOLTI** **Svo gæti farið að auglýsingasamningar nokkurra enskra úrvalsdeildarliða væru í hættu eftir að nefnd á vegum stjórnvalda í Bretlandi hóf rannsókn á lögmæti þess að veðmálaheimasíður séu auglýstar á skyrtum knattspyrnuliða.**

**Samkvæmt lögum í Bretlandi er ólöglegt að beina slíkum auglýsingum að börnum og börn víða að fylgjast vitanlega með ensku úrvalsdeildinni.**

**Middlesbrough, Tottenham, Blackburn og Aston Villa eru öll með samninga við fyrirtæki sem reka veðmálasíður.** - esá



KLINSMANN Þakkar Þjóðverjum fyrir stuðninginn eftir að liðið náði bronsinu á HM í sumar. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Jürgen Klinsmann:

## Neitaði Bandaríkjamönnum

**FÓTBOLTI** Jürgen Klinsmann, fyrrum landsliðsþjálfari Þýskalands, hefur afþakkað boð bandaríska knattspyrnusambandsins um að gerast landsliðsþjálfari þar í landi.

„Við höfum lokið okkar viðræðum og hef ég dregið nafn mitt úr þessum umræðum," sagði Klinsmann en vildi ekki fara nánar út í sínar ástæður.

Leitað er nú að eftirmanni Bruce Arena, þjálfara bandaríska landsliðsins undanfarin átta ár.

- esá

Jose Mourinho:

## Vill varalið í neðri deildir

**FÓTBOLTI Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, er á þeirri skoðun að varalið úrvalsdeildarliðanna eigi að fá möguleika á að spila í neðri deildarkeppnum í Englandi. Slíkt tíðkast víða, til að mynda á Spáni, Þýskalandi og Noregi.**

**„Ég get sagt með vissu að leikmenn eins og Lassana Diarra, John Obi Mikel og Salamon Kalou myndu vilja slíka keppni þegar þeir eru ekki valdir í hópinn í aðalliðinu. Og eins og tíðkast á Spáni fengju varaliðin ekki að vinna sig upp um deild. Þau fá ekki heldur að spila í bikarkeppninni til að koma í veg fyrir að aðallið Real Madrid mæti varaliði félagsins."**

**Teitur Þórðarson, þjálfari KR, sagði í viðtali við Fréttablaðið í október að hann vildi sjá sams konar fyrirkomulag hér á landi.**

- esá



UMTALAÐUR Rio Mavuba svarar spurningum blaðamanna í Frakklandi. NORDIC PHOTOS/AFP

Rio Mavuba:

## Heitur fyrir Man. United

**FÓTBOLTI** Leikmaður Bordeaux, miðvallarmaðurinn Rio Mavuba, mun vera spenntur fyrir því að ganga til liðs við Manchester United. Hann hefur verið orðaður við félagið í fjölmiðlum og United sagt vilja krækja í hann í janúar næstkomandi. Sjálfur hefur hann þó ekki talað við neinn þar.

„Það er draumur allra barna að spila fyrir stórt félag og því ekki United?" sagði Mavuba. „Kannski setja þeir sig í samband við umboðsmann minn í náinni framtíð, hver veit?"

- esá

Hin svokallaða 6+5 tillaga FIFA vekur hörð viðbrögð ríkustu félaga Evrópu:

# G14 hótar FIFA lögsókn vegna reglugerðar

**FÓTBOLTI** Eins og fyrri daginn andar köldu á milli forráðamanna knattspyrnuhreyfingarinnar og hinna svokölluðu G14-samtaka sem eru félagsskapur átján stærstu félagsliða Evrópu.

Nýjasta þrætueplið er sú reglugerð sem Sepp Blatter, forseti FIFA, berst nú fyrir en hún kveður á um að evrópsk félög verða að tefla fram að minnsta kosti sex leikmönnum í sínum byrjunarliðum sem séu frá viðkomandi landi.

Þetta kæmi sér til að mynda afar illa fyrir Arsenal, sem hefur undanfarin ár verið með fáa Englendinga í sínu liði. David Dein, varastjórnarformaður félagsins, hefur nú sent Blatter tóninn og hótar lögsókn ef af reglugerðinni verður.

„Ef FIFA vill kveikja í báli þá verður það að vera svo," sagði Dein. „En þetta verður funheitt bál og vona ég að þessi hugmynd fái ekki að ganga lengra."

Tvö mál eru nú í réttarkerfinu þar sem tekist er á um bætur sem félagslið eigi að fá ef leikmaður á þeirra snærum meiðist í landsleik. Talið er að ef úrskurðað verði í því máli félagsliðunum í hag verði afar erfitt fyrir langflest knattspyrnusambönd heimsins að kalla á sína bestu leikmenn.

Til að mynda er fyrirsjáanlegt að íslenska knattspyrnusambandið ætti erfitt með að yfirtaka fjárhagslegar skuldbindingar Barcelona gagnvart Eiði Smára Guðjohnsen landsliðsfyrirliða.



VALDAMIKLIR Florentino Perez, fyrrum forseti Real Madrid, er hér með David Dein og Peter Hill-Wood. GETTY

En Dein sagði að nú væri kominn tími til að menn róuðu sig aðeins niður.

„Við erum eins og málin standa í dag á góðri leið með að leysa mörg af þeim vandamálum sem standa fyrir dyrum hjá knattspyrnuhreyfingunni. Það er engin þörf á að búa til fleiri vandamál."

Rökstuðningur Blatters fyrir reglugerðinni er að með því að nota fleiri heimamenn muni landslið heimsins styrkjast og stuðningsmenn verða nátengdari félögunum.

Hins vegar eru sterk rök gegn þessu og hefur knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, meðal annars tekið undir að slík reglugerð myndi stangast á við lög um þá vinnulöggjöf sem er ríkjandi í Evrópusambandinu.

- esá






**RÆÐA MÁLIN** Jose Mourinho vill gefa Shevchenko þann tíma sem hann þarf.
NORDIC PHOTOS/AFP

Jose Mourinho um Andriy Shevchenko:

# Shevchenko ekki ósnertanlegur

**FÓTBOLTI** Mikið hefur verið rætt og ritað um stöðu Andriy Shevchenko hjá Chelsea eftir að hann lét hafa eftir sér í fyrradag að hann væri til í að fara frá Chelsea, væri hans ekki óskað hjá félaginu. Forráðamenn Chelsea voru fljótir að svara því með því að segja að hann færi hvergi en í gær bætti sjálfur Jose Mourinho við sínu innleggi í umræðuna.

Mourinho sagði að Shevchenko væri eins og málin stæðu nú ekki einn af sínum „ósnertanlegu“ leikmönnum og að hann myndi aldrei gefa undan þrýstingi Romans Abramovich, eiganda félagsins. Shevchenko sagði sjálfur að hann og Abramovich væru góðir vinir en það hefði litla þýðingu fyrir framtíð hans hjá félaginu.

„Ef Abramovich treystir ekki knattspyrnustjóranum þá er hann nógu ríkur til að reka mig,“ sagði Mourinho.

„Sheva er ekki ósnertanlegur vegna frammistöðu hans á vellinum. Ég vel bestu leikmennina hverju sinni. Claude Makelele, Michael Essien og Frank Lampard eru ósnertanlegir vegna frammistöðu þeirra, ekki af því að ég elska þá,“ sagði Portúgalinn og bætti við að hið sama ætti við um Michael Ballack, John Terry, Ricardo Carvalho, Ashley Cole og Didier Drogba.

En þrátt fyrir allt þetta sagði Mourinho að hann hefði skilning og þolinmæði gagnvart stöðu Shevchenko, sem hefur aðeins skorað þrjú mörk í ensku úrvalsdeildinni í haust.

„Knattspyrnan á Ítalíu og í Englandi er mjög ólík. Dæmi Thierry Henry sýnir það mjög vel,“ sagði Mourinho en Henry kom til Arsenal frá Juventus þar sem hann náði sér engan veginn á strik.

„Henry skoraði eitt mark í sínum fyrstu tólf leikjum hjá Arsenal. Við þurfum að gefa Sheva tíma. Það jákvæða er að hann er sjálfur ekki ánægður með eigin frammistöðu. Ef hann væri sáttur við hana ættum við fyrst við vandamál að stríða.“ - esá




# Sigurður Ragnar nýtur stuðnings landsliðskvenna

**Fréttablaðið gerði skoðanakönnun á því hvort landsliðskonur Íslands í knattspyrnu væru ánægðar með nýja þjálfarann og ánægjan leynir sér ekki.**

**FÓTBOLTI** Á fimmtudaginn var Sigurður Ragnar Eyjólfsson ráðinn í stöðu landsliðsþjálfara kvennalandsliðs Íslands. Sigurður hefur litla reynslu af þjálfun og því ef til vill við því að búast að blendnar tilfinningar væru með þessa ráðningu. Svo virðist alls ekki vera en Fréttablaðið fór á stúfana og kannaði viðbrögð nokkurra íslenskra landsliðskvenna við þessari ráðningu. Í ljós kom töluverð ánægja með ráðningu Sigurðar í stöðu þjálfara.

Af þeim tólf knattspyrnukonum sem Fréttablaðið náði í í gær svöruðu níu spurningunni „Ertu ánægð með nýja þjálfarann?“ játandi en þrjár svöruðu á hlutlausan hátt. Engin þeirra var óánægð með ráðninguna.

Það sem augljósast var af svörum landsliðskvennanna var almenn ánægja með að Sigurður væri ekki að þjálfa annað lið samhliða landsliðsstarfinu og að hann sé hlutlaus, þ.e. hann hefur aldrei þjálfað kvennalið og er því ekki tengdur neinu sérstöku félagi í kvennaboltanum.

Helsta áhyggjuefni stelpnanna var ef til vill reynsluleysi Sigurðar en yfirleitt fylgdi með að hann hefði mikla menntun, bæði sem knattspyrnuþjálfari og íþróttasálfræðingur, og það væri jákvætt í fari Sigurðar. Einnig heyrðist að ánægja væri með ráðningu beggja þjálfara, Sigurðar og Guðna Kjartanssonar, og að kannski væri annað hljóð í strokknum ef Sigurður hefði einn verið ráðinn til starfa.

Einnig voru sumar sem vissu lítið sem ekkert um Sigurð og hans fyrri störf og hafði ráðningin komið þeim mjög á óvart en þær sömu litu ekki endilega á það sem ókost. Sigurður kæmi þá ef til vill með nýjar og ferskar hugmyndir í liðið og myndi jafnvel skoða fleiri leikmenn sem til greina gætu komið í landsliðið.

Sigurður Ragnar var að vonum ánægður með niðurstöðu könnunarinnar þegar Fréttablaðið náði í hann í gær. „Þetta eru ágætis niðurstöður. Þjálfaraferillinn hjá mér er nánast óskrifað blað og þetta sýnir það kannski að stelpurnar líta björtum augum á framhaldið og það er bara hið besta mál.“

Það kom Sigurði ekki á óvart að reynsluleysi væri áhyggjuefni sumra. „Reynsla er einn hluti af þjálfarastarfinu og ég ætla ekkert að draga úr þeim hluta. Það eru hins vegar aðrir hlutir sem skipta líka máli og ég lít svolítið á okkur sem þjálfarateymi. Það eru líka aðrir sérfræðingar sem koma að landsliðinu, við erum t.d. að skoða möguleika með markmannsþjálfara.

Það hafa margir óskað mér til hamingju með starfið en ég hef líka heyrt það að sumir velti fyrir sér að ég hafi lítið þjálfað. En ég held að fólk sem þekkir mig vel treysti mér vel til starfsins. KSÍ sýnir mér mikið traust og hjá KSÍ er fólk sem þekkir mín störf og mín vinnubrögð,“ sagði Sigurður Ragnar. dagur@frettabladid.is



**NÝJU LANDSLIÐSÞJÁLFARARNIR** Sigurður Ragnar Eyjólfsson er hér ásamt Guðna Kjartanssyni aðstoðarmanni sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frakkinn Thierry Henry skýtur föstum skotum á Ítalann Fabio Cannavaro:

# Átti nafnbótina ekki skilið

**FÓTBOLTI** Franski sóknarmaðurinn Thierry Henry segir að Fabio Cannavaro hafi ekki átt skilið að hljóta nafnbótina Knattspyrnumaður Evrópu og bætti við að Cannavaro hefði viljandi reynt að meiða sig í úrslitaleik HM í sumar þegar Ítalir unnu Frakka í vítaspyrnukeppni.

„Í úrslitaleiknum sló Cannavaro mig út af laginu á fyrstu mínútu. Það var augljóst að hann gerði það viljandi og frábærir varnarmenn haga sér ekki svona. Við vorum 50 metra frá markinu. Ég lét boltann fara og hann þóttist ekki sjá mig koma. Hann gerði það sama við Franck Ribery á Stade de France,“ sagði Henry og átti þá við leik þjóðanna í undankeppni EM í haust þar sem Frakkar unnu 3-1.

„Fyrir mér haga frábærir varnarmenn sér ekki svona og Cannavaro á ekkert skilið. Frábærir varnarmenn eins og Laurent Blanc, Lilian Thuram, Paolo Maldini og Marcel Desailly voru harðir af sér en ávallt heiðarlegir,“ sagði Henry, allt annað en sáttur við ítalska varnarmanninn. - dsd



**ÚR ÚRSLITALEIKNUM** Henry og Cannavaro berjast hér í úrslitaleiknum í sumar.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool Búðin í beinu samstarfi við Liverpool FC
Verslaðu beint við félagið þitt
Skoðaðu úrvalið á WWW.LFC.IS
Express Ferðir
Jólaleikur er Express og Liverpool Búðarinnar
Opið alla daga fram að jólum
Stigahlíð 45-47 (Suðurver) / 105 Reykjavík / S: 5342034

# *Tvöfalt hátíðarskap*

**Það styttist í jólin og við fögnum árs afmæli í Dalshrauni 1**




**Mikið úrval vandaðra eikarhúsgagna frá Christian Harold**




**Hátíðarverð á tveimur vinsælustu sófasettum okkar, aðeins þessa helgi**




~~239.000~~- 159.000-

~~249.000~~- 169.000-

GP

gæðahúsgögn




Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

**Opið virka daga 10-18 • lau 11-16 • sun 13-16**



> **EDDIE MURPHY**
Fæddist 3. apríl 1961 í Brooklyn-hverfinu í New York. Eddie var kominn með gott orð sem grínisti í Bandaríkjunum áður en hann sló í gegn á alþjóðlegum vettvangi í myndinni Beverly Hills Cop árið 1984. Eddie leikur í fjölskyldumyndinni Draugasetrinu sem er á dagskrá Sjónvarpsins

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR SEGIR NIGELLU EITT – KJAMSANDI VIÐMÆLENDUR ANNAÐ

# *Matur í sjónvarpi*

Veit ekki alveg með 6 til 7 á Skjá einum. Ég sé þáttinn endrum og sinnum og stundum nær hann sér á alveg sérdeilis frábært flug. Enda sitja þar við stjórnvölinn þau Felix Bergsson og Guðrún Gunnarsdóttir sem eru með þeim skjávænni sem finna má hér á landi á. Til dæmis man ég eftir alveg stórkostlegu viðtali við konu, sem ég því miður ekki man hvað heitir, en við hlið hennar í settinu sat Einar í Pónik og gapti, líkt og aðrir. Ástandsárin voru til umræðu og hún kona fór á kostum í sögum um það hvernig hún, á oft ótrúlega bíræfinn hátt, hafði nammi af hermönnunum. Hvött áfram í sögum sínum af smitandi hlátri Guðrúnar sem sannarlega þarna var í essinu sínu.

Stóri gallinn við þáttinn er að grundvallaratriði í blaðamennsku eru þeim Guðrúnu og Felix framandi. Hún er þunn línan milli auglýsinga og efnis en þátturinn er galopinn fyrir öllu því plöggi sem á vegi hans verður. Nú er það ekki endilega svo að allt það sem auglýst er og verið er að selja sé þar með ótækt til umfjöllunar, þannig að þetta getur reynst snúið. En ef Guðrún og Felix leggðu örlítla vinnu í að fá einhverja í viðtal aðra en þá sem eru að selja einhvern fjárann – eins og til dæmis hina rífandi skemmtilegu konu sem hafði nammi af hermönnum – þá er von.

Svo er reyndar þetta með að vera með eldamennsku og mat sem þungamiðju sjónvarpsþáttar. Kjamsandi viðmælendur eru ekki alveg málið. Mér var uppálagt sem ungum pilti að tala aldrei með fullan munninn. Þó matur sé þannig fráleitur í aukahlutverki í sjónvarpssal svínvirkar matreiðsla ein og sér í sjónvarpi. Þegar ég er að villast um rásir með fjarstýringuna í annarri og hamborgara í hinni staldra ég helst við á BBC Food Channel. Jamie Oliver á Stöð 2 klikkar ekki og þá missi ég ekki af þætti með Nigellu Lawson á RÚV. Ummmmm. Allt við þá konu er nautnin ein. Sú er nú ekki að spara rjómann eða smjörið ef svo ber undir – þvert á hinn heilsuóða tíðaranda. Hvernig hún daðrar við myndavélarnar um leið og hún stynur nautnalega við það eitt að eitthvert góðgæti sem hún hefur eldað gælir við bragðlaukana er – tjahhh, hvað skal segja – lærdómsríkt. Þannig lærði ég það nýtt um daginn að í rétt sem ég hef eldað árum saman, tjillí, og hefur aldrei klikkað, getur verið alveg frábært að nota í kakó. Og hana nú.



## EKKI MISSA AF



▶ **22.30** U-571 SKJÁR EINN



▶ **20.30** Jersey Girl STÖÐ 2



▶ **18.00** Seinfeld SIRKUS



▶ **20.50** Draugasetrið SJÓNVARPIÐ



▶ **14.00** My Boss's Daughter STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunstundin okkar**
**8.01 Fyndin og furðuleg dýr**
**8.06 Bú! (17:26)** (Boo!)
**8.17 Lubbi læknir (40:52)**
**8.30 Snillingarnir (13:28)**
**8.54 Sigga ligga lá (39:52)**
**9.07 Tsitsi (3:5)**
**9.17 Trillurnar (9:26)**
**9.43 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (23:26)**
**10.08 Spæjarar** (Totally Spies)
**10.30 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**10.35 Stundin okkar** e.
**11.05 Kastljós**
**11.35 Tsatsiki - Vinir að eilífu**
**13.00 Íslandsmótið í atskák**
**15.15 Alpasyrpa (1:16)**
**15.40 Alpasyrpa (2:16)**
**16.05 EM í sundi** Frá undanrásum á EM í sundi í 25 metra braut í Helsinki. Örn Arnarson, Ragnheiður Ragnarsdóttir og Anja Ríkey Jakobsdóttir eru á meðal keppenda.
**16.25 EM í sundi**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.10 Fjölskylda mín (13:13)**
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Jón Ólafs**
**20.20 Spaugstofan**
▶**20.50 Draugasetrið** (The Haunted Mansion) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2003.
**22.20 Konumynd** (The Portrait of a Lady) Bresk bíómynd frá 1996.
**0.40 Gómur Carter** (Get Carter)
**2.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Normal** (Venjulegur)
**8.00 My Boss's Daughter**
**10.00 MEDICINE MAN (e)**
**12.00 Marine Life**
▶**14.00 My Boss's Daughter**
**16.00 MEDICINE MAN (e)**
**18.00 Marine Life**
**20.00 Normal** (Venjulegur)
**22.00 American Wedding**
**0.00 Spin**
**2.00 Hótal Rúanda** (Hotel Rwanda)
**4.00 American Wedding** Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**07.00 Addi Panda**
**07.10 Kærleiksbirnirnir** (e)
**07.20 Barney**
**07.45 Gordon the Garden Gnome**
**07.55 Pocoyo**
**08.00 Animaniacs**
**08.20 Grallararnir**
**08.45 Justice League Unlimited**
**09.10 Kalli kanína og félagar**
**09.30 Tracey McBean**
**09.40 S Club 7**
**10.05 Búbbarnir** (16:21)
**10.30 Pixel Perfect** (Fullkomið plat)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 Bold and the Beautiful**
**14.00 Bold and the Beautiful**
**14.25 X-Factor**
**15.25 Hot Properties** (2:13) (Funheitar framakonur) Frá höfundum gamanþáttanna um Frasier koma þessir nýju og bráðskemmtilegu þættir um fjórar eldhressar konur sem að hafa haslað sér völl sem fasteignasalar á Manhattan.
**15.50 Eldsnöggt með Jóa Fel** Hinn eini sanni Jói Fel er mættur enn og aftur og ætlar þessi fjölhæfi bakarameistari að matreiða gómsæta rétti eldsnöggt og með ofureinföldum hætti. Góðir gestir mæta í heimsókn.
**16.25 Sjálfstætt fólk**
**17.00 60 mínútur**
**17.45 Martha**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 The New Adventures of Old Christine** (6:13)
**19.35 Fóstbræður** (1:8)
**20.00 Fóstbræður** (2:8)
▶**20.30 Jersey Girl**
**22.15 The Interpreter**
**00.25 Spider**
**02.00 The Alamo**
**04.15 Everbody's Doing It**
**05.40 Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrr í kvöld.**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

▶**18.00 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2 í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.
**19.00 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**19.30 Sirkus Rvk (e)** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum.
**20.00 South Park (e)** Þeir eru komnir aftur á skjáinn.8.serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi. Ótrúlega vinsælir teiknimyndaþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone sem skrifuðu þættina eftir stuttmynd sem þeir gerðu. Síðan þá hafa þeir félagar unnið til fjölmargra verðlauna fyrir þættina og gert bíómynd um South Parkog fengu m.a. Óskarstilnefningu fyrir besta frumsamda lagið.
**20.30 Tekinn (e)**
**21.00 So You Think You Can Dance 2 (e)**
**21.50 Chappelle's Show (e)**
**22.20 Vanished (8:13) (e)** (Vanished) Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið.
**23.10 X-Files (e)** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
**23.55 24 (24:24) (e)**
**0.40 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá máttu ekki missa af þessum þáttum.
**1.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**11.10 2006 World Pool Masters (e)** Sextán bestu billjarðmeistarar heims tóku þátt í skemmtilegu móti sem fram fór í Hollandi sl. sumar.
**12.00 Rachael Ray (e)** Glænýir spjallþættir.
**13.40 Frægir í form (e)** Ný, íslensk þáttaröð þar sem þekktir einstaklingar, sem vilja bæta líf sitt og hækka lífaldur, fara í strangar æfingabúðir undir eftirliti læknis og einkaþjálfara.
**14.30 The Biggest Loser (e)**
**15.25 Sons & Daughters (e)**
**15.50 Trailer Park Boys (e)**
**16.15 Parental Control (e)**
**16.40 Casino (e)**
**18.25 Rachael Ray (e)** Glænýir spjallþættir.
**19.15 Game tíví (e)**
**19.45 The Office (e)**
**20.10 What I Like About You** Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Systurnar rífast um bangsa sem þær áttu í æsku. Að lokum ákveða þær að gefa litlili nágrannastelpu bangsann en sjá fljótt eftir því.
**20.35 Sons & Daughters** Bandarísk gamansería um skrautlega fjölskyldu. Cameron er sakbitinn og heldur að rifrildi sem hann átti við mömmu sína hafi orðið til þess að hún fékk verk fyrir hjartað og var flutt í skyndi á sjúkrahús.
**21.00 Casino**
**21.45 Battlestar Galactica**
▶**22.30 U-571** Bandarísk bíómynd frá árinu 2000 sem gerist í heimsstyrjöldinni síðari.
**0.25 Brotherhood (e)**
**1.10 Kojak - NÝTT! (e) 1.55 Conviction - lokaþáttur (e) 2.40 Masters of Horror (e)** Hrollvekja sem fær hárin til að rísa. STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
**3.30 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**5.00 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**11.45 Upphitun (e)**
**12.15 Man. Utd.-Man. City (b)**
**14.40 Á vellinum með Snorra Má**
**14.50 Liverpool - Fulham (b)**
**17.00 Á vellinum með Snorra Má**
**17.10 Bolton - West Ham (b)**
**19.20 Palermo - Livorno (b)**
**21.30 Middlesbrough - Wigan (frá í dag)**
**23.30 Portsmouth - Everton (frá í dag)**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.15
### THE INTERPRETER (TÚLKURINN)



Pólitískur spennutryllir um svikráð og samsæri innan Sameinuðu þjóðanna með Sean Penn og Nicole Kidman í aðalhlutverkum. Penn leikur leyniþjónustumann sem fenginn er til þess að njósna um túlk hjá Sameinuðu þjóðunum, leikinn af Kidman, sem kveðst hafa orðið vitni að samsæri um að ráða mikilvægan embættismann af dögum. Um leið verður túlkurinn sjálfur skotmark og leyniþjónustumaðurinn þarf að beita allri sinni útsjónarsemi til að vernda hann. Aðalhlutverk: Sean Penn, Nicole Kidman, Catherine Keener. Leikstjóri: Sydney Pollack. 2005. Stranglega bönnuð börnum.

### VIÐ MÆLUM MEÐ „FÓSTBRÆÐRUM" Á STÖÐ 2 KL. 19.35.

Stöð 2 sýnir frá byrjun alla Fóstbræðraþættina á laugardagskvöldum. Þættirnir gerðu leikara eins og Jón Gnarr, Helgu Brögu og Þorstein Guðmundsson að landsþekktum grínistum. Hver man ekki eftir frábæru gríni úr þáttunum eins og Handklæði dauðans, Gyðu Sól, Gertrude og Kýldur í magann. Sjónvarpsáhorfendur geta rifjað upp góðar stundir öll laugardagskvöld á Stöð 2.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn
**7.00** Fréttir
**7.05** Laugardagur til lukku
**8.00** Fréttir
**8.05** Músík að morgni dags
**9.00** Fréttir
**9.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stórt í smáu
**15.20** Með laugardagskaffinu
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Leikhúsrottan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.15** Hið ómótstæðilega jólabragð
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**0.00** Fréttir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.50 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**08.30 NBA deildin** (Sacramento - Miami)

**10.30 Evrópumótaröðin** Bein útsending frá þriðja keppnisdegi Dunhill mótsins í Suður Afríku. Birgir Leifur tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni með því að hafna í einu af 30 efstu sætunum á úrtökumótinu á San Roque á Spáni.

**14.30 World Supercross GP 2005-06** (Rogers Centre)

**15.30 Spænski boltinn** - upphitun (La Liga Report) Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina.

**16.00 World Golf** Championship 2006 (Barbados World Cup) Bein útsending frá eyjunni Barbados þar sem svokallað Heimsmeistaramót í golfi fer fram.

**18.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Barcelona og Real Sociedad í spænska boltanum.

**20.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Sevilla og Real Madrid.

**00.10 Box** - Winky Wright - Ike Quarteyy (Box - Winky Wright vs. Ike Quarteyy) Útsending frá bardaga þeirra Winky Wright og Ike Quarteyy.

**01.00 Box** - Jermain Taylor vs. Winky Upptaka frá bardaganum.

**02.00 JERMAIN TAYLOR - KASSIM OUMA** (Box - Jermain Taylor vs. Kassim Ouma) Bein útsending frá einvígi Jermain Taylor og Kassim Ouma. Taylor er heimsmeistari í millivigt og hefur náð vægast sagt glæsilegum árangri í hnefaleikaíþróttinni þar sem hann hefur unnið tuttugu og fimm af tuttugu og sex bardögum. Hann er taplaus og hefur aðeins gert eitt jafntefli.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**11.40** Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst **12.40** Perfekte hustruer **13.30** Mr. Nice Guy **14.30** Hjerteflimmer **15.00** Boogie Listen **16.10** Hammerslag **16.40** Før søndagen **16.50** Held og Lotto **17.00** Bullerfnis **17.30** TV Avisen med vejret **18.00** SportNyt **18.30** De store katte **19.00** MGP Nordic 2006 **20.45** Kriminalkommissær Barnaby **22.25** Duellen **23.35** The Young Americans

### NRK 1

**11.50** V-cup kombinert **12.45** V-cup skøyter: **1500** m menn og 5000 m kvinner **13.45** V-cup hopp: Utdrag fra kvalifiseringen til dagens renn **14.30** Sport i dag **15.10** V-cup hopp **16.05** Sport i dag **16.20** V-cup hopp **17.00** Jubalong **17.30** Amigo **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Nordisk finale i Melodi Grand Prix **20.45** Kokos **21.00** Fakta på lørdag: Holocaust - Tidsvitner **22.00** Kveldsnytt **22.15** Resten av dagen

### SVT 1

**12.05** En uppstoppad hund **13.05** En uppstoppad hund **14.05** Uppdrag Granskning **15.05** Mästerverket **16.00** Doobidoo **17.00** Emil i Lönneberga **17.25** Disneydags **18.00** Världarnas bok **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** MGP Nordic **20.45** Håll tyst, världen! **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.05** Jet Lag **23.30** Vårt bångstyriga sinne **0.00** Sändning från SVT24




HRÓSIÐ ...



*...fær rithöfundurinn Bergljót Arnalds sem slær ekki slöku við í skrifum fyrir börnin, en Stafakarlarnir hennar koma nú út á ensku í fyrsta sinn ásamt hljóðbók með jólasveinasögu.*

# Syngur Jón Ásgeir eða syngur hann ekki?

Ofurbloggarinn Steingrímur Sævarr Ólafsson hefur birt ansi skemmtilega frétt um Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformann 365 miðla og forstjóra Baugs. Þar er því haldið fram að Jón sé á leiðinni í X-Factor: Celebrity sem nýtur mikilla vinsælda í Bretlandi. Steingrímur Sævarr greinir jafnframt frá lagavali Jóns, en Jón ku eiga að syngja She‘s a Lady sem Tom Jones gerði vinsælt á árum áður. Fréttablaðið hafði fyrst samband við bróður Steingríms, Jón Ólafsson, sem á síðunni var sagður hafa ráðlagt nafna sínum að syngja þetta lag. Tónlistarmaðurinn staðfesti að hann hefði aðstoðað nafna sinn við lagavalið og sagði í samtali við blaðið að þetta væri hárrétt val fyrir viðskiptajöfurinn. „Þetta er lag fyrir töffara og Jón Ásgeir er töffari,“ sagði Jón.

Þegar Fréttablaðið fór á stúfana og hafði samband við upplýsingafulltrúa Jóns Ásgeirs, Sindra Sindrason, kom hann af fjöllum. „Hann hefur aldrei ætlað sér að taka þátt í X-Factor,“ sagði Sindri. Steingrímur Sævarr sagðist hins vegar standa við fréttina á bloggi sínu, hann hefði þetta eftir áreiðanlegum heimildum í útlöndum. „Við spyrjum bara að leikslokum,“ sagði Steingrímur kokhraustur. „Ég er alveg eitilharður á þessu og fréttin stendur þar til annað kemur í ljós.“

Samkvæmt erlendum fjölmiðlum hefur skapari X-Factor, Simon Cowell, lýst því yfir að þessi „útúrdúr“ frá alvöru X-Factor þáttunum verði aldrei aftur á dagskrá en frétt um málið má lesa á Digitalspy.co.uk sem birtist í lok ágúst. **- fgg**



**SIMON COWELL** Hefur tilkynnt að X-Factor: Celebrity verði ekki lengur á dagskrá. „Hann er tilgangslaus,“ sagði Cowell í ágúst.



**JÓN ÁSGEIR** Vísar fréttinni á bug og er ekki á leiðinni í hæfileikaþátt í Bretlandi.



**OFURBLOGGARINN** Stendur við frétt sína um Jón Ásgeir og þátttöku hans í X-Factor: Celebrity.



**JÓN ÓLAFSSON** Staðfesti að hann hefði ráðlagt nafna sínum að syngja She‘s a Lady.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2** viðbót **6** í röð **8** um e-ð tvennt **9** af **11** til **12** vondur **14** unna **16** skóli **17** dreift **18** for **20** guð **21** tryggur.

**LÓÐRÉTT 1** vökvi **3** berist til **4** ógætinn **5** tími **7** árviss **10** fiskur **13** suss **15** megin **16** flík **19** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** ábót, **6** aá, **8** tví, **9** frá, **11** að, **12** illur, **14** elska, **16** fg, **17** sáð, **18** aur, **20** ra, **21** trúr.

**LÓÐRÉTT: 1** safi, **3** bt, **4** óvarkár, **5** tíð, **7** árlegur, **10** áll, **13** uss, **15** aðal, **16** fat, **19** rú.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

BBC
WORLD
SERVICE
91

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

SNÆBJÖRN ARNGRÍMSSON: SAKNAR EKKI JÓLABÓKAFLÓÐSINS Á ÍSLANDI

# Á söluhæstu bókina í Danmörku fyrir jólin

Íslenskættaða bókaforlagið Hr. Ferdinand er að gera góða hluti í Danmörku um þessar mundir með söluhæstu bók Danmerkur fyrir þessi jól, Tankades kode (Digital Fortress) eftir metsöluhöfundinn Dan Brown.

„Eins og stendur eru að seljast um 2.000 eintök á dag af Tankades kode og það er bara byrjunin. Engu að síður er þetta fyrsta bók höfundar af fjórum, sem lýsir vinsældum hans ágætlega,“ segir Snæbjörn Arngrímsson, útgefandi hjá bókaforlaginu Bjarti sem er maðurinn á bak við Hr. Ferdinand ásamt konu sinni og samverkamanni, Susanne Torpe. Snæbjörn segir að grunnurinn að velgengni Hr. Ferdinand liggi ótvírætt í að hafa náð réttinum á bókum Dan Brown fyrir Danmörku. „Nú erum við búin að senda allar fjórar bækur Dan Brown frá okkur á dönsku og þær hafa gengið mjög vel. Fyrir síðustu jól fór Blekkingarleikur í 68.000 eintökum og ég geri ráð fyrir sambærilegri sölu núna á Tankades kode,“ segir Snæbjörn.

Hann segir að Hr. Ferdinand hafi auk þessa gefið út nokkuð af heimsklassa fagurbókmenntun. Það séu þó spennusögur sem beri uppi söluna. „Stóra málið núna er ný bók sem er væntanleg frá Dan Brown á næsta ári. Þetta er spennusaga sem fjallar m.a. um frímúrararegluna í Bandaríkjunum, völd hennar og áhrif. Staðreyndin er að allir forsetar Bandaríkjanna til þessa hafa verið frímúrarar og það eru því allir spenntir að sjá hvernig Dan Brown fer með þetta eldfima efni.“

Hr. Ferdinand er að færa út kvíarnar og opnaði nýverið útibú í Noregi og þar eru líka spennandi hlutir að gerast. „Noregur hefur farið rólega af stað en nú vorum við að ljúka við að tryggja okkur réttinn á öllum verkum Stephen King, gömlum sem nýjum. En það verður svo bara að koma í ljós hvort Hr. Ferdinand skellir sér í frekari landvinninga,“ segir útgefandinn.

Snæbjörn segist lítið sakna þess að standa í miðri hringiðunni hérna heima fyrir jólin. „Vera mín í Kaupmannahöfn breytir litlu um það að maður er að taka þátt í þessu hérna heima enda í síma- og tölvusambandi í marga klukkutíma á dag. Ég kann því bara vel að fylgjast með úr fjarska og svo er alveg frábært fólk að sjá um Bjart og höfundana sem gefur sig í þetta af lífi og sál.“ **magnusg@frettabladid.is**



**SLÆR Í GEGN Í DANMÖRKU** Snæbjörn Arngrímsson bókaútgefandi kvaddi félaga sína í Bjartsklíkunni á Íslandi og hefur sest að í Danmörku. Þar hefur hann gert það gott með forlagið Hr. Ferdinand sem á söluhæstu bókina í Danmörku fyrir jólin.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Blaðamenn geta vaðið fúafen, setið í fangelsi, gert allt til að varðveita trúverðugleika sinn. En skjóta sig ótt og iðulega í fótinn eins og dæmin sanna og leggja vopnin í hendur fjenda sinna. Þannig hefur mörgum þótt skondið að sjá umfjöllun fjölmiðla um nýjustu Capacent-könnunina. Og ýmsir kímdu þegar þeir lásu plötudóm í nýjasta Grapevine. Tímaritið leggur talsvert upp úr tónlistarumfjöllun. En sannarlega er **Bart Cameron**, fyrrum ritstjóri blaðsins, ekki látinn gjalda tengsla sinna við blaðið. Hljómsveit hans, The Foghorns, fær fimm stjörnur af fimm mögulegum fyrir nýjustu plötu sína.



Andúð Dana í garð Íslendinga virðist ekki ná til tónlistarmannsins **Péturs Ben**. Á vefsíðunni ibyen.dk birtist gagnrýni á fyrstu plötu Péturs, Wine for My Weakness. Óhætt er að segja að gagnrýnandinn er mjög hrifinn og gefur plötunni 5 af 6 í einkunn. Pétur hefur sömuleiðis fengið lofsamlegar umsagnir í Soundvenue og Gaffa. Friðrik Weisshappel virðist því ekki vera eini Íslendingurinn sem er í náðinni hjá Dönum um þessar mundir.



Skákmaðurinn **Bobby Fischer** hefur ekki verið eins áberandi í íslensku þjóðlífi í ár og á síðasta ári. Það breytir því þó ekki að Fischer verður tekinn fyrir í Áramótaskaupi Sjónvarpsins sem **Reynir Lyngdal** leikstýrir þetta árið. Hermt er að grínið um Fischer snúist um að hann fallist á að snúa aftur að skákborðinu, en til að það hafist þurfi íslenskir ráðamenn að ganga að hörðum kröfum hans, svo sem að færa honum Flateyjarbók til eignar. **- jbg/hdm**



# Siggi stormur í hvirfilbyl mistaka

„Nei, ég hef verið voðalega lítið í því að raðnauðga,” segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfréttamaður Stöðvar 2, alias Siggi stormur.

Þau geta verið skondin, misskemmtileg og allt út í að vera neyðarleg, atvikin sem fylgja mannlegum mistökum í sjónvarpi. Þannig var Siggi að fara yfir veðurhorfur í gær, á Stöð 2, þegar upp kom skakkur textaborði undir. Og heldur betur skakkur því við myndina af Sigga stóð stóð: „Raðnauðgarar“. Sem er heldur betur fráleitt enda vandfundnir jafn elskaðir og dáðir – vammlausir og vandir að virðingu sinni – sjónvarpsmenn sem og Siggi. Enda tekur hann þessu öllu á hæfilega léttum nótum.

„Um þetta er tvennt að segja: Mannleg mistök geta alltaf orðið. Og ég get ekki sagt annað en að þetta hafi verið tiltölulega óheppilegt fyrir hvítflibbann. Ég vona bara að fólk yfirfæri þetta ekki á mig.”

Starfsfélagar Sigga komu til hans í stríðum straumum í gær til að segja honum af því hvað hafði gerst og með þetta var grínast.

„Ágætis föstudagsgrín. Þetta var smá hvirfilbylur. Mér leið svosem ekkert vel þegar verið var að segja mér þetta. Ekki síst þar sem ég sat þá kófsveittur og var að fylgjast með raðlægðum sem hingað eru að koma hver af annarri.”

Sjaldan er ein báran stök. Í kvöld er gert ráð fyrir hroðalegu veðri og bendir Siggi öllum á að hafa varann á og draga allt jólaskraut úr görðum sínum og inn.

„Við erum að tala um snarpan hvell í kvöld. Frá sex í kvöld til miðnættis. Ég hef mestar áhyggjur af því að það er lágur loftþrýstingur og háflóð á sama tíma, þegar veðrið verður hvað vitlausast um klukkan níu í kvöld. Þá hefur maður sérstakar gætur á Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri og Grindavík. Aðeins eru þrír dagar síðan stórstreymt var. Það er hásjávað og ekki hægt að útiloka að sjór gangi á land.” **- jbg**



**SIGGI STORMUR** Meðan Siggi horfði á kortin sem boða snarvitlaust veður í kvöld var hann kynntur sem raðnauðgari á Stöð 2.


MAX
LágMAXverð
1.799 kr.
Nýtt!
2CD
40 POTTÞÉTT LÖG
almennt verð 2.699
PlayStation 2
PS2
7.989 kr.
Guitar Hero II
- PS2 leikur
Gítar fylgir
almennt verð 9.999
2.999 kr.
almennt verð 3.999
EyeToy Play Sports
PS2 leikur
3.499 kr.
almennt verð 4.499
Bionicle Heroes
PS2 Hasarleikur
4.999 kr.
almennt verð 5.999
Need for Speed Carbon
PS2 Bílaleikur
4.999 kr.
almennt verð 5.999
Buzz! Junior Jungle Party
PS2 leikur með buzzerum
Eragon
PS2 Hasarleikur
3.999 kr.
almennt verð 4.999
1.899 kr.
almennt verð 2.499
Grettir 2 - DVD
1.899 kr.
almennt verð 2.499
Rauðhetta - DVD
1.899 kr.
almennt verð 2.499
DaVinci Code - DVD
1.899 kr.
almennt verð 2.499
Adam Sandler - Click - DVD
1.899 kr.
almennt verð 2.499
Jón Páll - DVD
Áritun í dag!
Regína Ósk - kl. 13:00
Bríet Sunna - kl. 15:00
1.949 kr.
DVD+CD
almennt verð 2.499
Stóra stundin okkar - DVD og CD
2.499 kr.
DVD+CD
almennt verð 3.299
Sálin og Gospel - DVD og CD
2.499 kr.
DVD+CD
almennt verð 3.299
Bo og Sinfó - DVD og CD
1.699 kr.
CD
almennt verð 2.299
Nýtt korta-tímabil
OPIÐ TIL kl. 22
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Útvarp Reykjavík*

Ég er einn af þeim fjölmörgu Íslendingum sem vilja standa vörð um Ríkisútvarpið og hafa það sem öflugast. Ég er líka einn af þeim fjölmörgu Íslendingum sem vilja reyna með öllum ráðum að efla samkeppni og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Ný löggjöf um Ríkisútvarpið, ef hún heppnast á endanum, er lykillinn að þessu tvennu.

**ÖFLUGT** Ríkisútvarp á að setja viðmiðið í faglegri dagskrárgerð. Hins vegar má hið öfluga Ríkisútvarp ekki soga til sín of mikið af auglýsingatekjum á frjálsum markaði þannig að samkeppnisaðilar fái ekki þrifist. Ég bjó í Bretlandi. Þar er BBC. Öflugur ríkismiðill sem er ekki á auglýsingamarkaði. Miðill sem setur mælikvarðann, býður upp á frábæra fréttaskýringarþætti, innlenda dagskrárgerð og fræðsluefni, en tekur ekki frá öðrum. Hinir sjá um Desperate Housewives, 24 og Hollywood-myndirnar, auk þess að bjóða líka upp á innlenda dagskrárgerð, fréttir og fræðsluefni, ef þeim sýnist svo. Stundum betri jafnvel en hjá BBC.

**ÞANNIG** vil ég hafa það. RÚV á að vera hið íslenska BBC. Það er vel raunhæft. RÚV nýtur velvildar. Íslendingar vilja hafa RÚV og eiga það saman. Næsta skref er einfaldlega að efla það, losa það undan flokkspólitískum áhrifum og halda áfram.

**ÖNNUR** mikilvæg ástæða, burtséð frá hugsjóninni um heilbrigðan fjölmiðlamarkað, til þess að efla RÚV og vera ekki að hringla með það of mikið, er sálfræðileg. Við skulum segja að hún sé þjóðarsálfræðileg.

**Á** tímum þegar Eimskip hét einu sinni Eimskip en hét svo Avion Group og nú aftur Eimskip, þegar Icelandair hét einu sinni FL Group og svo aftur Icelandair, þegar Íslandsbanki heitir allt í einu Glitnir, Skyr verður Skyr.is, enginn veit lengur hvað Hvannadalshnjúkur er hár né heldur Hekla, þegar enginn veit lengur nöfn á byggðarlögum á Íslandi vegna þess að það er búið að breyta þeim öllum – Fjarðabyggð, Árborg, Vesturbyggð, Ægisborg (nei, það er leikskóli, afsakið) – þegar húsnæðislán eru einn daginn 90% og annan daginn 70%, þegar krónan sveiflast eins og jójó, þegar sjónvarpsstöðvar, dagblöð og tímarit koma og fara (sem er gott og blessað, en það tók mig samt smá tíma að útskýra fyrir ömmu að NFS er hætt) og þegar jafnvel sjálfir jöklarnir eru að yfirgefa okkur – og sumir segja Golfstraumurinn – á tímum þegar fjölskyldumynstrið er svo brotið að sumir eiga tvo pabba, tvær mömmur, fjórar ömmur og fjóra afa og kannski tvær fyrrverandi mömmur, plús sjö hálfsystkini, þá er bara svo ofsalega mikilvægt – svo gríðarlega, ólýsanlega mikilvægt – að hafa einhvern fastan punkt í veröldinni, eitthvað sem er alltaf til staðar, fylgir manni í gegnum lífið og er ekki að fara neitt.

**ÞANNIG** fyrirbæri er Ríkisútvarpið. Bara þessi rödd, þessi kynning, þessi orð: „Útvarp Reykjavík, klukkan er tuttugu mínútur gengin í eitt. Fréttir.“


